Efnisyfirlit

Aðalerindi 14

Þroskaþjálfafræði á krossgötum: Gamlar og nýjar áskoranir 14

Hlutverk þroskaþjálfa: Virk þátttaka allra í skóla og samfélagi án aðgreiningar 14

Inngildandi eða aðgreinandi? Val- og umsóknarferli nemenda með þroskahömlun á framhaldsskólastigi 14

Þátttaka er samvinna: Valdefling barna 15

Líðan hinsegin ungmenna á Íslandi – Staða rannsókna, næstu skref og úrræði 16

Þroskaþjálfafræði: fjölbreytt viðfangsefni fræðigreinarinnar 16

Fötlunarfræði í þroskaþjálfanámi; áskoranir og ávinningur 16

Margbreytileiki mannlífsins: Réttur til virkrar þátttöku í gerð laga og stefnumótunar 17

Að sækja faghandleiðslu. Undirbúningur og ábyrgð handleiðsluþega 18

Draumar, framkvæmd og fræði – Sköpunar- og tæknismiðjur í grunnskólastarfi – fyrri hluti 18

Þróunarverkefnið Austur-Vestur: Sköpunar- og tæknismiðjur 18

Samstarfsverkefnið Austur-Vestur – Sýn á verkefnið og tækifæri í starfi þriggja skóla 19

Vesturbæjarskóli – Hönnun og tækni – Nýsköpun 19

Austur-Vestur, sköpunarsmiðjur. Áhugi kennara, breytingavilji og hindranir 20

Padlet sem virkt vinnutæki í kennslu og námi í 4. bekk í Selásskóla 21

Draumar, framkvæmd og fræði – Sköpunar- og tæknismiðjur í grunnskólastarfi – seinni hluti 21

Sköpunarsmiðjur og samspil við námsgreinar grunnskólans 21

Þemavinna í Ingunnarskóla 22

Austur-Vestur sköpunarsmiðjur: Hálfnað verk þá hafið er 22

Áhrifamáttur list- og verkgreina í menntun til sjálfbærni 23

Listrænt ákall til náttúrunnar 23

Raddir barna: Veggspjaldagerð með áherslu á lífríki sjávar 24

Líffræðilegur fjölbreytileiki 24

Föstudagar fyrir framtíðina 25

Listir og sjálfbærnimenntun 25

Sjálfbærni og fatahönnun 25

Textílmennt og sjálfbærni – Námsvefurinn Gera sjálfur 26

Ævintýrafuglar og búsvæði þeirra 26

Þræðir 27

Gæði kennslu í grunnskólum. Markmið, samræða og faglegar kröfur 27

„Klárum niður bls. 38, glæsilegt!“ Markmið og endurgjöf kennara á unglingastigi – myndbandsupptökur 27

Spjall eða samræða? Nýting kennara í 8. bekk grunnskóla á samræðum í kennslu 28
Faglegar kröfur til nemenda í stærðfræði 29
Gæði kennslu í grunnskólum. Bekkjarstjórn, fjölbreytileiki og COVID-19 29
Bekkjarstjórnun og nýting á tíma. Hvað einkennir kennslustundir sem nemendur telja vel stjórnað? 29
Hvað einkennir góða kennslu fyrir fjöltyngda nemendur? 30
„Þetta hefði ekki gengið svona vel ef við værum ekki með krakka sem eru svona ótrúlega mikil kamelljón“. Reynsla og viðbrögð kennara í kórónufaraldrinum 31
Stjórnun og forysta. Kennsluhættir, starfsþróun og menning 31
„Ég vil bara vera hér“. Um hlutverk stjórnenda í mótun skólamenningar í þremur grunnskólum í Reykjavík og nágrenni 32
Eymennt – Lærdómssamfélag í þróun 32
Starfshættir í opinni skólastofu 33
Á vitundargrunduð menntun erindi í skólastarf á Íslandi? 33
Velfarnaður í uppeldi og skólastarfi 34
„Menntaumhverfi til vaxtar einstaklingsins“: Starfshættir í grunnskóla sem styður við sjálfræði nemenda 34
„Það er bara þessi áhersla á mannrækt sem skiptir sköpum“: Starfshættir grunnskóla út frá sjónarhorni foreldra ..... **Error! Bookmark not defined.**
„Tilfinningalæsið mitt“: Náms- og kennsluefni í félags og tilfinninganámi 35
Heildræn innleiðing núvitundar í skólastarf – áhrif á kennara og nemendur 36
„Ég held ég hafi bara ekki vitað hvað hamingja var, áður en þau fæddust“: Upplifun íslenskra feðra af hamingju 36
Valdaójafnvægi 37
#MeToo í sviðslistum og íþróttum; mörk í nánu rými 37
Tengsl kyns, prófsviðs og starfs innan og utan akademíu við launaþróun doktorsmenntaðra á Íslandi 38
Utangátta: Upplifanir samkynhneigðra af fræðslu og ráðgjöf í skólum 38
#metoo, Iceland and educational interventions: Multifaceted responses to gender based violence . 39
The implementation of Article 20 of the Istanbul Convention in the #metoo era: The services available to immigrant women in Iceland 39
Power dynamics and internalized oppression: Immigrant women and intimate partner violence in Iceland 40
The role of critical education in shifting paradigms that perpetuate violence against immigrant women in Iceland 41
The good, the bad and the ugly: Norms and Binaries of fathering discourses in the Icelandic mass media 41
Airing out the linens: Equipping practitioners for exploring discourse on gender-based violence in intimate relationships and the workplace. 42

Working on violent self: How perpetrators of intimate partner violence narrate about and position themselves during and after therapy? An example from Iceland 42
Caught like Fish in a Net: How Icelandic Laws Keep Immigrant Women in Abusive Situations 43
Some say love it is a* …: How the #metoo discourse reflected immigrant women‘s lives in Iceland 43
Hinseginleiki, (ó)hefðbundinn kvenleiki og hið forboðna í íslenskri skólasögu við lok 19. aldar 44
Að ganga gegn hefðinni? Athugun á stöðu og atbeina kennslukvenna í Reykjavík í upphafi almenningsskólans 44
Kvennaskólinn, kvennahreyfingin og hinseginleiki meðal kennslukvenna um aldamótin 1900 45
Öðruvísi útvaldir synir. Hinsegin kynverund og róttækar hugmyndir hjá einum árgangi íslenskra stúdenta á 19. öld 45
Öðruvísi útvaldir synir. Hinsegin kynverund og róttækar hugmyndir hjá einum árgangi íslenskra stúdenta á 19. öld 46
Menntun fyrir alla 46
Að skapa samtalsrými um fjölmenningarlega kennaramenntun. Starfstengd sjálfsrýni tveggja kennaramenntenda 46
Háskólakennarar rýna í menntun fyrir alla 47
Menntun fyrir alla: Framtíðarsýn og tillögur um aðgerðir 48
Starfsþróunarnámskeið um menntun fyrir alla: Að ná til fjölbreytts hóps þátttakenda í fjarnámi 48
Innflytjendur og menntun 49
Tungumálastefna fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda og áhrif hennar á menntun 49
Viðbrögð sveitarfélaga á Íslandi við vaxandi fjölda nemenda af erlendum uppruna 50
Stöðumat fyrir nýkomna nemendur af erlendum uppruna 50
Tvær rannsóknir á innflytjendum í háskólum á Íslandi 51
Skóli án aðgreiningar og félagsleg staða fatlaðs fólks 52
Öráreitni og ableismi: Félagsleg staða fatlaðs fólks í almennu rými 52
Milliliður, stuðningsaðili eða hlutlaus fylgdarmaður. Hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með 53
Æ sér gjöf til gjalda: Gagnkvæmni í námi og kennslu 53
Samræður í stærðfræði á unglinga- og framhaldsskólastigi 55
Dæmi um ávinning og áskoranir sem felast í innleiðingu hugsandi skólastofu í stærðfræðikennslu á unglingastigi 55
Stærðfræðileg orðræða, skólaorðræða og hversdagsleg orðræða í stærðfræðikennslu: Mörk, skörun og togstreita 55
Þróun talsetningarverkefna í samstarfi við stærðfræðikennara á framhaldsskólastigi 56
Þróun stærðfræðikennslu á grunnskólastigi 57
„Í upphafi skal endinn skoða” – Tilviksrannsókn á námsmati í stærðfræði 57
Þróun námskeiða fyrir leiðtoga í stærðfræðikennslu 58
Stærðfræði og listir: Myndlist er fleira en að teikna – Stærðfræði er fleira en að reikna 58

Skapandi stærðfræði: Starfsþróun í íslenskum grunnskóla 59
Raungreinar/Náttúrfræði í grunnskólakennslu 59
Bandaríska náttúrufræðinámskráin „Next Generation Science Standards“ 59
Eðlisfræði, efnafræði og stjörnufræði viðfangsefni í íslenskum námskránum frá 1999 og 2013 og í “Next generation science standards” 60
Norrænt samstarf um nýju stærðfræðina á árunum 1960–1967 61
Starfstengd leiðsögn, starfsþróun og ráðgjöf 61
Starfsþróun kennara og stjórnenda í Fjölbrautaskóla Suðurnesja: Starfstengd leiðsögn og jafningjaráðgjöf 61
Á milli steins og sleggju: Mikilvægi menntunar og fagþróunar leikskólakennaranema í vettvangsnámi 62
Sköpun og tækninýjungar í fullorðinsfræðslu 63
Nýtt námsumsjónarkerfi: Microsoft Teams með OneNote 63
Ekki láta skynsemina bera hugmyndina ofurliði 64
Nám og sköpun, tvö nátengd hugtök – afleiðingar þess fyrir kennslu fullorðinna 64
Raunfærnimat á háskólastigi og nýjar námsleiðir í framhaldskólum 65
Raunfærnimat á háskólastigi, næstu skref 65
Stytting háskólanáms með raunfærnimati 65
Gerum færni innflytjenda sýnilega – áskoranir og möguleikar í raunfærnimati 66
Kynning á VISKA-verkefninu (Erasmus KA3) – helstu markmið, verkfæri og afurðir 66
Rannsóknarhluti VISKA-verkefnisins. Gerum færni innflytjenda sýnilega – áskoranir og möguleikar í raunfærnimati 67
Rannsóknir á verk- og starfsmenntun 68
Námsleið skiptir máli: Langtímarannsókn á gildi náms og trú á eigin getu í bóknámi og starfsnámi 68
Sveinspróf í iðnmenntakerfinu: Bleiki fíllinn í stofunni 69
Occupational licensing of craftsmanship in 21st century Iceland ..... **Error! Bookmark not defined.**
Nám á vinnustað í löggiltum iðngreinum 69
Kynbundið nám í framhaldsfræðslunni. Starfsmenntun fyrr og nú 70
Látum draumana rætast – nýsköpun og tækni 71
Þróun, nýsköpun og alþjóðasamstarf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar 71
Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík 71
Draumasviðið: Kynning á verkefninu 72
Betri Bústaðir – Aukið heilbrigði barna og unglinga í Bústaðahverfi 72
Þróunar- og nýsköpunarstarf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar 73
Þróun, nýsköpun og alþjóðasamstarf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar 73
Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík 74

Draumasviðið: Kynning á verkefninu 74
Betri Bústaðir – Aukið heilbrigði barna og unglinga í Bústaðahverfi 75
Rannsóknir og deigla á sviði frítímans – fyrri hluti 75
Félagstengsl barna og unglinga á Íslandi 75
„Þetta voru miklir lærdómstímar“ – Félagsmiðstöðvastarf á tímum samkomubanns 76
Young refugees and integration in Iceland 77
Rannsóknir og deigla á sviði frítímans – seinni hluti 77
Táningur að verða tvítugur – Þróun náms í tómstunda- og félagsmálafræði 77
Vettvangsnám nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði 78
Einelti – Raddir þolenda og gerenda 78
Heilsuefling og heilsufar – forvarnir og skimanir 79
Fæðuval og heilsuhegðun barna og unglinga – endurspeglun útlitsdýrkunar? 79
Er krabbameinsskimun ávallt til bóta? 79
D-vítamínbúskapur fyrir og eftir efnaskiptaaðgerðir á Landspítala 80
Heilsuefling í skólaumhverfi – alþjóðleg samvinnuverkefni 81
We value food: Að mennta, virkja og styrkja neytendur framtíðarinnar 81
ProMeal: Afgangar af skólamáltíðum og nesti skólabarna í Svíþjóð, Íslandi og Noregi 81
UPRIGHT-verkefnið: Samleið við aðalnámskrá, menntastefnu Reykjavíkurborgar og heilsueflandi grunnskóla 82
Bragðlaukaþjálfun 82
Bragðlaukaþjálfun: Helstu niðurstöður úr rannsókn á matvendni barna með og án taugaþroskaraskana og fjölskyldum þeirra 82
Fæðuval og matvendni meðal barna á einhverfurófi 83
Er samhengi á milli matvendni barna og foreldra þeirra? 84
Íþróttanæringarfræði 84
Hlutfallslegur orkuskortur í íþróttum (Relative Energy Deficiency in Sport, RED-s) 84
Heilsuhegðun og heilsa þátttakenda í ofurhlaupum 85
Næringarþekking meðal íslensks afreksíþróttafólks og þjálfara þeirra: Þróun og forprófun á spurningalista 86
Hvernig gæti uppbygging á markvissri næringarfræðslu fyrir íþróttahreyfinguna farið fram? 86
Háskólar: Kennsluaðferðir 87
Er fýsilegt að innleiða fjölbreytta kennsluhætti og námsmat í grunnnámi háskóla? Reynsla af nýju námskeiði í hjúkrunarfræði 87
Reynslusaga af vendikennslu: Áskoranir og lærdómur 88
„Fyrst fannst mér skrýtið að vera að taka svona MOOC-námskeið sem hluta af öðru námskeiði en svo var það bara mjög gott“ 88
Teymisnám í verkfræðikennslu 89

Háskólar: Námskrárgerð 90
Kennsluhættir á alþjóðlegum brautum LHÍ 90
Þróun fjarnáms fyrir tónlistarskólakennara: Áskoranir og ávinningur 90
MOCAT – að smala köttum 91
Heilbrigðisvísindanálgun á efni raunvísinda 91
Háskólar: Að nýta rafræna miðla til að efla gæði náms 92
Meiri ánægja og betri námsárangur 92
Uppsetning á rafrænu mati á vettvangi við Heilbrigðisvísindasvið HA 93
Reynsla af notkun Inspera fyrir námsmat í verkfræðinámskeiði 93
Námsefni á netinu í strjálli stærðfræði fyrir nemendar á fyrsta ári háskóla 94
Háskólar: Nemendur og námsgengi 95
Brotthvarf nemenda úr námi á tveimur sviðum Háskóla Íslands 95
Tengslamyndun háskólanema 95
Bakgrunnur og aðstæður nýnema á Menntavísindasviði 96
Hvað skýrir hæga framvindu og mikið brottfall úr námi í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands? 97
Háskólakennsla 97
Málstofustjóri: Lilja M. Jónsdóttir 97
Hver er reynslan? Heilsárs vettvangsnám – starfsnámsár í grunnskólakennaranámi 97
„Það lyfti mér frá botni“: Reynsla erlendra nemenda af aðstoð Ritvers Háskóla Íslands 98
Scripting the unpredictable complexity classroom management: A theoretical model 99
contrasting expert and novice teachers’ knowledge and awareness of classroom events 99
Predictors of Teachers’ readiness for Technological Innovation in Education 99
Háskólar: Kennarar og kennsluþróun 100
Perceived faculty development needs of tenured and sessional health science faculty 100
Vendifundir til að styðja við umræðu um kennslu og kennsluþróun 101
Að kenna og stunda eigindlegar rannsóknaraðferðir 101
Samfélagslegar áskoranir og hlutverk háskóla: Hugmyndir og viðhorf háskólakennara 102
Að undirbúa nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi: Viðhorf háskólakennara 102
Frammistöðumat í teymis- og hópavinnu 103
Aðferðafræði fyrir frammistöðumat í nemendadrifinni teymisvinnu 103
Frammistöðumat í þverfræðilegu nemendadrifnu verkefnisnámskeiði 103
Hamfaradagar í byrjun náms í verkfræði 104
Kynjahalli í akademíu: Gerum eitthvað – en hvað? 105
„Alltaf á verði“: Femínískur aktívismi í akademíu 105
Aðgerðir stjórnvalda og kynjaskekkjur í háskólasamfélaginu 105

Starfsumhverfi og kynjasjónarmið opinberra háskóla á tímum nýfrjálshyggju 106
Nám unglinga í Afríku sunnan Sahara 107
Félags- og efnahagslegur bakgrunnur menntaskólanemenda í Bissá, Gíneu-Bissá 107
Access of adolescents to digital technology in Bissau, Guinea-Bissau 107
„Verkföll kennara hafa áhrif á alla nemendur“: Ójöfnuður meðal unglinga sem stunda nám í ríkis- og einkareknum menntaskólum í Gíneu-Bissá 108
Skólasaga og byggðaþróun 109
Sveitakennarar við Húnaflóa 1887-1905 109
Þjóðaruppeldið og skólatíminn 109
Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun 110
Meistarar og lærisveinar: Lærdómstextar og dídaktík miðalda 111
Stafræn tækni, nám og menntun 111
Stafræn hæfni grunnskóla – staða og leiðarlykill 111
SELFIE – matstæki um upplýsingatækni í skólastarfi: Þýðing og prófun í íslenskum skólum 112
Stafræn borgaravitund 113
Tölvuleikir, líðan og velferð: Skugginn af tölvuleikjaspilun ungmenna 113
Fjarmenntabúðir: Stuðningur háskóla við skólastarf 114
Fjarmenntabúðir í starfsþróun kennara: Viðhorf og reynsla þátttakenda 114
Hvaða form og skipulag er heppilegt fyrir fjarmenntabúðir – gátlisti 115
Áhrif COVID-19 faraldursins á grunnskóla- og tómstundastarf í landinu á liðnu vori – fyrri hluti 115
Tengslin við heimilin trosnuðu merkilega lítið: Frá sjónarhorni stjórnenda og grunnskólakennara 116
Grunnskólakennsla á tímum fjöldatakmarkana vegna COVID-19: Frá sjónarhorni grunnskólakennara 116
Samvinna og sveigjanleiki – frístundaheimilin á tímum heimsfaraldurs 117
Áhrif COVID-faraldursins á grunnskóla- og tómstundastarf í landinu á liðnu vori – seinni hluti 117
Reynsla og upplifun þroskaþjálfa í skóla- og frístundastarfi af áhrifum COVID-19 faraldursins 117
Áhrif COVID-19 faraldursins á frístundastarf barna og unglinga 118
Nýting stafrænnar tækni og netkennsla: Skammtímalausnir eða þróun til framtíðar 118
COVID-19 og leikskólinn – LeikA 119
Reynsla starfsfólks leikskóla af COVID-19 119
Leikskólabörnin í leikskólanum á tímum COVID-19 120
Leikskólabörn heima á tímum COVID-19 120
Leikur að orðum og heimsfaraldur 121
Lýðheilsa í brennidepli 121
Orðaforði í leik – Unnið með kennsluaðferðina Sérfræðingskápan með ungum börnum 121

Hversdagsleg hugtök í fræðilegu samhengi? 122
Framhaldsskólinn á tímamótum 122
Fagleg forysta víkur fyrir tæknilegum úrlausnarefnum úr ytra umhverfi framhaldsskóla: Sýn og reynsla aðstoðarskólameistara 122
Áhrif styttingar námstíma til stúdentsprófs: Viðhorf, reynsla og sýn háskólakennara 123
Framhaldsskólinn og heimilin á tímum COVID-19: Áskoranir og tækifæri 124
Brottfall eða hlé á námi nemenda – framhaldsskólinn 124
Að ná til nemenda 124
Framhaldsskólanemendur sem gera hlé á námi: Einkenni og námsframvinda 125
Viðhorf ungs og lítt menntaðs fólks til starfa: Starfsvilji, starfsskynjun, aðlögunarhæfni á starfsferli 126
Hreyfing, svefn og heilsa ungmenna 126
Breytingar á hreyfingu og íþróttaþátttöku íslenskra ungmenna frá 15–17 ára 126
Þróun þreks og andlegrar líðanar meðal 15 og 17 ára ungmenna á Íslandi 127
Tengsl svefns við einkunnir á samræmdum prófum meðal 15 ára reykvískra ungmenna 128
Algengi á neyslu vefaukandi stera meðal ungs fólks, geðheilbrigði þeirra og vímuefnanotkun: Þýðisrannsókn 128
Íþróttir og íþróttakennsla 129
Íþróttakennsla: Lengi býr að fyrstu gerð. Leikjahandbók fyrir yngsta stig grunnskóla 129
Þróun á þátttöku kvenna í íþróttagreinum innan ÍSÍ frá 1994 til 2017 130
Virkni, val og skyldur foreldra í íslensku menntakerfi – Virkir og miðjaðir foreldrahópar 130
Foreldraval og þróun skólasamfélaga á höfuðborgarsvæðinu: Félagsleg aðgreining í sjálfstætt starfandi skólum hérlendis 130
Following the recommendations: Parent perspectives on Icelandic school operations in the time of COVID-19 131
Transnational high-income mothers and their experience of Icelandic urban schools 132
Virkni val og skyldur foreldra í íslensku menntakerfi: Foreldrahópar á jaðrinum 132
Feður í aðalhlutverki í uppeldis- og skólastarfi barna sinna – Áhrif stéttarstöðu, stéttaruppruna og karlmennskuhugmynda 133
Parents of Arabic, African and Asian origin: Significance of migrant capital, whiteness, and class when entering the Icelandic school community 134
Reynsla lágtekjumæðra af pólskum uppruna af foreldrastarfi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu: Stétt, félags- og þverþjóðlegur auður 134
Lægri stéttar mæður af íslenskum uppruna: Bernskureynsla, virkni og þátttaka í skólagöngu barnsins 135
Kona verður til! Mótun kvenleikans í gegnum móðurhlutverkið og samskipti við valdastofnanir samfélagsins 135
“What a Shame! The Childfree Choice and Regretting Motherhood” 136

"We at least say we are equal": Gender equality and class in healthcare professionals discursive framing of migrant mothers 136
„Það var eins og ég væri svona glæpón, að ég væri að gera eitthvað hræðilegt af mér": Óstýrilátar, gleðispillandi fatlaðar mæður 137
Immigrant Mothers in Icelandic Higher Education: Navigating Multiple Roles and Responsibilities 137
Leikskólinn, börn og kennarar 138
„Það skiptir alveg rosalega miklu fyrir börnin að þeir sem þekkja börnin tali saman": Rannsókn um samfellu í námi barna 138
„Ég valdi sjálfa mig fram yfir fagstéttina": Reynsla leikskólakennara af starfsumhverfi og starfsánægju í leik- og grunnskóla 139
Tíu ára þróunarstarf í leikskólanum Aðalþingi 139
„Þetta er vera sem þolir ekki sápu": Leikskólastarf í umróti heimsfaraldurs 140
Fararheill: Samfella í námi barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn 141
Að fara út fyrir þægindarammann: Viðtöl við stjórnendur leik- og grunnskóla og forstöðumenn frístundaheimila 141
Að tilheyra (ekki) leikskólasamfélagi: Viðhorf foreldra 141
Ytri áhrifaþættir á kennslu barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn 142
Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til upphafs leikskólagöngu barna 143
Fullgildi barna með fjölbreyttan bakgrunn í íslenskum leikskólum 143
Mál og kennsla 144
Kennsla um mál og kennsla í máli: Mikilvæg aðgreining í málfræðikennslu 144
Viðhorf íslenskra barna til íslensku- og enskukennslu í grunnskólum. Niðurstöður viðtalskönnunar og viðbrögð við þeim. 144
Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi 145
Textíll í rannsóknum og skólastarfi – fyrri hluti 146
Starfræn varðveisla frumgagna í vefnaði 146
Flokk till you drop – samstarfsverkefni 146
FISHSkin – Nýsköpun í fiskleðri úr roði 147
Hallormsstaðaskóli – þekking sem skiptir máli 147
Textíll í rannsóknum og skólastarfi – seinni hluti 148
Heimsmarkmiðin í textíl – óður til sjálfbærni 148
Neysla og endurnýting – þróunar- og samvinnuverkefni tveggja skólastiga 149
ST'ART 149
Íðorðanefnd í hannyrðum – íðorðasafn í prjóni 150
Listgreinar 150
Málstofustóri: Rannveig Björk Þorkelsdóttir 150

„Það er í loftinu“: KennsluList Magnúsar Pálssonar 150
Að láta draumana rætast; áhrif Skrekks, hæfileikakeppni í grunnskólum í Reykjavík, á líðan og sjálfsmynd unglinga 151
„Að vera í takt við tímann…“ Snjalltækni í skapandi námi 151
Draumasviðið: Rannsókn 152
Tónlist í leik- og grunnskólum 153
Tónlistariðkun á íslenskum leikskólum 153
Vinsælustu sönglögin í íslenskum leikskólum 153
Gagnvirkur söngvabanki fyrir leikskóla 154
Námsmat í tónmennt í íslenskum grunnskólum 154
Málþroski leikskólabarna 155
Málþroskaprófið Málfærni eldri leikskólabarna (MELB): Stöðlun og próffræðilegir eiginleikar 155
Mismunum við börnum eftir búsetu? 156
Þýðing og forprófun á FOCUS-ÍS, um mat foreldra á félagslegri málnotkun þriggja ára barna 156
Íslenskukunnátta tvítyngdra leikskólabarna 157
Tvítyngd börn – málþroski og málörvun 157
Efling málþroska tvítyngdra leikskólabarna 158
Kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku: Rýnt í aðferðir og áherslur grunnskólakennara á yngsta stigi 158
How can we support multilingual preschool-aged children’s acquisition of additional languages? 159
Íslenskur og enskur framburður unglinga með íslensku sem fyrsta og annað mál 160
Leiðir til að draga úr lestrarerfiðleikum, efla lesfimi og lesskilning 160
Markvisst samvinnunám í læsi: Áhrif og reynsla kennara hérlendis 160
Þjálfun kennaranema í Beinni kennslu og fimiþjálfun: 25 tilviksrannsóknir 161
Aðlögun og líðan barna: Áhrifaþættir og úrræði 161
Foreldrafærni sem úrræði vegna hegðunarerfiðleika barna: Áhersla á þátt feðra 162
Reynsla fagfólks innan skólakerfisins af PMTO-grunnmenntun: „... maður grípur í það sem að gengur upp“ 162
DAM – Leikni til lífs (DBT STEPS-A), heildstætt námsefni í geðrækt: Hvað segja frumrannsóknir um áhrif á líðan ungmenna? 163
Hvernig má efla starfsfólk leikskóla í vinnu með börnum sem sýna truflandi hegðun? 163
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og námsframboð Háskóla Íslands 164
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í kennsluskrá Háskóla Íslands 164
Lykilhæfni heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í námskeiðum fræðasviða Háskóla Íslands 165
Námsmat á fræðasviðum Háskóla Íslands 165
Hnattræn vitund í námskeiðum fræðasviða Háskóla Íslands 166

Viðfangsefni sjálfbærrar þróunar og sjálfbærnimenntunar í námskeiðum fræðasviða HÍ 167
Viska í nútíma menntun 167
Hefur viskan dagað uppi? Um visku, heimsmyndir og menntun 167
Hvað er viska? Er hún mikilvæg nú á dögum? 168
Er hægt að kenna stjórnvisku og gott viðskiptasiðferði? Um samspil miðlunar, visku og fyrirtækjamenningar 168
Lýðræði, sjálfbærni og siðferðileg gildi 169
Manngerð, lýðræði og sjálfbærni. Andstæður og sameiginlegir þræðir 169
Lýðræðislegir starfshættir og mannréttindafræðsla í grunnskólum á Íslandi 169
Réttindasmiðja: Hagnýtt og aðgengilegt kennsluefni fyrir réttindafræðslu barna 170
Hógværð, agi og hyggindi: Vitsmunalegar dygðir og þekkingarleit 171
Vitsmunaleg hógværð og heiðarlegt skólastarf 171
Að kenna hyggindi með platonskri samræðu 171
Tungumálakennsla á netinu: Saga, þróun og framtíð 172
Gildi tækni í kennslu, námi og rannsóknum 172
Blandað nám í ritun á ensku: Framsetning kennsluefnis og raddir nemenda 173
Kennsla nútímaíslensku sem annars máls, forníslensku og íslensks táknmáls (ÍTM) sem annars máls í LÖRU 173
Danska: Námsefni og jaðarsettur nemendahópur 174
EKKO – samsetning og tíðni orðaforða 174
EKKO – menning og heimsmynd 174
Möguleikar íslenskra nemenda til að þróa áfram færni sína í dönsku í íslenska skólakerfinu 175
Skólinn – starfsþróun 175
Stefnumótun um starfsþróun framhaldsskólakennara – „kennarar geta sízt allra, menntað sig til starfs í eitt skipti fyrir öll“ 175
Leiðsagnarnám og námskraftur nemenda 176
Aftur í kennslu? Starfsþróun í sumarformi 177
Hreyfanleiki nýnema á höfuðborgarsvæðinu á tímum markaðsinnritunar í framhaldsskóla 177
Sjálfsþekking nemenda og kennara 178
Þögul þekking og ígrundun í kennaramenntun 178
Líkamleg gagnrýnin hugsun 179
Mannkostamenntun, listir og ljóð 179
Skapandi grunnskóli – námsefni unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands 180
Skapandi dans – handbók fyrir kennara 180
Óravíddir: Ferðalag um undraheima stærðfræðinnar: Rúmfræðinámsefni fyrir alla aldurshópa 181
Essið: Ræktun jákvæðrar sjálfsmyndar á umrótatímum – áhrif dagbókarskrifa á unglingsstelpur í hópastarfi í félagsmiðstöð og þróun námsefnis því tengdu 181

Starfendarannsóknir sem leið í starfsþróun og mótun starfskenningar 182
Þróun starfskenninga í gegnum starfendarannsóknir 182
Að ýta undir skóla án aðgreiningar: Starfendarannsókn um að ýta undir kennslu án aðgreiningar á milli starfsmanns sérkennsluteymis og starfsmanna inni á deild 182
Starfsþróun kennara og kennsluskipulag í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskóla 183
Mundu að hafa húmor – og plan B: Fagleg starfskenning í mótun 184
Samskipti – lífsleikni 184
Samskiptaverkefnin Krakkaspjall og Unglingaspjall 184
Að rækta nemendur til góðra verka: Hvert er viðhorf kennara til lífsleiknikennslu í grunnskólum? 185
„Ég á ekki enn Íslendinga að vinum.“ Reynsla ungmenna af erlendum uppruna af vinatengslum 185
DISE - MA symposium 186
Sustainability Education after Covid-19—How to Create Impactful Distance Learning in Iceland. 186
Otherness and Resistance: Language Identities and Belonging of Students of Migrant Parentage ..... **Error! Bookmark not defined.**
CLILing in Italy: teachers' experiences with Content and Language Integrated Learning methodology 187
Internationalisation at the University of Iceland: challenges, critiques and cross-cultural responses 187
Conservative conceptualisations and neglect of cross-cultural experiences: Internationalisation at the University of Iceland 187
"Not giving up": Immigrant students finding their way in Icelandic higher education ..... **Error! Bookmark not defined.**
Language as "a barrier to" versus language as "an opportunity for" quality higher education 188
A cross-cultural response to diversity: Presenting the DISE online handbook 189
Hönnun, sjálfsmynd og virkt nám 189
A reflection on architectural education from a Baltic Nordic perspective 189
Margbreytileikinn í okkur: Sjálfsmynd sem hús í þrívíðu formi 190
Sjálfbærni, samvinnunám og siðfræði 190
Menntun til sjálfbærni – Staða Íslands 190
Siðfræðilegar áskoranir í rannsóknum með börnum 191
Samvinnunám og leiðsagnarnám 192
Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ 192
Atriðagreining á HLJÓM-2 192
Réttritun: niðurstöður á réttritunarprófi sem sýna algengustu villur hjá hverju aldursári 193
Réttritun: Einkunnakvarði sem spannar átta árganga nemenda í grunnskóla 193
Lesvandi og margþætt eðli læsis 194

Featural and Configural Processing of Faces and Houses in Matched Dyslexic and Typical Readers 194
Leið að lærdómssamfélagi 194
PISA, skólaþjónusta, orðaforði og lestranám 195
Greining á orðanotkun í lesskilnings- og náttúruvísindahlutum PISA 2018: Samanburður á íslensku þýðingunni og enska textanum 195
PISA-panik? Viðbrögð stjórnvalda við niðurstöðum PISA 2018 196
Þekking foreldra á lestrarnámi 196
Skólaþjónusta sveitarfélaga: Umgjörð og starfshættir 197

Aðalerindi

Guðrún V. Stefánsdóttir – Aðalfyrirlesari

Þroskaþjálfafræði á krossgötum: Gamlar og nýjar áskoranir

Til að mæta kröfum hvers tíma og þeirri öru þróun sem orðið hefur á hugmyndastraumum í málefnum fatlaðs fólks hefur menntun þroskaþjálfa tekið margvíslegum breytingum allt frá því að fyrstu nemendurnir útskrifuðust úr Gæslusystraskóla Íslands (síðar Þroskaþjálfaskóla Íslands) árið 1960 og fram til dagsins í dag. Oft hefur námið staðið á krossgötum, nú síðast þegar það var lengt úr þremur árum í fjögur en í aðdraganda þess fór fram mikil endurskoðun á náminu sem enn stendur yfir. Frá upphafi hafa farið fram líflegar umræður og skoðanaskipti um nám og hlutverk þroskaþjálfa og mörg og ólík sjónarmið hafa komið fram um hvert skuli stefna. Það sem hefur þó sameinað þessi sjónarmið er samstaða með fötluðu fólki og baráttu þess fyrir sjálfsögðum mannréttindum. Í erindinu verður sjónum beint að gömlum og nýjum áskorunum í námi þroskaþjálfa. Hvaða stefnur og straumar í málefnum fatlaðs fólks hafa verið stærstu áhrifavaldar? Hvað einkennir fræðasviðið, hverjar eru helstu áskoranir um þessar mundir og hver er framtíðarsýnin? Með hvaða hætti birtast áhrif þroskaþjálfafræða á Menntavísindasviði og í samfélagi án aðgreiningar?

Hlutverk þroskaþjálfa: Virk þátttaka allra í skóla og samfélagi án aðgreiningar

Námsbraut í þroskaþjálfafræði

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg

Inngildandi eða aðgreinandi? Val- og umsóknarferli nemenda með þroskahömlun á framhaldsskólastigi

Anna Björk Sverrisdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Að velja framhaldsskóla markar tímamót í lífi hvers unglings. Nemendur hópast á skipulagðar skólakynningar þar sem markmiðið er að afla sér upplýsinga um framboð og inntak náms ólíkra skóla – valmöguleikarnir ótalmargir. Þessi sviðsmynd á þó ekki við um nemendur sem þurfa mikinn stuðning í námi. Þegar aðrir nemendur sækja árlegar skólakynningar eru nemendur sem þurfa mikinn stuðning í námi þegar búnir að velja sína námsleið, þ.e. sérnámsbraut í framhaldsskóla – skipulagðar kynningar ekki fyrir hendi og valmöguleikarnir takmarkaðir. Skóli án aðgreiningar er lögfestur hér á landi en þrátt fyrir það leggja ekki allir sama skilning í hugtakið og það hefur áhrif á skipulag og umgjörð náms. Til þess að auka skilning á hugtakinu er mikilvægt að skoða það í tengslum við ólíka þætti skóla og náms.

Í þessu erindi verður sjónum beint að umsóknarferli nemenda með þroskahömlun á framhaldsskólastigi þar sem sérstaklega er vikið að tveimur mikilvægum hugtökum þroskaþjálfafræði og skólaþróunar; inngildingu og félagslegu réttlæti. Niðurstöður eru hluti af doktorsverkefni höfundar. Viðtöl voru tekin við nemendur, foreldra og yfirmenn sérnámsbrauta í framhaldsskólum. Gögn voru skoðuð með hliðsjón af kenningu Iris Marion Young um félagslegt réttlæti og ljósi varpað á hvernig hugtökin um fimm andlit kúgunar (e. five faces of oppression) birtast í umsóknarferlinu. Niðurstöður benda til kerfislægrar mismununar sem felur meðal annars í sér jaðarsetningu nemenda á grundvelli stuðningsþarfa þeirra. Nemendur eru neyddir til að skilgreina sig með ákveðnum hætti, það hefur þversagnakenndar afleiðingar og dregur fram í dagsljósið galla í túlkun og nálgun á hugtakinu „skóli án aðgreiningar“.

Þátttaka er samvinna: Valdefling barna

Arnbjörg Stefánsdóttir, skólastjórnandi, Brekkubæjarskóli, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjúnkt, MVS, HÍ og Heiðrún Janusardóttir, verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála á Akranesi

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna skilgreinir rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif í öllum málum sem þau varðar. Börn eru fjölmennasti hópurinn innan skólasamfélagsins. Því er mikilvægt að hafa þau með í ráðum við þróun skóla- og frístundastarfs sem mætir fjölbreytilegum þörfum allra barna. Verkefnið „Þátttaka er samvinna: Valdefling barna“ er samstarfsverkefni Brekkubæjarskóla á Akranesi, frístundamiðstöðvarinnar Þorpsins og rannsakenda við Menntavísindasvið HÍ. Markmið þess eru að valdefla börn til þátttöku í eigin lífi, búa til farveg fyrir raddir þeirra og stuðla í leiðinni að aukinni þátttöku barna í þróun skóla- og frístundastarfs. Eftirfarandi spurningar eru hafðar að leiðarljósi: Hvernig upplifa börnin sitt skóla- og frístundaumhverfi með tilliti til menntunar fyrir alla? Hvernig getum við skapað ramma utan um starfshætti og tryggt öllum börnum möguleika til þátttöku og að upplifa að eiga hlutdeild? Á vorönn 2020 var farið í samstarf við nemendur á unglingastigi. Í gegnum skapandi verkefni og samtöl við rannsakanda gátu nemendur tjáð sig um hvað þeir kunna að meta við skólann sinn, hvaða breytingar þeir myndu vilja gera og hvað gæti orsakað að nemendur upplifðu jaðarsetningu og hindranir til þátttöku. Nemendur höfðu skýrar og fjölbreyttar hugmyndir um hvað betur mætti fara og hvernig mætti stuðla að aukinni þátttöku allra barna. Fram komu áhugaverðar hugleiðingar um hlutverk ólíkra starfsstétta innan skólans og tengsl skóla- og frístundastarfs. Nemendur lögðu áherslu á að skapa „virkan skóla“, þar sem börn taki virkan þátt, hlustað sé á þau og brugðist við því sem þau segja.

Líðan hinsegin ungmenna á Íslandi – Staða rannsókna, næstu skref og úrræði

Sólrún Sesselja Haraldsdóttir, meistaranemi, HVS, HÍ og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Hinsegin ungmenni glíma frekar við vanlíðan en ekki hinsegin jafnaldrar, þrátt fyrir að íslenskt samfélag sé almennt talið framsækið í málefnum hinsegin fólks, og sýna 16–20 ára hinsegin nemendur jafnan meiri einkenni þunglyndis, streitu og reiði en ekki hinsegin jafnaldrar. Sálfélagsleg streita, svo sem erfiðleikar við að koma út úr skápnum og ótti við höfnun aðstandenda, eru áhættuþættir fyrir þunglyndi hjá þessum hópi. Hinsegin framhaldsskólanemar töldu skólaandann og samskipti innan skólans einkennast af skyldubundinni gagnkynhneigð (e. compulsory heterosexuality) sem birtist meðal annars í vanþekkingu á málefnum hinsegin fólks og skorti á stuðningi innan skólans. Samkvæmt rannsóknum getur stuðningur við hinsegin ungmenni verið af ýmsum toga. Hinseginfræðsla hafði til dæmis jákvæð áhrif á viðhorf kennara til hinsegin fólks og málefna þeirra. Þá geta hinseginfélög eða stuðningshópar innan skóla stuðlað að jákvæðara og öruggara skólaumhverfi. Fáar íslenskar rannsóknir eru til um líðan hinsegin ungmenna og árangur þeirra stuðningsúrræða sem í boði eru fyrir þau. Líðan hinsegin ungmenna í grunnskólum á Íslandi verður metin vorið 2021 með spurningalistum sem mæla þunglyndis- og kvíðaeinkenni. Þá verður einnig metið hvort þjónusta sem hefur það markmið að skapa hinsegin ungmennum öruggt umhverfi sé til staðar og hver hún er, innan sem utan skóla. Í þessu erindi verður farið yfir stöðu rannsókna á þessu efni á Íslandi, næstu skref í rannsóknum og hugmyndir að stuðningi við þennan viðkvæma hóp nemenda innan skólasamfélagsins.

Þroskaþjálfafræði: fjölbreytt viðfangsefni fræðigreinarinnar

Námsbraut í þroskaþjálfafræði

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg

Fötlunarfræði í þroskaþjálfanámi; áskoranir og ávinningur

Guðrún V. Stefánsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Í um það bil tvo áratugi hefur fræðigreinin fötlunarfræði verið ein af meginfræðasviðum í námi þroskaþjálfa. Hugtakið fötlunarfræði (e. disability studies) kom fyrst fram á alþjóðlegum vettvangi upp úr 1990 þó að ræturnar megi rekja til sjöunda og áttunda áratugar síðustu aldar. Frá því fötlunarfræði leit dagsins ljós hefur farið fram margþætt og gagnrýnin umræða um þau fræðilegu og félagslegu sjónarhorn sem liggja að baki fræðigreininni. Á síðustu árum hefur sú umræða ekki síst tengst sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og því félagslega réttindasjónarhorni á fötlun sem hann

byggir á. Tilgangur erindisins er tvíþættur. Annars vegar að skoða áskoranir og ávinning krítískra sjónarhorna fötlunarfræða fyrir fræðilegar og hagnýtar undirstöður í námi þroskaþjálfa. Hins vegar verður sjónum beint að námskeiðinu fötlunarfræði sem fyrst var kennt árið 2001 og hefur síðan átt fastan sess í þroskaþjálfanáminu þó að heiti þess hafi ekki ávallt verið það sama. Þróun námskeiðsins verður rakin og greint frá tengslum þess við inngildandi menntun og félagslegan skilning á fötlun. Frá því árið 2007 hafa auk nemenda í þroskaþjálfafræði nemendur í starfstengdu diplómanámi fyrir fólk með þroskahömlun sótt námskeiðið og innihald þess og skipulag því verið aðlagað að ólíkum nemendahópi. Byggt er á viðtölum við nemendur í starfstengdu diplómanámi og þroskaþjálfanema á árunum 2009–2018, mati nemenda á námskeiðinu fötlunarfræði og dagbókarskrifum höfundar.

Margbreytileiki mannlífsins: Réttur til virkrar þátttöku í gerð laga og stefnumótunar

Laufey Elísabet Löve, lektor, MVS, HÍ

Réttur fatlaðs fólks til virkrar þátttöku í gerð laga og stefnumótunar sem varða hagsmuni þess er áréttaður með skýrum hætti í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland fullgilti árið 2016. Þessi réttur hefur verið talinn eitt framsæknasta framlag samningsins til mannréttindalögfræði og hefur jafnframt skírskotun til annarra jaðarhópa líkt og barna og eldra fólks. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir íslenskum rannsóknum sem beinast að mikilvægi réttar fatlaðs fólks til virkrar þátttöku í gerð laga og stefnumótunar og að þeirri áherslu sem kemur fram í Samningi Sameinuðu þjóðanna að lífsreynsla fatlaðs fólks sjálfs sé viðurkennd sem þekking þegar að ákvarðanatöku kemur. Þá verður athygli beint að hlutverki hagsmunasamtaka fatlaðs fólks við að þrýsta á viðurkenningu þessa réttar og við að tryggja aðgengi ólíkra hópa fatlaðs fólks að honum. Rannsóknin beitir þverfræðilegri nálgun sem leiðir saman gagnrýna kenningu og mannréttindasjónarhorn á fötlun. Hún byggir á eigindlegum rannsóknargögnum sem aflað var frá árinu 2016 til 2019 og samanstanda af eigindlegum viðtölum og greiningu ritaðra gagna. Niðurstöður sýna að víða er pottur brotinn hvað varðar rétt fatlaðs fólks til virkrar þátttöku í gerð laga og stefnumótunar sem varða hagsmuni þess. Jafnframt draga þær fram mikilvægi þess hlutverks sem hagsmunasamtök fatlaðs fólks gegna við að þrýsta á stjórnvöld um að uppfylla skyldu þeirra samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna. Þá er dreginn fram sá árangur sem náðst hefur og nauðsyn þess að fylgja honum fast eftir á öllum stjórnsýslustigum.

Að sækja faghandleiðslu. Undirbúningur og ábyrgð handleiðsluþega

Kristín Lilliendahl, aðjúnkt, MVS, HÍ

Hér verður sjónum beint að ýmsum þáttum faghandleiðslu sem gagnlegt er fyrir handleiðsluþega að vita um og búa sig undir þegar handleiðsla er sótt í fyrsta sinn. Vikið verður að leiðsögn í vettvangsnámi sem fyrsta stigs undirbúningi og áhrifavaldi á viðhorf til þess að þróa eigin starfshæfni undir handleiðslu að námi loknu. Lögð verður áhersla á eðlismun milli handleiðslu og leiðsagnar eða meðferðar og að lokum bent á persónulegan og faglegan ávinning sem hljóta má af farsælu handleiðslusambandi. Afar sjaldan er sjónum beint að handleiðsluþeganum sjálfum í rannsóknum á handleiðslu en hér verður sérstaklega gerð grein fyrir niðurstöðum um gildi leiðsagnar og handleiðslu fyrir fagstéttir á sviði menntunar og velferðarþjónustu. Erindið byggir á kafla höfundar í bók um handleiðslu sem kemur út á komandi hausti og Háskólaútgáfan stendur að.

Draumar, framkvæmd og fræði – Sköpunar- og tæknismiðjur í grunnskólastarfi – fyrri hluti

RASK og RANNUM

Svanborg Rannveig Jónsdóttir

Þróunarverkefnið Austur-Vestur: Sköpunar- og tæknismiðjur

Svanborg Rannveig Jónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Á vormánuðum 2019 fékk þróunarverkefnið Austur-Vestur – Sköpunar- og tæknismiðjur í Ingunnarskóla, Vesturbæjarskóla og Selásskóla, styrk úr Þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur, Látum draumana rætast. Verkefnið, sem hófst formlega haustið 2019, er hugsað til þriggja ára með þátttöku allra kennara í skólunum þremur og var fyrsta árinu nú að ljúka. Stór þáttur í verkefninu er að hanna og þróa vettvang, svokallaðar sköpunarsmiðjur (e. makerspaces) sem gefa munu tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta og margbreytilegrar vinnu þar sem nemandinn er í forgrunni. Hópur rannsakenda frá RASK og RANNUM á Menntavísindasviði hefur sinnt ráðgjöf við skólana og safnað gögnum um þróunarstarfið. Gögnum var safnað með vettvangsathugunum á fundum verkefnisstjórnar og í menntabúðum auk þess að tekin voru viðtöl við kennarateymi, verkefnisstjóra og skólastjóra í hverjum skóla. Einnig er byggt á styrkumsókn verkefnisins, vefsíðu verkefnisins og Facebook-síðu Austur-Vestur. Tilgangurinn er að fylgjast með þróun verkefnisins og greina einkenni og áhrifaþætti. Rannsóknarhópurinn hefur rýnt í gögnin og byggir á eigindlegri nálgun og frásagnarrýni (e. narrative inquiry). Í málstofunni verða kynntar fyrstu niðurstöður varðandi greiningu gagnanna, sagðar rýnisögur um þemu sem birtust og sýnd dæmi um þróunarstarfið. Þemun

falla í eftirtalda flokka: Samstarfsverkefnið Austur-Vestur – Sýn á verkefnið og tækifæri í starfi þriggja skóla, Áhugi, breytingavilji og hindranir, Sköpunarsmiðjur og samspil við námsgreinar grunnskólans og Hálfnað verk þá hafið er. Í málstofunni lýsa rannsakendur í rannsóknarhópnum niðurstöðum út frá ofantöldum flokkum og kennarar úr skólunum þremur segja dæmisögur af starfi sem fellur undir markmið sköpunarsmiðjanna.

Samstarfsverkefnið Austur-Vestur – Sýn á verkefnið og tækifæri í starfi þriggja skóla

Torfi Hjartarson, lektor, MVS, HÍ

Áhugi á stafrænni tækni í skólastarfi hefur gengið í bylgjum frá því að fyrst var farið að nota tölvur í skólum. Ný fartækni hefur á seinni árum endurvakið og eflt til muna þennan áhuga skólafólks, forritun er myndrænni en áður var, forritanlegur búnaður til nota við leik og nám hefur verið í mikilli þróun og hvers konar hönnun með hjálp stafrænnar tækni vaxið hröðum skrefum. Spjaldtölvur og skyldur búnaður hafa sett mark sitt á skólastarf og tekið er að gæta mikils áhuga á tækninni sjálfri, forritun, leik og hönnun þar sem reynir á stafræna tækni í bland við aðrar leiðir til sköpunar. Hér verður dregið fram hvernig þessi áhugi birtist í samstarfi skólanna þriggja sem standa að verkefninu Austur-Vestur, lýst þeim hugsjónum eða hugmyndum sem þar liggja að baki með hliðsjón af umsóknargögnum, heimsóknum í skólana þrjá, áherslum í menntabúðum og viðtölum við kennarateymi, verkefnastjóra og skólastjórnendur sem leiða verkefnið. Með verkefninu er brugðist við ákalli eftir námsumhverfi sem stuðlar að aukinni færni til nýsköpunar og lausnaleitar og leitast við að þróa kennsluhætti í takt við nýja tíma. Ýta á undir fjölbreytni í námi, flæði milli námsgreina, viðfangsefni tengd daglegu lífi nemenda, áhuga og margbrotna færni. Greint verður frá sýn leiðtoga á verkefnið og jafnframt dregin fram mikilvæg sérkenni skólanna þriggja hvað snertir skólagerð, áherslur í kennsluháttum og áhugaverða möguleika fólgna í húsakynnum og breytingum á þeim þegar finna á starfi í anda sköpunarsmiðja stað í skólastarfinu.

Vesturbæjarskóli – Hönnun og tækni – Nýsköpun

Arna Björk H. Gunnarsdóttir, grunnskólakennari, Vesturbæjarskóli og Guðrún Linda Sverrisdóttir, grunnskólakennari, Vesturbæjarskóli

Skólaárið 2019–2020 voru nokkur sköpunarverkefni í gangi í Vesturbæjarskóla, meðal annars Hönnun og tækni í 3. bekk og hins vegar Nýsköpun í 5. og 6. bekk. Í erindinu verður sagt frá framkvæmd verkefnanna í kennslu og hvernig til tókst. Hönnun og tækni: Verkefni 3. bekkjar var tilraunaverkefni, svokallað STE(A)M (Science, Technology, Engineering, Art, Math). Unnin voru verkefni vikulega, 80 mínútur í senn. Áhersla var lögð á alla þessa þætti auk sköpunar þar sem unnið var með samvinnu, hlustun, lausnir og prófanir. Einnig voru umræður fyrir og eftir tímana og skýrslugerð um hvert verkefni. Nýsköpun: Nemendur komu í nokkra tíma í senn og unnu að hugmyndum til að senda í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Markmið kennslunnar var að fá nemendur til að hugsa í lausnum og skila af sér hugmyndum. Nemendur fundu þörf eða vandamál og leystu úr því á sinn hátt með því að greina vandamálið, finna markhóp og lýsa hugmynd sinni í máli og myndum. Höfundar álykta að nemendur hafi fengið fjölbreytt tækifæri til skapandi hugsunar og tekist hafi að búa þeim vettvang til að prófa og takast á við margbreytileg viðfangsefni sem reyna á hæfni þeirra og hugvit.

Austur-Vestur, sköpunarsmiðjur. Áhugi kennara, breytingavilji og hindranir

Svala Jónsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Í þróunarverkefnum getur kennurum reynst erfitt í upphafi að finna leiðir til að tengja nýja kennsluhætti skólastarfinu. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir kostum sem kennarar töldu að þróunarverkefnið Austur-Vestur gæti haft í för með sér og hindrunum sömuleiðis. Tekin voru hálfopin viðtöl við tvö kennarateymi frá hverjum skóla og voru tveir til þrír kennarar í hverju teymi, kennarar sem unnu þétt saman í kennslu og kennsluundirbúningi sama árgangs. Niðurstöðurnar sýna viðhorf kennara til sköpunarsmiðjustarfsins, væntingar, helsta ávinning og hvernig æskilegast sé að innleiða og þróa sköpunarsmiðjurnar. Áhugi kennaranna var mismikill. Sumir kennaranna höfðu töluverða reynslu af sköpunarstarfi og áhugi þeirra var til staðar fyrir. Aðrir höfðu talsverða þekkingu og reynslu af tækni, höfðu sótt námskeið, og voru áhugasamir um hana. Ekki höfðu allir þessa sömu reynslu og þekkingu og óx þeim verkefnið frekar í augum. Kennurunum virtist þó almennt þykja viðfangsefnið spennandi. Þeir töldu nemendur áhugasama um að vinna skapandi verkefni og með ýmsan tæknibúnað. Sköpunarsmiðjur byðu upp á tækifæri til að vera með fjölbreyttar kennsluaðferðir og verkefni sem þessi reyndu á að börn leituðu eigin lausna. Sumir kennarar sögðu að ákvarðanir um þátttöku í þróunarverkefnum kæmu að ofan. Í einum skólanna fréttu kennarar mjög seint af verkefninu. Fjöldi þróunarverkefna var misjafn eftir skólum. Kennararnir töldu hvatningu stjórnenda mikilvæga og að vinnu þeirra væri sýndur áhugi. Margir kennarar voru óvissir um hvaða aðstoð

þeir ættu kost á og kölluðu eftir meiri aðstoð við innleiðingu sköpunarsmiðja varðandi tækni, að einhver kæmi inn í upphafi og ynni með þeim.

Padlet sem virkt vinnutæki í kennslu og námi í 4. bekk í Selásskóla

Bergljót Bergsdóttir, grunnskólakennari, Selásskóli

Í verkefninu var unnið með fjölbreytta hæfni: Að nýta rafrænt námsefni, frumkvæði og samvinnu, nýta fjölbreyttar aðferðir með tæknibúnaði, upplýsingatækni og forritum, m.a. við myndvinnslu og miðlun þekkingar. Í Selásskóla höfðu nemendur í þriðja bekk kynnt á veggspjöldum bækur sem þeir mæltu með. Þegar allir nemendur fjórða bekkjar fengu iPad (spjaldtölvu) fannst mér kjörið tækifæri til að nota tæknina til að halda þessu bókakynningaverkefni gangandi. Var mér þá bent á Padlet. Ég gerði tilraun með mínum umsjónarnemendum í fjórða bekk og hver nemandi mælti með einni bók. Nemendum fannst þetta skemmtilegt og gerðum við því nýjan vegg þar sem hver fékk sína „hillu", þau gátu skrifað um bók um leið og þau voru búin að lesa hana og hin gátu séð hvort mælt var með bókinni. Til þess að komast inn á „vegginn" notuðu nemendur qr-kóða og hékk hann uppi á vegg stofunnar. Þegar samgöngubann skall á og nemendur voru skemmri tíma í skólanum ákváðum við (ég og nemendur) að búa til nýjan vegg þar sem við settum myndir af því sem við vorum að gera, bæði í skólanum og utan skólans. Þá gátu þau sem ekki voru í skólanum fylgst með. Þetta gekk vel og nemendur sýndu áhuga og virkni. Lestraráhugi var áberandi mikill í hópnum og lásu nemendur margar ólíkar bækur. Það að nemendur áttu greiðan aðgang að upplýsingum frá hver öðrum um áhugaverðar bækur hafði greinilega hvetjandi áhrif á lestur og lestraráhuga þeirra. Ég tel að Padlet geti nýst fyrir alla aldurshópa og við margs konar verkefni og skapandi vinnu.

Draumar, framkvæmd og fræði – Sköpunar- og tæknismiðjur í grunnskólastarfi – seinni hluti

RASK og RANNUM

Svanborg Rannveig Jónsdóttir

Sköpunarsmiðjur og samspil við námsgreinar grunnskólans

Svava Pétursdóttir, lektor, MVS, HÍ

Talsmenn sköpunarsmiðja í skólastarfi telja að þær eigi skýrt erindi í skólastarf og geti eflt samstarf, lausnaleit og skapandi hugsun nemenda. Í erindinu verður farið yfir þá kennslufræðilegu sýn sem birtist á fyrsta ári í verkefninu Austur-Vestur. Byggt er á viðtölum við verkefnisstjóra, kennara, vefsíðu verkefnisins og Facebook-hóp. Skoðað er hvernig verkefnið hefur verið kynnt og unnið með það fyrir augum að svara því hvaða erindi sköpunarsmiðjur eigi í skólastarf. Í ljós kemur þegar gögnin eru skoðuð að áherslan á stafræna tækni er töluverð í því efni sem í boði hefur verið í menntabúðum og kennarar hafa nýtt sér. Þar má nefna vinnu með green screen og forritanleg smátæki. Skapandi verkefni með efnivið eins og rafrásir, pappa og verðlaust efni hlutu líka góðar undirtektir og voru nýtt í skólunum. Verkefnin sem kennarar skipulögðu fyrir nemendur sína voru allt frá því að vera stutt einstaklingsverkefni sem tengdust einni eða fáum kennslugreinum upp í heildstæð samþætt verkefni sem stóðu yfir í nokkrar vikur. Stýring verkefnanna er líka breytileg; frá kennarastýrðum verkefnum með eina mögulega lausn yfir í opin lausnaleitarverkefni. Ljóst er að þeir kennarar sem deildu vinnu sinni hafa verið hugmyndaríkir við að flétta skapandi vinnu við vinnu með ýmsar námsgreinar og að sköpunarsmiðjur eiga fullt erindi í grunnskólana þó ærið verkefni sé að finna þeim rými og tilgang.

Þemavinna í Ingunnarskóla

Hjalti Einar Sigurbjörnsson, Ellen Alfa Högnadóttir, Guðbjörg Bjarnadóttir og Sigríður Rafnsdóttir. Allir höfundar eru grunnskólakennarar í Ingunnarskóla.

Í Ingunnarskóla eru náttúrufræði og samfélagsgreinar kenndar í svokölluðum þemum sem geta staðið í tvær til sex vikur, allt eftir umfangi verkefna. Mikið er lagt upp úr hópavinnu, meðal annars með stöðvavinnu og hringekju en fyrirkomulagið er misjafnt eftir því hvaða þema er í gangi. Boðið er upp á fjölbreytt viðfangsefni og gefst nemendum færi á mismunandi útfærslum á verkefnum og vinnuaðferðum. Samvinna er við list- og verkgreinakennara í þemum og alltaf er leitast við að samþætta sem mest. Reynt er að mæta nemendum eftir áhugasviði og getu þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þemu sem unnið er með í 5. bekk eru Hafið, Jörð í alheimi, Landið mitt Ísland, Landnám Íslands og Vinátta. Kennarar við Ingunnarskóla kynna skipulagningu þemavinnu og þróun hennar undanfarin ár, hvaða hæfni var unnið með og draga ályktanir af reynslunni um hverjar voru helstu áskoranir og ávinningur við að vinna á þennan hátt.

Austur-Vestur sköpunarsmiðjur: Hálfnað verk þá hafið er

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Sköpunar- og snillismiðjur (e. makerspaces) byggja á þeirri hugmynd að ýta þurfi undir sköpun og margvíslega hæfni með stuðningi stafrænnar tækni. Í forgrunni eru kenningar uppeldisfræðinga svo sem Dewey, Papert og Freire, sem töldu að skapa þyrfti skilyrði þar sem nemendur gætu nýtt áhuga sinn og reynslu og þroskað í verki. Rannsóknin beinist að því að skoða hvaða þættir höfðu áhrif á innleiðingu og þróun verkefnisins og hvaða uppeldis- og kennslufræði birtist í starfsemi sköpunarsmiðjanna. Niðurstöður fyrsta hluta rannsóknarinnar byggja á viðtölum við skólastjórnendur, verkefnastjóra og kennara, ásamt vettvangsathugunum. Í erindinu verður fjallað um ýmsa þætti sem helst hafa haft áhrif á innleiðingu og þróun sköpunarsmiðjanna í skólunum þremur, hvað styður hana, hvað hindrar og hvaða ávinningur virðist af henni fyrir nemendur, kennara og skólastarfið. Rædd verða tengsl hugsjóna og markmiða við framkvæmd, tengsl áhuga, breytingavilja, kennsluhátta, skipulags og möguleika til framkvæmdar, hlutverk húsnæðis og tækni í þróun kennsluhátta, hvernig atbeini kennara (e. agency), samstarf og stuðningur við verkefnið spila saman. Einnig verður fjallað um það lærdómssamfélag sem hefur skapast við þessar aðstæður og möguleika þess til að verða drifkraftur þróunar. Dregnar verða ályktanir um tækifæri í augsýn og varpað fram hugmyndum fyrir starfið framundan.

Áhrifamáttur list- og verkgreina í menntun til sjálfbærni

Rannsóknarstofa um listkennslu og sjálfbærni í Listaháskóla Íslands
Ásthildur B. Jónsdóttir

Listrænt ákall til náttúrunnar

Ásthildur B. Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur og stundakennari við LHÍ

Með því að tengja listræn verkefni við náttúrumennt geta kennarar skapað aðstæður fyrir nemendur sem hjálpa þeim að verða meðvitaðri um umhverfið. LÁN-verkefnin (listrænt ákall til náttúrunnar) veita forsendur til að opna hug og hjörtu þátttakenda og auka skilning þeirra á hinni stóru heimsmynd. Í listgreinum þjálfast bæði hreyfigeta eins og fínhreyfingar og vitsmunalegir þættir eins og ímyndunarafl, fagurfræðilegur þroski sem nemendur tengja við eigin reynslu, gildismat og áhugasvið. Fagurfræðilegar vangaveltur byggja á þeim gildum sem við lifum eftir, þar með talið tilfinningum fyrir stöðum og hvaða áhrif við getum haft á þá. Samkennd verður öflugri þegar við gerum okkur grein fyrir því að allir þættir í umhverfinu tengjast á einhvern hátt. Með því móti öðlumst við betri skilning á hvaða áhrif okkar eigin athafnir og ákvarðanir geta haft á umhverfið og þá staði sem okkur þykir vænt um. Með því að leggja áherslu á að vinna með tilfinningar gagnvart umhverfinu skapast forsendur til að þroska gildi og gildismat. Í því samhengi er mikilvægt að fá að taka þátt og vera virk í samvinnu.

Verkefnin eru öll þverfagleg og leita leiða til að skilja jörðina betur með því að líta til aðferða listamanna sem leggja áherslu á að nemendur öðlist nýja þekkingu og skilning í tengslum við sig sjálfa. Verkfæri listanna eru notuð til að skynja, skilja og lesa skilaboð umhverfisins.

Raddir barna: Veggspjaldagerð með áherslu á lífríki sjávar

Magnús Valur Pálsson, grunnskólakennari, Melaskóli

Starfendarannsóknin varpar ljósi á verkefnið Þetta viljum við? Markmið verkefnis var að veita nemendum svigrúm til að leita svara við spurningunni „Hvað getum við gert?“ Þátttakendur fengu fyrirlestur frá sérfræðingum hjá Rannsóknarmiðstöð sjávarútvegsins sem lagði áherslu á örplast í sjó. Í kjölfarið hófst hugmyndavinna þar sem lögð var áhersla á gagnrýni og sjálfsrýni, bæði hjá nemendum og kennurum, og gagnrýnið samtal þar sem stuðlað var að meiri meðvitund, gagnrýninni hugsun, tjáningu, hlustun og dómgreind styrkt. Nemendur fengu fyrirlestur um hvernig grafísk hönnun getur dregið fram áhersluatriði sem fær fólk til að endurskoða viðhorf sitt til náttúrunnar. Kennslufræðileg nálgun var þverfagleg þar sem áhersla var lögð á frumkvæði nemandans og áræði. Erindið dregur saman listrænar niðurstöður þátttakenda sem voru sýndar á Listasafni Reykjavíkur í tengslum við Barnamenningarhátíð. Fjallað verður um þau málefni sem brenna á ungu fólki nú á dögum.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Jelena Bjeletic, leikskólakennari, Sæborg

Starfendarannsóknin fjallar um þróun starfskenningar höfundar í átt að aukinni áherslu á sjálfbærni. Fjallað er um verkefnið þar sem höfundur vann með 4–5 ára börnum út frá líffræðilegum fjölbreytileika og lífsskilyrðum á jörðinni. Hugtakið líffræðilegur fjölbreytileiki nær yfir öll lífsamfélög og birtingarform alls lífs á jörðinni. Verkefnið veitti tækifæri til þverfaglegrar nálgunar þar sem unnið var á skapandi hátt með málefni náttúrufræði. Sagt verður frá listamannaheimsókn og gildi slíkrar heimsóknar fyrir skólastarf. Fjallað verður um hvernig unnið var með tengsl lífbreytileikans við þróun lífs á jörðinni með sérstakri áherslu á skordýr. Sýndar verða myndir af skordýrum sem þátttakendur unnu úr matarafgöngum. Fjallað verður um hugmyndafræði verkefnisins með sérstakri áherslu á umfjöllun um kennslufræði leikja. Niðurstöður verkefnisins voru til sýnis á Kjarvalsstöðum á Barnamenningarhátíð. Sýningin fékk mikla umfjöllun. Rætt verður um hvaða áhrif slík umfjöllun hefur á skólastarf.

Föstudagar fyrir framtíðina

Gunndís Ýr Finnbogadóttir, lektor, LHÍ og Ásthildur B. Jónsdóttir, LHÍ

Í fyrirlestrinum verður fjallað um mismunandi nálganir og gildi þess að ganga í tengslum við nám og listir. Sjónum verður einkum beint að samtíma listamönnum og fræðimönnum sem ýmist nota göngu til þess að skapa eða miðla listrænum eða fræðilegum niðurstöðum. Fjallað verður um ólíkar tilraunir með miðlunar og samstalsaðferðir í göngum með það að markmiði að skoða hvernig ganga, í mismunandi aðstæðum, getur haft áhrif á skynjun okkar, skapandi hugsun og þekkingarsköpun. Göngugjörninginn Föstudagar fyrir framtíðina verður skoðaður sérstaklega með aðferðum tilviksrannsóknar. Ungt fólk um heim allan hefur síðustu misseri fylgt í fótspor Gretu Thunberg og lýst yfir áhyggjum af loftslags- og umhverfismálum. Þau vilja að gripið verði til ráðstafana sem duga til framtíðar. Á Íslandi hefur hópur ungs fólks verið virkur í að benda á vandann og krefst hann aðgerða strax. Ungmennin sem hafa skipulagt verkföll fyrir loftslagið á Austurvelli skora á alla að reyna að setja sig í fótspor þeirra og taka þátt í að berjast fyrir verndun náttúrunnar.

Listir og sjálfbærnimenntun

Málstofustjóri: Ásthildur Jónsdóttir

Sjálfbærni og fatahönnun

Björg Ingadóttir, framhaldsskólakennari, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Fyrirlesturinn fjallar um rannsókn á nýjum stafrænum leiðum í fatahönnun og fataframleiðslu. Markmið rannsóknarinnar gekk út á að kanna hvernig þrívíddartækni nýtist hönnuðum til nýsköpunar í eigin starfi, með hönnunarnemum í verkefnum þeirra og til kennslu í fatahönnun/fatatækni. Rannsóknin var starfendarannsókn þar sem leitað var nýrra möguleika sem styðja við jákvæð umhverfissjónarmið. Þeir geta nýst tískuhönnuðum og nemendum í hönnun til þess að gera vinnuferla þeirra sjálfbærari á tímum aukinna krafna um skilvirkni og sjálfbærni sem styðja við jákvæðari fata- og textíliðnað. Að vera tískuhönnuður nú á dögum er flókið ábyrgðarstarf, þar sem hönnuðir hanna yfirleitt vöru sem á endanum er framleidd. Þá nota hönnuðir þar af leiðandi dýrmæt hráefni úr náttúrunni og skilja eftir sig mismikil vistspor. Mikilvægt er að þeir kennarar sem kenna tísku- og/eða fatahönnun geti kennt nemendum sínum að vinna á sem sjálfbærastan hátt, frá hugmynd að

framleiðslu vöru eða þjónustu. Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á hvernig höfundur skoðaði markvisst hvernig hún gat sjálf orðið sem sjálfbærust í starfi sínu sem hönnuður.

Textílmennt og sjálfbærni – Námsvefurinn Gera sjálfur

Ásta Vilhjálmsdóttir, grunnskólakennari, Valhúsaskóli

Erindið fjallar um námsvefinn Gerðu sjálfur, en það er námsefni í textílmennt í grunnskólum, ætlað til að bæta úr skorti á námsefni þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni, sem er einn af grunnþáttum gildandi aðalnámskrár og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Í erindinu er námsvefnum gerð fræðileg skil með stuðningi eigindlegrar rannsóknar. Verkefnin taka á neyslu, úrgangi, skynditísku, fatasóun, sjálfbærri tísku og umhverfisáhrifum textíliðnaðarins. Efninu er ætlað að stuðla að bættri siðferðiskennd og hvetja til gagnrýninnar hugsunar á sviði neyslu- og umhverfishegðunar sem leitt geti til sjálfbærari lífshátta. Fjallað er um nýja hreyfingu barna og ungmenna í aðgerðum í loftslagsmálum og getu þeirra til að hafa áhrif í ýmsum málum sem snúa að sjálfbærni. Bent er á leiðir og góð ráð til að snúa þróuninni við með breyttum lífsháttum og gildum. Verkefnin fjalla um nýtni, endurvinnslu og endurgerð textílúrgangs og annars efnis sem ekki er lengur í notkun og yrði hent ella. Þau miðast að því að opna augu nemenda fyrir því að það sem við hendum og köllum úrgang getur verið dýrmætt hráefni sem auðvelt er að nýta á skapandi hátt. Nokkur verkefni hafa náttúru og umhverfi að leiðarljósi og miða að því að auka tengsl nemenda við raunveruleikann, náttúruna og umhverfið, sem er mikilvægt sjálfbæru gildismati. Sagt verður frá nokkrum verkefnum sem eru samfélagsmiðuð og hafa að markmiði að gefa af sér og vekja samhygð. Áhersluatriðin eru gildi, gagnrýnin og skapandi hugsun, reynslunám og verklegt nám sem getur nýst í sjálfbærnimenntun.

Ævintýrafuglar og búsvæði þeirra

Louis Harris, grunnskólakennari, Landakotsskóli

Á tímum hnattrænnar hlýnunar og frétta um dýr í útrýmingarhættu getur okkur skólafólki fallist hendur. Hvernig er best að fjalla um þessi erfiðu málefni án þess að valda angist og svartsýni? Er leiðin mögulega sú að tengja börn við náttúruna á sem fjölbreytilegastan máta? Að kenna nemendum að nefna og þekkja fuglana, blómin og skordýrin? Að mynda djúp tengsl við náttúruna með sköpun og gleði að leiðarljósi? Í þeirri sýningu sem hér má sjá hafa nemendur unnið með fugla á margs konar

hátt. Erindið fjallar um samvinnu allra starfsmanna og nemenda Landakotsskóla sem sýndu verk sín á Kjarvalsstöðum í tengslum við Barnamenningarhátíð vorið 2020. Með aðstoð Margrétar H. Blöndal, myndlistarmanns, veltu yngstu nemendur Landakotsskóla fyrir sér samlífi æðarfugls og manns og bjuggu til líkan af varpsvæðum sem vísast gætu hænt alla æðarfugla landsins til lags við mannfólkið. Nemendum voru sýndar margs konar myndir af fuglum og hver og einn vann teikningar sem urðu grunnur að þæfðu verki þar sem vísindi og staðreyndir fengu að víkja fyrir ímyndunaraflinu. Einnig urðu íslenskir varpfuglar uppspretta sköpunar og í hugarheimi barnanna urðu til nýrri og litfegurri tegundir en þær sem við sjáum oftast í móum landsins. Niðurstöður verkefnisins sýna gildi samvinnu fyrir skólastarf og hvernig heildstæð skapandi nálgun getur stuðlað að menntun til sjálfbærni.

Þræðir

Þórey Hannesdóttir, myndlistarkennari, Laugarnesskóli

Þræðir vísar til þeirra þráða sem tengja saman ólíkar greinar grunnskólans með áherslu á samfélag, náttúru og menningu. Þræðir vísa einnig í handverk og listir, með áherslu á textíl í samtímalist, sem tengja okkur við menningararfinn og eru samtvinnuð tilvist okkar. Fyrirlesturinn fjallar um áherslur í námi grunnskólabarna sem snerta sköpunarþáttinn og þróun til sjálfbærni, undirstöðu þeirra þátta og uppsprettu. Sagt er frá nokkrum verkefnum sem ýta undir forsendur aukinnar færni og þekkingarsköpunar með umfjöllum um val tengt áhugasviði, aðferðir listamanna, gagnrýna hugsun, gildismat og umhverfisvernd og jafnvægisleitni í skilningi sjálfbærnimenntunar. Sagt verður frá þáttum sem snúa að sjálfbærri efnisnotkun og markmiðum útináms í tengslum við áherslur *Uppeldis til ábyrgðar*. Þær áherslur snúa að uppbyggingu sjálfsaga og að átta sig á þörfum sínum. Þannig er undirstaða verkefnanna byggð á grunnþörfum mannsins í tengslum við umhverfi sitt og þekkingu á vistkerfum ásamt möguleikum þess að nýta náttúruna sem uppsprettu sköpunar.

Gæði kennslu í grunnskólum. Markmið, samræða og faglegar kröfur

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Birna M. Svanbjörnsdóttir

„Klárum niður bls. 38, glæsilegt!“ Markmið og endurgjöf kennara á unglingastigi – myndbandsupptökur

Birna María Svanbjörnsdóttir, lektor, HA og Sólveig Zophoníasdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Almennt er viðurkennt að góð kennsla skipti sköpum fyrir nám nemenda. Hvað nákvæmlega felst í góðri kennslu er umdeilanlegt en aukin samstaða er þó um að hún einkennist af skýrum námsmarkmiðum og styðjandi endurgjöf í kennslustundum. Markmiðssetning og endurgjöf byggir á samskiptum kennara og vísbendingar eru um að ákveðnir þættir í endurgjöf hafi meiri áhrif en aðrir og stuðli fremur að árangri nemenda. Við greiningu myndbanda úr kennslustundum í þremur námsgreinum á unglingastigi í íslenskum skólum voru gæðin metin út frá matstækinu PLATO. Þar eru viðmið sett fram í fjögurra bila matskvarða þar sem þrep fjögur lýsir mestum gæðum. Samkvæmt kvarðanum felst góð markmiðssetning í að ræða námsmarkmið við nemendur og vísa til þess í kennslustundinni. Á sama hátt er góð endurgjöf uppbyggjandi, efnisleg og leiðbeinir nemendum í átt að námsmarkmiðinu. Rannsóknir á gæðum kennslu (QUINT) annars staðar á Norðurlöndum benda til að bæði séu skýr tengsl milli markmiðssetningar og endurgjafar í kennslustofunni og gæðum þeirra. Þar raðast þessir þættir einkum á annað þrep viðmiðanna í PLATO. Á Íslandi virðist staðan svipuð, þó með einhverjum undantekningum eftir námsgreinum. Í málstofunni verða viðmiðin um markmiðssetningu og endurgjöf í PLATO kynnt og fyrstu niðurstöður er varða þá þætti í íslensku kennslustundunum.

Spjall eða samræða? Nýting kennara í 8. bekk grunnskóla á samræðum í kennslu

Valgarður Reynisson, doktorsnemi, HA

Í erindinu verður fjallað um samræður í kennslustundum út frá gögnum rannsóknarinnar Gæði kennslu á Norðurlöndum (QUINT/ Quality in Nordic Teaching). Rannsóknin byggir á greiningu myndbanda af kennslustundum á unglingastigi grunnskóla með PLATO-greiningarramma.

Samræður hafa notið vaxandi vinsælda innan skólakerfisins og þykja sjálfsagður hluti af fjölbreyttum kennsluháttum. Þegar vel tekst til gefa þær nemendum tækifæri til að nota þekkingu og færni í stað þess að vera eingöngu viðtakendur. Fyrri rannsóknir hafa bent til þess að nokkur munur sé á hvernig kennarar á Norðurlöndum nýta samræður í kennslustundum. Nemendum í Finnlandi gefst t.a.m. sjaldnar tækifæri til að ræða um námsefnið en nemendum á hinum Norðurlöndunum. Þegar bæta á námsárangur nemenda eru gæðin líklega mikilvægari en magnið. Rannsóknir á gæðum í skólastarfi benda eindregið til þess að samskipti innan kennslustofunnar gegni veigamiklu hlutverki, ekki síst til þess að vekja og viðhalda áhuga nemenda. Samræður eru ekki það sama og umræður eða rökræður. Gæði samræðunnar hafa úrslitaáhrif á gagnsemi hennar eða tilgangsleysi fyrir nám nemenda. Þegar

vel tekst til upplifa nemendur jákvæð samskipti og lýðræðisleg vinnubrögð í verki. Þar fá allir nemendur tækifæri til þess að tjá sig og láta reyna á hugmyndir sínar og skilning án fordóma. Í erindinu verður farið yfir fyrstu niðurstöður og hvernig sjá má samræður birtast í þeim gögnum sem hefur verið aflað.

Faglegar kröfur til nemenda í stærðfræði

Berglind Gísladóttir, lektor, MVS, HÍ og Jóhann Örn Sigurjónsson, doktorsnemi, MVS, HÍ

Rannsóknin er hluti af Norrænu öndvegissetri um gæði kennslu á Norðurlöndum, QUINT (Quality in Nordic Teaching). Skoðað er hvernig gæði kennslu hafa áhrif á nám nemenda. Tíu íslenskir skólar tóku þátt í rannsókninni. Skólarnir voru valdir af hentugleika í þeim tilgangi að reyna að tryggja fjölbreytileika úrtaksins, bæði með tilliti til mismunandi staðsetningar, fjölbreytts nemendahóps og ólíkra skóla. Þessi rannsókn byggir á 35 kennslustundum í 8. bekk í stærðfræði. Alls tóku ellefu stærðfræðikennarar þátt í rannsókninni. Við greiningu myndbandsgagnanna var greiningarramminn PLATO (Protocol for Language Arts Teaching Observation) nýttur en hann inniheldur fjóra yfirþætti; „stigskiptur stuðningur í kennslu“, „faglegar kröfur“, „framsetning og notkun námsefnis“ og „aðstæður í kennslustofunni“. Í þessu erindi verða faglegar kröfur til skoðunar og hvernig þær birtast í stærðfræðikennslu í íslenskum grunnskólum. Í greiningarrammanum vísa faglegar kröfur til vitsmunalegrar áskorunar og eðli samræðna í kennslustund. Auk þess voru stærðfræðiverkefni kennslustundanna greind samkvæmt greiningarrammanum „Task Analysis Guide“ sem metur hversu mikla hugsun nemendur þurfa að leggja í úrlausn verkefna. Sýnt hefur verið fram á að mikilvægur þáttur í gæðum kennslu er að nemendur hafi tækifæri til að takast á við viðfangsefni sem krefjast greinandi og skapandi hugsunar, auk þess að þurfa færa rök fyrir máli sínu. Niðurstöður greiningar sýna að í meirihluta kennslustundanna eru faglegar kröfur sem gerðar eru til nemenda ekki á mjög háu stigi.

Gæði kennslu í grunnskólum. Bekkjarstjórn, fjölbreytileiki og COVID-19

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Kristín Jónsdóttir

Bekkjarstjórnun og nýting á tíma. Hvað einkennir kennslustundir sem nemendur telja vel stjórnað?

Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS, HÍ og Kristín Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Bekkjarstjórnun hefur löngum verið talin eitt af flóknari verkefnum kennara, sérstaklega þeirra reynsluminni. Markmið þessarar rannsóknar er að draga fram hvað einkennir kennslustundir sem nemendur telja vel stjórnað samanborið við hinar sem nemendur meta að ekki sé eins vel stýrt. Byggt er á myndbandsupptökum af 120 kennslustundum í 8. bekk í íslenskum grunnskólum. Jafnframt svöruðu allir nemendur í þessum kennslustundum spurningalista (N=581) þar sem þeir voru beðnir um að meta viðkomandi kennara meðal annars út frá aðferðum hans við að hafa stjórn á bekknum. Út frá svörum nemenda verða valdar upptökur til að greina sérstaklega hvað einkennir aðferðir kennara við bekkjarstjórnun og þar með talið hvernig tíminn er nýttur. Í erindinu verða kynntar niðurstöður sem byggja á svörum nemenda og á greiningu á dæmum um kennsluaðferðir kennara sem bera af í bekkjarstjórnun að mati nemenda. Innan við helmingur þeirra sem svöruðu spurningalistunum taldi að nemendur hegðuðu sér vel í tímum. Þó töldu aðeins um 13% að hegðun nemenda væri oft eða alltaf vandamál. Það sýnir að margir nemendur láta slæma hegðun yfir sig ganga. Um 64% nemenda sögðust oft eða alltaf vinna vel í kennslustundum og nýta tímann vel en upp undir 70% sögðust oft eða alltaf læra mikið í tímum. Athugendur mátu að bekkjarstjórnun væri í mjög góð í um 60% þess tíma sem skoðaður var. Forvitnilegur munur kemur fram milli faggreina en gögnin ná til kennslustunda í íslensku, samfélagsfræði og stærðfræði, en fæst agavandamál komu upp í stærðfræðitímum.

Hvað einkennir góða kennslu fyrir fjöltyngda nemendur?

Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, HA og Kristín Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í erindinu verður athygli beint að hópi nemenda sem ekki hefur íslensku að móðurmáli út frá gögnum rannsóknarinnar Gæði kennslu á Norðurlöndum (QUINT/Quality in Nordic Teaching). Fjöltyngd börn dragast stundum aftur úr jafnöldrum sínum þegar líður á grunnskólagönguna eins og marka má meðal annars af lakari meðalárangri á samræmdum prófum og PISA. Þetta er til marks um að grunnskólunum sem heild hefur ekki tekist að sinna þeim jafn vel og öðrum nemendum. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar er að draga fram hvernig megi auka gæði kennslu til að mæta þörfum þessa hóps, en hann þarf markvissa kennslu til að njóta sín í námi til jafns við aðra. Nokkrir þættir í PLATO (Protocol for Language Arts Teaching Observations), greiningartækinu sem notað er til að greina myndböndin, vísa á kennslufræðileg atriði sem varða gæði kennslu fyrir alla en snerta sérstaklega þennan hóp. Í erindinu sýnum við myndbrot úr kennslustundum, sem dæmi um þau atriði, þ.e. umræður sem kennsluaðferð (e. classroom discussions); sýnikennslu til að útskýra námsefni og leiðir til að tileinka

sér það (e. modelling); notkun kennara á fagmáli námsgreina og stuðningsefni (e. accommodation for language learning); og hvernig kennarar geta útskýrt námsaðferðir fyrir nemendum sínum (e. strategy use and instruction). Ensk heiti í svigum vísa til PLATO-greiningartækisins. Í erindinu verður fjallað um ofangreind atriði í greiningartækinu með hliðsjón af völdum myndbandsbrotum og færð rök fyrir því að í góðri kennslu eru þessi kennslufræðilegu atriði skýr og þeim markvisst beitt, en þau geta skipt sköpum fyrir nám fjöltyngdra nemenda.

„Þetta hefði ekki gengið svona vel ef við værum ekki með krakka sem eru svona ótrúlega mikil kamelljón". Reynsla og viðbrögð kennara í kórónufaraldrinum

Sólveig Zophoníasdóttir, aðjúnkt, HA

Skólar nú á dögum standa frammi fyrir kröfum um að auka upplýsingatækni í skólastarfi. Rannsóknir sýna að töluverðar áskoranir fylgja því að nota upplýsingatækni í kennslu, breyta kennsluháttum og námsumhverfi. Margt bendir til þess að notkun upplýsingatækni sé takmörkuð og að þörf sé á að rannsaka hvaða áhrif notkun upplýsingatækni hefur á gæði kennslu, nám og námsumhverfi.

Í erindinu verður greint frá fyrstu niðurstöðum úr viðtalsrannsókn sem er hluti af langtímarannsókninni Connected Classrooms Nordic (CCN), QUINT (Quality in Nordic Teaching). Rannsóknin fer fram á öllum Norðurlöndum, er sjónum beint að notkun upplýsingatækni í skólastarfi og markmiðið er að skoða hvað einkennir gæði kennslu í stafrænu námsumhverfi. Í viðtalsrannsókninni voru tekin viðtöl við kennara í fjórum þátttökuskólum CCN og þeir spurðir um reynslu sína og viðbrögð við aðstæðunum sem sköpuðust í COVID-19. Langtímarannsóknarsnið CCN gefur rannsakendum einstaka stöðu til að rannsaka notkun upplýsingatækni í skólastarfi fyrir faraldur, meðan á honum stóð og að honum loknum, með myndbandsupptökum úr kennslustundum haustin 2019, 2020 og 2021. Viðtölin við kennarana eru mikilvægur hlekkur í þeirri rannsókn. Ljóst er að í COVID-19 stóðu skólar frammi fyrir því að þurfa að breyta hefðbundnu skólastarfi með stafrænum lausnum, færa skólastarf á form fjarkennslu og skapa stafrænt námsumhverfi á ótrúlega skömmum tíma.

Stjórnun og forysta. Kennsluhættir, starfsþróun og menning

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Börkur Hansen

„Ég vil bara vera hér". Um hlutverk stjórnenda í mótun skólamenningar í þremur grunnskólum í Reykjavík og nágrenni

Sigríður Nanna Heimisdóttir, skólastjórnandi, Hagaskóli, Reykjavík og Börkur Hansen, prófessor, MVS, HÍ

Fræðimönnum ber saman um að jákvæð og sterk skólamenning sé mikilvægur hlekkur í skólaþróun og farsælli skólagöngu nemenda. Erindi þetta byggir á niðurstöðum rannsóknar þar sem skólamenning í þremur grunnskólum er skoðuð og hvaða leiðir skólastjórnendur fara í mótun hennar. Tilgangur rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um reynslu skólastjórnenda og kennara, greina hana og reyna að skilja hvað er gert til að stuðla að því að skapa gott umhverfi sem einkennist af jákvæðri skólamenningu. Rannsóknin var eigindleg tilviksrannsókn. Gögnum var safnað með viðtölum við skólastjóra, kennara í rýnihópi, vettvangsathugunum auk skjalarýni haustið 2019. Helstu niðurstöður benda til þess að fjórir þættir séu áberandi í leiðum skólastjóranna í að byggja upp jákvæða skólamenningu: Fyrsti þátturinn snýr að leiðum sem þeir fara til að veita forystu; annar þáttur snýr að mikilvægi þess að stjórnendur hafi skýra og sterka sýn; þriðji hverfist um áherslur og tekur m.a. til hefða og samstarfs; og að lokum þáttur sem tekur til kennslu og væntinga til nemenda. Skólastjórnendur þurfa að vera meðvitaðir um skólamenningu stofnunarinnar sem þeir standa í forsvari fyrir, þekkja veikleika og styrkleika hennar. Á þann veg er líklegra að gæðakennsla fari fram og að nemendum og starfsfólki líði vel.

Eymennt – Lærdómssamfélag í þróun

Ingileif Ástvaldsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Erindið byggir á stöðumati sem gert var á samstarfsnetinu Eymennt haustið 2018. Samstarfinu er ætlað að efla starfsþróun kennara og skólastjórnenda við Eyjafjörð með því að halda reglulega menntabúðir um notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Eymennt er samstarfsnet sex skóla við Eyjafjörð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda með það að markmiði að auka fjölbreytni í námsaðstæðum nemenda með notkun upplýsingatækni. Tilgangur stöðumatsins var að safna saman gögnum um menntabúðirnar og meta hvernig þær hefðu gagnast bæði kennurum og nemendum. Gögnum stöðumatsins var aflað með viðtölum við kennara og skólastjórnendur úr samstarfsskólunum, könnun á meðal þátttakenda í menntabúðum Eymenntar ásamt að rýnt var í dagskrár og þátttakendalista menntabúðanna frá upphafi. Niðurstöður matsins benda til þess að kennarar telji menntabúðirnar

gagnast bæði sér og nemendum. Kennarar segjast geta nýtt lærdóminn í menntabúðunum í kennslu sinni. Þeir nefna einnig að með þátttöku í menntabúðunum stækki tengslanet þeirra og það styrkist. Kennarar kunna að meta jafningjafræðsluna sem menntabúðirnar byggja á. Af niðurstöðum matsins má ályktа að menntabúðir geti verið verkfæri við að byggja upp og þróa lærdómssamfélag fagmanna. Það sýnir einnig að finna þurfi leiðir til að fjölga þátttakendum í hópi leik- og framhaldsskólakennara og hópi stjórnenda. Niðurstöður sýna að þörf er á frekari skoðun á hvers konar áhrif lærdómur kennaranna á menntabúðum Eymenntar hefur á kennsluhætti þeirra til framtíðar.

Starfshættir í opinni skólastofu

Björg Gunnarsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ og Lilja M. Jónsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Í þessu erindi er fjallað um rannsókn á starfsháttum í opnum skólastofum (opnum rýmum). Meginmarkmiðið var að varpa ljósi á stöðu hugmyndafræðinnar um opna skólastofu í grunnskólum um þessar mundir. Haft var í huga hvernig skipulagningu skólans og skólastofunnar er háttað, hvernig kennsla er skipulögð, hvort um teymiskennslu sé að ræða, hvaða kennsluaðferðir eru notaðar og hvernig rýmin hafa þróast. Opin skólastofa átti nokkurn sess í skólamálaumræðu og skólastarfi á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar en rannsóknir benda til þess að þessir starfshættir hafi vikið fyrir annars konar kennsluháttum. Um er að ræða tilviksrannsókn þar sem tekin voru fjögur hálfopin viðtöl við kennara í opnum skólastofum og framkvæmdar vettvangsathuganir. Gagnaöflun fór fram í þremur skólum á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendur voru valdir með markmiðsbundnu úrtaki en allir eiga það sameiginlegt að hafa starfað í því sem mætti kalla opna skólastofu. Meginniðurstöður sýna að starfshættir í þátttökuskólunum eru nokkuð fjölbreyttir og í anda opinnar skólastofu en einnig er haldið í hefðbundna kennsluhætti. Þá leiddu niðurstöður í ljós að hugtökin opin skólastofa og opinn skóli hafa lítt eða alls ekki verið notuð hin síðari ár heldur hafa önnur hugtök tekið yfir sömu eða svipaða hugmyndafræði; þ.e. fyrst einstaklingsmiðað nám í upphafi þessarar aldar, síðan nemendamiðað nám og nú síðast teymiskennsluskóli. Með hliðsjón af lýsingum á hvernig skólastarf er í svokölluðum teymiskennsluskólum, t.d. út frá kennsluháttum, samvinnu kennara og skipulagningu skólastarfs, má draga þá ályktun að það sé nýjasta hugtakið yfir það sem var áður kallað opin skólastofa og opinn skóli.

Á vitundargrunduð menntun erindi í skólastarf á Íslandi?

Ari Halldórsson, framhaldsskólakennari og Börkur Hansen, prófessor, MVS, HÍ

Markmið þessa rannsóknarverkefnis var að kanna hvort menntunaraðferð sem nefnist vitundargrunduð menntun (e. consciousness based education) geti komið að gagni í íslenskum framhaldsskólum og brúað betur bilið á milli þeirra menntunarmarkmiða sem felast í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* og raunverulegs árangurs af þeim. Vitundargrunduð menntun felur í sér að hugrænni tækni, þ.e. innhverfri íhugun, er bætt inn í hefðbundið skólastarf tvisvar á dag. Aðferðin hefur verið þróuð og notuð í skólastarfi víða um heim í áratugi. Hátt á fjórða hundrað ritrýndar rannsóknir á lykilþáttum hennar hafa birst reglulega í vísindatímaritum frá árinu 1970. Rannsóknirnar sýna meðal annars að dagleg iðkun þessara aðferða í nokkrar mínútur meðal kennara og nemenda eykur greind, athygli, sköpunarhæfni, minni og námsárangur, auk þess að stuðla að margvíslegum persónuleikaþroska, draga úr streitu, kvíða og þunglyndi. Í verkefninu eru dregin fram atriði í markmiðum grunnþátta menntunar í *Aðalnámskrá framhaldsskóla* auk helstu áskorana sem framhaldsskólar á Íslandi glíma við og þetta tvennt tengt viðeigandi rannsóknum á vitundargrundaðri menntun. Niðurstaðan er sú að áratuga rannsóknir á vitundargrundaðri menntun bendi til að hún geti í senn verið gagnleg leið til að uppfylla öll almenn markmið aðalnámskrár og á sama tíma leið til að bregðast við áskorunum í íslenskum framhaldsskólum. Því má draga þá ályktun að vitundargrunduð menntun eigi brýnt erindi í skólastarf á Íslandi, ekki síst sem mótvægi við sívaxandi streitu, kvíða og þunglyndi ungs fólks.

Velfarnaður í uppeldi og skólastarfi

Velfarnaður í uppeldi og menntun

Ingibjörg Kaldalóns

„Menntaumhverfi til vaxtar einstaklingsins“: Starfshættir í grunnskóla sem styður við sjálfræði nemenda

Ingibjörg Kaldalóns, lektor, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á starfshætti í grunnskóla sem hefur m.a. að faglegu leiðarljósi að styðja sjálfræði nemenda og kanna hver upplifun nemenda skólans er af slíkum starfsháttum. Sjálfræði er grundvöllur sjálfstjórnar, áhuga og velfarnaðar í námi, samkvæmt sjálfsákvörðunarkenningum sem mynda fræðilegan grunn rannsóknarinnar. Rannsóknir í íslenskum grunnskólum á stuðningi við sjálfræði eru fátíðar, en rannsókn frá 2015 sýnir að stuðningur við

sjálfræði er víða lítill. Hér er sagt frá tilviksrannsókn í 8.–10. bekk í grunnskólanum NÚ sem fór fram vorið 2018 og 2019. Gerð var vettvangsathugun fimm skóladaga vorið 2018 og svo aftur vorið 2019, tekin þrjú rýnihópaviðtöl við 12 nemendur og átta einstaklingsviðtöl við starfsfólk. Einnig var unnið úr gögnum sem eru hluti af sjálfsmati skólans. Niðurstöður sýndu hvernig formgerð sem styður sérstaklega við sjálfræði nemenda er í stöðugri þróun. Til dæmis var hannað hvatakerfi sem umbunar nemendum fyrir verkefnaskil og góða framkomu, með auknu frelsi. Nemendur fengu þannig meira frelsi en almennt tíðkast en innri agi reyndist meiri. Vendinám, leiðsagnarmat og upplýsingatækni gegndu lykilhlutverki við að halda utan um nám og verkefnaskil hvers nemenda. Áhersla á persónulegan vöxt og félagsfærni var samtvinnuð öllu skólastarfinu. Nemendur skólans töldu að skólavistin efldi sjálfstæði þeirra, þeim fannst gaman í skólanum og fundu tilgang með námi sínu við skólann. Margt má læra af starfsháttum skóla þar sem stöðugt er verið að þróa námsskipulag sem styður vöxt og sjálfræði nemenda sinna. Það eru starfshættir sem skila sér í ánægðum nemendum sem hafa jafnframt þroskað með sér hæfni til að bera ábyrgð á námi sínu.

„Tilfinningalæsið mitt“: Náms- og kennsluefni í félags og tilfinninganámi

Arnbjörg Jóhannsdóttir, grunnskólakennari, Álfhólsskóli, Íris Ellenberger, lektor, MVS, HÍ og Ingibjörg Kaldalóns, lektor, MVS, HÍ

Í erindinu verður fjallað um námsefnið Tilfinningalæsið mitt sem er gagnvirk rafbók, unnin sem meistaraverkefni á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Meginmarkmið verkefnisins er þróun rafræns námsefnis sem hefur þann tilgang að efla tilfinningalæsi barna á skilvirkan hátt. Rannsóknir hafa sýnt að aukning hefur orðið á depurð íslenskra skólabarna. Í nýlegri skýrslu frá Embætti landlæknis kemur fram að það þarf að styrkja og efla kennslu í félags- og tilfinningafærni á öllum skólastigum til að börn og ungmenni öðlist leikni á þessu sviði. Kennslu í félags- og tilfinningafærni hefur fyrst og fremst verið sinnt í lífsleikni. Námsgreininni er ætlað að sinna mörgum ólíkum viðfangsefnum en rannsóknir sýna að hún fær takmarkaðan sess í skólastarfi. Því er mikilvægt að kennarar hafi aðgang að námsefni sem gerir kennsluna markvissa. Námsefnið Tilfinningalæsið mitt nýtist í þeim tilgangi. Farið verður yfir fræðilegan bakgrunn námsefnisins. Í því skyni verður fjallað um hugtökin tilfinningagreind og félags- og tilfinninganám, og hvers vegna ákveðið var að beina sjónum að tilfinningalæsi við námsefnisgerðina. Fjallað verður um uppbyggingu námsefnisins, þar sem farið verður yfir hvers lags verkefni nemendur eru beðnir um að kljást við í þeim tilgangi að efla tilfinningalæsi þeirra. Sömuleiðis er útskýrt hvernig hægt er að nýta þær kennsluleiðbeiningar sem fylgja námsefninu og þau álitamál

sem gott er að hafa í huga við kennslu slíks efnis. Erindið mun þannig varpa ljósi á nýja leið sem hægt er að fara við að efla félags- og tilfinningafærni nemenda í íslenskum grunnskólum.

Heildræn innleiðing núvitundar í skólastarf – áhrif á kennara og nemendur

Bryndís Jóna Jónsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ og Anna Dóra Frostadóttir, sálfræðingur, Núvitundarsetrið

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða áhrif núvitundarþjálfunar fyrir kennara og nemendur. Sterkur rannsóknargrunnur erlendis hefur sýnt fram á fjölþættan ávinning markvissrar núvitundarþjálfunar í skólastarfi. Fáar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis á þessu viðfangsefni en í þessari megindlegu rannsókn voru skoðuð áhrif núvitundarþjálfunar á líðan, almenna stýrifærni, seiglu, sjálfstiltrú, samkennd í eigin garð ásamt núvitundarfærni kennara og nemenda. Stuðst var við hentugleikaúrtak sem náði til fimm grunnskóla, þriggja tilraunaskóla og tveggja samanburðarskóla, samtals 161 kennara og 465 nemenda. Rannsóknin stóð yfir frá janúar 2018 til janúar 2020 en sjálfsmatslistar voru lagðir fjórum sinnum fyrir alla kennara skólanna sem samþykktu þátttöku sem og nemendur tveggja árganga, fædda 2005 og 2006. Fyrstu niðurstöður benda til jákvæðra áhrifa núvitundarþjálfunar fyrir kennara og nemendur. Niðurstöður rannsókna tveimur árum eftir inngrip sýna fram á marktækan mun á aukningu á vellíðan, samkennd í eigin garð og sjálfstiltrú í kennslu ásamt lækkun í streitu hjá kennurum í tilraunaskólum miðað við samanburðarskólana. Niðurstöður árangursmælinga fyrir nemendur í tilraunaskólum sýndu aukningu í samkennd í eigin garð strax eftir inngrip miðað við samanburðarskóla en ekki mældist marktækur munur í eftirfylgnimælingu ári síðar. Þá sýndu niðurstöður marktækan mun í skólatengdri líðan hjá nemendum í tilraunaskólum samanborið við samanburðarskólana. Draga má þá ályktun út frá þessum niðurstöðum að núvitundarþjálfun geti haft jákvæð áhrif á líðan hjá kennurum og nemendum. Skoða þarf betur hvernig hægt er að efla áhrif núvitundarþjálfunar á nemendur og hvernig hægt er að viðhalda og hlúa að þeim ávinningi sem kom fram hjá kennarahópnum.

„Ég held ég hafi bara ekki vitað hvað hamingja var, áður en þau fæddust“: Upplifun íslenskra feðra af hamingju

Pála Margrét Gunnarsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, Ingibjörg Kaldalóns, lektor, MVS, HÍ og Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor, MVS, HÍ

Lítið er um rannsóknir á hvernig það að eiga börn hefur áhrif á hamingju feðra. Markmið rannsóknarinnar er því að öðlast aukinn skilning á hvernig feður upplifa hamingju í tengslum við að eignast og eiga börn. Fyrirbærafræðilegri nálgun var beitt, þar sem tekin voru opin viðtöl við níu íslenska feður. Þeir áttu tvö til þrjú börn 13 ára og yngri og bjuggu allir með barnsmóður sinni. Sjónum var beint að skilningi feðranna af hamingju út frá fjórum kenningum um hamingju: Ánægjukenningum, sáttarkenningum, sjálfsákvörðunarkenningu um farsæld og sálrænar grunnþarfir og kenningu sem fjallar um hamingju út frá auknum lífstilgangi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að upplifun feðranna af hamingju út frá þessum fjórum hamingjukenningum breyttist eftir að þeir eignuðust börn. Hamingjan í lífi þeirra fór að einkennast af auknum lífstilgangi og farsæld, en minna af vellíðan og ánægju. Feðurnir töluðu um að hamingjan væri innihaldsríkari eftir að þeir eignuðust börn og að nú lifðu þeir meðvitaðra lífi, með vellíðan barnanna að leiðarljósi. Á heildina litið eru feðurnir ánægðir með líf sitt og telja börn sín eiga stóran þátt í því. Þó lífið með börnunum sé krefjandi virðist það engu skipta í samanburði við þá gleði og hamingju sem börnin veita þeim. Ekki er vitað til þess að hamingja feðra hafi verið rannsökuð með þessum hætti áður. Rannsóknin er því mikilvægt framlag til rannsókna á hamingjunni innan jákvæðrar sálfræði sem og rannsókna á upplifun feðra af hlutverki sínu.

Valdaójafnvægi

Málstofustjóri: Fredís Jóna Freysteinsdóttir

#MeToo í sviðslistum og íþróttum; mörk í nánu rými

Ingólfur V. Gíslason, prófessor, FVS, HÍ og Ásta Jóhannsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Fátt hefur valdið jafnmiklu umróti í samfélaginu síðustu tvö til þrjú ár og reynslusögur kvenna af kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi sem birtar voru undir merkjum #MeToo. Á Íslandi hófst umræðan fyrir alvöru í nóvember 2017 þegar fyrstu sögur hópa kvenna birtust opinberlega. Sumir hópar kölluðu eftir breytingum með almennu orðalagi en aðrir lögðu fram skýrar kröfur um aðgerðir. Tilgangur rannsóknar okkar var að kortleggja þessar kröfur og viðbrögðin við þeim til að reyna að meta árangur þessarar samfélagslegu hreyfingar. Til þess að þrengja viðfangsefnið ræddum við eingöngu við íþróttakonur, konur í sviðslistum og áhrifafólk tengt þessum tveimur hópum. Við notuðum hálfstaðlaða viðtalsramma og báðum viðmælendur að segja okkur hvort eitthvað hefði breyst í daglegum störfum þeirra eftir #MeToo, eitthvað sem væri ekki endilega tengt formlegum breytingum. Meginniðurstöður eru þær að formlegar breytingar urðu hvað íþróttahreyfinguna varðar en ekki sviðslistirnar. Viðmælendur okkar voru þó sammála um að breytingar hefðu orðið á hegðun og

framkomu. Fleira væri rætt en áður og frekar tekið strax á óviðeigandi framkomu. Sértækari niðurstöður eru þær að þessir tveir hópar eiga það sameiginlegt að einstaklingar eiga mikið undir valdamiklum einstaklingum, þjálfurum eða leikstjórum komið, sem hefur í för með sér mikið valdaójafnvægi. Eins er návígið mikið, starfsvettvangur er lítill og fólk þekkist vel. Hluti af námi, þjálfun og starfi þeirra felst einnig oft í að færa til mörk og þenja sig til hins ítrasta undir leiðsögn. Þá getur verið erfitt að átta sig á hvenær slíkt þróast yfir í misnotkun valds.

Tengsl kyns, prófsviðs og starfs innan og utan akademíu við launaþróun doktorsmenntaðra á Íslandi

Maya Staub, doktorsnemi, FVS, HÍ, Andrea Sigrún Hjálmsdóttir, lektor, HA og doktorsnemi, FVS, HÍ og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor, FVS, HÍ

Á síðustu árum hefur fjöldi þeirra sem lýkur doktorsprófi aukist í hinum vestræna heimi. Hlutfall kvenna sem lýkur doktorsprófi hefur einnig verið í stöðugum vexti. Ísland er engin undantekning þar á. Því hefur verið haldið fram að aukin menntun kvenna sé lykilatriði í að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði og afnema kynbundinn launamun. Þrátt fyrir það hafa fáar rannsóknir verið gerðar á tengslum doktorsprófs við launaþróun kynjanna. Tilgangur: Launaþróun doktorsmenntaðra Íslendinga sem starfa hér á landi var rannsakaður með hliðsjón af kyni (kona eða karl), prófsviði, þ.e. hvort þau væru menntuð innan STEM (raunvísindi, tæknifræði, verkfræði og stærðfræði) eða SSH (hug- og félagsvísindum) og starfsvettvangs, þ.e. hvort þau ynnu innan eða utan akademíunnar.

Aðferðir: Launagögn Hagstofu Íslands frá árunum 1997–2017 voru greind og sjónum var beint að einstaklingum með 5–20 ára gamalt doktorspróf. Með aðhvarfsgreiningu voru tengsl kyns, áðurnefndra prófsviða og starfsvettvangs greind með hliðsjón af launaþróun hinna doktorsmenntuðu. Niðurstöður: Þrátt fyrir orðspor Íslands sem „jafnréttisparadísar“ sýna niðurstöðurnar fram á viðvarandi kynbundinn launamun meðal doktorsmenntaðra einstaklinga á því 20 ára tímabili sem til skoðunar var. Launamunur kynjanna var mestur meðal þeirra sem unnu utan akademíunnar, einkum á sviðum sem tengjast hagfræði, viðskiptafræði og lögfræði. Ályktun: Niðurstöðurnar benda til þess að doktorspróf eitt og sér auki ekki tekjumátt kvenna nægilega til þess að afnema launamun kynjanna og gildir það sérstaklega um störf utan akademíunnar.

Utangátta: Upplifanir samkynhneigðra af fræðslu og ráðgjöf í skólum

Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent, FVS, HÍ

Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður eigindlegrar rannsóknar um reynslu samkynhneigðra af fræðslu um samkynhneigð í skólum og ráðgjöf. Markmiðið með rannsókninni var þó mun víðtækara en það fól í sér að kanna upplifanir samkynhneigðra af eigin kynhneigð, því að koma út úr skápnum og af fordómum. Tekin voru viðtöl við 39 samkynhneigða einstaklinga af báðum kynjum og á mismunandi aldri. Afar fáir þátttakendur sögðust hafa fengið einhverja fræðslu um kynlíf og samkynhneigð í skóla. Í þeim tilfellum sem fræðsla hafði verið veitt, töldu þátttakendur hana hafa verið afar takmarkaða og afmarkast nánast einungis við kynlíf. Þeir sögðu lítið sem ekkert hafa verið fjallað um samkynhneigð. Mismunandi var hversu góða upplifun þátttakendur höfðu af ráðgjöf í skólum og á öðrum vettvangi. Sumir þátttakendanna höfðu jákvæða reynslu af ráðgjöf en aðrir höfðu neikvæða reynslu og voru dæmi um að þátttakendur hefðu orðið fyrir fordómum af hálfu þeirra fagaðila sem höfðu veitt þeim ráðgjöfina. Flestir þátttakendur höfðu upplifað erfiðleika tengda því að vera frábrugðnir flestum öðrum er varðar kynhneigð og höfðu jafnvel þurft að glíma við eigin fordóma og vanlíðan. Því er afar mikilvægt að í skólakerfinu sé til staðar öflug fræðsla um kynlíf og samkynhneigð, sem og fjölbreytileika yfirleitt er varðar kyn og kynhneigð, með það að markmiði að draga úr fordómum. Einnig er mikilvægt að samkynhneigðir nemendur hafi aðgang að faglegri ráðgjöf til þess að takast á við þá tilfinningu að upplifa sig öðruvísi og frábrugðna norminu.

#metoo, Iceland and educational interventions: Multifaceted responses to gender based violence

RannKyn – Rannís Immigrant women's experiences of violence

Brynja Halldórsdóttir

The implementation of Article 20 of the Istanbul Convention in the #metoo era: The services available to immigrant women in Iceland

Telma Velez, student, self-employed researcher, Randi Stebbins and Brynja Halldórsdóttir, lecturer, SE, UI

In 2011, the Council of Europe published the Istanbul Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence. As a signatory, Iceland agreed to secure the rights of victims of gender-based violence without any discrimination. According to Article 20 of the Convention necessary measures should be taken to ensure that victims have access to relevant and needed services that facilitate their recovery. Services provided should include access to health care, social

services, legal and psychological counselling, financial assistance, housing, education, training and assistance in finding employment. For these services to be effective providers need to have adequate resources and training to assist the victims or be able to refer them to appropriate services. The narratives published in January 2018 at the height of the #metoo movement in Iceland revealed that immigrant women who experience intimate partner violence (IPV) are not provided with adequate services in accordance with Article 20 of the Convention. The narratives detailed physical and sexual violence and psychological aggression, as well as exposing how violence intersects with race/ethnicity, all of which indicates potential structural and systemic issues within Icelandic society. Using an intersectional lens, our talk analyses the content of 14 narratives and five stakeholder interviews with service providers. Results indicate that services available to immigrant women fail to accommodate their needs in a culturally significant way. The goal of the presentation is to better understand how service providers can be supported through developing culturally responsive educational tools when working with women who experience intimate partner violence.

Power dynamics and internalized oppression: Immigrant women and intimate partner violence in Iceland

Flora Tietgen, PhD student, SE, UI, Jón Ingvar Kjaran, associate professor, SE, UI and Brynja Halldórsdóttir, assistant professor, SE, UI

At the height of #metoo in January 2018, immigrant women in Iceland shared their experiences of abuse and violence in intimate partnerships (IPV). These stories revealed underlying factors regarding their experiences of institutionalized and epistemic violence as related to the women's backgrounds and responses of governmental institutions and service providers. Research on the intersection of IPV and immigrant status in Iceland is limited, although data indicate that a disproportionate number of immigrant women seek help at the women's shelter compared to their Icelandic peers. This talk analyzes the diverse patterns of violence, the underlying power structures, and the various modes of oppression evident in the immigrant women's narratives. By conducting a poststructuralist feminist discourse analysis of 14 of the #metoo narratives concerning IPV experiences of immigrant women in Iceland we use an intersectional lens, the results of which highlight the "vulnerable" position immigrant women in Iceland occupy. Drawing on the women's narratives, the talk answers the following research questions: How is violence constructed within the #metoo narratives of immigrant women in Iceland? How do internalized and externalized power dynamics constitute this violence? In order to raise awareness of the challenges immigrant women face, these often invisible power structures must be made visible. Our results lay the groundwork for future in-depth research on how

systemic and institutional violence is reproduced when working with immigrant women who experienced IPV and allow us to begin constructing educational responses.

The role of critical education in shifting paradigms that perpetuate violence against immigrant women in Iceland

Linda Rós Eðvarðsdóttir, PhD student, SE, UI, Marie Carlson, professor and Brynja Halldórsdóttir, assistant professor, SE, UI

Immigrants' legal status and ongoing discourse around violence against immigrant women in Iceland and globally in conjunction emphasize the heightened vulnerability of immigrant women experiencing employment-based violence (EBV). In 2018, immigrant women in Iceland made public their experiences of institutional abuse, both in terms of infringement of their worker rights, as well as overt sexual violence in the workplace. Their stories highlight how intersecting factors compound the violence they experience; demonstrating that institutions, combined with weak legislation, fail to provide adequate information regarding immigrant women's legal rights, as well as falling short in redress when their rights are violated. Recent governmental reports indicate that institutional culture in Iceland is shaped by hidden structures of white supremacy, meaning it rewards whiteness and marginalizes people and their cultures that are perceived as Other. This particularly applies to people who arrive from outside the EU and people of color. Centering on the immigrant women´s published narratives, this presentation identifies and problematizes institutional culture in Iceland and the role legislation plays in safeguarding immigrant women from EBV. The larger research design pivots the experiences of immigrant women in Iceland, using the framework of critical theory to ensure their agentic participation in the development of tools and to inform policy making. The discussion is framed specifically within the context of critical education, emphasizing critical reflection, and securing that the voices of marginalized groups lead all efforts in creating equitable working conditions.

The good, the bad and the ugly: Norms and Binaries of fathering discourses in the Icelandic mass media

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir, PhD student, SE, UI and Guðrún Kristinsdóttir, professor emeritus, SE, UI. Supervisor: Jón Ingvar Kjaran, associate professor, SE, UI

There have been noticeable binaries in discourses around fathering, most visible in a common reference to the new, involved, or gender equal father in the media and within the academic

discussion. Scholars have, however, pointed out that discourses and men's experiences are mixed and complex and cannot solely be separated into binaries of old or new, involved or distant/absent, or gender equal or traditional. This talk is a contribution to the theoretical discussion around fathering discourses in a Nordic context. By using critical discourse analysis on the fathering discourses in Icelandic mass media from 2008-2018, we identified norms and binaries in the interwoven discourses around fathering. The discourse around good fathers seems to be dominating in the Icelandic mass media, interwoven, and affected by other cultural discourses. By exploring the fathering discourses in the media, we can gain a deeper understanding of the gender norms that construct our identities and behavior. We suggest that studying discourses of fathering can give insight into the power structures of the society they are shaped by and what we need to pay attention to when it comes to (parenthood and) the struggle for increased equality.

Airing out the linens: Equipping practitioners for exploring discourse on gender-based violence in intimate relationships and the workplace.

RannKyn – Immigrant women and gender-based violence
Guðrún Kristinsdóttir

Working on violent self: How perpetrators of intimate partner violence narrate about and position themselves during and after therapy? An example from Iceland

Jón Ingvar Kjaran, professor, SE, UI, Guðrún Kristinsdóttir, professor emeritus, SE, UI

We explore how men who have been violent and abusive in their intimate relationships reconstituted their violent behavior, by working on the self. How did they change or transform themselves through therapy? Which strategies did they use when caring for the self and which subject positions did they adopt? The paper also explores how interviewees draw on therapeutic discourse when talking about themselves and their violent practices. To seek answers, the narratives of seven research participants are interpreted by drawing on Foucault´s work on the ethics of the self and how subjects apply various techniques when taking care of and working on it. Our findings indicate that by confessing to violence and abuse in intimate relationships, these men become recognized as intelligible subjects who can change themselves by working on the self through therapy and self-introspection. Most of them came to be reflective and tried to find explanations for their violent acts. Some were partly repentant. However, as discussed, they also made excuses for the violence committed and failed to critically question their own privilege(s) and entitlements as men. Instead, they often blamed external factors or own mental illness(es) for their actions. These views can have implications for service providers, as

despite considerable therapeutic insights these men still need guidance and increased awareness of gendering aspects of intimate partner violence (IPV) and insights into how they are constructed by the dominant discourses of masculinity.

Caught like Fish in a Net: How Icelandic Laws Keep Immigrant Women in Abusive Situations

Randi W. Stebbins, project leader, SE, UI and Brynja Halldórsdóttir, assistant professor, SE, UI

Often thought of as a gender paradise, Iceland has several legal structures that keep immigrant women in abusive partnerships or work situations. This became evident in 2018 in the 34 anonymous narratives from immigrant women in Kjarninn. The narratives included rape, sexual assault, denial of rights, illegal employment situations, coercion, racial slurs, etc. at work, at school, and in intimate partnerships. Many native Icelanders responded with shock, in part because they do not understand the legal framework that limits immigrants' positions in society. While the Foreign Nationals Act of 2016 is most often associated with immigrants in Iceland, several other laws are at play in the narratives and in immigrants' lives. These include laws on work and employment, child protection, education, registration of domicile, and domestic partnerships. These, along with the functionaries charged with carrying out laws, can form a nexus that traps immigrants in unhealthy or unsafe situations. Moreover, they often deny immigrants their agency. Educators must be aware of the possible violence happening to immigrant women in their institutions and whom they educate; this is meaningless without an understanding of the realities faced by victims of violence. By putting the narratives into the context of a complex legal framework, it becomes clearer how abuse against immigrant woman is perpetuated and why the positions open to immigrant women are more limited than those available to Icelandic women. Clarity offers more opportunities for educators to respond to violence against immigrant women and extend awareness on the issue.

Some say love it is a* …: How the #metoo discourse reflected immigrant women's lives in Iceland

Brynja Halldórsdóttir, assistant professor, SE, UI and Marie Carlson, professor emerita, University of Gothenburg

Reading the #Metoo stories that immigrant women published in Kjarninn in 2018 was a striking experience to many Icelanders. These stories offer two disparate, yet intertwined, aspects of violence against women. Firstly, intimate partner violence, exemplified in common forms of gender-based violence. Secondly, work-related violence such as wage garnishment, sexual abuse, rape and abuse of power. The women´s stories illustrate immigrant women´s vulnerability and lack of cultural/social

networks in Iceland. Their stories draw attention to the importance of taking the discussion regarding women's rights further in Iceland, but also the need to critically examine the performances of masculinity within Icelandic society, as well as the discourse on popular conceptions of love and social justice. Using bell hook's work on love as a social justice movement and Connell's examination of masculinity, we can begin to deconstruct how a country that prides itself on its gender equality, discounts the stories of marginalized people. By doing so, Icelandic society tries to maintain images of privilege around the cultural and social construction of the Icelandic nation state. These discourses are important artifacts as populistic rhetoric around the "Other" has become increasingly evident globally. The women's stories are important sites for understanding how it is possible to work on developing culturally responsive educational tools for both men and women as well as service providers. In other words, through developing tools to educate both the service providers as well as the women themselves Iceland will move closer to its goal of an equitable society.

Hinseginleiki, (ó)hefðbundinn kvenleiki og hið forboðna í íslenskri skólasögu við lok 19. aldar

Áhugafólk um hinsegin femíníska skólasögu
Íris Ellenberger

Að ganga gegn hefðinni? Athugun á stöðu og atbeina kennslukvenna í Reykjavík í upphafi almenningsskólans

Ólöf Garðarsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Hér verður sjónum beint að atbeina kvenna í kennarastétt frá lokum 19. aldar til upphafs 20. aldar og leitað svara við að hve miklu leyti kennslukonur á Íslandi gengu gegn viðteknum hugmyndum um kvenleika og kvenhlutverk. Allt frá upphafi almenningsskólans á Vesturlöndum hafa konur verið mikilvægur starfskraftur í skólum og svo var einnig hér landi. Framan af átti þetta einkum við um Reykjavík þar sem konur voru heldur fleiri en karlar í hópi kennara, þegar í upphafi 20. aldar. Með tilurð og vexti almenningsskólans sem og vexti kennaramenntunar bauðst konum leið til menntunar og til sjálfstæðrar tilveru þar sem þær gátu séð sér farborða með starfi sem naut talsverðrar virðingar. Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að á þessum tíma var talsverður munur á félagslegri stöðu karl- og kvenkennara hér á landi, einkum þó í Reykjavík. Karlar voru langflestir úr bændastétt en kennslukonur flestar börn embættismanna. Þá var fremur sjaldgæft að konur sem helguðu sig kennarastarfinu á fyrri hluta 20. aldarinnar væru giftar eða ættu börn. Allt fram yfir seinna stríð þótti þannig tæplega við hæfi giftar konur sinntu kennarastarfinu samhliða húsmóðurstarfi. Athugun á lífshlaupi kennslukvenna í

Reykjavík bendir til þess að nokkrar konur hafi gengið gegn þessari viðteknu venju og sinnt kennslu samhliða móðurhlutverki og húsmóðurstörfum. Langflestar konur sem helguðu sig kennslu kusu þó að ganga ekki í hjónaband. Í fyrirlestrinum verður staða kennslukvenna sem kenndu við Barnaskólann í Reykjavík krufin til mergjar og leitað svara við hvort starfsval þeirra hafi storkað almenningsálitinu um stöðu kvenna í samfélaginu.

Kvennaskólinn, kvennahreyfingin og hinseginleiki meðal kennslukvenna um aldamótin 1900

Íris Ellenberger, lektor, MVS, HÍ

Tengsl kvenna- og stúlknaskóla við samkynhneigð og hinsegin ástir milli kvenna hafa verið viðfangsefni hinsegin sagnfræðirannsókna um áratugaskeið. Þær hafa ekki aðeins leitt í ljós að skólarnir voru mikilvægur vettvangur fyrir hinsegin ástir heldur einnig hlutverk menntunar í að skapa konum tækifæri til að brjótast út fyrir hefðbundinn ramma hjónabandsins, stofna til sambands og búa sér heimili með öðrum konum. Lillian Faderman gekk jafnvel svo langt árið 1991 að lýsa því yfir að menntun ætti mestan þátt í útbreiðslu samkynhneigðar meðal hvítra millistéttarkvenna. Á Íslandi hafa engar slíkar rannsóknir enn verið gerðar, enda fátt um heimildir sem benda í þessa átt. Þó hafa nýjar heimildir uppgötvast í tengslum við heimildasöfnunarverkefnið Huldukonur sem hleypt var af stokkunum árið 2017. Í þessum fyrirlestri verður gluggað í ástarbréf tveggja kennslukvenna sem þær rituðu um aldamótin 1900 til Ingibjargar H. Bjarnason, þá kennara við Kvennaskólann í Reykjavík. Bréfin og samhengi þeirra verður mátað við norrænar, breskar og bandarískar rannsóknir á ástum kvenna innan kvennaskólanna og fyrstu bylgju kvennahreyfingarinnar. Þannig verður leitast við að draga í fyrsta sinn upp mynd af íslenskum birtingarmyndum þeirra hinsegin ásta sem blómstruðu í skjóli kvennaskólanna og kvennahreyfingarinnar.

Öðruvísi útvaldir synir. Hinsegin kynverund og róttækar hugmyndir hjá einum árgangi íslenskra stúdenta á 19. öld

Þorsteinn Önnuson Vilhjálmsson, doktorsnemi, MVS, HÍ

Í fyrirlestrinum verða skoðaðar margvíslegar heimildir – handrit, bréf, dagbækur – um og eftir einn árgang Lærðaskólapilta, útskriftarárganginn 1882. Heimildir þessar opinbera nýjar hliðar á heimi íslenskra menntamanna á 19. öld, þar sem róttækar hugmyndir í bókmenntum fara saman við hinsegin

og forboðnar kynverundir, kynsjúkdóma og sjálfsmorð. Í dagbókum bekkjarfélagana Ólafs Davíðssonar og Boga Th. Melsteð og í sjálfsævisögulegum skrifum þriðja bekkjarfélagans, Gísla Guðmundssonar, má finna upplýsingar um hinsegin ástarsambönd og kynlíf milli nemenda Lærða skólans. Auk þess má sjá að þessir piltar, sem margir aðhylltust hina nýju og róttæku raunsæisstefnu í bókmenntum, höfðu það að markmiði að öðlast forboðna þekkingu og reynslu til þess að kynnast „lífinu eins og það var“. Þetta sést hvað helst á harmrænni ævi enn annars bekkjarbróður, Brynjólfs Kúld, og í sjálfsmorði Gísla Guðmundssonar, sem er lýst á listilegan hátt með stílbrögðum raunsæisstefnunnar í skjölum Gísla. Að svo margt eftirtektarvert finnist í tengslum við einn 19 manna árgang innan Lærða skólans kann að gefa tilefni til að líta skólann, nemendur hans og allt samfélag Reykjavíkur 19. aldar nýjum augum.

Öðruvísi útvaldir synir. Hinsegin kynverund og róttækar hugmyndir hjá einum árgangi íslenskra stúdenta á 19. öld

Þorsteinn Önnuson Vilhjálmsson, doktorsnemi, MVS, HÍ

Þessi fyrirlestur mun skoða margvíslegar heimildir – handrit, bréf, dagbækur – um og eftir einn árgang Lærðaskólapilta, útskriftarárganginn 1882. Heimildir þessar opinbera nýjar hliðar á heimi íslenskra menntamanna á 19. öld, þar sem róttækar hugmyndir í bókmenntum fara saman við hinsegin og forboðnar kynverundir, kynsjúkdóma og sjálfsmorð. Í dagbókum bekkjarfélagana Ólafs Davíðssonar og Boga Th. Melsteð og í sjálfsævisögulegum skrifum þriðja bekkjarfélagans, Gísla Guðmundssonar, má finna upplýsingar um hinsegin ástarsambönd og kynlíf milli nemenda Lærða skólans. Auk þess má sjá að þessir piltar, sem margir aðhylltust hina nýju og róttæku raunsæisstefnu í bókmenntum, höfðu það að markmiði að öðlast forboðna þekkingu og reynslu til þess að kynnast „lífinu eins og það var“. Þetta sést hvað helst á harmrænni ævi enn annars bekkjarbróður, Brynjólfs Kúld, og í sjálfsmorði Gísla Guðmundssonar, sem er lýst á listilegan hátt með stílbrögðum raunsæisstefnunnar í skjölum Gísla. Að svo margt eftirtektarvert finnist í tengslum við einn 19 manna árgang innan Lærða skólans kann að gefa tilefni til að líta skólann, nemendur hans og allt samfélag Reykjavíkur 19. aldar nýjum augum.

Menntun fyrir alla

Málstofustjóri: Jónína Vala Kristinsdóttir

Að skapa samtalsrými um fjölmenningarlega kennaramenntun. Starfstengd sjálfsrýni tveggja kennaramenntenda

Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Karen Rut Gísladóttir, dósent, MVS, HÍ

Aukinn fjöldi nemenda af erlendum uppruna í íslenskum skólum kallar á fjölmenningarlega nálgun í kennslu og kennaramenntun. Kennaramenntendur standa frammi fyrir því verkefni að undirbúa kennaranema til að kenna fjölmenningarlegum nemendahópum. Fjölmenningarleg áhersla kallar ekki aðeins á breytingar á hlutverki kennaramenntenda heldur krefst samverkandi umbreytingar á sjálfsvitund einstaklinga, kennsluháttum og samfélagi. Í slíkri umbreytingarvinnu gegnir samtalið lykilhlutverki. Tilgangur rannsóknarinnar var að skapa samtalsrými (e. dialogic space) til að þróa sameiginlega sýn á fjölmenningarlega kennaramenntun. Markmið var að rýna í einstök atvik til að skoða hvernig við gætum þróað hlutverk okkar og kennsluhætti sem kennaramenntendur út frá fjölmenningarlegum áherslum. Rannsóknin fór fram frá hausti 2017 til hausts 2019 og kjarnast um starfstengda sjálfsrýni (e. self-study) sem sett var utan um samvinnu 14 kennaramenntenda sem vildu skoða hvað þyrfti að gera til að undirbúa kennaranema til að vinna með fjölmenningarlegum nemendahópum. Gögnin sem safnað var voru sjálfsviðtöl, rýnihópaviðtöl og upptökur af fundum. Gagnagreining fólst í listrænni framsetningu gagnanna, í formi skúlptúra og ljóða, sem hjálpuðu kennaramenntendum að finna kjarna og sameiginlegar áherslur í vinnu þeirra. Niðurstöður varpa ljósi á margvíslega þætti sem hafa áhrif á samvinnu kennaramenntenda og að þeir gefi sér þann tíma sem þarf til að skapa samtalsrými sem tekur mið af margvíslegri reynslu og þekkingu hópsins. Í þessu erindi segjum við frá samvinnu höfunda og hvað þeir voru að takast á við í ferlinu við að skapa samtalsrými til að þróa sameiginlega sýn á fjölmenningarlega kennaramenntun.

Háskólakennarar rýna í menntun fyrir alla

Jónína Vala Kristinsdóttir, dósent, MVS, HÍ, Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent, MVS, HÍ, Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Samúel Lefever, dósent, MVS, HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvernig kennaranemar á Menntavísindasviði eru búnir undir að kenna fjölbreyttum nemendahópum. Rannsóknarspurning hljóðar svo: Hvernig er nám kennaranema skipulagt í þeim tilgangi að undirbúa þá til kennslu í skóla fyrir alla? Markmið verkefnisins er að bera kennsl á leiðir til að þróa og innleiða fjölbreytt, skapandi vinnubrögð í kennaramenntun þar sem áhersla er lögð á fjöltyngi og nemendamiðaða nálgun sem byggir á auðlindum nemenda. Þó að hugmyndir um skóla fyrir alla liggi til grundvallar námskrám í mörgum löndum er túlkun stefnunnar ólík milli landa og jafnvel sérfræðinga innan sömu kennaramenntunarstofnana og því brýnt að greina sýn kennara við MVS. Rannsóknin byggir á rýnihópaviðtölum við kennslu- og menntunarfræðikennara. Rætt var um áherslur, kennsluaðferðir og

fræðilegan bakgrunn kennslufræðinámskeiða við sviðið. Niðurstöður voru greindar með þemagreiningu og var horft til þess hvernig menntun án aðgreiningar birtist í námskeiðunum. Hugmyndir kennara um skóla fyrir alla og þekking á kennsluháttum sem styður við nám allra nemenda voru ólíkar. Sumir höfðu lítinn gaum gefið að því hvernig kennaranemar geta lært að kenna fjölbreyttum nemendahópi en margir höfðu leitað leiða til þess. Víða er beitt skapandi vinnubrögðum og upplýsingatækni notuð í þeim tilgangi að kennaranemar geti notað ólíka nálgun í eigin námi og öðlist einnig hæfni til að nýta fjölbreytt vinnubrögð í eigin kennslu. Með rýnihópaviðtölum og samræðu kennara um kennslu sína gefst þeim tækifæri til að endurskoða kennsluhætti sína og styðja hver annan í þróun kennsluhátta í kennaranámi.

Menntun fyrir alla: Framtíðarsýn og tillögur um aðgerðir

Edda Óskarsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, HA og Rúnar Sigþórsson, prófessor, HA

Í erindinu verða til umfjöllunar niðurstöður skýrslunnar *Menntun fyrir alla – horft fram á veginn* sem kom út í júní 2019 á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Skýrslan er byggð á niðurstöðum funda um allt land sem haldnir voru á vegum stýrihóps um menntun fyrir alla haustið 2018. Í skýrslunni eru tillögur um aðgerðir til að festa í sessi stefnu yfirvalda um menntun fyrir alla á Íslandi og efla menntun fyrir alla í íslenskum skólum. Tillögurnar eru í sjö liðum, sem hver um sig inniheldur nokkra undirliði. Þær eru byggðar á forgangsröðun aðgerða sem þátttakendur á landshlutafundunum töldu mikilvægastar til að efla menntun fyrir alla og má því segja að þær séu ákall skólasamfélagins um hvernig að því skuli staðið. Tillögurnar eru enn fremur byggðar á niðurstöðum skýrslu um úttekt Evrópumiðstöðvarinnar um sérþarfir og menntun án aðgreiningar frá 2017 og settar í samhengi við líkan af vistkerfi menntunar, sem kynnt er í skýrslunni, með það fyrir augum að greina á hvaða stjórnsýslustigum menntakerfisins ábyrgð á framkvæmd hvers þáttar liggur.

Starfsþróunarnámskeið um menntun fyrir alla: Að ná til fjölbreytts hóps þátttakenda í fjarnámi

Anna Katarzyna Wozniczka, doktorsnemi, MVS, HÍ og Edda Óskarsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Starfsþróun kennara og starfsfólks grunn- og leikskóla í dreifðum byggðum Íslands getur verið áskorun fyrir sveitarfélög og einstaklinga vegna kostnaðar og aðgengis. Á sama tíma er skortur á menntuðum

kennurum á ýmsum svæðum og kallar það á sameinað átak kennaramenntunarstofnana og sveitarfélaga til að tryggja aðgengi allra nemenda að gæðanámi í heimaskóla. Í þessu erindi segjum við frá tilurð og framkvæmd 10 eininga starfsþróunarnámskeiðs sem kennt var í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð og starfendarannsókn sem við kennarar unnum á námskeiðinu. Markmiðið með rannsókninni var að kanna hvernig hægt er að skipuleggja starfsþróunarnámskeið um menntun fyrir alla í gegnum fjarnám fyrir fjölbreyttan hóp þátttakenda. Rannsóknarspurningin var: Hvernig er hægt að sníða fjarkennslunámskeið sem viðheldur áhuga og virkni þátttakenda og hvetur þá til breytinga á eigin starfi? Rannsóknin byggir á gögnum sem aflað var í gegnum námskeiðið, þ.m.t. verkefni nemenda, mat á námskeiðinu, rýnihópaviðtöl, fundargerðir og dagbókarfærslur okkar. Gögnin voru greind með aðferðafræði grundaðrar kenningar, sem hentar rannsóknarsniði starfendarannsóknar þar sem það byggir á ferli spíralsins. Helstu niðurstöður gefa innsýn í þær ýmsu tæknilegu, kennslufræðilegu og persónubundnu áskoranir sem þátttakendur og við stóðum frammi fyrir og hvernig námskeiðið þróaðist þegar við tókumst á við þær. Niðurstöður sýna enn fremur hver áhrif félagaþrýstings og stuðnings frá stjórnendum voru á myndun lærdómssamfélaga á fjarkennslunámskeiði fyrir heilan skóla. Einn stærsti lærdómurinn sem draga má af rannsókninni er að námskeið af þessu tagi er kjörin leið til að stuðla að sjálfbærri þróun byggðar og gæðamenntun fyrir börn og ungmenni um land allt.

Innflytjendur og menntun

Málstofustjóri: Jónína Vala Kristinsdóttir

Tungumálastefna fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda og áhrif hennar á menntun

Hanna Ragnarsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Fjölgun innflytjenda á Íslandi undanfarna áratugi endurspeglast í menntakerfinu þar sem alls um 100 tungumál eru töluð. Markmið þessarar eigindlegu rannsóknar er að varpa ljósi á tungumálastefnu fjölbreyttra fjölskyldna innflytjenda og hvernig hún hefur áhrif á menntun barnanna, svo og samstarf foreldra barnanna við skólastjórnendur og kennara þeirra í leik- og grunnskólum. Fræðilegur rammi rannsóknarinnar er í skrifum um tungumálastefnu fjölskyldna, svo og um tungumála- og menningarmiðaðar kennsluaðferðir. Rannsóknin er fjöltilviksrannsókn, þar sem gagna var aflað í eigindlegum viðtölum við foreldra í fjórum fjölskyldum innflytjenda sem nota tvö eða fleiri tungumál í daglegu lífi, svo og kennara og skólastjóra barna þeirra í leik- og grunnskólum í tveimur sveitarfélögum.

Gagna var aflað sumarið og haustið 2020. Í erindinu eru kynntar fyrstu niðurstöður úr viðtölum við fjórar fjölskyldur, skólastjóra og kennara í leik- og grunnskólum barna þeirra. Þær benda til þess að allar fjölskyldurnar hafa skýra og vel afmarkaða tungumálastefnu, sem er þó ólík eftir fjölskyldum. Skólarnir bregðast við fjölbreytileika tungumála barnanna og fjölskyldnanna með mismunandi hætti en bæði skólastjórar og kennarar barnanna sýna fjöltyngi þeirra mikinn áhuga. Tungumála- og menningarmiðaðir kennsluhættir eru misvel þróaðir í skólunum, en áhugi er hjá kennurunum á að fá betri þjálfun í slíkum kennsluháttum og auka samstarf við foreldrana í því skyni að styðja betur við fjöltyngi barnanna. Helstu áskoranir eru skortur á þjálfun kennara og að viðhalda þekkingu um tungumála- og menningarmiðaða kennsluhætti.

Viðbrögð sveitarfélaga á Íslandi við vaxandi fjölda nemenda af erlendum uppruna

Markus Meckl, prófessor, HA, Hanna Ragnarsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, HA

Í erindinu eru kynntar niðurstöður eigindlegar rannsóknar um hvernig sveitarfélög skipuleggja stuðning við nemendur af erlendum uppruna. Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknarverkefni, Inclusive Societies, en markmið þess eru að bera saman mynstur aðlögunar innflytjenda í mismunandi sveitarfélögum á Íslandi með því að rannsaka stöðu innflytjenda hvað varðar tungumál, atvinnu, menntun, menningu og ánægju. Eigindlegi hluti rannsóknarinnar sneri að menntun og fól í sér tíu viðtöl við forstöðufólk skólaskrifstofa, skólastjóra, kennara og sérkennara í fjórum sveitarfélögum um menntun nemenda af erlendum uppruna. Viðtölin voru tekin vorið 2019. Markmið þessarar rannsóknar var að skilja hvernig sveitarfélög skipuleggja stuðning við nemendur af erlendum uppruna, hvort stefna í málefnum þeirra er fyrir hendi, og hvernig henni er þá hrint í framkvæmd og fylgt eftir. Fræðilegur rammi byggist á kenningum um aðlögun innflytjenda að samfélögum, menntastefnu, framkvæmd og forystu og faglegum stuðningi við nemendur og kennara. Í erindinu eru kynntar fyrstu niðurstöður um menntastefnur sveitarfélaga, stuðning og þjálfun fyrir kennara, áskoranir og tækifæri í menntun nemenda af erlendum uppruna, svo og nýleg verkefni skólaskrifstofa til að bregðast við vaxandi fjölda nemenda af erlendum uppruna.

Stöðumat fyrir nýkomna nemendur af erlendum uppruna

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, kennsluráðgjafi og verkefnastjóri, Fræðslusvið Reykjanesbæjar, Þórdís Helga Ólafsdóttir, framhaldsskólakennari, Borgarholtsskóli og Aneta Stanislawa Figlarska, kennsluráðgjafi, fræðslusvið Árborgar

Vinna við stöðumat fyrir nýkomna nemendur af erlendum uppruna hófst hér á landi árið 2016. Um er að ræða samstarfsverkefni þriggja sveitarfélaga; Árborgar, Hafnarfjarðarbæjar og Reykjanesbæjar. Hugmyndin kom upphaflega fram þegar kennsluráðgjafar í þessum þremur sveitarfélögum ræddu helstu áskoranir sem skólar í sveitarfélögunum standa frammi fyrir. Í framhaldi var stýrihópur settur á laggirnar til þess að leiða verkefnið og hefur samstarfið einkennst af miklu trausti og samstarfsvilja í anda lærdómssamfélagsins þar sem fulltrúar deila sameiginlegum áhuga og sameiginlegri sýn á hið mikilvæga verkefni. Stöðumat fyrir nýkomna nemendur af erlendum uppruna er þýðing á sænska matinu Kortläggning for nyanlända elever og miðar að því að auðvelda kennurum að byggja námið á styrkleikum nemenda og efla námshæfni þeirra með markvissri íhlutun á fyrstu stigum skólagöngu þeirra í nýju landi. Sænska menntamálastofnunin Skolverket hafði frumkvæði að gerð stöðumatsins og heldur utan um það í Svíþjóð. Svíar hafa jafnframt innleitt notkun þess í sænsk leik-, grunn- og framhaldsskólalög. Stöðumatið byggir á þremur viðtölum sem fara fram á sterkasta tungumáli nemandans og fjölskyldunnar. Stöðumatið er ekki próf heldur kortlagning á reynslu og færni nemandans en það metur meðal annars hvort hann geti fundið staðreyndir beint upp úr texta, hvort hann geti lesið á milli lína eða dregið ályktanir um efnið sem hann var að lesa. Dæmi eru um að nemendur sem kennarar hafa áhyggjur af reynast fluglæsir á sínu sterkasta máli og hafa sterkan skólabakgrunn í mörgum námsgreinum.

Tvær rannsóknir á innflytjendum í háskólum á Íslandi

Ásrún Matthíasdóttir, lektor, HR, Ásrún Á. Jónsdóttir, sálfræðingur, Heilsugæslan í Reykjanesbæ, Sara Stef. Hildardóttir, upplýsingafræðingur, HR, Marta Sigríður Pétursdóttir, menningar- og kynjafræðingur, Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi, FVS, HÍ og Sveinn Guðmundsson, jafnréttisfulltrúi, FVS, HÍ

Staða innflytjenda í háskólanámi á Íslandi virðist talsvert verri en annarra hópa. Sagt verður frá tveim rannsóknum sem eru yfirstandandi: Rannsókn á stöðu kynmenningar við val á námsgrein í háskólum og Tækifæri og hindranir í háskólanámi á Íslandi með hliðsjón af uppruna og kyni. Hluti rannsóknanna fells í að greina gögn um innflytjendur frá Hagstofu Íslands og verða niðurstöður kynntar. Niðurstöður benda til að sumir hópar einstaklinga með erlent ríkisfang, einkum frá Austur-Evrópu, Thailandi og Portúgal, sæki síður nám við Háskóla Íslands og er það í takt við fyrri rannsóknir. Einnig benda niðurstöður til þess að karlar fari síður í háskólanámi en konur, óháð uppruna og sömuleiðis eru innflytjendur fámennari en Íslendingar. Má því velta fyrir sér hvort rétt sé að skoða stöðu karla í hópi innflytjenda enn betur, reyna að skýra betur orsakir brottfalls á öllum skólastigum í þeim hópi og móta

viðbrögð til að draga úr brottfalli þeirra. Þörf er á frekari rannsóknum til að kanna ástæðurnar á bakvið þessa þróun, m.a. með eigindlegum rannsóknum á ástæðum brotthvarfs nemenda með innflytjendabakgrunn úr framhaldsskóla og hvers vegna þeir sem ljúka framhalsskóla fara ekki í háskólanám. Einnig væri vert að kanna upplifun háskólanema með innflytjendabakgrunn af námi þeirra en með auknum skilningi á nemendahópum háskólanna er hægt að kanna betur þörf á sértækum stuðningi við ólíka hópa. Í kjölfarið geta háskólar aðlagað þjónustu sína og kennsluhætti með þarfir nemendahópsins í huga.

Skóli án aðgreiningar og félagsleg staða fatlaðs fólks

Málstofustjóri: Kristín Björnsdóttir

Öráreitni og ableismi: Félagsleg staða fatlaðs fólks í almennu rými

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ og Ásta Jóhannsdóttir, lektor MVS, HÍ

Mannleg samskipti geta verið flókin og ófyrirsjáanleg en flest okkar taka þátt í þeim daglega án mikillar umhugsunar. Fjöldi félags- og mannfræðinga hafa gert félagsleg samskipti í almennum rýmum að rannsóknarefni sínu en í gegnum tíðina hefur lítið verið horft til áhrifa fötlunar á slík samskipti. Markmið erindisins er að rýna í áhrif fötlunar á félagslega upplifun í almennu rými ásamt að skoða hvernig öráreitni (e. microaggressions) birtist í daglegu lífi fatlaðs fólks. Til þess að draga það fram verður notast við skilgreiningar Keller og Galgay um birtingarmyndir öráreitni gagnvart fötluðu fólki og kenningar Goffman um félagslegan stöðugleika. Fyrri rannsóknir og fræðileg skrif hafa sýnt fram á að fatlað fólk upplifir gjarnan að komið sé fram við það með sérstökum hætti vegna fötlunar þess, einkum af ófötluðu fólki, þó svo hugtakið öráreitni sé ekki alltaf notað til að skilja og skýra framkomuna og viðmótið. Niðurstöður okkar benda til þess að þó almennt sé gengið út frá félagslegum stöðugleika í mannlegum samskiptum einkennist félagslegur veruleiki fatlaðs fólks af félagslegu uppnámi og óreiðu vegna öráreitni og ableisma. Skilgreiningar Keller og Galgay eiga því ágætlega við íslenskan veruleika. Uppnám og óreiða eru hluti af hinum daglega hversdagsleika fatlaðs fólks en ekki tilfallandi atburður líkt og kenningar Goffman hafa gert ráð fyrir. Í þessari óreiðu endar fatlað fólk sjálft milli steins og sleggju og upplifir sig bera ábyrgð á að endurskapa félagslegan stöðugleika á sama tíma og því er jafnvel misboðið vegna hegðunar ófatlaðs fólks.

Milliliður, stuðningsaðili eða hlutlaus fylgdarmaður. Hlutverk aðstoðarfólks í námi fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning

Helle Kristensen, sérkennari í fullorðinsfræðslu, Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð

Í erindinu er fjallað um eigindlega viðtalsrannsókn sem unnin var 2018–2019. Tilgangur rannsóknarverkefnisins var að fá innsýn í hvernig aðstoðarfólk úr búsetuþjónustu fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning sér fyrir sér hlutverk sitt í námi fólksins sem það aðstoðar. Þátttakendur í rannsókninni voru sex aðstoðarmenn sem höfðu reynslu af því að fylgja fólki sem tjáði sig með óhefðbundnum tjáskiptaaðferðum og þurfti mikinn stuðning á námskeið hjá Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð. Rannsóknin byggir á félagslegum tengslaskilningi á fötlun, hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og hugmyndum um aðstæðubundið sjálfræði. Gögnin voru skoðuð í ljósi kenninga um yfirfærslu náms í fullorðinsfræðslu og hugmynda um virkan stuðning (e. active support). Í niðurstöðunum voru greind þrjú ólík hlutverk aðstoðarfólks sem nefnd eru milliliðurinn, stuðningsaðilinn og hinn hlutlausi fylgdarmaður. Í ljós kom að sjaldgæft væri að unnið væri markvisst að yfirfærslu náms á daglegt líf, að það skorti skýrari stefnu og eftirfylgni frá stjórnendum í búsetuþjónustunni og að upplýsingamiðlun og samstarf vegna námsins væri almennt ábótavant. Út frá niðurstöðunum má draga þá ályktun að bæta þurfi viðhorf til mikilvægis náms, sjálfræðis í námi og yfirfærslu náms fyrir fólk með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning. Auk þess þarf að bæta leiðbeiningar um hlutverk aðstoðarfólks og skapa aukinn vettvang til samstarfs. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að innleiðing nálgunar um virkan stuðning í búsetuþjónustu, ásamt breytingum á þjónustukerfinu í átt að notendastýrðri persónulegri aðstoð, geti stutt við hlutverk aðstoðarfólks í námi fatlaðs fólks og haft jákvæð áhrif á daglegt líf fólks með þroskahömlun sem þarf mikinn stuðning.

Æ sér gjöf til gjalda: Gagnkvæmni í námi og kennslu

Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, rannsakandi, MVS, HÍ og Kristín Björnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Í erindinu fjalla ég um niðurstöður rannsóknar sem snýr að starfi kennara á miðstigi í skólum án aðgreiningar. Um er að ræða eigindlega rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við tólf grunnskólakennara í skólum um land allt. Markmið rannsóknarinnar var að skoða upplifun og reynslu kennara af starfi sínu í grunnskólum án aðgreiningar. Fjallað verður um niðurstöður rannsóknarinnar út frá kenningum franska fræðimannsins Marcel Mauss um gagnkvæm gjafaskipti. Niðurstöðurnar benda til þess að

kennsla sé eins konar gjöf sem kennarinn gefur nemendum og samfélaginu. Á undanförnum misserum hefur orðið algengara að skólum sé líkt við fyrirtæki sem framleiða vörur, þar sem litið er á kennslu eða menntun sem vöru og nemendur sem neytendur. Vörur eru ólíkar gjöfum og hafa ekki sömu persónulegu áhrif á þann sem gefur og þann sem þiggur. Samkvæmt kenningum um gagnkvæm gjafaskipti er ætlast til þess að sá sem þiggur gjöfina endurgjaldi hana á einhvern máta. Að hafna gjöf eða að endurgjalda hana ekki getur leitt til tilfinninga sem tengjast skömm og refsingu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að kennsla sem gjöf er oft endurgoldin með framförum, námsárangri, þakklæti nemenda og samfélags. Þegar gjöfin er endurgoldin þá hefur hún jákvæð áhrif á upplifun og reynslu kennara í starfi. Í erindinu verður sjónum einnig sérstaklega beint að því hvaða áhrif það hefur á upplifun kennara af starfi sínu þegar gjöfin er ekki endurgoldin. Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

Ástríða, sekt og skömm í skólum án aðgreiningar

Kristín Björnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, rannsakandi, MVS, HÍ

Í þessu erindi verður fjallað um niðurstöður rannsóknar sem snýr að hrifum (e. affect) og hrifgjörningum (e. affected practices) í skólum án aðgreiningar. Um er að ræða eigindlega rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við tólf grunnskólakennara í skólum um land allt. Sjónum var beint að því hvað knýr kennarana áfram, þ.e. hvað hefur áhrif á kennslu þeirra og hvernig þeir hafa áhrif á starf sitt, nemendur og samstarfsfólk. Hrifin (t.d. skömm og gleði) eru félagsleg, hafa áhrif á líðan kennara í starfi og móta vinnulag þeirra og hvernig þeir takast á við áskoranir í kennslu. Kennararnir sem tóku þátt í rannsókninni lýstu gildum sínum, starfsháttum og samskiptum við nemendur, foreldra og samstarfsfólk. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að kennslu geti fylgt tilfinningalegt erfiði (e. emotional labour). Kennarar geta þurft að bæla niður eigin tilfinningar til þess að mæta kröfum starfsins. Í samfélaginu og námskrám má greina væntingar um fjölbreytta og árangursríka kennsluhætti þar sem mæta þarf margbreytilegum nemendahópi á einstaklingsgrundvelli. Tilfinningalegt erfiði getur haft neikvæð áhrif á líðan kennara og starfsánægju þeirra auk þeirra vonbrigða sem geta skapast við að standa ekki undir væntingum sem „góður kennari“. Niðurstöður rannsóknarinnar benda einnig til þess að kennarar upplifi mikla ást á starfinu en því fylgja jákvæðar tilfinningar eða hrif sem tengjast því að vera hluti af samfélagi þar sem framlag kennara er vel metið. Í erindinu verður sjónum sérstaklega beint að innri og ytri áhrifum á störf kennara í skólum án aðgreiningar. Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði HÍ.

Samræður í stærðfræði á unglinga- og framhaldsskólastigi

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun

Ingólfur Gíslason

Dæmi um ávinning og áskoranir sem felast í innleiðingu hugsandi skólastofu í stærðfræðikennslu á unglingastigi

Áslaug Dóra Einarsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ. Leiðbeinendur: Ingólfur V. Gíslason, prófessor, FVS, HÍ og Bjarnheiður Kristinsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Í erindinu verður fjallað um starfendarannsókn höfundar sem beinist að innleiðingu kennslunálgunarinnar hugsandi skólastofa (e. building thinking classroom) en hún var fyrst sett fram í framhaldi af rannsóknum kanadíska stærðfræðimenntafræðingsins Peter Liljedahl. Höfundur sótti námskeið Liljedahls sumarið 2019 og ákvað í kjölfarið að framkvæma starfendarannsókn með um 60 nemendum í 9. bekk í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins var að gera grein fyrir hugsandi skólastofu í stærðfræðikennslu og varpa ljósi á þann ávinning og þær áskoranir sem felast í að innleiða þessa nýju starfshætti í kennslu. Hugsandi skólastofa er kennslunálgun sem leitast eftir að hvetja nemendur til þess að hugsa. Í henni felast fjórtán atriði sem kennarar geta innleitt í kennslu en samkvæmt rannsóknum Liljedahls geta þau stuðlað að breyttum viðmiðum í kennslustofunni og kallað fram breytingar á hegðun nemenda þannig að þeir taki virkari þátt í kennslustundum. Það sem einkennir kennslunálgunina hvað mest er að nemendur standa við töflur í þriggja manna slembivöldum hópum. Höfundur innleiddi nokkur atriðanna fjórtán í kennslu sinni haustið 2019 og hélt úti rannsóknardagbók þar sem hún skráði vangaveltur sínar, hugsanir og upplifanir á hvernig til tókst. Nemendur í rannsókninni voru einnig beðnir um að ígrunda kennslustundirnar með því að fylla út svokallaða útgöngumiða. Forniðurstöður benda til ávinnings á borð við aukna samvinnu milli nemenda en stærsta áskorun höfundar var að finna verðug þrautarlausnarverkefni fyrir öll þau fjölbreyttu viðfangsefni sem liggja fyrir í stærðfræðinámskrá skólans.

Stærðfræðileg orðræða, skólaorðræða og hversdagsleg orðræða í stærðfræðikennslu: Mörk, skörun og togstreita

Ingólfur Gíslason, aðjúnkt, MVS, HÍ

Líta má á stærðfræðinám sem inngöngu í stærðfræðilega orðræðu – að gera hana að sinni þannig að hún verði tæki til þess að hugsa og tjá sig. Stærðfræðileg orðræða er orðræða samfélags stærðfræðiiðkenda. En í skólanum er einnig að finna annars konar orðræður, bæði hversdagslega orðræðu og skólaorðræðu, sem í þessu tilfelli mætti nefna orðræðu íslenska framhaldsskólastigsins. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna mörk, skörun og togstreitu þrenns konar orðræðu í kennslustofunni; orðræðu stærðfræðinnar, skólaorðræðu og hversdagslegrar orðræðu.

Samtalsrunur kennara og nemenda úr kennslustund í framhaldsskóla eru greindar út frá hljóð- og myndupptökum með hliðsjón af aðferðum orðræðugreiningar. Áherslan er á að skilja merkingu samræðna út frá þátttakendum sjálfum og setja í samhengi við hinar þrjár ólíku orðræður. Í ljós kemur að nemendur og kennari tala saman á mörkum ólíkra orðræðna og blanda þeim saman. Skilningur þeirra á markmiðum kennslunnar er oft ólíkur. Það sem virðist á yfirborðinu vera van- eða misskilningur getur í raun stafað af því að þátttakendur eru staddir í ólíkum orðræðum. Á meðan kennarinn reynir að draga nemendur inn í orðræðu stærðfræðinnar tala nemendur eins og markmiðið sé að ljúka verkefnum og ná sameiginlegum skilningi, sem eru viðmið skólaorðræðunnar. Af þessu má ályktа að kennari sem ætlar sér að draga nemendur inn í stærðfræðilega orðræðu þurfi að vera meðvitaður um þær ólíku orðræður sem mætast í samræðum um stærðfræði í skólanum.

Þróun talsetningarverkefna í samstarfi við stærðfræðikennara á framhaldsskólastigi

Bjarnheiður Kristinsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Höfundur þessa erindis hefur þróað hljóðlaus myndbönd og fyrirlögn talsetningarverkefna í samstarfi við stærðfræðikennara í framhaldsskólum á Íslandi. Við fyrirlögn velja kennarar stutt hljóðlaust myndband sem tengist einhverju ákveðnu viðfangsefni úr stærðfræðitímum og kynna það fyrir nemendum sínum. Nemendur geta horft eins oft og þeir vilja á myndbandið meðan þeir undirbúa talsetningu í tveggja manna hópum og gera upptöku. Í beinu framhaldi kemur nemendahópurinn saman með kennara til að hlusta á talsetningar allra hópanna, ræða þær og nálgast sameiginlegan skilning á því sem fjallað var um í myndbandinu. Um er að ræða hönnunarmiðaða rannsókn með tveimur gagnaöflunarköflum. Fyrri gagnaöflunarkaflinn, sem unninn var með fjórum stærðfræðikennurum og 17 ára nemendum þeirra í fjórum framhaldsskólum haustið 2017, leiddi í ljós að verkefnin gætu sér í lagi nýst við leiðsagnarmat. Þess vegna var síðari gagnaöflunarkafli rannsóknarinnar haustið 2019 unninn með þremur kennurum í tveimur framhaldsskólum sem nýta leiðsagnarmat í sínu starfi og 16 ára nemendum þeirra. Í þessu erindi verður greint frá niðurstöðum

annars vegar sem lúta að því sem kennarar lögðu áherslu á við fyrirlögn verkefnanna og hins vegar eðli þeirra upplýsinga sem kennarar gátu nýtt við leiðsögn. Í stuttu máli má segja að við fyrirlögn hafi kennarar lagt áherslu á sjálfstæð vinnubrögð, jafnrétti og gagnrýna hugsun. Upplýsingar sem nýta mátti við leiðsögn voru marglaga og kröfðust endurhlustunar til að nýta mætti þær í framhaldi af kennslustundinni.

Þróun stærðfræðikennslu á grunnskólastigi

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun
Guðbjörg Pálsdóttir

„Í upphafi skal endinn skoða" – Tilviksrannsókn á námsmati í stærðfræði

Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir, grunnskólakennari, Vesturbæjarskóli og meistaranemi, MVS, HÍ. Leiðbeinandi: Guðbjörg Pálsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Verkefni þetta er tilviksrannsókn unnin út frá viðtölum og gögnum um námsmat og námsmatsaðferðir í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Skoðað var hvernig unnið var með námsmat í stærðfræði á unglingastigi í skólanum og hvernig kennarar mættu breyttum áherslum í námsmati samkvæmt hæfniviðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla*. Megintilgangur verkefnisins var að kanna leiðir til að vinna með hæfniviðmið aðalnámskrár í námsmati sem og að gefa hugmyndir og innblástur að námsmatsaðferðum sem henta vel í vinnu með hæfniviðmiðin. Rannsóknarskólinn var valinn eftir athugun á námsmatsgögnum nokkurra skóla. Tekin voru viðtöl við einn kennara í rannsóknarskólanum ásamt að námsmatsverkefni voru skoðuð. Einnig var fylgst með kennurum fara yfir verkefni í sameiningu þar sem nemendur fengu einkunnirnar á kvarðanum A-D. Viðtölin voru greind í þemu með tilliti til uppbyggingar kennslu og námsmatsverkefna og einnig vinnubragða kennara ásamt að greind voru dæmi um námsmatsverkefni. Það sem einkenndi vinnubrögð kennara var að námsmat var að stórum hluta skipulagt áður en kennsla og kennsluhættir voru ákveðnir. Þar var fyrst tekið til athugunar hvaða hæfni nemendur ættu að hafa tileinkað sér við lok skólaárs áður en skipulagt var hvað og hvernig kenna ætti nemendunum. Lögð var áhersla á að byggja kennslu og námsmat á þeim þáttum sem nemendur ættu að hafa tileinkað sér í lok kennslutímabils. Niðurstöður rannsóknarinnar eru bornar saman við fræðilegan grunn hennar og dregur rannsakandi þær ályktanir að um sé að ræða áhrifaríka leið í námsmati í stærðfræði.

Þróun námskeiða fyrir leiðtoga í stærðfræðikennslu

Guðbjörg Pálsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Jónína Vala Kristinsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Tilgangurinn með erindinu er að kynna þróunarverkefni um menntun stærðfræðileiðtoga sem unnið er í samstarfi kennara á Menntavísindasviði HÍ og Miðstöð skólaþróunar við HA. Haustið 2017 hófst tilraun með leiðtoganámskeið um stærðfræðinám og -kennslu með það að markmiði að styðja við þróun námssamfélaga stærðfræðikennara í grunnskólum á Íslandi. Byggt var á efni frá Skolverket í Svíþjóð sem nefnist Matematiklyftet og það þróað og aðlagað þörfum skóla á Íslandi. Í verkefninu er byggt á kenningum um gildi námssamfélaga og mikilvægi stöðugrar starfsþróunar kennara sem tengist skólastarfi. Sjónum er beint að stærðfræðinámi og -kennslu með það að markmiði að bæta skólastarf. Þar gegnir samvinna kennara og greining þeirra á kennslu sinni og námi nemenda lykilhlutverki. Gögnum var safnað með upptökum á námskeiðsdögum, skráningu minnispunkta frá fundum með leiðtogum, viðtölum við þá og svörum þeirra við opnum spurningum. Unnið var úr gögnunum jafnt og þétt frá upphafi og niðurstöður nýttar til að þróa verkefnið. Í ljós kom að misjafnt var í skólum hve vel tókst til með að fá kennara til samstarfs um að þróa kennsluhætti sína í stærðfræði. Þar reyndi á skipulag samstarfsfunda og hve aðgengilegt lesefni námskeiðsins var kennurum til að bæta þekkingu sína á stærðfræðinámi og -kennslu. Niðurstöðurnar hafa nýst við skipulag nýrra námskeiða þar sem stöðugt er leitað leiða til að styðja við stærðfræðikennara. Næstu tvö árin verður unnið að því að þróa námskeið fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla um stærðfræðinám og kennslu- þar sem byggt er á reynslunni af þróunarverkefninu og námsefnið birt á opnum vef Menntamiðju.

Stærðfræði og listir: Myndlist er fleira en að teikna – Stærðfræði er fleira en að reikna

Borghildur Jósúadóttir, meistaranemi, Grundaskóli. Leiðbeinandi: Jónína Vala Kristinsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Tilgangurinn með verkefninu var að skoða eigin kennslu og hvernig til hefði tekist að tengja saman bóklega grein og list- og verkgrein. Markmið mitt með slíkri tengingu hefur verið að skapa nemendum tækifæri til að vinna með stærðfræði á annan og meira skapandi hátt en hefðbundin kennsla býður upp á. Rannsóknin er starfendarannsókn sem fjallar um ferðalag mitt í Grundaskóla, Akranesi, frá árinu 1984 og til dagsins í dag. Það er forvitnilegt og spennandi að ígrunda eigin reynslu og skoða vegferð sína í starfi. Áhersla mín á tengingu stærðfræðinnar við listir var í gegnum mynstur. Fyrstu verkefnin voru einföld, en eftir því sem árin liðu óx mér kjarkur og áræðni til að ráðast í verkefni sem engin hefð

var fyrir að unnin hefðu verið í skólum hér á landi. Við skoðun gagnanna endurspeglast ákveðin þemu í stærðfræðikennslunni, fyrst og fremst rúmfræði Evklíðs og hnitakerfi og flutningar. Önnur þemu sem birtast eru Origami-pappírsbrot, brotalar (e. fractals) og svokölluð aðferð Eschers. Einnig er minnst á Fibonacci-rununa og gullinsnið. Í verkefninu er fjallað stuttlega um hvert þessara fimm þema. Rannsóknin er ætluð kennurum sem hvatning til að nýta sér skapandi vinnubrögð og samþættingu í kennslu. Reynsla mín er til vitnis um að skapandi vinna og samþætting stuðli að því að nemendur verði sjálfstæðari, glaðari og jákvæðari en þeir hefðu annars orðið.

Skapandi stærðfræði: Starfsþróun í íslenskum grunnskóla

Ósk Dagsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Skapandi stærðfræði er hugtak sem fáir þekkja. Algengt er að stærðfræði sem kennd er í skólum bjóði upp á litla sköpun. Nemendum er gert að leysa verkefni eftir gefinni forskrift og eru verðlaunaðir fyrir að vinna hratt, hljóðlega og skýrt. Stærðfræðingar og aðrir vísindamenn vinna hins vegar oft á mjög skapandi hátt. Þeir nýta tækni, samvinnu og góðan tíma til þess að leita að óþekktum lausnum og skapa þannig nýja þekkingu. Þessi rannsókn er tveggja ára starfendarannsókn með starfandi kennurum þar sem skoðað er hvernig vinna má að því að efla sköpun í stærðfræðinámi. Rannsakað er hvaða áhrif starfsþróun á þessu sviði getur haft á kennara, þeirra kennslu og viðhorf auk þess hvernig þeir sjá nám nemenda sinna. Kennarar sækja vinnusmiðjur þar sem þeir fá fræðslu og vinna sjálfir á skapandi hátt með því að takast á við þrautir, skoða mynstur og vinna eins og alvöru stærðfræðingar. Milli smiðja vinna kennarar að því að efla sköpun hjá sínum eigin nemendum í samstarfi við rannsakanda. Gögnum er safnað frá smiðjum, kennarar halda rannsóknardagbækur og tekin eru viðtöl við valda kennara. Í niðurstöðum lýsa kennararnir hvernig þeir hafa náð að nýta sköpun í stærðfræðikennslu og hvernig hún byggist upp á umræðum, leik og verklegri vinnu. Þeir sjá samhljóm með leiðsagnarnámi og nýtingu námsfélaga en reka sig á hindranir eins og stóra hópa, samræmd próf og takmarkaðan tíma. Í rannsókninni er skoðað hvernig vinna má með kennurum að því að yfirstíga þessarar hindranir. Niðurstöður rannsóknarinnar geta nýst til að skipuleggja starfsþróun, kennslu og aðrar rannsóknir.

Raungreinar/Náttúrfræði í grunnskólakennslu

Bandaríska náttúrufræðinámskráin „Next Generation Science Standards“

Haukur Arason, dósent, MVS, HÍ

Í þessu erindi verður fjallað um „Next Generation Science Standards“ (NGSS) en það eru viðmið um náttúrufræðimenntun barna og unglinga á grunnskólaaldri sem er nokkuð útbreidd í Bandaríkjunum og svara á vissan hátt til þeirrar opinberu námskrár í náttúrufræðum sem gefin er út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hér á landi. Í Bandaríkjunum eru ekki gefnar út opinberar námskrár heldur hefur allt frá hverju fylki niður í einstaka skóla svigrúm til að setja sér sína eigin námskrá. Fyrir um áratug hófu tuttugu og sex fylki Bandaríkjanna ásamt „the National Research Council“, „the National Science Teachers Association“, „the American Association for the Advancement of Science“ og stofnuninni Achieve inc. vinnu við að þróa viðmið fyrir náttúrufræðinám barna og unglinga á grunnskólaaldri. Þeirri vinnu lauk með því að „National Academies Press“ gaf viðmiðin út árið 2013 undir heitinu „Next Generation Science Standards. For States, By States“. Nú árið 2020 hafa 20 fylki Bandaríkjanna tekið upp þessi viðmið en önnur 24 þróað viðmið á svipuðum grunni. Í erindinu verður fjallað um þær grundvallarhugmyndir sem NGSS byggja á, þau meginmarkmið sem náminu er ætlað að ná, þann framsetningarmáta sem valinn var, hvernig grundvallarhugmyndir einstakra námsgreina birtast í viðmiðunum, hvernig unnið er með hugtök og viðfangsefni sem ná til margra námsgreina, þau viðhorf til náttúruvísinda, verkfræði, tækni og umhverfis sem lögð voru til grundvallar viðmiðunum. Að lokum verður velt upp spurningum um hvort þessi viðmið geti á einhvern hátt nýst í viðleitni við að efla náttúrufræðimenntun í íslenskum grunnskólum.

Eðlisfræði, efnafræði og stjörnufræði viðfangsefni í íslenskum námskránum frá 1999 og 2013 og í “Next generation science standards”

Bjarni Sævar Þórsson, meistaranemi, MVS, HÍ og Haukur Arason, dósent MVS, HÍ

Í þessu erindi verður gerð grein fyrir rannsókn sem var hluti af meistaraverkefni þar sem opinberu íslensku námskrárnar fyrir grunnskóla frá 1999 og 2013 og bandaríska náttúrufræðinámskráin „Next Generation Science Standards“ voru greindar, einkum með tilliti til þeirra viðfangsefna sem tilheyra eðlisfræði, efnafræði og stjörnufræði og nálganir þeirra bornar saman. Grundvallarnálgun þessara þriggja námskráa er að mörgu leyti mjög ólík og endurspeglast það í því hvernig einstök mismunandi þekkingarsvið birtast í námskránum og hvaða nálgun virðist vera á nám barna og unglinga. Jafnframt er framsetningarmáti námskránna ólíkur sem hefur áhrif á hvernig hin ýmsu viðfangsefni birtast í námskránum. Við greiningu námskránna eru skoðuð öll atriði þeirra sem snerta þessar mismunandi greinar, þau greind og flokkuð niður eftir aldri nemenda og eftir mismunandi efnissviðum námsgreinanna svo sem raffræði, kraftfræði og svo framvegis. Í framhaldinu er borið saman hvernig taka skal fyrir hvert efnissvið samkvæmt námskránum og hvernig þeim er raðað niður á aldursstig

nemenda. Jafnframt er skoðað hvort og þá hvernig hugmyndir um nám og kennslu þessara viðfangsefna birtast í námskránum. Að lokum er fjallað um hvort og þá hvernig greining af þessum toga geti gagnast við áframhaldandi þróun náttúrufræðinámskrár hér á landi.

Norrænt samstarf um nýju stærðfræðina á árunum 1960–1967

Kristín Bjarnadóttir, prófessor emerita, MVS, HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar er að skýra afdrif samstarfs Norðurlandanna um gerð nýs stærðfræðinámsefnis í anda nýstærðfræði á öllum skólastigum. Rannsóknaraðferðin er sagnfræðileg og byggð á skjölum um starf Nordiska Kommittén för Modernisering av Matematikundervisningen, NKMM, Norrænu nefndarinnar um nútímavæðingu stærðfræðikennslunnar, á árunum 1960–1967 og skýrslu sem birt var um starfið. Skjölin eru varðveitt í Ríkisskjalasafninu í Stokkhólmi. Í upphafi var ætlunin að semja sameiginlega tilraunanámsefni til prófunar og að það yrði þýtt á tungumál allra Norðurlandanna fjögurra sem þátt tóku í samstarfinu; dönsku, norsku, sænsku og finnsku. Helstu niðurstöður rannsóknar á skjölum nefndarinnar eru að töluvert magn af námsefni var búið til og prófað. Lítið sem ekkert varð úr því að efnið væri þýtt óbreytt á önnur tungumál heldur var það að mestu samið á hverju tungumáli fyrir sig. Íslendingar, sem tóku ekki þátt í samstarfinu, þýddu þó námsefni óbreytt. Danskt efni var þýtt á íslensku fyrir yngsta stig og miðstig, en sænskt efni fyrir unglingastig. Danskar og sænskar kennslubækur, sem urðu til upp úr samstarfinu, voru notaðar óþýddar til kennslu á framhaldsskólastigi en einnig engilsaxneskar bækur. Af bréfaskiptum, sem varðveitt eru í skjalasafninu, má álykta að samstarfi af þessu tagi eru settar ýmsar skorður. Í öllum löndunum stóð yfir endurskoðun á aðalnámskrám og lenging fræðslu- og skólaskyldu sem taka þurfti tillit til í hverju landi. Persónulegar skoðanir og hagsmunir, og átök um höfundarrétt og fjármuni höfðu einnig áhrif.

Starfstengd leiðsögn, starfsþróun og ráðgjöf

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Svava Björg Mörk

Starfsþróun kennara og stjórnenda í Fjölbrautaskóla Suðurnesja: Starfstengd leiðsögn og jafningjaráðgjöf

Guðmundur Grétar Karlsson, framhaldsskólakennari, Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur tekið þátt í þróunarverkefni um stoðkerfi við starfsþróun frá árinu 2018. Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda stendur að verkefninu. Stoðkerfi við starfsþróun merkir í raun fyrirkomulag eða skipulag sem styður við starfsþróun og er í þessu þróunarverkefni m.a. verið að prófa leið að stuðningi háskóla við starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Kennarar þurfa góðar aðstæður og möguleika til stöðugrar og fjölbreyttrar menntunar og starfsþróunar. Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið starfandi hópur starfsmanna sem vinnur að þróunarverkefnum, hittist sá hópur einu sinni í mánuði og ber saman bækur sínar. Þessir fundir eru hugsaðir sem jafningjastuðningur þar sem starfsmenn geta fengið ráð og leiðsögn í sínum verkefnum. Ráðgjafi frá HÍ hefur svo mætt á fundina, verið starfsmönnum og verkefnastjóra innan handar og gefið ráð. Meðfram þessu eru möguleikar starfsmanna til starfsþróunar kortlagðir innan skólans og nýjar leiðir prófaðar sem hópurinn hefur tekið þátt í að prófa. Má þar nefna lestur og umræður greina sem tengjast starfinu og heimsóknir í kennslustundir. Markmiðið með þessu er að þróa starfsþróunarmódel sem gæti mögulega nýst öðrum skólum.

Á milli steins og sleggju: Mikilvægi menntunar og fagþróunar leikskólakennaranema í vettvangsnámi

Svava Björg Mörk, aðjúnkt, MVS, HÍ og Arna H. Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Samstarf á milli háskóla og leikskóla í vettvangsnámi kennaranema er mikilvægur þáttur í fagþróun tilvonandi kennara. Leiðsögn sem kennaranemar fá meðan á vettvangsnámi stendur skiptir máli og einnig hefur fagmál leiðsagnarkennara áhrif á nám nemanna. Á Íslandi vinnur meirihluti leikskólakennaranema með náminu, fáir leikskólakennarar starfa á vettvangi og því eru ekki margir með leiðsagnarkennaramenntun. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á upplifun þátttakenda af vettvangsnámi í leikskólakennaranámi. Rýnihópaviðtöl voru tekin við hagsmunaaðila í leikskólakennaramenntun; leikskólakennaranema, leiðsagnarkennara, leikskólastjóra og háskólakennara í leikskólakennaranámi. Í gagnaúrvinnslu kom mikilvægi leiðsagnar berlega í ljós. Nemendur spegluðu reynslu sína og mikilvægi leiðsagnar í vettvangsnáminu. Þeir voru sammála um að leiðsagnarkennarar hefðu mikil áhrif á nám þeirra, hvort sem þeir hefðu lítinn eða mikinn áhuga á eigin starfi eða leiðsagnarhlutverki. Nemendur sögðu að færir leiðsagnarkennarar hefðu mikil áhrif á færni þeirra til að rýna í reynslu sem þeir fengu á vettvangi. Nemendur ræddu einnig glímuna við að vera bæði nemendur og í starfi með námi. Aðrir hagsmunaaðilar ræddu um mikilvægi leiðsagnarkennarans, hæfni hans til að leiðbeina og styðja við nám leikskólakennaranemans. Þeir ræddu einnig glímuna sem nemendur standa frammi fyrir að vinna með námi. Rannsóknin er mikilvægt framlag til leikskólasamfélagsins og eykur skilning á tilgangi leiðsagnar í menntun leikskólakennaranemenda.

Sköpun og tækninýjungar í fullorðinsfræðslu

Nám fullorðinna

Hróbjartur Árnason

Nýtt námsumsjónarkerfi: Microsoft Teams með OneNote

Hanna Guðríður Daníelsdóttir, verkefnastjóri, Póst- og fjarskiptastofnun

Rannsóknin fjallar um nýjan hugbúnað sem hafði trúlega ekki verið notaður við kennslu hér á landi áður en þetta verkefni fór af stað. Í rannsókninni er verið að skoða hvernig Teams með OneNote heldur utan um nemendahóp sem námsumsjónarkerfi. Haustið 2018 byrjaði kennari við Háskóla Íslands, Hróbjartur Árnason, að nota Teams ásamt OneNote-glósubók sem námsumsjónarkerfi, eða „miðju námskeiðsins“ / „heimili námskeiðsins“ eins og hann kallaði það. Hann notaði þau á öllum þeim námskeiðum sem hann kenndi árin 2018–2020. Námskeiðin voru skipulögð sem blandað nám. Þannig áttu þátttakendur að geta tekið jafnan þátt, hvort sem þeir mættu í skólann reglulega eða tóku þátt á vefnum. Tilgangur minn með rannsókninni var að finna út hvernig og hvort væri hægt að bæta samvinnu og samskipti á námskeiði í háskóla, þar sem fullorðnir námsmenn eru við nám, með því að nota Teams með OneNote og hvernig þessi hugbúnaður styður við nám. Kennsluhættir eru að breytast almennt og námskeiðum sem fara alfarið fram á Internetinu fer stöðugt fjölgandi. Það á við ekki síst í ljósi þess sem gerst hefur síðastliðna mánuði, þ.e. þeim sjúkdómi sem kórónuveiran COVID-19 veldur og hefur haft áhrif í samfélaginu. Nám og kennsla framhaldsskóla og háskóla landsins hafa flust á Internetið í tengslum við samkomubann og hafa margir gripið til þess að nota Teams í því samhengi. Meðal kennara velta menn fyrir sér hvaða áhrif sá lærdómur sem kennarar hafa dregið af reynslunni muni hafa á kennslu til framtíðar. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að Teams með OneNote haldi vel utan um nemendahópinn og hugbúnaðurinn sé aðgengilegur hvar sem er svo framarlega sem aðgengi sé að tækjum og neti. Námskeiðin sem ég notaði til þess greina voru annars vegar tvö námskeið þar sem ég var sjálf þátttakandi. Hins vegar fékk ég aðgang að námskeiðum þar sem ég fékk að fylgjast með öllu því sem gerðist á netinu, fékk aðgang að umræðum og upptökum úr tímum og þar sem OneNote var notað hafði ég aðgang að því. Ég var eins og fluga á vegg, las umræðuþræði og hlustaði á upptökur. Þar að auki sendi ég út spurningakönnun, tók viðtal við Hróbjart og hélt dagbók yfir mína reynslu og upplifun. Þátttaka var misjöfn á námskeiðunum en greining á gögnum sem urðu til sýnir að það skiptir sköpum að kennari hafi þekkingu og færni til þess að halda nemendum við efnið. Huga þarf vel að innleiðingu hugbúnaðar til kennslu því hjá nemendum virtist of mikill tími fara í að tileinka sér námsumsjónarkerfið þrátt fyrir aðgengi þeirra að leiðbeiningum.

Ekki láta skynsemina bera hugmyndina ofurliði

Geir Hólmarsson, framhaldsskólakennari, Menntaskólinn á Akureyri

Sköpun er ekki vísindalegt heildarhugtak heldur er merking þess sprottin af menningarlegum og sögulegum forsendum. Ekki er til nein algild skilgreining á fyrirbærinu og það eitt fer gegn þeim skilyrðum sem allt vísindastarf grundvallast á; afmörkun og hrekjanleika. Samt höfum við rannsakað sköpun með vísindalegum hætti í um 70 ár og niðurstaðan er töluvert undir væntingum. Afleiðingin er afskaplega flókin sviðsmynd. Ég hef rannsakað hugtakið sköpun frá árinu 2006, hef orðið nokkuð skýra mynd af fyrirbærinu og mun fjalla um hana í erindi mínu. Rannsóknir á sköpun hafa fyrst og fremst farið fram innan sálfræðinnar en ég byggi mitt sjónarhorn á mun fjölbreyttari forsendum, allt frá rannsóknum á samfélagssögu mannsins til nýjustu rannsókna á lífeðlisfræðilegri virkni heilans. Ég hef myndað með mér sjónarhorn sem byggir á tveimur þáttum. Annars vegar að sköpun er hugtak yfir eðlislægt hugrænt fyrirbæri mannlegrar hugsunar sem byggir á virku ímyndunarafli og ræður því hvernig við skiljum veröldina og hvaða merkingu við leggjum í þann skilning. Hins vegar að hvernig sköpunin birtist okkur er háð þeirri samfélagsgerð og samfélagsmenningu sem við reisum utan um sameiginlega tilveru okkar. Vestræn samfélagsgerð hefur t.d. síðustu 500 árin jaðarsett ímyndunaraflið og ofgert röklegri skynsemishyggju sem m.a. birtist í því hvernig við hugsum sem samfélag en sá þankagangur er mjög ólíkur skapandi eðlishugsun mannsins. Ég mun í erindi mínu útleggja þessar niðurstöður og leggja fram hugmynd að öðrum valkosti en þeim sem blasir við okkur í umræðunni um sköpun.

Nám og sköpun, tvö nátengd hugtök – afleiðingar þess fyrir kennslu fullorðinna

Hróbjartur Árnason, lektor, MVS, HÍ

Lengi hefur fólk rætt um nám sem eitthvað sem gerist þegar fólk aflar upplýsinga og hæfni, á virkan hátt og óbeint. Þannig að þegar einhver vildi styðja skipulega við nám annarra væri meginverkefni hans eða hennar að miðla upplýsingum, á áhrifaríkan, áhugaverðan og skiljanlegan hátt. Í ljósi þess sem við vitum nú um nám og kennslu hlýtur þetta þó að teljast ákaflega einfaldur skilningur á fyrirbæri sem er margþættur og flókinn þáttur mannlegrar tilveru. Á svipaðan hátt hefur frumleg sköpunargáfa verið álitin hæfileiki sem fólk hefur eða ekki. Þó hafa þeir sem rannsakað hafa sköpun löngu sýnt fram á að frumleg sköpunargáfa sé hæfni sem allir hafa og sé hægt að læra, þjálfa og kenna. Rannsókn á kenningum um miðlæga ferla í námi fullorðinna annars vegar og í sköpun hins vegar leiðir í ljós að þessi tvö ferli eru náskyld og virðast stundum vera sitt hvor hliðin á sama peningnum. Í þessari

kynningu mun ég gera grein fyrir greiningu minni á rannsóknum og kenningum um nám annars vegar og sköpun hins vegar. Greiningin bendir til þess að þessi tvö ferli séu náskyld og skarist. Það leiðir til spurninga um merkingu þess fyrir skipulagt nám fyrir fullorðna, hvort sem það fer fram á ráðstefnum, símenntunarnámskeiðum eða þjálfun á vinnustöðum. Ef nám og sköpun eru náskyld ferli, gæti verið að umhverfi, nálganir og aðferðir sem við þekkjum úr heimi sköpunar ættu að fá meira vægi í umhverfi og ferlum sem eru skipulögð með nám fullorðinna að markmiði?

Raunfærnimat á háskólastigi og nýjar námsleiðir í framhaldskólum

Nám fullorðinna

Hróbjartur Árnason

Raunfærnimat á háskólastigi, næstu skref

Ína Dögg Eyþórsdóttir, verkefnisstjóri, Matsskrifstofa Kennslusviðs, HÍ

Í tilmælum frá Ráðherraráði Evrópusambandsins frá 2012 var mælt með því að öll lönd Evrópusambandsins innleiddu raunfærnimat á öllum skólastigum fyrir árið 2018.
Raunfærnimat er vel grundvallað á framhaldsskólastigi hér á landi, sérstaklega í starfsnámi, en lítið hefur farið fyrir því á háskólastiginu. Undanfarið hafa um 500 manns farið í gegnum raunfærnimat hérlendis hvert ár, flestir til styttingar á námi í framhaldsskólum. Árið 2015 vann nefnd, að frumkvæði Matsskrifstofu HÍ, skýrslu þar sem skoðað var annars vegar hvort og hvernig háskólastigið gæti nýtt sér raunfærnimat við inntöku í háskóla og hins vegar hvernig mætti innleiða raunfærnimat á háskólastigi til styttingar á námi. Í þessu erindi verða niðurstöður skýrslunnar skoðaðar stuttlega, þróun umræðunnar rakin innan háskólasamfélagsins og fyrstu tilraunir við HÍ kynntar. Þrátt fyrir að skipulagt og formlegt raunfærnimat hafi verið í boði við bandaríska háskóla frá áttunda áratug síðustu aldar, hefur þekking sem fólk aflar sér í gegnum reynslu, t.d. í starfi, óvíða verið metin til styttingar á námi í Evrópu hingað til. Í þessu erindi verða niðurstöður skýrslunnar skoðaðar stuttlega, þróun umræðunnar rakin innan háskólasamfélagsins og fyrstu tilraunir við HÍ

Stytting háskólanáms með raunfærnimati

Soffía Gísladóttir, forstöðumaður, Vinnumálastofnun Norðurlandi eytra og Austurlandi

Er raunhæft að meta hæfni sem áunnist hefur á vinnumarkaði, til ECTS-háskólaeininga, með það í huga að stytta nám til háskólagráðu í grunnnámi? Þessari spurningu mun ég reyna að svara í erindi mínu og byggir það á niðurstöðu raunfærnimats sem fór fram í tilraunaskyni við Háskólann á Akureyri sl. vetur

þegar reyndur blaðamaður, til rúmlega 30 ára, var raunfærnimetinn við fjölmiðlafræði Háskólans á Akureyri. Á íslenska vinnumarkaðinum fyrirfinnst mikill mannauður og í honum búa verðmæti sem oftar en ekki eru vanmetin þegar ráða skal fólk til starfa. Þessir einstaklingar, með sérhæfingu af vinnumarkaði, hafa öðlast þekkingu sem er ekki síður metin til aukins hagvaxtar en sú þekking sem einstaklingar hafa öðlast í hinu formlega skólakerfi. Allt að 30% fólks með starfs- og framhaldsmenntun á Íslandi, þar með talið stúdentspróf, er í störfum umfram menntunarstig, þ.e. störfum sem krefjast háskólamenntunar. Þessir einstaklingar hafa alla tíð eflt sig í starfi með ýmsum námskeiðum og nýjungum á vinnumarkaði, ekki síst tæknilega, og hafa verið eftirsóttir sem starfskraftar. Margir þessara einstaklinga hafa gert tilraun til þess að hefja háskólanám, en hafa hrökklast frá námi vegna þess að þeim finnst þeir ekki eiga heima á skólabekk, í grunnnámi háskóla, við hlið nemenda sem hafa nýlokið stúdentsprófi og hafa ekki til að bera neina starfsreynslu, að ráði, af vinnumarkaði. Þeir upplifa sig á röngum stað. Ég mun fjalla um ferlið við raunfærnimatið, niðurstöðuna sem og tækifærin sem bjóðast, fari háskólar á Íslandi þá leið að bjóða upp á raunfærnimat til styttingar á háskólanámi.

Gerum færni innflytjenda sýnilega – áskoranir og möguleikar í raunfærnimati

VISKA – FA / IÐAN / Menntavísindastofnun
Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir

Kynning á VISKA-verkefninu (Erasmus KA3) – helstu markmið, verkfæri og afurðir

Fjóla María Lárusdóttir, sérfræðingur, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fjallað verður um hvernig hægt er að gera færni innflytjenda á Íslandi sýnilegri með því að nota aðferðir raunfærnimats. Kynnt verða helstu markmið, verkfæri, afurðir og niðurstöður úr þriggja ára stefnumótandi tilraunaverkefni, VISKA (Visible Skills of Adults, – Erasmus KA3) sem leiddi í ljós bæði áskoranir og möguleika til að nýta raunfærnimatskerfið á Íslandi fyrir innflytjendur á vinnumarkaði. Raunfærnimat hefur verið í þróun hér á landi síðan árið 2004 á móti hæfniviðmiðum námskráa á framhaldsskólastigi og reynst mjög vel til að draga fram og staðfesta færni fólks til styttingar á námi. Nú eru um 50 leiðir í boði á framhaldsskólastigi (námskrár í raunfærnimati). Einnig hafa verið þróaðar leiðir þar sem hæfni er metin á móti hæfnikröfum starfa. Um 5500 manns hafa nýtt sér ferlið hingað til, en lítil þátttaka verið á meðal innflytjenda. Skoða þurfti raunfærnimatsferlið, aðferðir og verkfæri með tilliti til markhópsins sem voru pólskir innflytjendur, en stærstur hluti innflytjenda á Íslandi er af pólsku bergi brotinn. Ný verkfæri til raunfærnimats voru þróuð (t.d. mat á yfirfæranlegri hæfni) og önnur þýdd yfir á pólsku. Undirbúningur og þjálfun allra sem komu að matinu; ráðgjafa, matsaðila og

túlka var efld m.t.t. markhópsins. Niðurstöður verkefnisins sýna að bæta þarf aðgengi innflytjenda að raunfærnimati og íslensku menntakerfi. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda bendir á mikilvægi þess að innflytjendur fái mat á menntun og færni og gefa niðurstöður rannsóknarinnar vísbendingar um hvaða áskoranir og möguleikar bíða úrlausnar.

VISKA – Tilraunahluti verkefnisins

Helen Gray, þróunarstjóri, IÐAN fræðslusetur og Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, IÐAN fræðslusetur

IÐAN fræðslusetur fór fyrir framkvæmd raunfærnimats í VISKA-verkefninu (Visable Skills of Adults) á Íslandi. Markhópurinn samanstóð af Pólverjum starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Alls fóru 45 þátttakendur í raunfærnimatinu á móti námsskrám í löggildum iðngreinum og hæfniviðmiðum starfa. Lögð var áhersla á að opna núverandi raunfæmimatskerfi fyrir innflytjendum og skoða í gegnum það ferli áskoranir og tækifæri því tengd. Einnig fór fram prófun á samevrópsku vefmatstæki fyrir innflytjendur. Framkvæmdin leiddi meðal annars í ljós eftirfarandi atriði: Almennt er ekki hægt að yfirfæra núverandi raunfærmimatskerfi óbreytt yfir á innflytjendur; hlutverk túlka og sérstök þjálfun þarf að vera skýr og til staðar þegar unnið er með innflytjendur; upplýsingagjöf til innflytjenda um raunfærnimat vantar; aðgengi innflytjenda að raunfærnimati og menntakerfinu er áhyggjuefni; viðbótarþjálfun fyrir matsaðila og aðra sem koma að raunfærmimati fyrir innflytjendur hafði verulega þýðingu fyrir framkvæmdina; hagsmunaaðilar vilja stuðla að færniþróun innflytjenda; umræða um íslenskukunnáttu var áberandi. Ávallt er þörf fyrir að endurskoða, aðlaga og uppfæra stefnumál hverju sinni. Stefnur þurfa að byggja á þörfum, annars er hætta á að illa sé farið með fjármagn, tíma og aðföng. Í VISKA-verkefninu voru dregnar fram áskoranir og tækifæri í tengslum við raunfærnimat fyrir innflytjendur og leitað leiða innan þess til að leysa þær meðan á tilrauninni stóð. Sumar áskoranir eru enn óleystar.

Rannsóknarhluti VISKA-verkefnisins. Gerum færni innflytjenda sýnilega – áskoranir og möguleikar í raunfærnimati

Sigrún Sif Jóelsdóttir, verkefnastjóri, MVSt, HÍ

Hlutverk Menntavísindastofnunar í verkefninu VISKA var að þróa rannsóknaráætlun og matstæki í samvinnu við rannsóknaraðila og framkvæma gagnasöfnun og greiningu. Megindlegum gögnum var safnað í ferlinu og lögð fyrir könnun í upphafi og við lok ferlis. Eigindlegum gögnum var safnað með einstaklingsviðtölum við þátttakendur og rýnihópaviðtölum, annars vegar við stefnumótendur og hins

vegar við starfsfólk verkefnis og matsmenn. Þátttakendur voru 26 karlar og 25 konur, fædd 1958–1995, flest í Póllandi. Flest voru húsasmiðir eða matráðar en einnig úr öðrum stéttum. Flest höfðu búið á Íslandi í sex ár eða meira. Menntunarstig í hópnum var hærra en búist var við sem styður að einhverju leyti þá skoðun almennt að það sé ósamræmi á milli menntunar og starfa á vinnumarkaði. Aðspurð hvað hefði komið í veg fyrir að viðkomandi hefði bætt við sig menntun eða bætt stöðu sína á vinnumarkaði hingað til voru tungumálaerfiðleikar oftast nefndir. Þátttakendur lýstu óvissu um hvað tekur við eftir raunfærnimat, sögðu óljóst hvernig ferlið myndi gagnast þeim í skólakerfinu eða hafa áhrif á laun. Vekja þarf almenna vitneskju um ábata með raunfærnimati. Samkvæmt starfsfólki verkefnis og matsmönnum þarf að leggja áherslu á að túlkur við verkefni hafi orðaforða fagstéttar og hæfni í báðum tungumálum. Fólk hafði væntingar um að ljúka námi í samræmi við raunfærnimat, stuðningur frá yfirmanni væri mikilvægur í ferlinu og einnig að innflytjendur þekktu rétt sinn svo vinnuafl þeirra væri ekki misnotað. Stefnumótendur töldu vera aukinn skilning í umræðu á þörf fyrir raunfærnimat en áríðandi að fólk á vinnumarkaði sæi fjárhagslegan ávinning með matinu í samhengi við kjarasamninga.

Rannsóknir á verk- og starfsmenntun

Rannsóknarstofa um verk- og starfsmenntun
Elsa Eiríksdóttir

Námsleið skiptir máli: Langtímarannsókn á gildi náms og trú á eigin getu í bóknámi og starfsnámi

Heiður Hrund Jónsdóttir, doktorsnemi, FVS, HÍ og Kristjana Stella Blöndal, dósent, FVS, HÍ

Framhaldsskólanemar sem hafa trú á eigin námsgetu og telja nám sitt merkingarbært eru líklegri til að ljúka námi og auka þannig almenna velferð sína til framtíðar. Í erindinu verður farið yfir niðurstöður rannsóknar á þeim breytingum sem verða á trú á eigin námsgetu og skynbragði á gildi námsins meðan á framhaldsskólagöngu stendur. Þessar breytingar verða skoðaðar út frá því hvort nemendur stunduðu bóknám eða starfsnám og hvort þeir höfðu verið í bóknámsskóla eða fjölbrautaskóla. Notast er við gögn úr langtímarannsókninni Borgarbörn þar sem spurningakönnun var lögð fyrir nemendur í 10. bekk á höfuðborgarsvæðinu og svo aftur fjórum árum seinna, auk upplýsinga frá Hagstofu Íslands um námsferil þátttakenda eftir að grunnskólagöngu þeirra lauk. Tveggja þátta blandað ANOVA-próf (e. two-factor mixed ANOVA) sýndi að nemar í starfsnámi mátu námsgetu sína og merkingarbærni náms meiri við lok framhaldsskóla en þeir gerðu við lok grunnskóla en hið gagnstæða átti við um bóknema í bóknámsskólum. Niðurstöðurnar eru á skjön við kenningar um að starfsnámsnemar þrói með sér neikvæðari viðhorf en bóknemar þar sem þeir beri sig saman við nemendur á námsbrautum og skólum

sem almennt njóta meiri virðingar en þeirra eigin námsleið. Þetta bendir til þess að samanburður nemenda við bekkjarfélaga og aðra nema í sínu nánasta námsumhverfi vegi þyngra en samanburður við hinn dæmigerða framhaldsskólanema. Niðurstöðurnar eru mikilvægar þegar kemur að því að efla trú starfsnámsnema á eigin getu strax í grunnskóla sem og sporna gegn því að bóknemar missi þá trú sem þeir áður höfðu á eigin getu.

Sveinspróf í iðnmenntakerfinu: Bleiki fíllinn í stofunni

Guðfinna Guðmundsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ og Elsa Eiríksdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í erindinu verður fjallað um sveinspróf, bæði út frá stöðu þeirra sem samfélagsleg viðurkenning á hæfni fagmanns og sem lokamat á námi í iðngrein. Sveinsprófin eru próf atvinnulífsins og tekin eftir að námi í skóla lýkur með burtfararprófi og vinnustaðahluta námsins er lokið. Sveinspróf í iðngrein er álitið gott veganesti fyrir þann sem það hefur, þar sem það veitir lögvernduð réttindi til að starfa sjálfstætt við iðngrein og er talið mælikvarði á kunnáttu fagmanns í greininni. Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf þeirra sem starfa innan starfsmenntakerfisins til hlutverks og framkvæmdar sveinsprófa. Unnið var úr viðtalsgögnum við kennara, meistara og sveina í fjórum ólíkum iðngreinum. Niðurstöður benda til þess að innihaldsréttmæti sveinsprófa sé ábótavant og að ekki sé verið að meta það sem kennt er í náminu í heild, það er í skóla og á vinnustað. Viðmælendur höfðu ekki allir sömu sýn á hvort sveinsprófið væri í takt við kröfur fagsins og þess sem kennt væri á vinnustöðum, en flestir voru sammála um að svo væri ekki. Niðurstöður sýna að lagaumhverfi sveinsprófa er flókið og þarfnast endurskoðunar og lagfæringar. Ekki er nægilegt að setja lög og reglugerðir ef engin viðurlög eru ef ekki er farið eftir þeim. Nám til iðnsveins í tvískiptu kerfi löggiltra iðngreina er ekki heildstætt. Gæði náms á vinnustað er ekki markvisst og þarf því að lagfæra fyrirkomulagið til þess að tryggja að sveinsprófin mæli þá þekkingu, hæfni og leikni sem iðnneminn á að hafa fengið í vinnustaðahluta námsins.

Nám á vinnustað í löggiltum iðngreinum

Elsa Eiríksdóttir, dósent, MVS, HÍ

Nám í löggiltum iðngreinum á Íslandi fer fram í skóla og á vinnustað. Á síðastliðnum áratugum hafa yfirvöld bæði í Evrópu og Íslandi lagt áherslu á mikilvægi þess að nemar í starfsmenntun taki hluta af náminu á vinnustað. Vinnustaðanám er talið hafa marga kosti, t.d. raunhæfa þjálfun og tengsl við starfsvettvang. Eins hafa rannsóknir sýnt fram á að styrkleikar vinnustaðanáms eru aðrir en náms í skóla og þegar vel tekst til bæta þessir námsstaðir hvor annan upp. Helsta gagnrýnin á vinnustaðanám snýr að vandkvæðum við að tryggja gæði þess og að nemar fái í raun þá þjálfun sem ætlast er til.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því að útvega námsstað og lítið eftirlit virðist með vinnustaðanáminu. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á tilhögun og framkvæmd vinnustaðanáms í löggiltum iðngreinum. Sveinar, meistarar og kennarar svöruðu rafrænni spurningakönnun (N=667; svarhlutfall 24%) um ólíka þætti iðnnáms, meðal annars vinnustaðanám. Í fyrirlestrinum er ætlunin er að fjalla um niðurstöður sem snúa að tilhögun og framkvæmd vinnustaðanáms. Nánar tiltekið hvernig það er skipulagt, hvernig nemum gengur að útvega sér námsstað, hvernig námi og kennslu er hagað á vinnustað og upplifun nema af vinnustaðanáminu með tilliti til félagslegs stuðnings, hvatningar og áhuga. Fyrstu greiningar gefa til kynna að niðurstöðurnar muni varpa ljósi á ólík viðhorf hópanna þriggja og sýna hvernig tilhögun og menning í vinnustaðanámi er ólík eftir flokkum iðngreina. Niðurstöðurnar verða ræddar í samhengi við fyrri rannsóknir og umræðu um hvernig tryggja má gæði vinnustaðanáms.

Kynbundið nám í framhaldsfræðslunni. Starfsmenntun fyrr og nú

Arna Jakobína Björnsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, formaður Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu

Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynjaskiptur, konur eru áberandi í umönnunarstörfum en karlar í iðngreinum og ýmsum framkvæmdatengdum störfum. Ungt fólk velur síður starfs- og iðnnám en bóknám og stúlkur enn síður en piltar. Síðastliðinn áratug hefur námsframboð fyrir fullorðna aukist á vegum framhaldsfræðslunnar. Það vekur spurningar um hvort framhaldsfræðslan sé einnig kynjuð með einhverjum hætti. Markmið með rannsókninni er að skoða kynjaskiptingu nemendahóps framhaldsfræðslukerfisins, hvaða námsleiðir konur og karlar velja, hvaða leiðir standa þeim til boða og hvort þar komi fram kynjun sem endurspegli vinnumarkaðinn. Unnið var með upplýsingar úr gagnagrunni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA). Af þeim 31.487 einstaklingum sem sóttu námsleiðir samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á árabilinu 2005–2017 voru konur 69% og karlar 31%. Konur voru í miklum meirihluta í námi sem snýr að umönnun sem er í takt við kynjaskiptingu á vinnumarkaði. Alls fór 4.431 einstaklingur í raunfærnimat á árabilinu 2007–2017 og var þar einnig mikið ójafnvægi í kynjaskiptingunni en hallaði á konur. Karlar voru 69% þeirra sem nýttu sér raunfærnimat en konur 31%. Raunfærnimat er aðallega í boði þegar um er að ræða löggiltar iðngreinar og endurspeglar því bæði hefðbundið og gjarnan karllægt iðnnám í framhaldsskólum hins kynjaskipta vinnumarkaðar. Í ljósi þessara niðurstaðna væri verðugt viðfangsefni framhaldsfræðslunnar að leita nýrra leiða til að breyta því kynjakerfi í menntun sem virðist hafa viðhaldið sjálfu sér. Þannig yrði spornað við neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla og stuðlað að þróun í takt við það sem jafnréttislög kveða á um.

Látum draumana rætast – nýsköpun og tækni

Nýsköpunarmiðja menntamála á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur
Fríða Bjarney Jónsdóttir

Þróun, nýsköpun og alþjóðasamstarf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja, Nýsköpunarmiðja menntamála á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur og Fríða Bjarney Jónsdóttir, Deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála

Vinna við innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkurborgar hófst á vordögum 2019 þegar kallað var eftir umsóknum um styrki í þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs, „Látum draumana rætast“. Öllum leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum í Reykjavík gafst þá kostur á að sækja um allt að 200 m.kr. til þróunar- og nýsköpunarverkefna fyrir skólaárið 2019–2020. 150 m.kr. var úthlutað til um 170 verkefna til allra grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita í borginni en 50 m.kr. var úthlutað til stærri samstarfsverkefna þar sem gerð var krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga, s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita, annarra skóla eða starfsstaða. Verkefnin þrjú sem hér verða til umfjöllunar eru öll dæmi um slík samstarfsverkefni. Auk framangreindra styrkja var ein af almennum aðgerðum við innleiðingu menntastefnunnar að auka hnitmiðaða sókn í samkeppnissjóði til að fjármagna alþjóðasamstarf með það að markmiði að styðja við þróun, nýsköpun og starfsþróun starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Í innleiðingarferlinu er mikil áhersla lögð á að styðja starfsstaði við að sækja um styrki ásamt að auka aðgengi að upplýsingum um verkefni og miðla niðurstöðum. Í erindinu verður fjallað um þróunar- og nýsköpunarsjóðinn og sýnd dæmi um stærri alþjóðleg verkefni sem unnið hefur verið að fyrsta ár innleiðingarinnar.

Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri, Frístundamiðstöðin Tjörnin og Andrea Marel, deildarstjóri, Frístundamiðstöðin Tjörnin

Haustið 2018 fékk verkefni sem miðaði að því að ramma betur inn vettvangsstarf (e. field work) félagsmiðstöðva í Reykjavík styrk úr B-hluta sjóðs menntastefnu Reykjavíkur, „Látum draumana rætast“. Frístundamiðstöðin Tjörnin stýrði verkefninu fyrir hönd félagsmiðstöðva í borginni. Í málstofunni verður farið yfir markmið, leiðir og framkvæmd á verkefninu. Þær afurðir sem hafa orðið til í þessu nýsköpunarverkefni eru meðal annars handbók um foreldrarölt, handbók og fræðslupakki

um vettvangsvinnu fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva auk þess sem stofnuð var flakkandi félagsmiðstöð sem hlaut nafnið Flotinn. Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, tók til starfa sumarið 2020 en strax þá kom í ljós að mikil þörf er á að starfsmenn félagsmiðstöðva séu sýnilegir á vettvangi og til staðar fyrir unglinga í hverfum borgarinnar. Unnið var með helstu þætti menntastefnunnar; félagsfærni, heilbrigði, sjálfseflingu, fagmennsku og samstarf.

Draumasviðið: Kynning á verkefninu

Eva Halldóra Guðmundsdóttir, forstöðumaður, Félagsmiðstöðin Tjörnin

Á dögum þar sem félagslegu öryggi okkar er ekki einungis ógnað í raunheimum heldur einnig á netinu þróa unglingar með sér óraunhæfar kröfur til eigin lífs, hvernig þau „eiga“ að líta út, hvað er eðlilegt í samskiptum og hver vinnan er að baki sigrunum. Oft eru þessar raddir ráðandi í lífi barna og unglinga og því þurfa þau leiðsögn við að læra gagnrýna hugsun, sjálfseflingu og samkennd. Draumasviðið var samstarfsverkefni Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Austurbæjarskóla og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem hlaut styrk úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Markmið verkefnisins var að þróa ákveðið mótsvar við þessum áskorunum í lífi unglinga í gegnum „Draumasviðið“, leiklistaráfanga sem boðið var upp á sem val fyrir 8.–10. bekk í Austurbæjarskóla. Í málstofunni verður farið yfir hvernig samsköpunarvinna leiðir að markmiðum áfangans. Forsendur áfangans voru að listin væri rannsóknarleiðangur þar sem unnið væri með spurningar og forvitni þátttakenda virkjuð. Mikilvæg niðurstaða verkefnisins var að unglingar fengju vettvang til að kynnast aðferðum og leiðum til að skapa sjálfstætt, vinna í hópi og leiða hópavinnu. Í samsköpunarvinnu (e. devised theatre) í sviðslistum hefur hver og einn mikilvægu ábyrgðarhlutverki að gegna við að framfylgja sýn hópsins. Í gegnum ferlið og þátttöku í áfanganum teljum við að unglingarnir hafi axlað þá ábyrgð sem um leið hafði áhrif á trú þeirra á eigin getu og efldi sjálfstraust þeirra.

Betri Bústaðir – Aukið heilbrigði barna og unglinga í Bústaðahverfi

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Þróunar- og nýsköpunarverkefnið „Betri Bústaðir“ er samstillt forvarnarátak í Bústaðahverfi sem unnið er að 2019–2020. Markmiðið var að börn og unglingar í hverfinu næðu viðmiði um nægan svefn ásamt minni neyslu á orkudrykkjum og rafsígarettum. Til grundvallar liggur m.a. könnun Rannsókna og greiningar þar sem fram kemur að unglingar í hverfinu skora hærra í þessum þáttum í samanburði við Reykjavík í heild. Grunnskólar hverfisins unnu náið með Landlæknisembættinu, en m.a. var haldið

nemendaþing og niðurstöður þess nýttar í áframhaldandi vinnu í lífsleiknitímum. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis sá um undirbúning nemendaþingsins í samstarfi við foreldrafélög skólanna. Frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar í hverfinu ásamt íþróttafélaginu Víkingi og skátafélaginu Garðbúum lögðu sitt af mörkum með umræðum, hópavinnu og fræðslu tengdum ofangreindum þáttum. Í febrúar var blásið til foreldraþings þar sem boðið var upp á fyrirlestra tengda umræddum þáttum og samræðu um hvernig foreldrar gætu lagt sitt af mörkum. Verkefnið var og verður metið meðal annars af HR þar sem gerð var könnun áður en verkefnið fór af stað ásamt könnun eftir að verkefninu lýkur. Einnig verða niðurstöður Rannsókna og greiningar bornar saman milli ára til að athuga hvort þetta inngrip hafi haft jákvæð áhrif á svefn barna og unglinga í hverfinu og stuðlað að minni neyslu orkudrykkja og rafsígarettna.

Verkefnið byggir á „íslenska forvarnarmódelinu“ en tilgangur þess var að ná saman og stilla strengi allra þeirra sem koma að vinnu með börnum og unglingum í samvinnu við foreldra. Í erindinu verður sagt frá verkefninu og helstu niðurstöðum þess.

Þróunar- og nýsköpunarstarf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Nýsköpunarmiðja menntamála á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur

Fríða Bjarney Jónsdóttir

Þróun, nýsköpun og alþjóðasamstarf í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar

Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja, Nýsköpunarmiðja menntamála á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkur og Fríða Bjarney Jónsdóttir, Deildarstýra Nýsköpunarmiðju Menntamála

Vinna við innleiðingu á menntastefnu Reykjavíkurborgar hófst á vordögum 2019 þegar kallað var eftir umsóknum um styrki í þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs, „Látum draumana rætast“. Öllum leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum í Reykjavík gafst þá kostur á að sækja um allt að 200 m.kr. til þróunar- og nýsköpunarverkefna fyrir skólaárið 2019–2020. 150 m.kr. var úthlutað til um 170 verkefna til allra grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita í borginni en 50 m.kr. var úthlutað til stærri samstarfsverkefna þar sem gerð var krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga, s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita, annarra skóla eða starfsstaða. Verkefnin þrjú sem hér verða til umfjöllunar eru öll dæmi um slík samstarfsverkefni. Auk framangreindra styrkja var ein af almennum aðgerðum við innleiðingu menntastefnunnar að auka hnitmiðaða sókn í samkeppnissjóði til að fjármagna alþjóðasamstarf með það að markmiði að styðja við þróun, nýsköpun og starfsþróun starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Í innleiðingarferlinu er mikil áhersla lögð á að styðja

starfsstaði við að sækja um styrki ásamt að auka aðgengi að upplýsingum um verkefni og miðla niðurstöðum. Í erindinu verður fjallað um þróunar- og nýsköpunarsjóðinn og sýnd dæmi um stærri alþjóðleg verkefni sem unnið hefur verið að fyrsta ár innleiðingarinnar.

Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, vettvangsstarf félagsmiðstöðva í Reykjavík

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri, Frístundamiðstöðin Tjörnin og Andrea Marel, deildarstjóri, Frístundamiðstöðin Tjörnin

Haustið 2018 fékk verkefni sem miðaði að því að ramma betur inn vettvangsstarf (e. field work) félagsmiðstöðva í Reykjavík styrk úr B-hluta sjóðs menntastefnu Reykjavíkur, „Látum draumana rætast“. Frístundamiðstöðin Tjörnin stýrði verkefninu fyrir hönd félagsmiðstöðva í borginni. Í málstofunni verður farið yfir markmið, leiðir og framkvæmd á verkefninu. Þær afurðir sem hafa orðið til í þessu nýsköpunarverkefni eru meðal annars handbók um foreldrarölt, handbók og fræðslupakki um vettvangsvinnu fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva auk þess sem stofnuð var flakkandi félagsmiðstöð sem hlaut nafnið Flotinn. Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð, tók til starfa sumarið 2020 en strax þá kom í ljós að mikil þörf er á að starfsmenn félagsmiðstöðva séu sýnilegir á vettvangi og til staðar fyrir unglinga í hverfum borgarinnar. Unnið var með helstu þætti menntastefnunnar; félagsfærni, heilbrigði, sjálfseflingu, fagmennsku og samstarf.

Draumasviðið: Kynning á verkefninu

Eva Halldóra Guðmundsdóttir, forstöðumaður, Félagsmiðstöðin Tjörnin

Á dögum þar sem félagslegu öryggi okkar er ekki einungis ógnað í raunheimum heldur einnig á netinu þróa unglingar með sér óraunhæfar kröfur til eigin lífs, hvernig þau „eiga“ að líta út, hvað er eðlilegt í samskiptum og hver vinnan er að baki sigrunum. Oft eru þessar raddir ráðandi í lífi barna og unglinga og því þurfa þau leiðsögn við að læra gagnrýna hugsun, sjálfseflingu og samkennd. Draumasviðið var samstarfsverkefni Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Austurbæjarskóla og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem hlaut styrk úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Markmið verkefnisins var að þróa ákveðið mótsvar við þessum áskorunum í lífi unglinga í gegnum „Draumasviðið“, leiklistaráfanga sem boðið var upp á sem val fyrir 8.–10. bekk í Austurbæjarskóla. Í málstofunni verður farið yfir hvernig samsköpunarvinna leiðir að markmiðum áfangans. Forsendur áfangans voru að listin væri rannsóknarleiðangur þar sem unnið væri með spurningar og forvitni þátttakenda virkjuð. Mikilvæg niðurstaða verkefnisins var að unglingar fengju vettvang til að kynnast aðferðum og leiðum til að skapa sjálfstætt, vinna í hópi og leiða hópavinnu. Í

samsköpunarvinnu (e. devised theatre) í sviðslistum hefur hver og einn mikilvægu ábyrgðarhlutverki að gegna við að framfylgja sýn hópsins. Í gegnum ferlið og þátttöku í áfanganum teljum við að unglingarnir hafi axlað þá ábyrgð sem um leið hafði áhrif á trú þeirra á eigin getu og efldi sjálfstraust þeirra.

Betri Bústaðir – Aukið heilbrigði barna og unglinga í Bústaðahverfi

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Frístundamiðstöðin Kringlumýri

Þróunar- og nýsköpunarverkefnið „Betri Bústaðir“ er samstillt forvarnarátak í Bústaðahverfi sem unnið er að 2019–2020. Markmiðið var að börn og unglingar í hverfinu næðu viðmiði um nægan svefn ásamt minni neyslu á orkudrykkjum og rafsígarettum. Til grundvallar liggur m.a. könnun Rannsókna og greiningar þar sem fram kemur að unglingar í hverfinu skora hærra í þessum þáttum í samanburði við Reykjavík í heild. Grunnskólar hverfisins unnu náið með Landlæknisembættinu, en m.a. var haldið nemendaþing og niðurstöður þess nýttar í áframhaldandi vinnu í lífsleiknitímum. Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis sá um undirbúning nemendaþingsins í samstarfi við foreldrafélög skólanna. Frístundaheimilin og félagsmiðstöðvarnar í hverfinu ásamt íþróttafélaginu Víkingi og skátafélaginu Garðbúum lögðu sitt af mörkum með umræðum, hópavinnu og fræðslu tengdum ofangreindum þáttum. Í febrúar var blásið til foreldraþings þar sem boðið var upp á fyrirlestra tengda umræddum þáttum og samræðu um hvernig foreldrar gætu lagt sitt af mörkum. Verkefnið var og verður metið meðal annars af HR þar sem gerð var könnun áður en verkefnið fór af stað ásamt könnun eftir að verkefninu lýkur. Einnig verða niðurstöður Rannsókna og greiningar bornar saman milli ára til að athuga hvort þetta inngrip hafi haft jákvæð áhrif á svefn barna og unglinga í hverfinu og stuðlað að minni neyslu orkudrykkja og rafsígarettna.
Verkefnið byggir á „íslenska forvarnarmódelinu“ en tilgangur þess var að ná saman og stilla strengi allra þeirra sem koma að vinnu með börnum og unglingum í samvinnu við foreldra. Í erindinu verður sagt frá verkefninu og helstu niðurstöðum þess.

Rannsóknir og deigla á sviði frítímans – fyrri hluti

Rannsóknarstofa í tómstundafræði

Jakob Frímann Þorsteinsson

Félagstengsl barna og unglinga á Íslandi

Sigrún Daníelsdóttir, verkefnastjóri, Embætti landlæknis, Rafn M. Jónsson, Embætti landlæknis og Ársæll Arnarsson, prófessor, MVS, HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar var að greina aðstæður þeirra barna og unglinga sem hafa ekki nógu góð tengsl við foreldra, skóla eða vini. Til þess voru notuð gögn frá stórri alþjóðlegri rannsókn sem nefnist Heilsa og lífskjör skólanema (Health and Behavior of School-Aged Children – HBSC) og er lögð fyrir á fjögurra ára fresti í rúmlega 40 löndum í Evrópu og Norður-Ameríku. Niðurstöður sýndu að um helmingur barna og unglinga telst hafa góð tengsl á öllum þremur sviðum. Tæpur fimmtungur (18%) sagðist eiga erfið samskipti við foreldra sína, 22% við skóla og 27% við vini. Tengslin voru best á meðal yngri barna, en sífellt fleiri mátu tengsl sín slök við ýmist foreldra, vini eða skóla samhliða vaxandi aldri hópanna. Flest ungmenni, sem á annað borð höfðu einhver slök tengsl, höfðu þau aðeins á einu sviði og þá oftast við vini. Afar sjaldgæft var að börn og unglingar upplifðu slök tengsl á öllum sviðum (3%). Við aðhvarfsgreiningu kom í ljós að samskipti við foreldra höfðu mest áhrif á líðan, en tengsl við skóla mest áhrif á áhættuhegðun. Tengsl við vini höfðu vissulega áhrif á líðan, en mun minni en áhrif foreldra og athygli vekur að tengsl við vini höfðu engin marktæk áhrif á áhættuhegðun. Tengsl við vini höfðu hins vegar mest áhrif þegar kom að einelti, en þau sem áttu sterk vinatengsl voru mun ólíklegri til þess að hafa orðið fyrir eða lagt aðra í einelti. Efnahagsstaða foreldra, samkvæmt mati ungmenna, hafði mikil áhrif á tengsl á öllum sviðum.

„Þetta voru miklir lærdómstímar“ – Félagsmiðstöðvastarf á tímum samkomubanns

Eygló Rúnarsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Undanfarin ár hefur umræða um rafræna/stafræna starfsemi félagsmiðstöðva fyrir börn og unglinga aukist. Á Íslandi sem og víðar olli samkomubann vegna COVID-19 því að starfsemi félagsmiðstöðva færðist að öllu eða mestöllu leyti í rafrænan búning nánast fyrirvaralaust. Markmið rannsóknarinnar er að fá innsýn í starf félagsmiðstöðva í breyttu umhverfi samkomubannsins og kalla eftir sýn starfsfólks félagsmiðstöðva á starfsemina og eigin störf. Gagna var aflað með þremur rýnihópaviðtölum meðal starfsfólks í félagsmiðstöðvum sem svaraði opnu kalli um þátttöku í rannsókninni. Viðmælendur í rýnihópunum voru 9, ýmist forstöðufólk eða almennt starfsfólk og starfaði í félagsmiðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Helstu niðurstöður gefa vísbendingar um upplifun starfsfólks á félagsmiðstöðvastarfi í samkomubanni, eigin framlagi og mögulegri þróun félagsmiðstöðvastarfs í stafrænu umhverfi. Jafnframt gefa niðurstöður innsýn í orðræðu og áherslur í starfinu. Gildi rannsóknarinnar felst fyrst og fremst í kortlagningu á aðferðum og áherslum sem breytt starfsemi kallaði á og mögulegum áhrifum þeirra til framtíðar. Rannsóknin er jafnframt liður í að efla þekkingu á starfsemi félagsmiðstöðva á Íslandi og stuðla að þróun fagstarfs og fræða.

Young refugees and integration in Iceland

Eyrún Ólöf Sigurðardóttir, adjunct, University of Iceland

This presentation presents the primary findings of an ongoing research which examines the experiences of young refugees who have received international protection in Iceland following an asylum process in recent years. Focus is placed on the meaning that research participants make of time and place in regard to processes of inclusion and exclusion. The research is based on focus groups and in-depth interviews with young refugees. Some of the primary results indicate that young people who arrive in Iceland as asylum seekers experience various forms of exclusion throughout the asylum process as well as after being granted protection. Physical and social seclusion, as well as often lengthy asylum processes with no predictable end in sight, contribute to a feeling of powerlessness and isolation. Meanwhile, a sense of belonging may be found in acts of solidarity from within and outside of the refugee community.

Rannsóknir og deigla á sviði frítímans – seinni hluti

Rannsóknarstofa í tómstundafræði

Jakob Frímann Þorsteinsson

Táningur að verða tvítugur – Þróun náms í tómstunda- og félagsmálafræði

Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjúnkt, MVS, HÍ

Árið 2001 bauð Kennaraháskóli Íslands fyrst upp á nám í tómstunda- og félagsmálafræði og því eru hartnær 20 ár síðan nám á þessu sviði hófst. Af því tilefni munu starfsmenn námsbrautarinnar gera rannsókn á náminu með það að markmiði að skoða gæði og gagnsemi náms í tómstunda- og félagsmálafræði. Leitast verður við að draga upp heildstæða mynd af viðhorfi fyrrum nemenda til námsins og þeirrar gagnsemi sem þeir telja sig hafa haft af námi sínu. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna viðhorf brautskráðra nemenda til námsins, hvernig námið hefur nýst nemendum í lífi og starfi og hvernig það hefur nýst sem undirbúningur undir frekara nám. Kynnt verður fyrirhuguð spurningalistarannsókn meðal brautskráðra nemenda 2013–2020 sem framkvæmd verður haustið 2020 og er framhald á fyrri rannsókn sem náði til þeirra sem brautskráðust 2005–2012. Notast verður við spurningalista sem er þýddur og staðfærður af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og byggir á spurningalista sem ber nafnið Destination of leavers from Higher Education sem HESA (The Higher Education Statistics Agency) þróaði til að afla gagna um fólk sem lýkur háskólanámi í Bretlandi. Í

erindinu verður fjallað um aðdraganda námsins, þróun nemendafjölda og áherslur í náminu, sem og þær breytingar sem gerðar hafa verið á þessum hartnær 20 árum. Söfnun og greining á þessum opinberu gögnum verður síðan nýtt við að setja spurningalistarannsóknina í samhengi við þróun námsins og þær áskoranir sem námsbrautin glímir við.

Vettvangsnám nemenda í tómstunda- og félagsmálafræði

Steingerður Kristjánsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ og Eyrún Ólöf Sigurðardóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Í þessu erindi er farið yfir þróun vettvangsnáms og gerð grein fyrir helstu áskorunum sem tengjast náminu. Markmið vettvangsnámsins er m.a. að nemendur fái tækifæri til að æfa færni og móta viðhorf í ljósi þeirrar grunn- og hagnýtu þekkingar sem þeir hafa fengið í náminu. Jafnframt eiga nemendur að fá tækifæri til að þróa eigin starfskenningu og fagvitund í kjölfar reynslunnar af vettvangsnáminu og öðlast dýpri sýn á ábyrgð og skyldur tómstunda- og félagsmálafræðinga í starfi nú og í náinni framtíð. Lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til virkrar þátttöku í öllum þeim þáttum er felast í starfi tómstunda- og félagsmálafræðinga með sérstaka áherslu á stjórnun, skipulag, framkvæmd og þróun, svo og fræðslu- og leiðsagnarhlutverk fagstéttarinnar í vettvangsnáminu. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum spurningakönnunar sem send var leiðbeinendum í vettvangsnámi síðustu 3 ár en þar var spurt um reynslu þeirra og upplifun af að hafa nema. Einnig var spurt hvort markmið vettvangsnámsins væru raunhæf, um þróun námsins og stuðning við leiðbeinendur af hálfu kennara og verkefnisstjóra í tómstunda- og félagsmálafræði. Niðurstöður liggja ekki fyrir þar sem könnunin verður lögð fyrir í september 2020.

Einelti – Raddir þolenda og gerenda

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Einelti meðal barna er alvarlegt samfélagslegt vandamál. Þrátt fyrir að margt hafi áunnist á undanförnum árum eru allt of mörg börn sem árlega tengjast einelti með beinum hætti sem þolendur og gerendur. Því þurfum við sífellt að kryfja og rýna í þær aðferðir sem við notum til að fyrirbyggja og grípa inn í eineltismál. Sá hópur sem getur gefið góða innsýn eru þolendurnir og gerendurnir sjálfir. Í þessari rannsókn, sem er eigindleg, voru tekin viðtöl við 150 þolendur og gerendur eineltis. Um er að ræða rannsókn sem unnin var í samstarfi við nemendur í námskeiðinu Einelti, leiðir og lausnir við Menntavísindasvið HÍ. Viðtölin voru tekin á árunum 2014 og 2016–2019. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá innsýn í reynslu þolenda og gerenda af einelti, með áherslu á afleiðingar, verndandi þætti, viðbrögð skóla og hvað hefði mátt betur fara. Niðurstöðurnar eru sláandi og fram koma lýsingar á

atburðum sem enginn ætti að ganga í gegnum. Í erindinu verður greint nánar frá niðurstöðum. Ljóst er að reynsla þolenda og gerenda eykur þekkingu okkar og veitir mikilvægar upplýsingar sem hægt er að nýta til að breyta og bæta þær aðferðir sem notaðar eru í eineltismálum hér á landi.

Heilsuefling og heilsufar – forvarnir og skimanir

Anna Sigríður Ólafsdóttir

Fæðuval og heilsuhegðun barna og unglinga – endurspeglun útlitsdýrkunar?

Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Óheilsusamlegt mataræði og kyrrseta eru heilsutengd vandamál sem orðin eru algeng um allan heim. Þessi heilsutengdu vandamál hrjá ekki aðeins fullorðna heldur einnig börn og unglinga. Þeir þættir sem spila stórt hlutverk eru okkar eigin hegðun og það val sem við stöndum fyrir á degi hverjum. Mikilvægt er að rannsaka og skoða betur heilsuhegðun og heilsumynstur ungmenna, sem og hvað drífur heilsuhegðunina áfram og hvaða áhrif hegðunin hefur meðal annars á líkamlegt atgervi, andlega líðan, líkamsvitund og heilsuna almennt. Eigin heilsa og barna okkar er samsafn af mörgum þáttum sem mynda flókið net. Með því að rannsaka heilsumynstur, heilsuhegðun og fæðuval ungmenna, og skoða hvernig þessir þættir hafa áhrif á líkamlegt atgervi, andlega líðan og líkamsvitund, fáum við aukinn skilning á þeim vandamálum sem fyrirfinnast og hvernig þróa megi aðferðir og aðgerðaáætlanir til framfara og bættrar heilsu. Meðal þátta sem vaxandi áhyggjur eru af er þrýstingur og upplifun gegnum samfélagsmiðla, en mikilvægt er að ungmenni átti sig á að það að vera heilsusamlegur er flóknara en að líta vel út á myndum. Fjallað verður um og farið yfir þær rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið á fæðuvali og heilsuhegðun ungmenna og samspili við samfélagsmiðla og útlitsdýrkun. Niðurstöður þessarar yfirlitsrannsóknar munu gefa mikilvæga sýn inn í þann flókna heim sem heilsa barna okkar er og varpa ljósi á hvað þarf að huga að í framtíðarrannsóknum sem og í aðgerðaáætlunum um lýðheilsu, með það að leiðarljósi að bæta heilsu og lífsgæði ungmenna og komandi kynslóða.

Er krabbameinsskimun ávallt til bóta?

Ástríður Stefánsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í þessu erindi mun ég fjalla um skimanir fyrir krabbameini og velta upp þeirri spurningu hvort þær séu ávallt gagnlegar eða hvort og þá hvernig þær geti valdið skaða. Ég mun byrja á að skilgreina krabbameinsskimanir, rekja markmið þeirra og hvað í þeim felst. Því næst útskýra þann ávinning sem

við væntum að fá en einnig rekja þann skaða sem skimanir geta valdið. Lítið hefur almennt verið fjallað um þá áhættu sem felst í þátttöku í krabbameinsskimun, bæði fyrir einstaka þátttakanda en einnig fyrir almenna lýðheilsu. Nokkuð hefur birst af nýjum faraldsfræðilegum greinum um þetta efni á liðnum árum og mun ég rekja efni nokkurra þeirra. Í umfjöllun um skimanir fyrir brjóstakrabbameini hefur til að mynda verið sýnt fram á að „ofgreiningar“ eru algengar. Þar er greint krabbamein á byrjunarstigi og það meðhöndlað með skurðaðgerð og hugsanlega geislum og lyfjum. Þetta byrjunarstig hefði þó ekki nauðsynlega þróast í krabbamein sem hefði valdið einstaklingi skaða. Vandinn við þessar greiningar er að ógerningur er að meta fyrir fram hvaða mein hefðu orðið skaðleg og hver ekki. Einungis er hægt að greina þetta umfang í stórum faraldsfræðilegum rannsóknum þar sem gæði skimana eru metin. Deilt er um umfang ofgreininga en hugsanlegt er að þær geti verið að minnsta kosti um 1 af hverjum 5 greindum krabbameinum við skimun hjá einkennalausum konum á aldursbilinu 50–70 ára. Hér er um að ræða niðurstöður sem vekja upp flóknar og erfiðar pólitískar og siðferðilegar spurningar um skimanir, til að mynda um fórnarkostnað og forgangsröðun, og mikilvægt er að ræða á opinberum vettvangi.

D-vítamínbúskapur fyrir og eftir efnaskiptaaðgerðir á Landspítala

Berglind Lilja Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri, MVS, HÍ, Ingibjörg Gunnarsdóttir, prófessor, HVS, HÍ

Langtímaárangur efnaskiptaaðgerða hjá einstaklingum með offitu er almennt góður, með tilliti til þyngdartaps, fylgisjúkdóma offitu og lífsgæða. Hins vegar fela aðgerðirnar í sér auknar líkur á næringarefnaskorti. Markmið rannsóknarinnar var að kanna styrk D-vítamíns í sermi einstaklinga um það bil tveimur vikum fyrir og allt að 18 mánuðum eftir efnaskiptaaðgerðir á Landspítala. Upplýsingar um mælingar á S-25(OH)D og kalkkirtilshormóni (PTH) voru fengnar úr sjúkraskrá allra einstaklinga sem fóru í efnaskiptaaðgerð á Landspítalanum á árunum 2001–2018. Vegna breytinga á mæliaðferð á rannsóknartímabilinu var ófullnægjandi D-vítamínstaða skilgreind sem styrkur S-25(OH)D <45 nmól/L á árunum 2001–2012, en <50 nmól/L 2013–2018. Niðurstöður mælinga á styrk S-25(OH)D voru skráðar í sjúkraskrá 539 einstaklinga fyrir aðgerð og fyrir 462 við 18 mánaða eftirfylgd. Hlutfall einstaklinga með ófullnægjandi D-vítamínstöðu fyrir aðgerð var um 52%, en 30,1% við 18 mánaða eftirfylgd. Þegar einungis er horft til tímabilsins 2013–2018 þá sést að ófullnægjandi D-vítamínstaða var til staðar hjá 28% einstaklinga fyrir aðgerð og 8% 18 mánuðum eftir aðgerð. Ófullnægjandi D-vítamínstaða var nokkuð algeng hjá einstaklingum með offitu sem gengust undir efnaskiptaaðgerð á rannsóknartímabilinu, bæði fyrir aðgerð og allt að 18 mánuðum eftir aðgerð. Niðurstöðurnar benda til þess að þó staðan virðist hafa batnað undanfarin ár þá sé ástæða til þess að leggja aukna áherslu á að leiðrétta næringarefnaskort sjúklinga fyrir efnaskiptaaðgerðir.

Heilsuefling í skólaumhverfi – alþjóðleg samvinnuverkefni

Anna Sigríður Ólafsdóttir

We value food: Að mennta, virkja og styrkja neytendur framtíðarinnar

Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Kolbrún Sveinsdóttir, verkefnastjóri, Matís

Í samfélagi dagsins í dag færist fólk sífellt fjær frumframleiðslu matvæla og tenging við hráefni og vinnslu þess er óljós. Tilgangur We Value Food, sem rannsóknin sem hér er kynnt er hluti af, felur í sér að finna aðferðir til að auka skilning og styrkja viðhorf ungs fólks þannig að það átti sig á gildi og verðmætum matvæla og verði meðvitaðra um mat í víðu samhengi. Þrjár vinnustofur verða haldnar í fjórum löndum; Íslandi, Finnlandi, Póllandi og Bretlandi. Ein verður með háskólanemum, önnur með matvælaiðnaði og þriðja leiðir hópana saman. Markmiðið með vinnustofunum er að styðja við samtal matvælaiðnaðarins við unga fullorðna neytendur. Út frá vinnustofunum verða gerðar ráðleggingar byggðar á sameiginlegum niðurstöðum framtíðarneytenda og fulltrúa iðnaðarins. Niðurstöðurnar leggja grunninn að áframhaldandi verkefnum sem miða að miðlun til neytenda í gegnum aðrar leiðir en markaðssetningu, meðal annars gegnum upplýsingaflæði og gerð námsefnis, með það að markmiði að auka áhuga á mat og matvælaframleiðslu. Annars vegar felst það í að auka þekkingu ungs fólks á matvælum, en fyrri rannsóknir sýna að börn og ungmenni eiga oft erfitt með að átta sig á uppruna matvæla og aðferðum og tilgangi matvælavinnslu. Hins vegar að takast á við neikvætt viðhorf ungs fólks til matvælavinnslu og þeirrar sýnar að matvælavinnsla eigi ekki samleið með hollustu. Aukinn áhugi og þekking meðal neytenda sem styður við sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð matvælaframleiðenda er væntur ávinningur verkefnisins og í samræmi við heimsmarkmiðin.

ProMeal: Afgangar af skólamáltíðum og nesti skólabarna í Svíþjóð, Íslandi og Noregi

Ragnheiður Júníusdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, Gréta Jakobsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Agneta Hörnell, prófessor, Umeå-háskólinn. Fyrir hönd ProMeal rannsóknahópsins.

Rannsóknin Skólamáltíðir á Norðurlöndum (ProMeal) nær til fjölþættra áhrifa skólamáltíða og nestis á líðan 11 ára skólabarna í Svíþjóð, Íslandi og Noregi. Meðal þátta sem kannaðir eru eru tengsl athygli og einbeitingar á skólatíma og vellíðan í skólamötuneytinu á matmálstíma. Skóladagur barna er oft á tíðum langur og mikilvægt er að skólamáltíðir veiti næga orku og góða næringu til að takast á við daginn. Börn í grunnskólum þessara þriggja landa borða almennt skólamáltíðir sem annaðhvort eru

framreiddar í skólunum eða koma með nesti að heiman. Það er hlutverk skóla og forráðamanna að sjá börnunum fyrir næringarríkum og hollum mat á skólatíma en það eru börnin sjálf sem ákveða hvort maturinn er borðaður og einnig hve mikið af honum. Matarsóun er víðtækt vandamál nánast hvar sem er í samfélagi okkar og það á einnig við í skólunum. Fjallað verður um hugsanlegan mun á orkuinnihaldi afganga, annars vegar nestis og hins vegar skólamáltíða. Farið var í 21 grunnskóla, níu í Svíþjóð, sex á Íslandi og sex í Noregi. Teknar voru ljósmyndir af skólamáltíðum (Svíþjóð, Ísland) og nesti (Ísland, Noregur) 11 ára skólabarna. Bæði voru teknar myndir af matmálsdiskunum þegar starfsfólk skólans eða börnin voru búin að skammta sér sem og af afgöngunum. Síðari niðurstöður munu varpa ljósi á gæði máltíðanna burtséð frá orkuinnihaldi þeirra og hve mikið af dýrmætum næringarefnum endar í ruslinu.

UPRIGHT-verkefnið: Samleið við aðalnámskrá, menntastefnu Reykjavíkurborgar og heilsueflandi grunnskóla

Unnur Björk Arnfjörð, doktorsnemi, MVS, HÍ og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ. Fyrir hönd Upright rannsóknahópsins.

UPRIGHT-verkefnið er samstarfsverkefni sex Evrópulanda með það að markmiði að stuðla að vellíðan unglinga með því að efla seiglu þeirra og getu til að takast á við krefjandi verkefni unglingsáranna, sem er það tímabil ævinnar sem einkennist af örum breytingum. Í UPRIGHT er unnið með fjóra meginþætti, þ.e. núvitund, bjargráð, sjálfstraust og félags- og tilfinningahæfni. Núvitundin umlykur þessa þrjá meginþætti sem allir tengjast á einn eða annan hátt en undir hverjum þætti eru mismunandi undirþættir. Í fyrirlestrinum verður gerð grein fyrir verkefninu og rýnt í möguleikana sem bjóðast í skólastarfi með tengingu við aðalnámskrá, nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar og heilsueflandi skólaverkefni Embættis landlæknis.

Bragðlaukaþjálfun

Anna Sigríður Ólafsdóttir

Bragðlaukaþjálfun: Helstu niðurstöður úr rannsókn á matvendni barna með og án taugaþroskaraskana og fjölskyldum þeirra

Sigrún Þorsteinsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Urður Njarðvík, prófessor, HVS, HÍ og Ragnar Bjarnason, prófessor og yfirlæknir á Barnaspítalanum, Háskólasjúkrahúsi. Leiðbeinandi: Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Sagt verður frá rannsókn okkar, Bragðlaukaþjálfun – fæðumiðuð íhlutun í skólaumhverfinu, sem lauk í vor, og helstu niðurstöður kynntar. Ríflega 80 fjölskyldur luku námskeiði þar sem áhersla var á fæðuval, matvendni og líðan hjá börnum með og án taugaþroskaraskana á borð við ADHD og raskana á einhverfurófi. Matvendni hjá börnum, sérstaklega þeim sem glíma við taugaþroskaraskanir, er nýtt og vaxandi rannsóknarefni. Matvendni getur falið í sér að barn velur umfram annað mat sem er bragðdaufur eða sætur en litur, áferð og annað skynáreiti getur líka ýtt undir einhæft fæðuval. Börn með taugaþroskaraskanir eru gjarnan matvandari en önnur börn og geta átt erfitt með að borða fjölbreyttan mat. Það gerir að verkum að matartíminn getur valdið kvíða og gert samskipti fjölskyldumeðlima erfiðari í kringum máltíðir. Það er því sérstaklega mikilvægt að styðja við fæðuval hjá þessum börnum og stuðla að góðu næringarástandi þeirra en einnig hlúa að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan. Fá úrræði eru í boði fyrir börn með matvendni og taugaþroskaraskanir og oftast eru þau útilokuð frá rannsóknum af þessu tagi. Áhersla var lögð á að þróa úrræði fyrir börn með taugaþroskaraskanir og foreldra þeirra en jafnframt var horft til barna án þessara raskana til samanburðar. Skortur hefur verið á rannsóknum á þessu sviði hingað til, sér í lagi á vægari og einfaldari inngripum, og lítið framboð af fræðsluefni fyrir foreldra og skóla.

Fæðuval og matvendni meðal barna á einhverfurófi

Anna Rut Ingvadóttir, meistaranemi, MVS, HÍ og Sigrún Þorsteinsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ. Leiðbeinandi: Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Tilgangur þessa verkefnis var að skoða matvendni barna á einhverfurófi og hvort þær fæðutegundir sem þau hafna séu frábrugðnar því sem börn án taugaþroskaraskana á borð við ADHD eða einhverfu fúlsa við. Verkefnið byggir á hluta af upphafsgögnum úr bragðlaukaþjálfun, stærri megindlegri rannsókn á matvendni í hópi 7–13 ára barna, sem eru ýmist með taugaþroskaraskanir á borð við einhverfurófsraskanir og ADHD eða án greininga. Þátttakendur voru 166 foreldrar sem svöruðu spurningalistum tengdum eðli matvendni og um fæðuval barna sinna, af þeim áttu 37 börn á einhverfurófi en 129 svöruðu listunum fyrir börn án taugaþroskaraskana. Niðurstöður sýndu að börn á einhverfurófi borðuðu færri tegundir af ávöxtum og grænmeti en börn án taugaþroskaraskana. Einnig borðuðu þau sjaldnar trefjaríka matvöru eins og ávexti, ósætt morgunkorn, gróft pasta og hýðishrísgrjón. Að auki borðuðu börn á einhverfurófi afar fábrotinn mat, til dæmis borðuðu næstum öll (95%) það sama í morgunmat dag hvern eða flesta daga samanborið við 76% barna án taugaþroskaraskana. Niðurstöður sýndu einnig að börn á einhverfurófi höfnuðu marktækt oftar mat byggt á áferð, sleipri áferð og einnig söltu bragði en börn án taugaþroskaraskana. Fleiri börn á

einhverfurófi borðuðu franskar kartöflur samanborið við börn án taugaþroskaraskana. Niðurstöðurnar styðja við fyrri rannsóknir á mataræði einstaklinga á einhverfurófi sem sýna að mataræði þeirra sé oft einfalt og uppistaðan orkuríkir og fínunnir kolvetnagjafar sem eru litdaufir og með lítið afgerandi áferð. Fáar rannsóknir liggja fyrir sem skoða matvendni barna á einhverfurófi samanborið við börn án taugaþroskaraskana og getur þessi rannsókn því verið framlag til þróunar þekkingar á sviðinu.

Er samhengi á milli matvendni barna og foreldra þeirra?

Helga Guðný Elíasdóttir, meistaranemi við Kaupmannahafnarháskóla, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ, Annemarie Olsen, prófessor, Kaupmannahafnarháskóli og Sigrún Þorsteinsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Ýmsir þættir hafa áhrif á fæðutengda hegðun og fæðuval barna, þar á meðal flókið samspil uppeldis og erfða. Matvendni er algeng hjá börnum á fyrstu árum lífs þeirra en eldist svo yfirleitt af þeim, þó síður hjá börnum með taugaþroskaraskanir. Í þessu verkefni var aðaláhersla lögð á að kanna tengslin á milli matvendni hjá börnum og foreldrum þeirra, auk þess sem leitast var við að svara hvort vægi þyngra í matvendni, taugaþroskaraskanir eða fæðutengd hegðun foreldra. Notast var við gögn úr rannsókninni Bragðlaukaþjálfun þar sem horft var til fæðutengdrar hegðunar og fæðuvals barna og foreldra út frá spurningalistum sem foreldrar svöruðu við upphaf rannsóknarinnar. Frumniðurstöður benda til að fæðuval barna sem áttu matvanda foreldra var heilt yfir óhollara og einhæfara en hjá börnum sem áttu foreldra sem ekki voru matvandir. Börn matvandra foreldra höfnuðu oftar mat vegna áferðar hans eða bragðs. Þau borðuðu oftar sama matinn dag eftir dag og þau gleymdu oftar að borða vegna annríkis eða gleymsku. Börn sem áttu ekki matvanda foreldra hlökkuðu meira til þess að borða. Einnig sýndu niðurstöður að fæðutengd hegðun foreldra virðist enn frekar gegna hlutverki í matvendni barna en hvort barn hefur verið greint með taugaþroskaröskun eða ekki. Má því álykta að nálgun sem nær til fjölskyldunnar allrar og beinist einnig að fæðuvenjum foreldra geti skipt máli til að takast á við þann vanda sem matvendni getur verið. Foreldrar eru fyrirmyndir sem börnin spegla fæðuhegðun sína í.

Íþróttanæringarfræði

Anna Sigríður Ólafsdóttir

Hlutfallslegur orkuskortur í íþróttum (Relative Energy Deficiency in Sport, RED-s)

Birna Varðardóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Sigríður Lára Guðmundsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Mikilvægt er að íþróttafólk á öllum aldri tileinki sér mataræði sem styður sem best við heilsu og árangur. Tiltæk orka (e. energy availability) vísar til þeirrar orku sem eftir stendur fyrir grunnstarfsemi líkamans þegar búið er að draga orku sem varið er við líkamlega þjálfun frá þeirri orku sem fæst úr þeirri fæðu sem neytt er dag hvern. Hlutfallslegur orkuskortur í íþróttum (e. Relative Energy Deficiency in Sport, RED-s) stafar af viðvarandi skorti tiltækrar orku og hefur víðtæk áhrif á íþróttafólk, óháð kyni og getustigi. Áhrif RED-s fela meðal annars, en ekki eingöngu, í sér skerðingu á efnaskiptahraða, hormónastarfsemi og tíðahring kvenna, beinheilsu, ónæmisvörnum, nýmyndun próteina og starfsemi hjarta- og æðakerfis. Slíkar truflanir á líkamsstarfsemi geta haft neikvæð áhrif á heilsu og íþróttaárangur til lengri og skemmri tíma. Í erindinu verður fjallað um stöðu þekkingar á áhrifum RED-s á heilsu og árangur, mikilvægi skimunar og snemmbærs inngrips. Jafnframt mun höfundur kynna markmið og forsendur doktorsverkefnis síns þar sem sjónum verður beint að tiltækri orku, algengi og áhættuþáttum RED-s meðal íslensks íþróttafólks. Rannsóknin, sem er á frumstigi, mun taka til íþróttafólks sem æfir á efstu stigum í ólíkum íþróttagreinum og er markmið hennar þríþætt. Í fyrsta lagi að þróa og sannprófa íslenskuð mats- og skimunartæki. Í öðru lagi að meta algengi RED-s og tengdra áhættuþátta meðal þátttakenda. Í þriðja og síðasta lagi er yfirfærsla á niðurstöðum yfir í gagnreyndar ráðleggingar, forvarnarstarf ásamt fræðslu- og kennsluefni.

Heilsuhegðun og heilsa þátttakenda í ofurhlaupum

Elísabet Margeirsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Rannsóknarverkefnið fjallar um heilsuhegðun og heilsu fullorðinna einstaklinga sem stunda ofurhlaup. Ofurhlaup eru keppnir sem eru lengri en hefðbundið maraþonhlaup (>42,195 km) og fara oft fram við erfiðar aðstæður t.d. í fjalllendi. Algengustu vegalengdir slíkra keppna eru á bilinu 50–170 km og tekur almennt yfir sex klukkustundir og allt að tvo sólarhringa að ljúka þeim. Þátttaka í ofurhlaupum hefur farið hratt vaxandi síðastliðin ár í löndum þar sem almenningshlaup njóta vinsælda. Hlutfall áhugaíþróttafólks í ofurhlaupum er mun hærra en atvinnuíþróttafólks. Hlutfall kvenna í ofurhlaupum hefur aukist til muna síðastliðin ár en telst almennt lágt í lengri vegalengdum (>80 km, 13–20%). Ofurhlaup eru erfiðar áskoranir sem kosta umtalsverðan tíma í undirbúningi og þurfa iðkendur að búa yfir miklu þoli, þreki og þrautseigju. Ofurhlauparar verja miklum tíma í undirbúning miðað við hefðbundin almenningshlaup, en rannsóknir sýna að meirihluti ofurhlaupara býr yfir langri reynslu af hlaupaiðkun. Nýlegar rannsóknir benda þó til að hlutur óreyndari hlaupara hafi aukist með auknum vinsældum íþróttarinnar. Markmið rannsóknarinnar er að skoða þátttöku Íslendinga í ofurhlaupum, heilsu þeirra, heilsuhegðun og hvata að þátttöku. Leitast verður meðal annars við að skoða

undirbúning, heilsufar, líkamlegt ástand, mataræði og svefn með spurningalistum. Vegna skorts á vísindalegri þekkingu á iðkun almennings í ofurhlaupum og vaxandi fjölda sem leggur stund á íþróttina er mikilvægt að kanna þau áhrif sem iðkun ofurhlaupa hefur á líkamlega og andlega heilsu, til skemmri og lengri tíma. Sú þekking sem skapast er mikilvæg í lýðheilsufræðilegu samhengi og gerir stjórnvöldum og íþróttahreyfingunni kleift að setja fram leiðbeiningar um iðkun ofurhlaupa.

Næringarþekking meðal íslensks afreksíþróttafólks og þjálfara þeirra: Þróun og forprófun á spurningalista

Lilja Guðmundsdóttir, sjálfstætt starfandi næringarfræðingur, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Bryndís Eva Birgisdóttir, prófessor, HVS, HÍ

Mataræði spilar stórt hlutverk þegar kemur að frammistöðu í íþróttum og þarf að uppfylla þörf fyrir orku, orkuefni, vítamín, steinefni og vökva, auk þess sem tímasetning máltíða skiptir máli. Rannsóknir á íþróttafólki erlendis hafa þó leitt í ljós að mataræði þeirra endurspeglar oft ekki þær ráðleggingar um næringu sem settar hafa verið fyrir þennan hóp. Ástæður fyrir ófullnægjandi fæðuinntöku eru margvíslegar, en þar getur næringarþekking haft áhrif. Rannsóknir hafa sýnt að næringarþekking íþróttafólks er takmörkuð en lítið er vitað um stöðu þekkingar á Íslandi. Markmiðið með rannsókninni var því að kanna næringarþekkingu hjá íslensku afreksíþróttafólki og þjálfurum þeirra en jafnframt að finna og/eða útbúa hentugt mælitæki fyrir íslenskar aðstæður byggt á erlendum fyrirmyndum. Íslenskt afreksíþróttafólk (n=101) og þjálfarar þeirra (n=11) tóku þátt. Rannsóknin var þversniðsrannsókn þar sem næringarþekking var könnuð með spurningalistum. Meðalskor íþróttafólks var 53.7 ± 12.6 og þjálfara 63.2 ± 8.0 (p = .016). Íþróttafólk í einstaklingsíþróttum skoraði hærra en íþróttafólk í hópíþróttum (59.6 ± 9.4 vs. 50.5 ± 13.0, p = <.001). Tíu af ellefu þjálfurum sögðust hafa veitt íþróttafólki sínu ráðleggingar um næringu á einhverjum tímapunkti. Íþróttafólk og þjálfarar sögðust reiða sig mest á næringarfræðing/næringarráðgjafa í tengslum við upplýsingar um næringu og þar á eftir netleit. Næringarþekking mætti vera betri í báðum hópum, sérstaklega meðal íþróttafólks. Íþróttasambönd og -félög ættu að íhuga að ráða næringarfræðing til starfa til að tryggja að upplýsingar úr gagnreyndum vísindagreinum berist til bæði íþróttafólks og þjálfara. Þetta myndi líklega skila sér í bættri frammistöðu íþróttafólks.

Hvernig gæti uppbygging á markvissri næringarfræðslu fyrir íþróttahreyfinguna farið fram?

Elísa Viðarsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, MVS, HÍ, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Bryndís Eva Birgisdóttir, prófessor, HVS, HÍ

Í Evrópu er víða unnið frábært starf þegar kemur að næringarfræðslu og ráðgjöf til íþróttamanna og því áhugavert að skoða hvaða leiðir hafa virkað vel og hverjar ekki í þeirri uppbyggingu sem þar hefur farið fram. Tilgangurinn með verkefninu er að finna skilvirkar leiðir til að auka þekkingu íþróttafólksins okkar á næringu og auka aðgengi að sérhæfðri næringarfræðslu og ráðgjöf tengdri íþróttaiðkun í takt við þarfir og óskir hagsmunaaðila. Verkefnið er unnið með svokallaðri Delphi-aðferð sem byggir á rýnihópaviðtölum og spurningalistum sem lagðir eru fyrir endurtekið með það markmið að ná samhljómi innan sérfræðingahópsins. Tekin voru viðtöl við einstaklinga sem eru leiðandi á þessu sviði í fimm löndum. Í kjölfarið var hannaður spurningalisti út frá sameiginlegum þáttum sem fram komu. Spurningalistinn var lagður í tvígang fyrir hóp stjórnenda/stefnumótunaraðila hjá íþróttahreyfingunni og starfandi íþróttanæringarfræðinga. Greiningin er mikilvæg fyrir framtíðaruppbyggingu íþróttastarfs í landinu og er unnin í samvinnu við Íþróttasamband Íslands og aðildarfélög en niðurstöður verða kynntar í erindinu.

Háskólar: Kennsluaðferðir

Rannsóknastofa um háskóla
Guðrún Geirsdóttir

Er fýsilegt að innleiða fjölbreytta kennsluhætti og námsmat í grunnnámi háskóla? Reynsla af nýju námskeiði í hjúkrunarfræði

Brynja Ingadóttir, lektor, HVS, HÍ, Ásta Bryndís Schram, lektor, HVS, HÍ og Helga Sif Friðjónsdóttir, aðjúnkt, HVS, HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að lýsa undirbúningi og þróun nýs námskeiðs innan hjúkrunarfræði um samskipti og fræðsluhlutverk hjúkrunarfræðinga og meta fýsileika þeirra kennsluaðferða sem voru valdar út frá sjónarhorni nemenda og kennara. Kennsluaðferðir og námsmat var valið út frá gagnreyndri þekkingu innan heilbrigðis- og kennsluvísinda um kennslu í samskiptum. Lögð var áhersla á þjálfun og æfingar, umræður og persónulega ígrundun og skyldumæting var í tíma. Gögnum var safnað samhliða undirbúningi og við kennslu námskeiðsins í tvígang (2018 og 2019). Við gagnasöfnun var notast við dagbækur kennara og nemenda, rafræna spurningakönnun (með fjórum prófuðum matstækjum auk viðbótarspurninga) með þátttöku nemenda, rýnihóp nemenda, og niðurstöður kennslukönnunar og námsmats. Gagnagreiningu er ekki lokið. Fyrstu niðurstöður benda til þess að nemendur (n=144) kunni ágætlega að meta nýjungar og fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati, en hún krefst skipulags og samfelldrar virkni í náminu sem getur verið erfitt fyrir nemendur að uppfylla. Fjölbreytt námsmat og endurgjöf til fjölmennra hópa nemenda er jafnframt krefjandi og tímafrek fyrir

kennara. Sjá mátti stíganda í námi nemenda og námsmat leiddi í ljós að vel gekk að ná hæfniviðmiðum námskeiðsins. Skortur á hentugu húsnæði og fjölmennir árgangar voru áskorun fyrir kennara og nemendur. Innleiðing fjölbreyttra kennsluhátta krefst góðs undirbúnings. Útskýra þarf vel fyrir nemendum tilgang slíks vals og til hvers er ætlast af þeim sjálfum. Hentugt húsnæði og kostnaður við þjálfun nemenda í litlum hópum eru þættir sem hafa áhrif á fýsileika slíkrar innleiðingar og stuðningur stjórnenda er nauðsynlegur fyrir árangur.

Reynslusaga af vendikennslu: Áskoranir og lærdómur

Edda R. H. Waage, lektor, VoN, HÍ

Vendikennsla (e. flipped learning) er ein af þeim kennslufræðilegu nálgunum sem rutt hafa sér til rúms á síðustu tveimur áratugum samhliða framförum og þróun í upplýsingatækni. Vendikennsla fellur þannig í flokk rafrænna kennsluhátta þar sem fyrirframgerðar upptökur á námsefninu eru oftar en ekki í forgrunni. Sú staðreynd segir þó ekki nema hálfa söguna því einn megintilgangur vendikennslu er að skapa aukið svigrúm fyrir nemendamiðað nám í kennslustofunni þar sem byggt er á ýmiss konar aðferðum. Í erindinu segir frá kennsluþróunarverkefni í námsbraut land- og ferðamálafræði þar sem tekin var upp vendikennsla í aðferðafræðinámskeiði. Fjallað er um þær áskoranir sem almennt felast í að venda kennslu frá „hefðbundnu“ kennslufyrirkomulagi er byggir á fyrirlestrum kennara í kennslustofu, yfir í nám þar sem hlutverk og virkni nemenda í kennslustofunni er í forgrunni. Sjónum er þó sérstaklega beint að því hvernig slíkar áskoranir raungerðust í þessu tiltekna námskeiði, hvernig staðið var að verki, hvaða leiðir voru farnar í hinu nemendamiðaða námi, kostum þeirra og göllum, sem og upplifun kennara af þessu breytingaferli. Sá lærdómur sem dreginn er af verkefninu er að vendikennsla snýst ekki aðeins um þær vendingar sem nafngiftin vísar til, heldur er vendikennsluformið skapandi vettvangur fyrir kennslu og nám sem kallar á stöðuga rýni og endurskoðun aðferða.

„Fyrst fannst mér skrýtið að vera að taka svona MOOC-námskeið sem hluta af öðru námskeiði en svo var það bara mjög gott“

Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnastjóri háskólakennslu í Kennslumiðstöð HÍ

MOOC (Massive Open Online Courses) er skilgreining fyrir stór námskeið sem fara fram í rafrænu námsumhverfi á Internetinu. Nokkrar stórar námsveitur eins og edX, Udacity, Coursera og FutureLearn bjóða upp á hefðbundið háskólanám í slíku formi. Markmið þessa erindis er að segja frá hvað nemendum í tveimur námskeiðum á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands (HÍ) fannst um að taka MOOC-

námskeið, hjá edX og Udemy, inni í HÍ-námskeiðum og fá þau hlutfallslega metin til námsmats út frá vinnuframlagi þeirra, en hlutfallið byggðist á vinnutímaviðmiði. Nemendur svöruðu spurningakönnunum í lok MOOC-námskeiðanna þar sem þeir voru hvattir til að vera heiðarlegir og gagnrýnir á þátttöku sína og þennan námsmatsþátt inni í HÍ-námskeiðunum. Niðurstöðurnar sýna að nemendur voru mjög ánægðir með að fá MOOC-námskeið metin inn í HÍ-námskeið, eftir að þeir höfðu jafnað sig á þeirri staðreynd að þeir voru að taka námskeið inni í námskeiði. Langflestir nemendanna sögðu að þeir vildu gjarnan taka fleiri slík námskeið og fá metin. Mörgum nemendum fannst of mikill tími fara í námskeiðin miðað við hlutfall þeirra í námsmati. Þær niðurstöður eru ekki í samræmi við þann raunvinnutíma sem nemendur notuðu í námskeiðin. Það sem kom mest á óvart var hversu margir nemendur þekktu ekki MOOC-námskeið. Rætt verður hvort ástæða sé til að nýta MOOC-námskeið í meiri mæli inni í HÍ-námskeiðum til að auka valmöguleika nemenda.

Teymisnám í verkfræðikennslu

Tómas Philip Rúnarsson, prófessor, VoN, HÍ

Hefðbundnar kennsluaðferðir í raungreinum og verkfræði miðast oft að því að kenna nemendum um líkön í stað gerð þeirra. Það er að nemendur spyrji gagnrýninna spurninga um líkanagerð og geti hannað ný líkön. Algengt er að hefðbundnar kennsluaðferðir, svo sem töflufyrirlestrar og heimadæmi, leiði nemendur í þá trú að lausn verkefna snúist um að finna „rétta líkanið“ í kennslubókinni eða á veraldarvefnum. Verkfræðinám snýst um að nemendur verði hönnuðir líkana en ekki einungis neytendur þeirra. Á vorönn 2020 beitti ég talsvert ólíkri kennsluaðferð en tíðkast við Verk- og náttúrufræðisvið Háskóla Íslands. Aðferðin kallast „teymisnám“ (e. team based learning), þróuð af prófessor Larry Michaelsen og hefur aðferðin verið notuð víða í kennslu í yfir 40 ár, sérstaklega í heilbrigðisvísindum. Markmið aðferðarinnar er að nemendur vinni í teymum (fimm til sjö einstaklingar) og tileinki sér námsefnið með því að ræða það og leysa raunhæf verkefni ásamt að ræða og kynna lausnir á milli teyma. Nemendum þykir oft erfitt að hanna líkön fyrir raunverkefni, en með því að vinna í teymum eru þau líklegri til árangurs. Teymisnám gengur lengra en annað námsform í þeim skilningi að verkefnin eru opnari, krefjast gagnrýninnar hugsunar og virkrar þátttöku nemenda. Reynslan af þessari kennsluaðferð verður kynnt og hún borin saman við hefðbundnar kennsluaðferðir, „case-based learning“ og „problem-based learning“. Til viðbótar mun ég einnig fjalla um breytta mynd kennslunnar þegar hún færðist alfarið yfir á Zoom-fjarvinnslubúnað í samkomubanninu vegna COVID-19.

Háskólar: Námskrárgerð

Rannsóknarstofa um háskóla

Guðrún Geirsdóttir

Kennsluhættir á alþjóðlegum brautum LHÍ

Sigríður Geirsdóttir, verkefnastjóri gæða og kennslu, LHÍ og Þorgerður Edda Hall, verkefnastjóri Alþjóðaskrifstofu, LHÍ

Greint verður frá rannsókn sem gerð var á einkennandi þáttum náms á alþjóðlegum brautum Listaháskóla Íslands. Tekin voru rýnihópaviðtöl við tólf kennara, átta nemendur og einn hollnema af öllum alþjóðlegum brautum skólans. Viðtölin fóru fram á ensku eða íslensku eftir hópum og tóku öll klukkutíma. Viðmælendur voru leiddir í gegnum fjögur meginþemu; kennsluhætti, stuðning í námi, kennslutungumál og samskipti. Helstu rannsóknarspurningar sneru að því hvað einkennir kennsluhætti á alþjóðlegum brautum, hversu meðvitaðir kennarar eru um kennsluaðferðir sem þeir beita í fjölbreyttum nemendahópi og upplifun nemenda á náminu. Niðurstöður draga fram það sem vel er gert og sem vert er að deila ásamt veikleikum í starfsháttum stofnunarinnar. Mikilvægt er að umbótastarf sé byggt á gögnum sem safnað hefur verið kerfisbundið innan skólans. Fræðsla til kennara um fjölbreytta nemendahópa og kennsluhætti sem taka mið af þeim verður markvissari og byggð af fremsta megni á þeim raunveruleika sem kennarar starfa við innan skólans. Bregðast má við niðurstöðum með því að efla ákveðna þætti í starfsemi skólans, hvort heldur á stoðsviðum eða við endurskipulagningu námskeiða. Kennslufræðileg þekking eykst innan skólans, nemendur verða meðvitaðri um þá þætti sem hafa áhrif á nám þeirra og upplifun af náminu. Einnig dýpkar rannsóknin skilning á þeim forsendum sem búa að baki námsframboði í skólanum og á þeirri námsmenningu sem þar ríkir.

Þróun fjarnáms fyrir tónlistarskólakennara: Áskoranir og ávinningur

Elín Anna Ísaksdóttir, fagstjóri hljóðfærakennslu við tónlistardeild LHÍ

Umfjöllunarefnið er starfendarannsókn sem unnin var á vormisseri 2020 en rannsóknin var lokaverkefni í diplómanámi kennslufræði háskóla. Viðfangsefni rannsóknarinnar er þróun fjarnámskeiðs í kennslufræðum fyrir starfandi tónlistarskólakennara en kveikjan að þróun námskeiðsins er skýrsla sem unnin var á vegum Listaháskóla Íslands 2018–2019. Þar var m.a. skoðuð þörf á námsframboði fyrir kennara og stjórnendur tónlistarskóla. Í niðurstöðum kom fram að mikil þörf væri talin á auknu námsframboði á þessu sviði og þá ekki hvað síst í formi fjarnáms svo ná mætti til

kennara og stjórnenda tónlistarskólanna á landsvísu. Námskeiðið er viðleitni tónlistardeildar LHÍ til að mæta þessari þörf og er það eitt hið fyrsta sinnar tegundar í Listaháskólanum. Í rannsókninni er horft til reynslunnar af þróun og kennslu á sviði fjarnáms auk þess sem reynsla og viðhorf nemendanna eru skoðuð, en allir búa þeir yfir talsverðri reynslu af starfi á vettvangi. Rýnt er í fræðileg skrif um fjarkennslu á háskólastigi auk þess sem tengt er við kenningar um nám fullorðinna og áhrif og gildi reynslunnar í námi. COVID-19 faraldurinn kom inn í mitt ferlið og hafði talsverð áhrif og er sjónum beint að því hvaða áhrif allir þessir þættir munu mögulega hafa á framtíðarkennsluhætti og hugsanlega þróun námsframboðs við Listaháskólann en ein meginniðurstaða rannsóknarinnar er að mikil þörf er á áframhaldandi þróun fjarnáms fyrir þennan markhóp.

MOCAT – að smala köttum

Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar, HA og Helena Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi, HA

Fjallað verður um alþjóðlegt samstarfsverkefni sem Kennslumiðstöð HA (KHA) tekur þátt í ásamt átta öðrum háskólum víðs vegar um heiminn. Verkefnið ber heitið Modern competences of academic teachers – the key to modernize higher education, MOCAT. Verkefnið er styrkt af The Polish national agency for academic exchange – NAWA og er stýrt af WSB, viðskiptaháskólanum í Poznan. Háskólarnir átta sem taka þátt í verkefninu eru frá Tyrklandi, Póllandi, Íslandi, Kenía, Georgíu, Rúmeníu, Indónesíu og Ítalíu. Í MOCAT-verkefninu er verið að þróa sameiginlega sjálfbærar lausnir til að bæta gæði menntunar í háskólum með notkun nútímalegra kennsluaðferða, tækninotkunar og kennsluefnis fyrir háskólakennara á sviði kennslufræði. Tilgangurinn með verkefninu er sköpun þekkingar og miðlun reynslu meðal samstarfsháskólanna, ásamt að þróa og útbúa hæfniviðmið fyrr starfandi háskólakennara. Hæfniviðmiðin stýra svo gerð námsefnis sem verður útbúið til að auka aðferðafræðilega kennslu og fjölmenningarlega hæfni háskólakennara í bæði stað- og fjarnámi. Markmið verkefnisins er að háskólakennarar, einkum þeir sem kenna á ensku, í fjölmenningarlegum hópum frá samstarfsríkjum verkefnisins, hafi greiðan aðgang að þjálfunar- og fræðsluefni. Með tileinkun á efninu geta þeir eflt hæfni sína sem háskólakennarar og bætt kennslu sína og menningarlega hæfni, sérstaklega þeir háskólakennarar sem eru án kennslufræðilegs bakgrunns. Í erindinu verður farið yfir tilgang verkefnis, hvert sé hlutverk og hver sé hagur KHA í að taka þátt í svona samstarfsverkefni.

Heilbrigðisvísindanálgun á efni raunvísinda

Björn Viðar Aðalbjörnsson, lektor, MVS, HÍ

Þverfræðileg nálgun á námsefni getur skipt miklu máli þegar nemendur læra námsefni sem virðist ótengt þeirra námsbraut en er í raun mikilvæg undirstaða. Tilgangurinn með þessu verkefni er að taka saman grunnefnafræði og laga að þörfum tveggja námsgreina – matvælafræði og næringarfræði. Eitt af þeim atriðum sem kom upp við gerð sjálfsmatsskýrslu Matvæla- og næringarfræðideildar var þörf nemenda á betri tengingu efnafræði við það framtíðarstarf sem þeir sáu fyrir sér í heilbrigðisvísindum. Tveir áfangar í grunnefnafræði voru hannaðir fyrir þessar námsgreinar og verða kenndir veturinn 2020–2021. Með verkefninu er stefnt að því að auka áhuga og skilning nemenda á mikilvægi þess að búa yfir góðri efnafræðiþekkingu. Kannanir voru lagðar fyrir nemendur og kennara Matvæla- og næringarfræðideildar innan HÍ þar sem kannaðar voru hugmyndir þátttakenda um kennsluaðferðir og tengingu námsefnisins við þessar tvær starfsgreinar. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum kannana og jafnframt litið á þá þætti sem þurfti að hafa í huga að við þróun námsefnis um raunvísindi fyrir nemendur í heilbrigðisvísindum.

Háskólar: Að nýta rafræna miðla til að efla gæði náms

Rannsóknastofa um háskóla
Guðrún Geirsdóttir

Meiri ánægja og betri námsárangur

Ásta Bryndís Schram, lektor, HVS, HÍ og Sigurbjörg Jóhannesdóttir, dósent og verkefnastjóri háskólakennslu við Kennslumiðstöð, FVS, HÍ

Námskeið í opinberri stjórnsýslu á Félagsvísindasviði HÍ var kennt í staðnámi haustið 2018 og þeir nemendur sem ekki höfðu tök á að mæta í Háskóla Íslands gátu nálgast upptökur af fyrirlestrum á Uglu. Haustið 2019 voru gerðar breytingar á kennsluháttum og námskeiðið eingöngu í boði í fjarnámi þar sem ekki var gert ráð fyrir neinni mætingu í skólann. Markmið þessa erindis er að lýsa þeim rafrænu kennsluháttum sem notaðir voru í námskeiðinu haustið 2019, þeim stuðningi sem fékkst frá Kennslumiðstöð HÍ og hvaða máli hann skipti fyrir kennara. Sagt verður frá niðurstöðum samanburðargreiningar á námskeiðinu sem staðnámi með fjarnámsmöguleika og sama námskeiði í gegnum Internetið. Námsárangur nemenda, brottfall, áhorf á upptökur og niðurstöður miðmisseris- og kennslukannana var skoðaður. Notuð var blönduð aðferð sem byggði á viðtölum við kennara, rýnihópaviðtölum við nemendur ásamt netkönnun nemenda. Gerð var tölfræðigreining á áhorfi á upptökur, hlutfalli nemenda sem luku námskeiðunum og námsárangri, ásamt niðurstöðum miðmisseris- og kennslukannana árin 2018 og 2019. Niðurstöður sýna m.a. að það dró úr brottfalli

nemenda eftir að námskeiðinu er breytt í fjarnám, námsárangur nemenda og ánægja þeirra með námskeið var miklu meiri. Aðalástæða þess hversu vel tókst til er brennandi áhugi kennara á að nýta sem best þau rafrænu verkfæri sem eru í boði, sá stuðningur sem kennarinn fékk frá Háskólanum og gott samstarf við kvikmyndagerðarmann sem annaðist allar tökur á myndefni námskeiðs.

Uppsetning á rafrænu mati á vettvangi við Heilbrigðisvísindasvið HA

Helena Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi, Kennslumiðstöð HA og Helgi Freyr Hafþórsson, verkefnastjóri, Kennslumiðstöð HA

Mat nemenda á vettvangi getur reynst snúið. Hvert eiga matsblöðin að fara, hverjir hafa aðgang, hver á fylla þau út, hvað á að geyma, má nota gögnin til rannsókna og svo framvegis. Að ferðast með pappír milli vakta, bygginga eða staða getur reynst flókið í stafrænum heimi. Mikilvægur þáttur í klínísku námi í hjúkrunarfræði og vettvangsnámi í iðjuþjálfunarfræði er mat fagaðila á vettvangi. Undanfarin þrjú ár hafa miklar breytingar átt sér stað við framkvæmd matsins við Háskólann á Akureyri. Í hjúkrunarfræði hefur matið verið fært úr prentuðu formi yfir í rafrænt með notkun á forritinu PebblePad. Mikil undirbúningsvinna hefur farið í hönnun og prófanir, því tilfærsla úr prentuðu formi yfir í rafrænt getur reynst snúin. Nú hefur forritið verið notað á vettvangi í tvö ár og töluverð reynsla komin hjá notendum í hjúkrunarfræði. Skólaárið 2020–2021 bætist iðjuþjálfunarfræðin við og markmiðið um að allt mat á vettvangi við Heilbrigðisvísindasvið HA verði rafrænt færist nær raunveruleikanum. Í erindinu verður fjallað um uppsetningu, samstarf og aðkomu Kennslumiðstöðvar HA við innleiðingu á rafrænu mati á vettvangi við Heilbrigðisvísindasvið HA.

Reynsla af notkun Inspera fyrir námsmat í verkfræðinámskeiði

Kristinn Andersen, prófessor, VoN, HÍ

Rafræna prófakerfið Inspera var notað við námsmat í grunnnámskeiðinu Rafeindatækni 1 í Rafmagns- og tölvuverkfræðideild Háskóla Íslands á vormisseri 2020. Í þessu námskeiði felst námsmat einkum í greiningu og hönnun rafeindarása þar sem nemendur þurfa að leiða út lausnir með stærðfræðilegum aðferðum og koma hugmyndum sínum og skilningi á framfæri með rissi og teikningum. Handskrift úrlausna á blað, með hefðbundnum hætti, hentar vel fyrir þessa gerð prófa. Í því verkefni sem hér er kynnt voru prófaðar aðrar aðferðir til að nýta þá kosti sem rafræn prófakerfi bjóða. Inspera var notað í reglulegum prófum námskeiðsins yfir misserið og notkun þess frá sjónarhóli kennara og nemenda er borin saman við hefðbundna próftöku með handskrifuðum úrlausnum. Í námskeiðinu voru vikulega sett fyrir stutt tímapróf í kennslustundum, þar sem hluti nemendanna tók próf með Inspera en aðrir

tóku sama próf með hefðbundnum hætti. Borið er saman verklag nemenda við próftöku með þessum tveimur aðferðum, viðhorf nemenda og reynsla kennara af undirbúningi og yfirferð prófanna. Enn fremur var leitað leiða til að gera mat prófúrlausna sem sjálfvirkast í Inspera, m.a. með því að setja fram prófdæmi með öðrum hætti og með því að breyta gerð spurninga að nokkru leyti frá því sem venja hefur verið í prófum námskeiðsins.
Um var að ræða kennsluþróunarverkefni sem skipulagt hafði verið fyrir misserið og hófst strax í kennslustundum í upphafi þess, en eftir að hefðbundin kennsla féll niður vegna kórónuveirufaraldurs hélt verkefnið áfram í fjarkennslu. Verður jafnframt fjallað um reynslu af því.

Námsefni á netinu í strjálli stærðfræði fyrir nemendar á fyrsta ári háskóla

Steinunn Gróa Sigurðardóttir, háskólakennari, HR, John David Baird, kennsluráðgjafi, HR, Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar, HA, Ólafur Jónsson, verkefnastjóri tölvumiðstöðvar HA, Hinrik Snær Hjörleifsson, sumarstarfsmaður, HR og Jón Gunnar Hannesson, HA, sumarstarfsmaður, HR

Discrete Mathematics II is a mandatory course delivered collaboratively by Reykjavík University (HR) and the University of Akureyri (HA) in the spring semester of the first year of a BSc in Computer Science. This year a series of ´learning packages´ were designed, hosted on the Canvas virtual learning environment (VLE), which allowed students to develop their conceptual understanding of the mathematical principles behind particular problem types, to apply this understanding at a time and pace that best suited themselves and to receive immediate feedback on their performance.
The aims of this project are to investigate a) the relationship between the design of learning packages and student engagement with and use of them and 2) the relationship between learning package use, dæmatímar/problem-solving session attendance and engagement, and student performance. A mixed-methods approach was used, comprising quantitative Canvas VLE student interaction data, quantitative and qualitative post-course student survey data, and quantitative student performance data. Data analysis is at a very early stage. Initial headline data suggests that the resource is motivating, engaging and valued by students as part of their learning. For Discrete Mathematics II, 53% of responses to the course evaluation survey item ´What are the main advantages of the teaching/course´, specifically referenced the learning packages. Each learning package allowed students to rate its usefulness using a 5-point Likert scale. Results from a sample of nine learning packages (learning package 1 from weeks 1-9) show an average ´very useful´ or ´useful´ rating of 90%.

Háskólar: Nemendur og námsgengi

Rannsóknarstofa um háskóla

Guðrún Geirsdóttir

Brotthvarf nemenda úr námi á tveimur sviðum Háskóla Íslands

Anna Helga Jónsdóttir, dósent, VoN, HÍ, Magnús Þór Torfason, lektor, FVS, HÍ og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor, FVS, HÍ

Haustið 2017 var ákveðið að fylgja eftir nýnemum tveggja sviða Háskóla Íslands, Félagsvísindasviðs (FVS) og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs (VON), og framvinda þeirra í námi rannsökuð. Eitt af meginmarkmiðum rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hversu víðtækt brotthvarf nemenda úr námi er á sviðunum tveimur og hvort fylgni væri á milli tiltekinna bakgrunnsbreyta og brotthvarfs, svo sem kyns, aldurs og framhaldsskóla. Spurningalistar voru einnig lagðir fyrir nemendahópinn þar sem tengsl nemenda við aðra nýnema voru könnuð og seigla (e. grit) nemendanna metin. 610 nemendur hófu nám á FVS og 621 á VON haustið 2017. Í lok júní 2020, þremur skólaárum síðar, höfðu um 28% nemenda FVS-hópsins og 29% nemenda VON-hópsins brautskráðst en um 17% nemenda FVS og um 14% nemenda VON voru enn í sama námi og þeir hófu haustið 2017. Um 21% nemenda FVS-hópsins, og sama hlutfall VON-hópsins, voru skráðir í annað nám en þeir byrjuðu í. Um 34% nemenda FVS-hópsins höfðu hætt námi og sömu sögu má segja um 36% nemenda VON-hópsins. Tvíkosta aðhvarfsgreining var notuð til að kanna möguleg tengsl milli brotthvarfs úr námi og bakgrunnsbreytanna og verða helstu niðurstöður þeirrar greiningar kynntar í erindinu. Að auki verður rætt um hvernig niðurstöður rannsóknarinnar geti mögulega nýst deildum til að minnka brotthvarf nemenda úr námi.

Tengslamyndun háskólanema

Magnús Þór Torfason, lektor, FVS, HÍ, Anna Helga Jónsdóttir, VoN, HÍ og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, FVS, HÍ

Háskólaárin eru mótandi tími fyrir nemendur og hafa ýmsir rannsakendur bent á mikilvægi tengslaneta háskólanema. Rannsóknir hafa gefið til kynna að öflugt tengslanet í háskólanámi dragi úr brotthvarfi háskólanema auk þess sem tengsl úr háskóla hafa áhrif á árangur í atvinnuleit. Að endingu hefur verið sýnt fram á mikilvægi félagslegra tengsla fyrir andlega líðan fólks. Því eru fjölþættar ástæður fyrir að skoða þátt háskólasamfélagsins í hvernig tengslanet fólks þróast.

Í þessari rannsókn er sjónum beint sérstaklega að tengslamyndun háskólanema, þ.e. hvaða þættir spá fyrir um myndun nýrra tengsla meðal háskólanema. Lögð var könnun fyrir nýnema í tveimur fræðasviðum við Háskóla Íslands þar sem nemendur voru spurðir hverja þeir þekktu við upphaf náms, auk annarra spurninga. Þessir nemendur voru svo aftur spurðir um miðbik annars árs hvaða samnemendum þeir eyddu mestum tíma í skólanum. Svörin voru notuð til að kortleggja tengsl og tengslamyndun nemenda. Sér í lagi var skoðað hvaða þættir spáðu fyrir um fjölda nýrra tengsla – tengsla sem voru til staðar í seinni fyrirlögninni en ekki í þeirri fyrri. Greining á gögnunum gaf til kynna að konur við Háskóla Íslands stofnuðu til fleiri nýrra tengsla á fyrsta eina og hálfa ári sínu í háskólanámi en karlar. Þessi kynjamunur er marktækur meðal nemenda á báðum fræðasviðum sem þátt tóku. Kynjamunurinn var þó meiri á Verkfræði- og náttúruvísindasviði en á Félagsvísindasviði. Niðurstöðurnar gefa til kynna að tengslamyndun í háskóla kunni að vera veigameiri þáttur í uppbyggingu tengslanets kvenna en tengslanets karla.

Bakgrunnur og aðstæður nýnema á Menntavísindasviði

Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Þuríður Jóhannsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að kanna aðstæður og bakgrunn stúdenta á Menntavísindasviði HÍ og áhrif þess á framvindu náms og brottfall. Á Menntavísindasviði eru hlutfallslega margir fjarnemar á sumum námsleiðum. Skipulag fjarnáms og staðnáms er sambærilegt, hóparnir sækja sömu námskeið og staðnemar mæta í vikulegar kennslustundir en fjarnemar staðbundnar lotur en stunda námið þess á milli á netinu. Staðnemar eru líklegri til að vera ungir, einhleypir og hafa nýlokið framhaldsskóla en fjarnemar eru oftar eldri með fjölskyldu og vinna mikið með námi. Gögnum var safnað með spurningakönnun haustið 2019 meðal 296 nýnema á fjórum námsleiðum í grunnnámi. 40% þátttakenda eru yfir 25 ára aldri og hlutfallið er í kringum 65% í leikskólakennarafræði og þroskaþjálfafræði. Ríflega helmingur þátttakenda er í sambúð, hæsta hlutfallið er í leikskólakennaranámi 76% og 54% þroskaþjálfanema eru í sambúð. Um 67% allra þátttakenda eru barnlausir, um helmingur leikskólakennaranema og þroskaþjálfanema. Þriðjungur þátttakenda vinnur meira en 30 klst. á viku í launuðu starfi og á það við um yfir helming leikskólakennaranema og þroskaþjálfanema en svipað hlutfall á þessum námsleiðum segir að vinna hafi neikvæð áhrif á námsframvindu. Þegar spurt er um tíma sem notaður er í námið segjast aðeins 23% nota meira en 30 klst. á viku í námið. Hlutfallið er lægst (4%) hjá tómstunda- og félagsmálafræðinemum, en þar er eingöngu í boði staðnám, en hæst hjá grunnskólakennaranemum (30%) þar sem um 60% eru staðnemar. Ljóst er að aðstæður og bakgrunnur stúdenta hafa áhrif á námsframvindu og líklega þarf háskólinn að taka í ríkara mæli mið af því við skipulag námsins.

Hvað skýrir hæga framvindu og mikið brottfall úr námi í leikskólakennarafræðum við Háskóla Íslands?

Þuríður Jóhannsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar var að leita skýringa á hægri námsframvindu og miklu brottfalli meðal leikskólakennaranema við HÍ. Á Íslandi hefur skortur á leikskólakennurum verið viðvarandi. Fyrir um aldarfjórðungi var leikskólakennaranám flutt á háskólastig og með lögum frá 2008 var krafist meistaraprófs. Eftir lengingu námsins hefur dregið mjög úr fjölda útskrifaðra leikskólakennara og ljóst að ef svo heldur sem horfir mun stórfelld fækkun verða í röðum þeirra. Til að svara því hvað veldur hægri námsframvindu voru aðstæður nema kannaðar, svo sem vinna með námi, fjölskylduaðstæður og fyrri menntun. Auk þess var skoðaður tími notaður í námið, námsform, þ.e. staðnám eða fjarnám, fjöldi eininga sem nemar voru skráðir í og ljúka á fyrsta námsári. Gögnum var safnað með spurningalistum sem lagðir voru fyrir alla leikskólakennaranema á fyrsta námsári haustið 2018 og 2019 og nema á öðru ári árið 2019. Mikill meirihluti leikskólakennaranema (80%) er í fjarnámi og vinnur fullt starf í leikskóla með námi. Þetta eru konur (79%) um þriðjungur þeirra yfir þrítugt og meirihluti í sambúð og með börn. 70% hafa lokið stúdentsprófi og 63% nota 20 klst. eða minna í námið á viku. Þegar komið er á annað námsár kemur í ljós að 40% hafa lokið sem samsvarar fullu námi á fyrsta námsári. Ljóst er að núverandi skipulag námsins tekur ekki nægilega mið af aðstæðum leikskólakennaranema. Mikil þörf er fyrir menntaða leikskólakennara og grípa þarf til aðgerða til þess styðja námsframvindu þeirra nema sem hefja leikskólakennaranám til að minnka brottfall og stuðla að því að fleiri ljúki námi.

Háskólakennsla

Málstofustjóri: Lilja M. Jónsdóttir

Hver er reynslan? Heilsárs vettvangsnám – starfsnámsár í grunnskólakennaranámi

Lilja M. Jónsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Guðbjörg Pálsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Edda Kristín Hauksdóttir, grunnskólakennari

Skólaárið 2019–2020 var í fyrsta sinn í boði að taka launað starfsnám á lokaári í grunnskólakennaranámi við Menntavísindasvið HÍ. Starf á vettvangi var hluti af námskeiði, Nám og kennsla – fagmennska í starfi (35 einingar). Megináhersla þess er að tengja saman fræði og starf á vettvangi. Inntak og skipulag byggir á grunni námskeiðsins Nám og kennsla – Fagmennska í starfi (25

einingar) sem hafði falið í sér misserislangt vettvangsnám. Fjallað verður um aðdragandann, markmið, skipulag og helstu grunnhugmyndir sem byggt er á í þróun námskeiðsins. Jafnframt verður greint frá niðurstöðum rannsóknar sem fór fram síðastliðið skólaár. Markmiðið með rannsókninni var að skoða með hvaða hætti inntak námskeiðsins og skipulag nýtist kennaranemunum og styður þá í kennarastarfinu. Rannsóknin er eigindleg og var gagna aflað með viðtölum við kennaranema, niðurstöðum sameiginlegra vinnufunda kennaranema, æfingakennara, leiðsagnarkennara og háskólakennara, auk kennsluáætlana og fundargerða af teymisfundum kennara námskeiðsins. Gögnin voru þemagreind. Niðurstöður benda til almennrar ánægju með námskeiðið. Nemarnir telja að viðfangsefni þess styðji sig í starfi og umræðutímar í smærri hópum um námsþætti og eigin kennslu þykja afar mikilvægir. Þá segja þeir að regluleg ígrundun um kennsluna efli þá í starfsþróun og mótun eigin starfskenningar. Fram kemur að skipulag og námsþættir námskeiðsins styðja við uppbyggingu lærdómssamfélags, bæði í kennaramenntuninni sjálfri og úti á vettvangi. Í ljós hefur komið að skipulag námskeiðsins er flókið ferli sem krefst samhæfingar margra ólíkra aðila og hafa margs konar hindranir orðið á vegi okkar þetta fyrsta ár sem finna þarf lausnir á og læra má af.

„Það lyfti mér frá botni“: Reynsla erlendra nemenda af aðstoð Ritvers Háskóla Íslands

Berglind Hrönn Einarsdóttir, verkefnisstjóri, MVS og Randi W. Stebbins, forstöðukona Ritvers HÍ

Sífellt fleiri nemendur af erlendum uppruna hefja nám við Háskóla Íslands, hvort sem það eru skiptinemar frá öðrum löndum eða nemendur af erlendum uppruna sem búsettir eru á Íslandi. Á vormánuðum 2019 fékk Ritver Háskóla Íslands, þá Ritver Menntavísindasviðs, styrk úr þróunarsjóði innflytjendamála. Markmiðið er að veita nemendum af erlendum uppruna markvissan stuðning við gerð skriflegra verkefna í námskeiðum og við gerð lokaverkefna og þar með jafna möguleika þessa hóps á að stunda háskólanám á íslensku við Háskóla Íslands. Nemendur af erlendum uppruna geta staðið fyrir ýmsum áskorunum í háskólanámi. Þeir hafa ólíka reynslu að baki og þurfa því að aðlagast nýjum hefðum og stílum, þar á meðal fræðilegum ritmálsstíl. Rannsóknir hafa einnig sýnt að þessir nemendur glíma gjarnan við vandamál á borð við tungumálaerfiðleika, samskiptavandamál og skort á upplýsingum. Til þess að koma til móts við nemendur hafa ráðgjafar Ritvers Háskóla Íslands verið þessum hópi til aðstoðar og boðið upp á viðtalstíma og sérstaka hópfundi með það að markmiði að veita þeim stuðning og aðstoða þá við erfiðleika eins og fræðileg skrif á íslensku. Helstu erfiðleikar sem Ritverið hefur staðið frammi fyrir í tengslum við aðstoð við erlenda nemendur er að fá nemendur á staðinn. Þeir sem hins vegar sækja viðtalstíma og hópfundi eru þakklátir og ánægðir með aðstoðina.

Scripting the unpredictable complexity classroom management: A theoretical model contrasting expert and novice teachers' knowledge and awareness of classroom events

Charlotte Eliza Wolff, lector, SE, UI

Practically speaking, the main goal of classroom management is to optimize classroom learning. Yet dealing with classroom complexities and the diversity of students and events presents a major challenge for creating positive learning spaces and achieving learning goals. Teachers' knowledge for processing such complexity depends heavily on their level of experience, leading to substantial differences in how teachers perceive and interpret what happens in the classroom. Experience impacts how teachers visually monitor classrooms, how they maintain an ongoing awareness of situations, and decisions about when and how to interact with students. This research provides a theoretical model exposing the internal cognitive processing involved in managing classrooms as an effort to make knowledge differences more practically relevant, particularly in terms of helping teacher educators and teachers themselves analyze and make sense of puzzling situations. Classroom management scripts are theorized in order to clarify differences in teachers' awareness; that is, recognition and representation of students and events, by considering visual perception, mental interpretation, and varying modes of cognition. Emphasis is placed on exposing inherent patterns in teachers´ thinking by contrasting expert and novice teachers' knowledge structures and interactive decision-making. The modeling of scripts may be useful for developing training approaches to improve teachers' awareness of factors easily overlooked when contemplating how to manage classroom complexities. Notably, our theory underlines the centrality of facilitating and sustaining learning when grappling with the day-to-day challenges of interpreting classroom situations.

Predictors of Teachers' readiness for Technological Innovation in Education

Benjamin Aidoo, PhD student, SE, UI

The benefit of technological tools in teaching and learning has been highlighted in the research on how teachers use information technology to teach to support, enhance, and optimise information delivery to students, how technological tools can lead to improved student learning and better pedagogical practice. However, transitioning to online teaching using technological tools poses challenges to instructors, especially first timers. The University of Iceland supports activating students to take responsibility for their learning. The purpose of this research is to describe technological pedagogical knowledge (TPK) and its effect on online teaching and other challenges teachers experienced in the online teaching and learning environment during the COVID-19 academic year of

2019/2020. A short online survey was sent to 40 teachers during the school disruption period in Iceland. 34 teachers, representing 85%, responded to all the questions in the survey. The survey was used to collect data about the teachers' background, the transformation of their pedagogical practice and other challenges encountered. The findings suggest that teachers' own technological pedagogical knowledge has the main impact on technology-driven teaching and learning. The results show that such knowledge could help improve their professional development and facilitate the adoption of different teaching approaches for online teaching.

Háskólar: Kennarar og kennsluþróun

Rannsóknarstofa um háskóla
Guðrún Geirsdóttir

Perceived faculty development needs of tenured and sessional health science faculty

Abigail Grover Snook, adjunct, SHS, UI and Ásta Bryndís Schram, assistant professor, SHS, UI

Introduction: To motivate teacher participation in faculty development, interventions must address perceived needs of teachers. The aim of this study was to examine the perceived faculty development needs (PFDNs) of tenured and sessional faculty at the School of Health Sciences.
Methods: An online survey was conducted where teachers (n = 238) evaluated their need for 22 interventions using a Likert scale. Analysis included chi-square testing comparing tenured and all sessional faculty as well as comparing tenured faculty, classroom sessional faculty, and clinical sessional faculty. Ranking of PFDNs between groups was also compared. Results: Sessional faculty rated all 22 items higher and had strong agreement (=70%) on 18 of the items compared to 6 items for tenured faculty. Significant differences between tenured and sessional faculty were seen in 12 PFDNs. Top needs for all teachers were developing reflective practice, motivating students, designing effective assessments, providing constructive feedback, using educational technology, and constructing quality test questions. Top needs for classroom sessional faculty included teaching strategies for large groups and teaching clinical reasoning/critical thinking. Top needs for clinical sessional faculty included encouraging students to be self-directed, learning how to manage common teaching challenges, mentoring, and communicating goals and expectations to students.
Discussion: In general, sessional faculty expressed stronger needs for faculty development interventions. Faculty development should focus on the similar needs of tenured and sessional faculty but also develop certain interventions more important to classroom and clinical sessional faculty. This information can be utilized to develop interventions that address the PFDNs of teachers.

Vendifundir til að styðja við umræðu um kennslu og kennsluþróun

Margrét Sigrún Sigurðardóttir, dósent, FVS, HÍ

Í vendikennslu er fyrirlestrahluti kennslunnar færður út úr kennslustofunni í formi upptöku með það fyrir augum að skapa rými fyrir virkt nám innan kennslustofunnar. Rannsóknir á vendikennslu benda til þess að nemendur séu almennt fremur jákvæðir gagnvart vendikennslu þar sem þeir geta horft á upptökurnar á eigin hraða þegar þeim hentar. Þar sem vendikennsla hefur nýst vel í að virkja nemendur í kennslustofunni vaknaði sú spurning hvort hægt væri að nýta sömu hugmyndafræði í kennsluþróun með „vendifundum“. Hugmyndin á bak við vendifundi er að gera það sem er vel gert í kennsluþróun á Félagsvísindasviði sýnilegt um leið og ákveðnin atriði tengd kennslu eru sett á dagskrá. Með vendifundum vonuðumst við einnig til þess að ná til kennara sem jafnan taka ekki þátt í samtali um kennslu. Fundirnir voru skipulagðir með þeim hætti að 3–4 stuttar upptökur voru sendar á alla kennara sviðsins í tölvupósti. Upptökurnar skiptust í inngangsupptöku, upptökur af kennurum að lýsa reynslu sinni af viðfangsefninu og upptöku þar sem nemandi lýsti reynslu sinni. Umræðuhluti fundarins var svo haldinn á kaffistofu sviðsins í Odda og byggðist upp á óformlegu samtali um viðfangsefni fundarins. Þátttaka í vendifundum var framar vonum skólaárið 2019–2020, áhorf á upptökur var frá 35 áhorfum upp í rúmlega 100 áhorf, og á fundina sjálfa mættu um 10–20 einstaklingar í hvert skipti. Reynsla af vendifundum um kennslumál á Félagsvísindasviði má því teljast góð og verður haldið áfram.

Að kenna og stunda eigindlegar rannsóknaraðferðir

Thamar Melanie Heijstra, dósent, FVS, HÍ, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, dósent, FVS, HÍ og Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor, FVS, HÍ

Eigindlegar rannsóknaraðferðir eru komnar til að vera í íslensku háskólaumhverfi en margbrotið eðli þessara rannsóknaraðferða gerir það að verkum að það er áskorun að kenna slíkar aðferðir þar sem háskólaumhverfið er með megindlegar áherslur. Markmið þessa erindis er að ávarpa erfiðleikana sem háskólakennarar standa frammi fyrir þegar þeir kenna eigindlegar rannsóknaraðferðir. Erindið byggir á gögnum úr sjö eigindlegum viðtölum við kennara sem stunda og kenna eigindlegar rannsóknaraðferðir háskóla á Íslandi. Niðurstöður sýna að kennarar finna fyrir þrýstingi til að koma eigindlegum rannsóknaraðferðum fyrir í megindlegu kerfi sem snýst um skilvirkni, nýfrjálshyggju og einkunnakerfi. Einnig kemur fram að það getur verið flókið að vera með ramma til að leiðbeina nemendum áfram án þess að segja þeim beint fyrir verkum. Þetta vekur líka upp spurninguna um hversu langt traust á milli nemenda og kennara á að ná. Viðmælendur eru ástríðufullir fyrir kennslu

sinni en á sama tíma vonsviknir yfir því að þeir þurfa enn að berjast gegn fordómum um vísindalegt gildi eigindlegra rannsóknaraðferða.

Samfélagslegar áskoranir og hlutverk háskóla: Hugmyndir og viðhorf háskólakennara

Valgerður S. Bjarnadóttir, nýdoktor, HA

Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast skilning á hugmyndum háskólakennara um hlutverk háskóla, meðal annars þegar kemur að því að fást við samfélagslegar áskoranir á hverjum tíma, svo sem umhverfisvá og falsfréttir. Byggt er á viðtalsrannsókn þar sem rætt var við 26 háskólakennara úr þremur íslenskum háskólum. Viðtölin voru tekin í desember 2019 og janúar 2020. Helstu niðurstöður benda til þess að í hugum viðmælenda sé eitt af grundvallarhlutverkum háskóla að takast á við helstu ógnir samtímans hverju sinni og vera skapandi, ögrandi og jafnvel óþægilegur. Hins vegar eru nokkrar áskoranir þegar kemur að því að sinna þessu hlutverki. Þær snúa bæði að starfsumhverfi kennaranna, þar sem framgangs- og stigamatskerfi vega nokkuð þungt, og breyttu samskiptaformi nemenda og kennara, þar sem sífellt meiri sveigjanleiki í námsfyrirkomulagi hamlar þjálfun í gagnrýninni umræðu og virku samfélagi nemenda. Niðurstöður styðja við mikilvægi þess að viðhalda lifandi og markvissri umræðu um tilgang og lýðræðislegt hlutverk háskóla í samhengi við þróun á námsfyrirkomulagi og starfsumhverfi háskóla.

Að undirbúa nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi: Viðhorf háskólakennara

Guðrún Geirsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Anna Ólafsdóttir, dósent, HA

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum rannsóknar á viðhorfum háskólakennara til lýðræðishlutverks háskóla og hvort og þá hvernig hugmyndir þeirra og viðhorf endurspeglast í kennslu. Niðurstöðurnar eru hluti af stærra rannsóknarverkefni sem snýr að háskólum og lýðræði. Tekin voru viðtöl við 26 háskólakennara innan tveggja fræðasviða við þrjá íslenska háskóla. Í viðtölunum voru þátttakendur beðnir að reifa hugmyndir sínar um hlutverk háskóla í lýðræðissamfélagi og hvernig þeir teldu námsgreinar á sínu sérfræðisviði undirbúa nemendur undir ábyrga þátttöku í lýðræðissamfélagi eins og kveðið er á um í lögum að háskóli eigi að gera. Þátttakendur voru síðan spurðir hvort, og þá hvernig þessar hugmyndir endurspegluðust í kennsluháttum (námskrárgerð, kennsluaðferðum og leiðum við námsmat), auk þess sem leitað var eftir upplýsingum um aðkomu nemenda að ákvörðunum um ofangreinda þætti. Úrvinnslu gagna er ekki lokið en fyrstu niðurstöður gefa til kynna að háskólakennarar telji hlutverk háskóla í lýðræðissamfélagi mikilvægt en hugmyndir þeirra um hvernig best megi undirbúa nemendur undir ábyrga þátttöku í lýðræðissamfélagi virðast fremur ómótaðar. Að

mati viðmælenda fer ekki mikið fyrir umræðu um lýðræðislegt hlutverk háskóla innan deilda og námsleiða á þeirra fræðasviði þó ýmsir innri og ytri þættir hafi þar áhrif á. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að háskólakennurum finnist ekki augljóst hvernig tengja megi hugmyndir þeirra um lýðræðishlutverk háskóla við kennslu í þeirra greinum.

Frammistöðumat í teymis- og hópavinnu

Málstofusjtóri: Rúnar Unnþórsson

Aðferðafræði fyrir frammistöðumat í nemendadrifinni teymisvinnu

Rúnar Unnþórsson, prófessor, VON, HÍ og Guðmundur Valur Oddsson, prófessor, VON, HÍ

Í erindinu verður kynnt aðferðafræði sem höfundar eru að þróa til að meta frammistöðu nemenda í nemendadrifinni teymisvinnu. Námskeið sem byggja á nemendadrifinni teymisvinnu, einnig þekkt sem sjálfstæð hópavinna, bjóða nemendum upp á að læra og þjálfa færni sem ekki er hægt í hefðbundnum námskeiðum – til að mynda að vinna saman í þverfaglegum teymum að því að beita þekkingu sinni til að hanna og smíða lausnir á flóknum raunverulegum viðfangsefnum. Erlend fagfélög í verkfræði, eins og ASME, IEEE, SAE og ASCE, hafa áttað sig á mikilvægi þess konar verkefna fyrir verkfræðinemendur. Í gegnum þannig verkefni geta nemendurnir öðlast mikilvæga þekkingu og reynslu sem þeir munu búa að og atvinnulífið einnig. Aðferðafræðin sem kynnt verður er hugsuð sem verkfæri sem kennarar geta beitt til að bera kennsl á þætti í teymisvinnunni sem hindra nemendateymið í að verða skilvirkt og árangursríkt. Aðferðafræðin byggir á ítarlegri greiningu á ritrýndu efni sem birt hefur verið um árangur teyma. Höfundar kortlögðu aðferðir sem nota má til að mæla árangur teyma og einnig þá þætti sem hafa áhrif á árangur þeirra. Niðurstaðan er aðferðafræði sem beita má á teymi nemenda, sérstaklega á nemendadrifna teymisvinnu – t.a.m. sjálfstæð rannsókna- og þróunarverkefni. Í erindinu verður aðferðafræðin útskýrð og sýnt hvernig nota má myndræna framsetningu niðurstaðna til að finna þætti sem koma í veg fyrir að nemendateymið nái tilætluðum árangri. Aðferðafræðina er auðvelt að nota og niðurstöður hennar auðvelda kennaranum við að greina hvar vandamál liggja – en fjölmörg vandamál geta verið til staðar í fjölfaglegum verkefnum.

Frammistöðumat í þverfræðilegu nemendadrifnu verkefnisnámskeiði

Guðmundur Valur Oddsson, prófessor, VON, HÍ og Rúnar Unnþórsson, prófessor, VON, HÍ

Í erindinu verður sýnt hvernig nota má aðferðafræði sem höfundar eru að þróa til að meta frammistöðu nemenda í nemendadrifinni teymisvinnu. Aðferðafræðin er mjög gagnlegt tæki fyrir

kennara sem hafa umsjón með flóknu teymi nemenda og þurfa að geta greint frammistöðu á kerfisbundinn hátt. Aðferðafræðin getur hugsanlega nýst við mat á frammistöðu annars konar liða – t.d. í iðnaði. Sýnt verður hvernig greina má frammistöðu teymisvinnu í námskeiðinu Hönnun og smíði rafknúins kappakstursbíls sem hefur verið í boði við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild síðan 2011. Markmið verkefnisins hafa verið þau sömu öll árin – að fá fleiri stig en árið áður með því að bæta hönnun og smíði bílsins og að liðið mæti betur undirbúið. Farið verður yfir sögu verkefnisins, þróun þess frá upphafi og árangur í erlendum keppnum. Árangur nemenda í keppnum er mældur með keppnisstigum en heildarfjöldi stiga hefur verið svipaður öll árin. Tilraunir til að bæta frammistöðu liðsins í keppnum hafa því ekki skilað sér. Í erindinu verður sýnt hvernig aðferðafræðin nýtist til að öðlast betri skilning á hvað kemur í veg fyrir að nemendateymið nái markmiðunum. Sýnt verður hvernig myndræn framsetning nýtist kennurum til að finna þætti sem koma í veg fyrir að nemendateymið nái tilætluðum árangri. Nokkur þeirra atriða sem eru dregin fram voru þekkt en aðferðafræðin gerir þau betur sýnileg og gerir kennara auðveldara að taka á þeim.

Hamfaradagar í byrjun náms í verkfræði

Haraldur Auðunsson, dósent, HR, Ásrún Matthíasdóttir, lektor, HR og Þórður Víkingur Friðgeirsson, lektor, HR

Frá haustinu 2011 hafa allir nemendur sem hefja nám í verkfræði við Háskólann í Reykjavík tekið þátt í tveggja daga námskeiði sem nefnist Hamfaradagar. Námskeiðið er oftast haldið í fimmtu viku fyrstu annar námsins og þessa tvo daga er gert hlé á hefðbundnu námi og kennslan brotin upp á annars langri haustönn. Verkefnið sem nemendur fá í fangið í námskeiðinu er bæði óvænt og óljóst, gjarnan hamfarir, og er reynt að móta verkefnið þannig að það veki áhuga og að hópvinna sé eðlileg leið til að kljást við það. Í hverjum hópi eru nemendur á sömu braut í verkfræði og hópurinn velur hvernig hann nálgast verkefnið. Haustið 2019 var verkefnið alheimsplága og það þurfti að loka landinu í snarhasti, og fyrri verkefni hafa snúist um viðbrögð við eldgosum, að þurfa óvænt að halda Eurovision eða aðkallandi hönnunarverkefni. Kannanir gerðar strax í lok námskeiðsins sýna að nemendur eru almennt ánægðir með Hamfaradaga, en til að kanna áhrifin til lengri tíma tókum við formleg viðtöl við nemendur fljótlega eftir námskeiðið, einu ári síðar og tveimur árum síðar. Í viðtölunum kemur skýrt fram að nemendur voru ánægðir með tilbreytinguna frá hefðbundnu námi, að lenda í hópvinnu með einstaklingum sem þeir þekktu ekki fyrir væri góður undirbúningur fyrir framtíðina og að hópurinn þeirra varð hluti af félagahópnum og jafnvel námsfélagar út námið. Út frá könnunum og viðtölum getum við ályktað að Hamfaradagar eru eflandi byrjun á námsferli nemenda í verkfræði og að reynslutengt nám reynist vel til að efla færni í hópvinnu.

Kynjahalli í akademíu: Gerum eitthvað – en hvað?

MARK Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsókna
Þorgerður Jennýjardóttir Einarsdóttir

„Alltaf á verði“: Femíníska aktívismi í akademíu

Gyða Margrét Pétursdóttir, prófessor, FVS, HÍ og Thamar M. Heijstra, dósent, FVS, HÍ

Í byrjun áttunda áratugarins hófst femíníst fræðastarf við Háskóla Íslands, drifið áfram af fámennum hópi frumkvöðla innan félags- og hugvísinda. Síðan þá hefur áherslunni vaxið fiskur um hrygg og innan ýmissa greina beitir fræðafólk femínískum áherslum samfara baráttu sinni á vettvangi samfélagsins. Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum við tólf femíníska aktívista í akademíu sem eru á seinni helmingi síðari hálfleiks síns starfsferils. Í rannsókninni er spurt: Hverjar voru aðstæður þegar þær komu til starfa? Hvaða aðferðum hafa þær beitt til að hafa áhrif bæði innan og utan akademíu og með hvaða hætti meta þær árangur sinn? Reynsla þátttakenda er sú að þær hafi á margan hátt verið útilokaðar um leið og þær voru innlimaðar í akademíu og upplifun þeirra er á margvíslegan hátt lituð af þessari stöðu. Þær spila varnarmiðaðan sóknarleik og upplifa að við kennslu og í samskiptum við nemendur megi sá mikilvægum fræjum sem eru forsendur samfélagsbreytinga í jafnréttisátt.

Aðgerðir stjórnvalda og kynjaskekkjur í háskólasamfélaginu

Finnborg Salome Steinþórsdóttir, nýdoktor, FVS, HÍ

Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að vinna að jafnrétti kynjanna, m.a. með kynjaðri fjárlagagerð sem lögfest var með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Markmið rannsóknarinnar er að rýna í aðgerðir og ákvarðanir stjórnvalda um opinber fjármál og leggja mat á hvort þær stuðli að jafnrétti með sérstakri áherslu á kynjamisrétti í háskóla- og vísindasamfélaginu. Rannsóknin byggir á innihaldsgreiningu á opinberum gögnum tengdum málefnasviðum háskóla og vísinda, s.s. fjármálaáætlun og fjárlögum ríkisstjórnarinnar. Jafnframt á tölfræðilegum gögnum sem varpa ljósi á kynjuð valdatengsl í háskólasamfélaginu. Leitast verður við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: Hvaða áhrif hafa aðgerðir stjórnvalda á stöðu kynjanna í háskólasamfélaginu nú á dögum? Hvaða afleiðingar hafa ákvarðanir sem teknar eru varðandi framgang kvenna innan vísindasamfélagsins í framtíðinni? Niðurstöðurnar benda til þess að vankantar séu á innleiðingu stjórnvalda á kynjaðri fjárlagagerð og að ákvarðanir um opinber fjármál á málefnasviðunum séu

líklegar til að viðhaldi kynjaskekkjum og misrétti innan háskólasamfélagsins. Rannsóknin er hluti af verkefninu GENDERSENSE og verkefninu ACT sem stutt er af H2020-áætlun Evrópusambandsins.

Professional communities on academic issues: opportunities and threats

Laufey Axelsdóttir, post-doctoral researcher, SSS, UI, Þorgerður Jennýjardóttir Einarsdóttir, professor, SSS, UI and Finnborg S Steinþórsdóttir, post-doctoral researcher, SSS, UI

The presentation critically reflects on the opportunities and obstacles of Community of Practice (CoP) in developing and implementing gender budgeting to challenge gender biases in decision-making of research organisations. We explore the potential for a CoP to create knowledge about a relatively new subject in which CoP-members' experience and knowledge about the topic is at a different place. Employing a case study approach, we draw on the experiences of the CoP on gender budgeting (GenBUDGET) and its activities, referred to as 'Targeted Implementation Projects' (TIPs) to enhance knowledge and develop shared practices on gender budgeting in research organisations. In their TIPs the CoP members assess the gender impact of certain financial managerial mechanisms within their research organisation and formulate measures to enhance gender equality. These activities aim to lay the foundations for the CoP to take action as a community, develop shared knowledge on how to implement gender budgeting and deal with resistance. The research is a part of the H2020 project ACT.

Starfsumhverfi og kynjasjónarmið opinberra háskóla á tímum nýfrjálshyggju

Þorgerður Jennýjardóttir Einarsdóttir, prófessor, FVS, HÍ og Finnborg S. Steinþórsdóttir, nýdoktor, FVS, HÍ

Vaxandi alþjóðasamkeppni, markaðsvæðing og hugmyndir um nýskipan í ríkisrekstri (e. new public management) hafa haft mikil áhrif á starfsemi háskóla síðustu áratugi og þar með starfsumhverfi akademískra starfsmanna. Þetta birtist í áherslu á hvatakerfi, matskerfi og ýmiss konar reiknilíkön sem ætlað er að mæla afköst, framleiðni og árangur sem stuðst er við í fjárveitingum hins opinbera. Háskóli Íslands hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og stefnir skólinn að því að vera „í fremstu röð" á alþjóðavísu. Við Háskóla Íslands er notað vinnumatskerfi sem metur framlag akademískra starfsmanna í rannsóknum, kennslu og stjórnun til stiga, og vega rannsóknir þyngst. Stigin hafa áhrif á dreifingu fjármagns innan skólans, styrki til akademískra starfsmanna og framhaldsnema, laun og framgang (framgangskerfi), og síðast en ekki síst hafa þau áhrif á fjárframlög til deilda. Í erindinu verða vinnumatskerfið og framgangskerfið skoðað í sögulegu samhengi og ljósi varpað á kynjaðar afleiðingar

þeirra. Rannsóknin er hluti af verkefninu GENDERSENSE og H2020-verkefninu ACT sem stutt er af Evrópusambandinu.

Nám unglinga í Afríku sunnan Sahara

Málstofustjóri: Geir Gunnlaugsson

Félags- og efnahagslegur bakgrunnur menntaskólanemenda í Bissá, Gíneu-Bissá

Geir Gunnlaugsson, prófessor, FVS, HÍ, Aladje Baldé, rektor Jean Piaget háskólans í Gíneu-Bissá, Zeca Jandi, doktorsnemi Instituto Nacional de Estudos e Pesquisa (INEP), Bissá, Gínea-Bissá og Jónína Einarsdóttir, prófessor, FVS, HÍ

Inngangur: Í kjölfar samþykktar á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna 2016–2030 hefur heilsa og velferð unglinga verið í brennidepli. Talið er að fjárfesting þeim til handa, þ.m.t. í menntun, hafi jákvæð efnahags- og félagsleg áhrif, sérstaklega í fátækum löndum. Markmið: Finna og greina félags- og efnahagslega áhrifaþætti á skólagöngu 14–19 ára gamalla unglinga í ríkisreknum menntaskólum borið saman við einkarekna í fátæku og óstöðugu ríki sunnan Sahara. Aðferðafræði: Spurningalisti 'Planet Youth' var lagður fyrir í júní 2017 í bekkjum sem valdir voru af handahófi í samtals 16 skólum í Bissá, Gíneu-Bissá. Niðurstöður: Samtals 2,039 nemendur tóku þátt í spurningakönnuninni (52% stúlkur) og 52% þátttakenda voru í ríkisreknum menntaskólum þar sem skólastarf fellur iðulega niður vegna verkfalla og fjarveru kennara. Stúlkur voru 1,29 sinnum líklegri (95% CI 1.08-1.55) en drengir til að vera í einkareknum skóla borið saman við ríkisrekna skóla. Samtals 1,127 (62%) þátttakenda áttu móður eða föður sem höfðu byrjað eða lokið háskólanámi eða starfsnámi; Ef annaðhvort foreldranna eða báðir höfðu lokið slíkri menntun var 5,74 sinnum líklegra (95% CI 4.64-7.10) að barn þeirra sækti einkaskóla borið saman við ríkisrekinn skóla. Ályktun: Börn menntaðra foreldra senda börn sín í einkarekna menntaskóla sem tryggja stöðugan rekstur og eðlilegt skólastarf. Alþjóðlegan stuðning þarf við uppbyggingu á ríkisrekna skólakerfinu og við kennara í landinu. Án slíks stuðnings er hætta á að þeir sem eru nú þegar verr settir fái ekki tækifæri til að menntast og rækta hæfileika sína og leggja þannig grunn að efnahags- og félagslegum framförum í landinu.

Access of adolescents to digital technology in Bissau, Guinea-Bissau

Thomas Andrew Whitehead, master student, SSS, UI, Aladje Baldé, rector at Jean Piaget University in Guinea-Bissau, Geir Gunnlaugsson, professor, SSS, UI

Background: With the launch of the Sustainable Development Goals 2016-2030, world leaders called for integrated action across sectors to tackle complex development challenges. To achieve the SDGs, digital technology plays an important role, but globally access is uneven. Aims: Outline and analyse access to and use of digital technology among secondary school-attending adolescents aged 14-19 years in a low-income sub-Saharan setting characterized by fragile socio-economic development and political instability. Methods: In June 2017, a survey using a locally adapted and pilot tested 'Planet Youth' questionnaire was conducted in the capital Bissau, Guinea-Bissau. From a special registry of 114 classes with 4,470 students aged 14-19 years in both private and public schools, 2,039 students were randomly chosen to participate. Results: In total, 1,527 (75%) participants responded to one or both questions regarding their use of a laptop and a desktop computer; 777 (51%) had access to at least one computer. If both parents had started or completed university education or vocational training, participants were 2.18 (95% CI 1.73-2.77) times more likely to have used at least one of the two types of computers. Those who responded to at least one out of seven questions on their use of common applications of digital media, 665 (33%) did not report any use. Conclusions: Many adolescents in the capital Bissau have no experience of using digital technology, including for schoolwork. There is an urgent need to improve affordable internet access within the national educational system.

„Verkföll kennara hafa áhrif á alla nemendur": Ójöfnuður meðal unglinga sem stunda nám í ríkis- og einkareknum menntaskólum í Gíneu-Bissá

Fatou N'dure Baboudóttir, doktorsnemi, FVS, HÍ, Zeca Jandi, doktorsnemi og Geir Gunnlaugsson, prófessor, FVS, HÍ

Inngangur: Í fátækari löndum heims eru unglingar sá aldurshópur sem vex hvað hraðast og í Afríku sunnan Sahara (ASS) eru unglingar (10–19 ára) tæplega fjórðungur af heildarfjölda allra íbúa. Engu að síður hafa tiltölulega fáar rannsóknir sem snúa að unglingum og daglegu lífi þeirra verið framkvæmdar á svæðinu. Undanfarið, að hluta til vegna heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna 2016–2030 (SDG), er athygli í vaxandi mæli beint að þeim, og sýnt fram á að unglingar glíma við margvíslegar áskoranir sem tengjast jöfnuði, velferð, daglegu lífi og framtíðarmöguleikum.

Markmið: Í fátæku landi í Afríku sunnan Sahara, lýsa, meta og greina birtingarmyndir ójöfnuðar unglinga sem stunda nám í ríkis- og einkareknum menntaskólum. Aðferðafræði: Eigindleg rannsókn fór fram í Gíneu-Bissá í Vestur-Afríku. Rætt var við 37 nemendur á aldrinum 14–19 ára í bæði einkareknum og opinberum menntaskólum. Samtölin fóru fram á kreól og voru hljóðrituð, afrituð, kóðuð og þemagreind. Niðurstöður: Aðgengi að menntaskólum markast af félagslegum og

efnahagslegum þáttum. Nemendum, sem sóttu ríkisrekinn menntaskóla, var tíðrætt um áhrif verkfalla kennara á skólagöngu sína en voru þó bjartsýnir á lífshorfur sínar og framtíðarmöguleika. Þeir sem voru í einkareknum skólum voru þakklátir fyrir þann stöðugleika sem skólastarfið gaf þeim en margir töldu þó verkföll kennara í ríkisreknum skólum einnig hafa neikvæð áhrif á líf þeirra og menntun. Nemendur nefndu spillingu, pólitískan óstöðugleika og loftslagsbreytingar sem mögulega ógn við framtíð sína. Ályktanir: „SDG-kynslóðin“ í Gíneu-Bissá þarfnast stuðnings við uppbyggingu innviða menntastofnana til að efla menntunartækifæri og auka framtíðarmöguleika sína.

Skólasaga og byggðaþróun

Bragi Guðmundsson

Sveitakennarar við Húnaflóa 1887-1905

Bragi Guðmundsson, prófessor, HA

Á undanförnum árum hafa birst greinar og bókarkaflar sem fjalla um skipan fræðslumála til sjávar og sveita frá því á nítjándu öld. Yfirleitt er reynt að öðlast heildarsýn yfir þróunina um land allt og í sumum tilvikum hefur tekist að greina mun á milli landshluta. Eftir stendur að fáar tilraunir hafa verið gerðar til þess að rannsaka einstök svæði ofan í kjölinn. Í þessu erindi verður greint frá nýrri rannsókn á sveitakennslu í tveimur dreifbýlum en ólíkum nágrannahéruðum, Strandasýslu og Húnavatnssýslu, á árunum 1887–1905. Tímaafmörkun rannsóknarinnar byggir á gögnum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni, fyrst í óformlegum skýrslum presta og prófasta vegna styrkbeiðna kennara til landsstjórnarinnar vegna kennslu sinnar, en frá 1895 á formlegum skýrslum sem tilgreina meðal annars nöfn, aldur og fjölda barna, námsgreinar og námstíma, kennslustaði og kennslutímabil kennarans. Úr efninu má vinna margt áhugavert og hér eru það kennararnir sjálfir sem eru undir smásjá. Nöfn 102 kennara koma fram í þeim gögnum sem fyrir liggja og mörg þeirra hafa hvorki birst í Kennaratali eða öðrum prentuðum gögnum um kennara. Sagt verður frá niðurstöðum um þá einstaklinga sem nefndir eru, hver aldur þeirra og undirbúningsmenntun var og leitað verður svara við því hvað þessir einstaklingar gerðu að ævistarfi sínu. Allar niðurstöður eru kyngreindar og leitast er við að greina sam- og sérkenni með kennurum við Húnaflóa og kollegum þeirra annars staðar.

Þjóðaruppeldið og skólatíminn

Jónína Einarsdóttir, prófessor, FVS, HÍ

Inngangur: Hugtakið þjóðaruppeldi á rætur í menningarlegri þjóðernishyggju 19. aldar og var gjarnan notað í textum um æskulýðsmál á fyrri helmingi 20. aldar. Gott þjóðaruppeldi var talið undirstaða sjálfstæðis og framfara. Það náði til almenns uppeldis og formlegrar menntunar. Lögð var mismikil áhersla á mikilvægi almenns uppeldis, t.d. innrætingu siðgæðis, vinnusemi, þjóðlegrar þekkingar og vandaðs málfars, og menntun á skólabekk. Sífelld lenging skólaársins, vitnað til sem skólatímans, olli því deilum. Markmið: Skoða og greina umræðu um áhrif lengingar skólatímans á sumardvöl þéttbýlisbarna í sveit og viðbrögð við lengingu skólaársins þegar leið á 20. öldina. Aðferðafræði: Eigindleg rannsókn og greining á viðtölum við 56 einstaklinga sem fóru í sveit sem börn allt frá millistríðsárunum til líðandi stundar. Auk þess voru samtímatextar um viðfangsefnið greindir.
Niðurstöður: Samtímis sem vistarskyldunni var aflétt við lok 19. aldar fengu sveitirnar það uppeldishlutverk að innræta þéttbýlisbörnum þá háttsemi sem þar tíðkaðist. Hverju þéttbýlisbarni var talið hollt að dvelja í sveit og tileinka sér vinnusemi, læra að umgangast dýr og náttúruna og tala gott íslenskt mál. Sveitabörn fengu styttri formlega menntun en þéttbýlisbörn enda talið að vel væri staðið að uppeldi þeirra. Einnig var þörf sveitanna mikil fyrir vinnuafl sveitabarna en líka sumardvalarbarna sem fóru gjarnan í sveit áður en skóla lauk að vori og mættu í skólann eftir að skólaárið hófst að hausti.
Ályktun: Sú þekking sem fylgdi sumardvöl í sveit var talin skólanámi æðri fram yfir miðja 20. öld. Eins þótti eðlilegt að verða við þörf bænda á vinnuafli á álagstímum.

Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun

Anna Guðrún Edvardsdóttir, rannsakandi og sérfræðingur, Háskólinn á Hólum og Rorum ehf.

Á tíunda áratug 20. aldar beindust augu stjórnvalda að uppbyggingu þekkingarsamfélagsins. Í öllum landshlutum á Íslandi eru háskólasetur og/eða rannsóknarstofnanir sem ýmist starfa sjálfstætt eða sem hluti af stærri stofnunum. Ástæða þessarar uppbyggingar er m.a. sú að það var litið svo á að svæðisbundnir háskólar, háskólasetur eða rannsóknastofnanir í dreifðum byggðum gætu stuðlað að fjölgun íbúa, skapað störf fyrir háskólamenntað fólk og dregið úr brottflutningi, sérstaklega meðal ungs fólks og kvenna, með því að bjóða ýmsar námsleiðir í fjarnámi. Einnig var litið til hagrænna áhrifa ofangreindra stofnana. Í fyrirlestrinum verður fjallað um rannsóknarverkefnið Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun en að því verkefni standa þrjú þekkingarsetur. Verkefnið fékk styrk frá Byggðarannsóknasjóði, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sveitarfélaginu Hornafirði. Tilgangur verkefnisins var að rannsaka stöðu, hlutverk, árangur og áhrif þekkingarsetranna á nærsamfélagið. Gagna var aflað með einstaklings- og rýnihópaviðtölum auk rafrænnar spurningakönnunar og var bæði eigindlegri og megindlegri aðferðafræði beitt við greiningu gagnanna. Niðurstöður eru m.a. þær að setrin þrjú eru ekki ólík í uppbyggingu. Mismunandi áherslur eru í

skipulagi og starfsemi setranna en þau starfa öll á sama sviði; þ.e. menntun, menningu, rannsóknum og nýsköpun. Staða þeirra í samfélögunum er sterk og orðræðan um þau er jákvæð en niðurstöður benda til þess setrin hafi ekki náð að tengjast ákveðnum hópum íbúa í nærsamfélaginu. Þjónusta við háskóla og fjarnema auk símenntunar er sá þáttur starfseminnar sem íbúar þekkja best en vitneskja íbúa um rannsóknir og nýsköpun er takmörkuð. Í fyrirlestrinum verður fjallað um rannsóknina, greint frá niðurstöðum og kynntar tillögur til úrbóta.

Meistarar og lærisveinar: Lærdómstextar og dídaktík miðalda

Arngrímur Vídalín, aðjúnkt, MVS, HÍ

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um tvær kennslubækur frá miðöldum, aðra þýdda úr latínu (*Elucidarius*, eftir Honorius Augustodunensis, upphaflega samin á 11. öld), hina frumsamda á forníslensku í Noregi (*Konungs skuggsjá*, frá miðri 13. öld). Síðarnefnda ritið, sem er kennslubók fyrir verðandi konunga, þiggur form sitt og fræðsluaðferð frá hinu fyrrnefnda, sem er dídaktískt kristilegt fræðslurit. Áhrif *Elucidarius* á *Konungs skuggsjá* eru ótvíræð, en þau ná þó enn víðar, því samband meistara og lærisveina eins og það er sett fram í þessum ritum kemur einnig fyrir í íslenskum sagnaritum síðmiðalda. Eiríks- og Yngvars sögur víðförlu fjalla báðar um Norðmenn af góðum ættum sem leita Paradísar langt í austri. Á leið sinni kynnast þeir keisurum sem þjóna hlutverki fræðara, og nema þeir af þeim þær listir sem kennslubækurnar tvær miðla. Sá fróðleikur er að lokum það sem skilar þeim á leiðarenda og hjálpar þeim að ná markmiðum sínum. Að endingu verður drepið á hvað þessir textar geta sagt okkur um hugmyndir miðaldamanna um mikilvægi menntunar og lærdóms.

Stafræn tækni, nám og menntun

RANNUM – Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun
Sólveig Jakobsdóttir

Stafræn hæfni grunnskóla – staða og leiðarlykill

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri/kennsluráðgjafi í upplýsingatækni, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Menntastefna Reykjavíkur er umgjörð um menntun sem byggir á farsælu skóla- og frístundastarfi og tekur um leið framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg. Í stefnunni er lögð áhersla á að nýta stafræna tækni til að auðga menntun og veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar. Í kjölfar samþykktar í skóla- og frístundaráði var vorið

2020 lögð fyrir könnun á stöðu upplýsingatækni í grunnskólum borgarinnar. Athyglinni var beint að því hvort viðmiðum aðalnámskrár um kennslutíma í upplýsinga- og tæknimennt væri fylgt eftir og hvort unnið væri eftir hæfniviðmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla*. Eins var spurt sérstaklega um fleiri þætti eins og skólastarf á tímum COVID-19, val í upplýsingatækni, forritunarkennslu, námsmat við lok grunnskóla, upplýsingaver, snillismiðjur og óskir um starfsþróun. Í erindinu verður fjallað um heildarmynd sem niðurstöðurnar gefa og þær tengdar við áhersluþætti í menntastefnu og stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Niðurstöðurnar verða jafnframt settar í samhengi við fyrri kannanir og þróun Leiðarlykils um stafræna hæfni sem Nýsköpunarmiðja menntamála (NýMið) vinnur að í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og fleiri aðila. Leiðarlykillinn nýtir meðal annars alþjóðleg viðmið og matstæki (s.s. matsverkfæri SELFIE og DigCompEdu-hæfnirammann) til að skapa sameiginlega sýn á stafræna hæfni, viðfangsefni og leiðir í námi, starfi og kennslu í grunnskólum.

SELFIE – matstæki um upplýsingatækni í skólastarfi: Þýðing og prófun í íslenskum skólum

Björg Melsted, meistaranemi, MVS, HÍ, Birna Friðgeirsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri/kennsluráðgjafi í upplýsingatækni, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Sólveig Jakobsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Svava Pétursdóttir, lektor, MVS, HÍ

Í erindinu verður fjallað um evrópska sjálfsmatsverkfærið SELFIE sem er nokkurs konar leiðarlykill í skólaþróun á sviði upplýsingatækni. Skólar geta skráð sig á vef á vegum Evrópusambandsins (https://ec.europa.eu/education/schools-go-digital_en) og lagt fyrir endurteknar kannanir meðal stjórnenda, kennara og nemenda um stöðu viðkomandi hópa varðandi tæknilega innviði, stafrænt læsi og nýtingu stafrænnar tækni í námi og kennslu. Þátttakendur geta valið um fjölmörg tungumál, bæði varðandi kannanir og skýrslur sem kerfið býr sjálfkrafa til með niðurstöðum strax og könnun er lokið. Haustið 2019 tóku aðilar við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Menntavísindasvið Háskóla Íslands höndum saman um samstarf við evrópska SELFIE-starfshópinn um að þýða viðkomandi efni á íslensku og gera það aðgengilegra fyrir íslenska skóla. Samvinna var við Menntamálastofnun og tvo meistaranema við MVS sem tóku að sér stóran hluta þýðingarvinnunnar og prófuðu íslensku útgáfuna í tveimur skólum á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnendur og kennarar fengu boð um þátttöku og nemendur í 6. bekk sömuleiðis. Þátttaka var góð hjá stjórnendum og nemendum í báðum skólum en minni hjá kennurum sem gæti skýrst af tímaskorti (það tekur 30–40 mínútur að svara könnuninni). Niðurstöður sýndu að báðir skólarnir standa nokkuð vel hvað varðar tæknilega innviði og nemendur voru ánægðir með tæknilega aðstoð en sóknarfæri voru á ýmsum sviðum, svo sem starfsþróun og notkun tækni til að ígrunda nám, veita reglulega endurgjöf og stafrænt námsmat. SELFIE er einfalt í

notkun, sýnir niðurstöður á skýran og myndrænan hátt og hefur skapað umræðu meðal margra í skólanum um notkun stafrænnar tækni í námi og kennslu.

Stafræn borgaravitund

Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri, Sigurður Sigurðsson, verkefnastjóri, Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri og Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri. Allir höfundar starfa hjá Heimili og skóla – Landssamtökum foreldra

Heimili og skóli – Landssamtök foreldra og SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni, vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga á Íslandi), í samstarfi við Evrópuráðið, hafa síðustu mánuði kannað þekkingu foreldra á stafrænni borgaravitund og samstarf heimila og skóla á tímum COVID-19. Tilgangur verkefnisins var að gefa samstarfsaðilum sem besta mynd af hugmyndum foreldra um stafræna borgaravitund og auka skilning á hvaða aðstoð foreldrar þurfa til að hjálpa börnum sínum að verða ábyrgir netnotendur. Yfir 20 þúsund foreldrar frá fjölmörgum Evrópuþjóðum tóku þátt í nafnlausri netkönnun fyrir börn á aldrinum 1–18 ára. Niðurstöður gefa til kynna að flestir foreldrar hafa metið mestu áskorun í kringum COVID-19 að ná að halda jafnvægi á milli vinnu og skólaverkefna barna sinna og að stjórna skjátíma barna. Meirihluti foreldra upplifði þessi tímamót í samskiptum við skóla barna sinna sem nýja, en góða og lærdómsríka upplifun. Niðurstöður benda einnig til þess að foreldrar telji börn sín ræða oft við þá um hvað þau upplifa á netinu og að foreldrar telji sig almennt upplýsa börn sín um hvernig eigi að vernda stafræn spor og persónuupplýsingar á netinu. Þegar innt var eftir hvers konar efni foreldrar vildu helst fá til að aðstoða börn sín í að verða ábyrgir netnotendur nefndu flestir vefsíðu með heilræðum fyrir foreldra, stutt fræðslumyndbönd og verkefni sem þeir geta unnið heima með börnum sínum.

Tölvuleikir, líðan og velferð: Skugginn af tölvuleikjaspilun ungmenna

Ingimundur Óskar Jónsson, uppeldis- og meðferðarráðgjafi, Unglingasmiðjan Tröð og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Í þessu erindi verður sagt frá meistaraprófsrannsókn þar sem viðfangsefnið er tölvuleikjaspilun ungmenna á aldrinum 13–16 ára. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða þau áhrif sem tölvuleikjaspilun hefur á líðan og velferð ungmenna og foreldra, og fjölskyldulíf þeirra, með sérstakri áherslu á tölvuleikinn Fortnite. Hvaða skoðun og reynslu hafa ungmenni á aldrinum 13–16 ára og foreldrar þeirra af tölvuleikjum og tölvuleiknum Fortnite? Hvaða áhrif hefur tölvuleikjaspilun almennt og tölvuleikjaspilun tölvuleiksins Fortnite að mati viðmælenda annars vegar á líðan og velferð

ungmenna og hins vegar foreldra þeirra? Rannsóknin var framkvæmd með eigindlegum aðferðum; tekin voru 12 opin og hálfstöðluð einstaklingsviðtöl, bæði við ungmenni, sem spila meðal annars tölvuleikinn Fortnite, og við foreldra þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að margir tölvuleikir reynist vera jákvæður vettvangur til lærdóms og kennslu. Ef áhersla er lögð á hóflega tölvuleikjaspilun þar sem heilbrigður lífsstíll er í fyrirrúmi, þá er líklega hægt að forðast mögulega neikvæða þætti tölvuleikja og tölvuleikjaspilunar. Þegar gætt er jafnvægis í spilun og athöfnum daglegs lífs þá er hægt að nálgast tölvuleiki og tölvuleikjaspilun á heilbrigðan hátt sem eykur líkurnar á jákvæðri upplifun og eflir þá jákvæðu þætti sem fylgja spiluninni. Tölvuleikir geta meðal annars eflt baráttuanda og keppnisskap, þjálfað rökhugsun, skipulagshæfni, samskiptahæfni og kunnáttu í tungumálum, eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði. Einnig geta tölvuleikir þjálfað ákvarðanatöku, félagsfærni, útsjónarsemi, aukið vellíðan og gleði og hvatt til líkamlegrar hreyfingar. Með árunum hefur tæknin þróast hratt og samfara því hafa gæði tölvuleikja aukist. Því er óumflýjanlegt að leikirnir verði háþróaðri og raunverulegri með hverju ári sem líður. Ein afleiðing þess gæti orðið sú að börnum og ungmennum reynist erfiðara að greina á milli raunveruleika og skáldskapar.

Fjarmenntabúðir: Stuðningur háskóla við skólastarf

RANNUM – Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun
Sólveig Jakobsdóttir

Fjarmenntabúðir í starfsþróun kennara: Viðhorf og reynsla þátttakenda

Sólveig Jakobsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Á undanförnum áratug hafa menntabúðir náð fótfestu hérlendis sem góð leið í starfsþróun kennara. Menntabúðir eru óformlegir viðburðir þar sem fólk kemur saman til að kenna hvert öðru t.d. á nýja tækni, forrit, tæki og tól. Þátttakendur skiptast á að vera í kennara- eða nemendahlutverki og áhersla er á jafningjafræðslu og tengslamyndun. Vorið 2020 skipulagði starfsfólk við Menntavísindasvið HÍ og Kennaradeild HA þrjá viðburði af þessu tagi á netinu (fjarmenntabúðir) í samvinnu við fleiri aðila. Áhersla var á að kynna möguleika og tæknilausnir í fjar- og netnámi fyrir skólafólk á vettvangi sem stóð frammi fyrir lokunum skóla eða takmörkunum á venjulegu skólahaldi vegna COVID-19 faraldursins. Í þessu erindi verður fjallað um viðhorf og reynslu þátttakenda sem tóku þátt í umræðu um þessa tegund starfsþróunar í lok hverra búða og svöruðu könnun um reynslu sína. Um helmingur til þriðjungur þátttakenda svaraði: 57 svör bárust frá þátttakendum í búðum 1, 70 úr búðum 2 og 21 úr búðum 3. Meirihluti hafði mikla eða töluverða reynslu af menntabúðum á stað. Flestir tengdust grunnskólum en aðrir framhaldsskólum, leikskólum, háskólum eða fullorðinsfræðslu. Flestir svarendur

sögðu að búðirnar hefðu gagnast sér vel (74–90%) eða töluvert (10–24%). Nær öllum svarendum líkaði mjög vel (68%–86%) eða vel (14–33%) við þetta form starfsþróunar. Langflestir töldu líklegt að þeir vildu nýta sér starfsþróun af þessum toga í framtíðinni og allmargir höfðu sjálfir áhuga á að skipuleggja búðir af þessum toga. Í opnum spurningum kom fram ánægja frá landsbyggðarfólki með þetta form sem væri óháð staðsetningu. Reynslan lofar góðu varðandi nýtingu starfsþróunar af þessum toga.

Hvaða form og skipulag er heppilegt fyrir fjarmenntabúðir – gátlisti

Salvör Gissurardóttir, lektor, MVS, HÍ og Sólveig Zophoníasdóttir, aðjúnkt, HA

Haldnar voru þrjár fjarmenntabúðir í sex Zoom-fjarkennslurýmum vorið 2020. Samtals voru 51 innlegg og flest þeirra voru tekin upp. Lítil sem engin reynsla er af menntabúðum á neti en þær eru mögulega frábrugðnar netráðstefnum vegna áherslu á jafningjafræðslu og samskipti. Beitt var hönnunarmiðaðri nálgun (e. educational design research) til að meta hvað virkaði ekki sem skyldi við framkvæmd fjarmenntabúða og hverju var breytt milli búða. Í erindinu verður fjallað um framkvæmd búðanna og lýst verkfærum og mannskap sem vann að þeim, skoðað hvernig var kallað eftir innleggjum, þau skráð, hvernig búðirnar voru auglýstar og hvernig afrakstri var komið á framfæri. Lýst verður hvernig búðirnar fóru fram og hvernig efni var kynnt. Innlegg voru greind í fjóra flokka: Kynningar sem tengjast stofnunum og verkefnum þeirra; skjákynningar og sýningar á verkfærum; kynningar á þróunarverkefnum þar sem ferli er lýst og prófun með nemendum; umræður og hugflæði. Fremur mörg innlegg voru á vegum stofnana en fremur fá voru kynning kennara á þróunarverkefnum þar sem ferli með nemendum var lýst. Virkni þátttakenda gat verið mikil í kynningum í öllum fjórum flokkunum en var með ólíkum hætti eftir því hvers eðlis innlegg var og byggðist á hvernig kynnendur lögðu upp innlegg, undirbúningi og hvernig tæknileg umgjörð var. Því eru niðurstöður settar fram sem gátlisti sem styðjast má við til að skipuleggja fjarmenntabúðir við sams konar aðstæður þar sem tilgangurinn er að stuðla að starfsþróun og virkni. Gátlistinn getur nýst við framkvæmd fjarmenntabúða fyrir þá sem vilja prófa slíkt form á starfsþróun og samvinnu.

Vefur: sites.google.com/view/fjarmenntabudir

Áhrif COVID-19 faraldursins á grunnskóla- og tómstundastarf í landinu á liðnu vori – fyrri hluti

COVID-hópurinn

Kristín Jónsdóttir

Tengslin við heimilin trosnuðu merkilega lítið: Frá sjónarhorni stjórnenda og grunnskólakennara
Kristín Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Langflestir grunnskólar minnkuðu viðveru nemenda töluvert á COVID-tímabilinu og einstaka skóli lokaði. Þar kom á móti að allir skólar juku upplýsingagjöf til foreldra og tóku upp fjarkennslu í einhverri mynd. Skipulag viðveru og fjarkennslu var mjög mismunandi milli skóla og milli sveitarfélaga en allir væntu þess að nemendur lærðu heima. Foreldrar grunnskólabarna eru ekki einsleitur hópur frekar en börnin sjálf og breytingar á starfsemi skóla komu við fjölskyldurnar á ólíka vegu. Á samfélagsmiðlum mátti sjá foreldra sem lýstu heimakennslu sem ánægjulegri viðbót við samverustundir fjölskyldunnar, annars staðar fréttist af börnum sem upplifðu depurð og óöryggi og fundu hvergi næði til að læra heima. Niðurstöður spurningakönnunarinnar sýna að kennurum og stjórnendum var vel ljóst að aðstæður nemenda til náms heima fyrir væru mismunandi. Þrátt fyrir það – eða kannski einmitt þess vegna – lögðu þeir mikla vinnu í að halda uppi kennslu eins og hægt var og búa nemendur út með námsefni og verkefni en kennsluáætlunum þurfti að breyta töluvert. Kennarar eyddu meiri tíma en í venjulegu árferði í undirbúning kennslu og í upplýsingamiðlun til heimilanna. Nokkrar vísbendingar eru um að tengsl skóla og heimila hafi frekar eflst en veikst á þessu tímabili og verða þær ræddar í erindinu.

Grunnskólakennsla á tímum fjöldatakmarkana vegna COVID-19: Frá sjónarhorni grunnskólakennara
Ylfa G. Sigurðardóttir, grunnskólakennari, HA og Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, HA

Í erindinu eru kynntar niðurstöður eigindlegrar rannsóknar um grunnskólakennslu á tímum fjöldatakmarkana vegna COVID-19 frá sjónarhorni íslenskra grunnskólakennara. Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast skilning og varpa ljósi á upplifun og reynslu kennara af grunnskólakennslu á tímum fjöldatakmarkana vegna COVID-19. Fræðilegur rammi byggist á áherslum opinberrar menntastefnu um menntun fyrir alla, lögum og reglugerðum um grunnskóla á Íslandi, lykilatriðum í störfum grunnskólakennara, samstarfi heimilis og skóla og fyrirliggjandi gögnum og rannsóknum um COVID-19. Rannsóknin fól í sér viðtöl við þrettán grunnskólakennara í þremur grunnskólum á Íslandi, tveimur á höfuðborgarsvæðinu og einum á landsbyggðinni, um hvort og þá hvernig afleiðingar fjöldatakmarkanir vegna COVID-19 hefðu haft á líðan, starfsumhverfi, kennslu og starfshætti grunnskólakennaranna. Viðtölin voru tekin í apríl 2020. Í erindinu eru kynntar niðurstöður um hvernig fjöldatakmarkanir vegna COVID-19 reyndu á fagmennsku grunnskólakennara, ábyrgð þeirra og skyldur. Nokkur mismunur var á milli grunnskólanna hvað varðar viðveru, fyrirkomulag náms og áherslur í kennslunni. Fjallað verður um hvernig breyttar aðstæður nemenda kölluðu á annars konar ábyrgð kennara, m.a. persónuvernd nemenda, netnotkun og heimilislíf. Kennarar áttu almennt auðvelt

með að aðlaga sig að nýjum kröfum í starfi og höfðu vilja til að draga lærdóm af reynslu sinni sem þeir öðluðust á þessum tíma.

Samvinna og sveigjanleiki – frístundaheimilin á tímum heimsfaraldurs

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Steingerður Kristjánsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Í þessu erindi er sjónum beint að starfsemi frístundaheimila þegar skóla- og frístundastarfi var umturnað í mars 2020 vegna COVID-19 faraldursins. Kannað var hvernig starfsfólk og stjórnendur frístundaheimila upplifðu samstarf við starfsfólk skóla, foreldra og börn. Frístundaheimili starfa samkvæmt lögum um grunnskóla og bjóða upp á skipulagt starf fyrir 6–9 ára börn að loknum skóladegi. Rafræn spurningakönnun var send út á netföng starfsfólks allra grunnskóla og svör greind eftir starfsheitum. Enn fremur var könnunin send á netföng allra stjórnenda og millistjórnenda frístundastarfs í Reykjavík. Niðurstöður sýna að starfsfólk frístundaheimila taldi að almennt hefði starfið gengið nokkuð vel, þó að mikil röskun hefði orðið í daglegu starfi. Meirihluti svarenda taldi að röskun á skóla- og frístundastarfi hefði haft mikil áhrif á líðan barna, ekki síst þeirra sem stæðu höllum fæti. Í einhverjum tilfellum lokaði frístundaheimilið en á flestum starfsstöðum var skipulagi breytt til að tryggja lágmarksþjónustu. Starfsfólk telur að auka þurfi upplýsingaflæði og samstarf milli skóla og frístundaheimila til að tryggja heildstætt starf og betri stuðning við börn og fjölskyldur. Niðurstöður benda til að foreldrar leiti töluvert til starfsfólks frístundaheimila og munu þær nýtast til að efla fagþróun og stefnumótun frístundastarfs.

Áhrif COVID-faraldursins á grunnskóla- og tómstundastarf í landinu á liðnu vori – seinni hluti

COVID-hópurinn
Kristín Jónsdóttir

Reynsla og upplifun þroskaþjálfa í skóla- og frístundastarfi af áhrifum COVID-19 faraldursins

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjúnkt, MVS, HÍ og Anna Björk Sverrisdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Höfundar skoða upplifun og reynslu þroskaþjálfa af áhrifum faraldursins. Um 40% þroskaþjálfa starfa á Skóla- og frístundasviði. Það er fagleg ábyrgð þeirra að styðja við fulla þátttöku barna sem þurfa á margvíslegum stuðningi að halda með því að aðlaga náms- og starfsumhverfi að margbreytilegum þörfum þeirra. Oft vinna þroskaþjálfar með börnum sem eiga á hættu að vera jaðarsett, fái þau ekki nægilegan og viðeigandi stuðning. Álykta má að þau börn hafi verið sérstaklega viðkvæm fyrir áhrifum

COVID-19 faraldursins. Með hliðsjón af faglegri ábyrgð þroskaþjálfa má leiða hugann að því hvernig fagþekking þeirra hafi nýst við að aðlaga og viðhalda þjónustu við börn í faraldrinum. Markmið þessa hluta rannsóknarinnar var að fá fram upplifun þroskaþjálfa á faglegri ábyrgð sinni í skertu skóla- og frístundastarfi. Leitað var svara við eftirfarandi spurningum: Hvert er mat þroskaþjálfa á áhrifum faraldursins á þjónustuna sem þeir veita? Hvaða áhrif telja þeir að ástandið hafi haft á félagsleg tengsl barnanna og samskipti þeirra við jafnaldra sína? Telja þeir að fagþekking þeirra hafi nýst nógu vel við að aðlaga þjónustu við börn að breyttum aðstæðum? Vísbendingar eru um að faraldurinn hafi haft töluverð áhrif á þjónustu þroskaþjálfa og félagsleg samskipti barna. Þroskaþjálfar upplifðu að fagþekking þeirra hefði nýst vel en ekki var alltaf leitað eftir henni. Rætt verður hvaða lærdóm er hægt að draga af þessari reynslu og hvernig hægt sé að nýta hann til þess að bregðast betur við áskorunum sem þessum til þess að koma sem best til móts við öll börn í skóla- og frístundastarfi.

Áhrif COVID-19 faraldursins á frístundastarf barna og unglinga

Ársæll Arnarsson, prófessor, MVS, HÍ

Þó áhrif COVID-19 faraldursins á skólastarf hafi verið umfangsmikil og augljós, þá voru þau ekki síður afdrifarík fyrir frístundastarf barna og unglinga. Í sveitarfélögum var gripið til margs konar aðgerða til að viðhalda tengslum og bjóða upp á þjónustu. Í þessari rannsókn verða kynntar niðurstöður spurningalistakönnunar sem send var út á starfsfólk á sviði frítímans. Skoðað var hvernig mæting í frístundastarf breyttist, hvort ákveðnir hópar drógu frekar úr mætingu en aðrir, og til hvaða aðgerða starfsfólk greip til að mæta þessum aðstæðum. Sjónum var sérstaklega beint að þeim börnum og unglingum sem eiga annað móðurmál en íslensku, hafa veikt bakland, eiga við námserfiðleika að stríða, eða hafa glímt við félagslega einangrun. Í könnuninni voru starfsmenn inntir eftir því hvað væri mikilvægt að setja á oddinn þegar frístundastarf hæfist að nýju með eðlilegri hætti. Þá var einnig spurt hvort einhver jákvæð tækifæri hefðu skapast við þessar aðstæður og hvort eitthvað hefði reynst sérstaklega erfitt.

Nýting stafrænnar tækni og netkennsla: Skammtímalausnir eða þróun til framtíðar

Gréta Björk Guðmundsdóttir, prófessor, Oslóarháskóli, Sólveig Jakobsdóttir, prófessor, MVS, HÍ, Torfi Hjartarson, lektor, MVS, HÍ, Salvör Gissurardóttir, lektor, MVS, HÍ, Skúlína H. Kjartansdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ og Svava Pétursdóttir, lektor, MVS, HÍ

Töluverð þróun hefur verið í fjar- og netkennslu hér á landi á undanförnum árum ekki síst á framhalds- og háskólastigi. Fjarnám á grunnskólastigi hefur eitthvað verið nýtt, til dæmis til að tengja fámenna

skóla eða bjóða upp á kennslu í tungumálum (ekki síst norsku og sænsku á unglingastigi). Nýting stafrænnar tækni í grunnskólum hefur þó aukist víða, ekki síst með aukinni notkun spjaldtölva í skólastarfi og hefur námsumhverfi á neti einnig nokkuð verið nýtt í auknum mæli í ýmsum skólum. Í veirufaraldrinum stóðu hins vegar skólar út um allan heim frammi fyrir því að færa hluta eða allt nám yfir á netið á skömmum tíma. Í þessu erindi verður fjallað um hvernig starfsfólki íslenskra skóla gekk að fást við slíkar áskoranir. Staða skóla hvað varðar tæknilega innviði og ráðgjöf var könnuð, skoðað var hvaða leiðir voru farnar í námi og kennslu í faraldrinum og hvaða stafræna tækni var nýtt og/eða nýttist best. Þá voru breytingar á kennsluháttum skoðaðar með tilliti til netnáms og þátttakendur beðnir um að lýsa mögulegum tækifærum, hindrunum og álitamálum í tengslum við þær takmarkanir á skólastarfi sem urðu vegna faraldursins. Niðurstöður geta skipt máli til að þróa áfram netkennslu og nýtingu stafrænnar tækni í grunnskólum, ekki aðeins á áframhaldandi óvissutímum vegna COVID-19 heldur einnig vegna stefnumótunar um upplýsingatækni í menntun og skólastarfi til framtíðar.

COVID-19 og leikskólinn – LeikA

LeikA. Háskólinn á Akureyri
Jórunn Elídóttir

Reynsla starfsfólks leikskóla af COVID-19

Kristín Dýrfjörð, dósent, HA

Markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun og reynslu starfsfólks leikskóla af skólastarfinu á tímum samkomubanns. Gagna var aflað með rafrænni spurningakönnun til starfsfólks leikskóla og alls bárust 658 svör við könnuninni. Í erindinu eru svör við spurningum um starfsaðstæður og líðan starfsfólks skoðaðar. Gerð er grein fyrir þeim áskorunum sem starfsfólk stóð frammi fyrir sem framlínustarfsfólk í miðjum heimsfaraldri. Ljóst er að sumir unnu heima, aðrir mættu alla daga, enn aðrir hluta úr viku og hafði það áhrif á hvernig vinnufyrirkomulag þeirra var. Fjallað er um hvernig starfsfólk skipulagði vinnustaðinn, til dæmis hvernig það skipti leikskólanum í einingar til að mæta þeim ákvæðum og takmörkunum sem sóttvarnalæknir setti. Fram kemur að skipulagið hafði áhrif á alla þætti starfsins, til dæmis bæði fyrirkomulag kaffi- og undirbúningstíma. Greint er frá hvernig komu barna í leikskólann var háttað og þær áskoranir sem fólust í henni fyrir starfsfólk. Helstu niðurstöður eru að starfsfólk var úrræðagott og gerði sitt besta til að halda starfseminni gangandi. Mismunandi var á milli leikskóla hvernig skipulagi var háttað. Sumt starfsfólk fann til kvíða og var misvel búið undir að vera skilgreint sem framlínustarfsfólk.

Leikskólabörnin í leikskólanum á tímum COVID-19

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor, HA

Í erindinu er gerð grein fyrir gögnum úr spurningakönnun sem 658 starfsmenn leikskóla svöruðu um leikskólastarf á tímum samkomubanns vegna COVID-19. Sótt er í þann hluta gagna sem snýr að börnunum og markmiðið að skoða líðan þeirra og viðfangsefni. Vikurnar fyrir samkomubann hafði starfsfólk í verkalýðsfélaginu Eflingu verið í verkfalli sem hafði veruleg áhrif á skólastarf barna í Reykjavík og liðu einungis tveir virkir dagar á milli atburðanna. Verkfallið kallaði á skerta viðveru barna og börnin í Reykjavík því búin að upplifa töluverðan tíma þar sem óregla var á skólahaldi með tilheyrandi álagi á fjölskyldur. Í niðurstöðum kom meðal annars fram að misjafnar leiðir voru farnar við skipulag skólastarfs og takmarkanir voru víðast á mætingu barna. Svo virðist sem börnunum sem mættu í skólann hafi almennt liðið vel og ástandið ekki hafa haft veruleg áhrif á leik þeirra eða viðfangsefni. Foreldrar búsettir í Reykjavík telja að verkfall Eflingar hafi mildað þau áhrif sem takmarkanir á skólahaldi í samkomubanni hafði á börnin. Það er einkar mikilvægt að kortleggja áhrif samkomubannsins og afleiðingar þess fyrir leikskólabörn, sérstaklega í ljósi þess að ákveðnar líkur eru á að samfélagið þurfi að takast á við sambærileg verkefni í framtíðinni.

Leikskólabörn heima á tímum COVID-19

Jórunn Elídóttir, dósent, HA

Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif samkomubanns á líf foreldra og barna og áskoranir sem þeir stóðu frammi fyrir í daglegu lífi frá mars til maí vegna áhrifa COVID-19. Þrír rannsakendur við Háskólann á Akureyri tóku viðtöl, gegnum Zoom, með nokkurra vikna millibili við tólf fjölskyldur leikskólabarna sem bjuggu á Norðurlandi og á Reykjavíkursvæðinu. Rætt var við hverja fjölskyldu, móður eða báða foreldra, 3–4 sinnum, viðtölin voru frá 30–60 mínútna löng. Sótt er í þann hluta gagnanna sem sneri að börnunum, líðan þeirra og viðfangsefnum. Nokkrar fjölskyldur voru bæði með börn á leik- og grunnskólaaldri. Niðurstöður sýna að foreldrar fundu að börnin söknuðu vina sinna og þau börn sem ekki mættu í skóla söknuðu kennaranna og þess að taka þátt í daglegu starfi leikskólanna. Börnin voru, að mati foreldra, nokkuð fljót að aðlagast breyttu skipulagi skóla og tileinka sér þær reglur sem voru í gildi er sneru að handþvotti og fleiru. Niðurstöðurnar varpa ljósi á hvernig heimilislífið var og hvað gekk vel þrátt fyrir að margt breyttist heima fyrir, t.d. vinna foreldra og litlar sem engar samvistir við vini og ættingja. Einnig voru margar áskoranir sem börn og foreldrar glímdu við og sagt verður frá. Þær sýna að þessi tími var mörgum erfiður en á sama tíma var hægt að sjá

jákvæða þætti sem fjölskyldur upplifðu og greindu frá í viðtölunum. Rannsóknin dregur fram hvernig foreldrar lögðu sig fram um að aðlaga tilveruna að þörfum barnanna en gott skipulag heima fyrir skipti þar miklu máli.

Leikur að orðum og heimsfaraldur

Orðanefnd í tómstundafræði og Orðanefnd í lýðheilsufræði
Jakob Frímann Þorsteinsson

Lýðheilsa í brennidepli

Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri, Embætti Landlæknis og Ágústa Þorbergsdóttir, Árnastofnun

Sjaldan hefur lýðheilsa verið rædd jafn mikið og nú þegar heimsfaraldur vegna COVID-19 hefur geisað síðastliðinn vetur. Faraldurinn gefur tilefni til nýrrar orðanotkunar og því mikilvægt að skrá þau sem íðorð undir flokki lýðheilsuorða. Íðorðanefnd lýðheilsu hefur verið starfrækt síðan 2017 og hefur gefið út 117 orð. Nú bætast við um 60 orð og hluti þeirra eru nýyrði sem sköpuðust í COVID-19 heimsfaraldrinum. Skráning á slíkri orðanotkun er afar mikilvæg fyrir orðanotkun til framtíðar. Ljóst er að mikið verður skrifað og rætt í framtíðinni um heimsfaraldurinn og því afar mikilvægt að festa orðanotkun sem fyrst með skráningu og að hægt sé að fletta upp orðum til notkunar í fræðigreinum þannig að skilningur orða sé sameiginlegur öllum sem fræðin rita.

Orðaforði í leik – Unnið með kennsluaðferðina Sérfræðingskápan með ungum börnum

Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ og Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Erindi þetta byggir á niðurstöðum rannsóknar sem var framkvæmd í tveimur leikskólum á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur rannsóknarinnar var að öðlast skilning og þekkingu á kennsluaðferðinni sérfræðingskápan. Markmiðið var að nota kennsluaðferðina, sem er ein af kennsluaðferðum leiklistar, og skoða hvernig hægt væri að skipuleggja nám barna sem væru sett í hlutverk í ímynduðum heimi. Þátttakendur voru fimm ára leikskólabörn, sex starfsmenn leikskóla, tveir rannsakendur og einn meistaranemi. Gagna var aflað með upptökum á kennslustundum, rýnihópaviðtölum og rannsóknardagbók. Auk þess var verkefnum barnanna haldið til haga. Í niðurstöðum kom m.a. fram að sérfræðingskápan hefur jákvæð áhrif á nám barna, þau tóku virkan þátt í þeim athöfnum sem voru skipulagðar og sýndu áhuga á verkefnum sem voru lögð fyrir. Skipulagning náms með notkun sérfræðingskápunnar gaf börnunum tækifæri til að læra í gegnum leik

sem er náttúruleg leið barna til náms og þroska. Kennsluaðferðir leiklistar eru fjölbreyttar, þær byggja á leik og opna möguleika á mismunandi hlutverk fyrir börn og fullorðna. Verkefnin sem voru unnin með aðferðum sérfræðingskápunnar gáfu börnunum möguleika á að vinna með orðaforða, samskipti, hlustun og skapandi verkefni. Sérfræðingskápan hefur yfirleitt verið notuð með eldri börnum en það kom í ljós í rannsókninni að hún hentar mjög vel með börnum á leikskólaaldri.

Hversdagsleg hugtök í fræðilegu samhengi?

Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri, Árnastofnun

Orðanefnd í tómstundafræði hefur lagt áherslu á skýra orðanotkun og á síðasta ári gaf hún út orðasafn í greininni þar sem skilgreind eru um 100 lykilhugtök tómstundafræðinnar. Orðanefndin hefur ávallt lagt áherslu á samráð og samtal um hugtakanotkun á vettvangi fags og fræða. Undanfarið hefur orðanefndin fengist við að skilgreina leiki sem er eitt af undirsviðum tómstundafræði og fleiri greina. Enda þótt leikur sé athöfn sem oftast er farið í til skemmtunar getur hann haft vægi sem náms- og kennsluaðferð. Hugtakið leikur er þó flókið og yfirgripsmikið og engin ein viðurkennd skilgreining er til á því. Í erindinu verður fjallað þessa vinnu orðanefndarinnar. Í umfjölluninni verður tekist á við þá spurningu hvort hægt sé að fjalla um leikjahugtök, sem mörg hver eru óljós, með aðferðum íðorðafræði sem einkennist af skýrri og markvissri hugtakanotkun. Greint verður frá markmiði orðanefndar í þessu verkefni og fjallað um helstu áskoranir. Hversu skýr eru leikjahugtökin í raun og hver er gagnsemi þess hafa sameiginlegan skilning á leikjahugtökum?

Framhaldsskólinn á tímamótum

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Guðrún Ragnarsdóttir

Fagleg forysta víkur fyrir tæknilegum úrlausnarefnum úr ytra umhverfi framhaldsskóla: Sýn og reynsla aðstoðarskólameistara

Hildur Halldórsdóttir, skólastjórnandi, Menntaskólinn á Ísafirði og Guðrún Ragnarsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að aðstoðarskólastjórar hafi þær væntingar til starfs síns að þeir geti veitt faglega forystu innan skólans. Daglegar annir við ýmis krefjandi tæknileg úrlausnarmál virðast þó koma í veg fyrir að það takist. Rannsóknir innan íslenska grunnskólans sýna það sama. Markmið erindisins er að fjalla um upplifun aðstoðarskólameistara í íslenskum framhaldsskólum af starfi sínu og

hvaða verkefnum þeir sinna. Erindið byggir á viðtölum við átta aðstoðarskólameistara í framhaldsskólum sem skiptust á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Gögnin voru þemagreind. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að aðstoðarskólameistarar vilja gjarnan verja meira af tíma sínum við að styðja kennara í faglegu starfi og hafa meiri forystu um faglegt starf innan skólans. Þeir sögðu flestir að annir við önnur tæknileg verkefni sem bærust frá yfirvöldum menntamála gerðu þeim það erfitt. Það var einnig upplifun flestra viðmælenda að ef upp komu verkefni sem ekki voru augljóslega í verkahring ákveðinna starfsmanna innan skólans þá lentu þau verkefni hjá aðstoðarskólameistara. Þeir voru því oft störfum hlaðnir sem dró úr möguleikum þeirra til forystu í kennslufræðilegum málum. Niðurstöðurnar benda til að á undanförnum árum hafi verkefni framhaldsskólanna og stjórnenda þeirra orðið sífellt fjölbreyttari og flóknari. Því er mikilvægt að starfskraftar aðstoðarskólameistara nýtist sem best og að kröftum þeirra sé beint í meiri mæli að innra starfi skólanna. Til þess að það geti orðið þarf skýrari ramma um forystuhlutverk þeirra og tryggja að rými gefist í daglegu starfi til þess að sinna því.

Áhrif styttingar námstíma til stúdentsprófs: Viðhorf, reynsla og sýn háskólakennara

María Jónasdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Guðrún Ragnarsdóttir, lektor, MVS, HÍ og Elsa Eiríksdóttir, dósent, MVS, HÍ

Árið 2014 gaf mennta- og menningarmálaráðherra stjórnendum framhaldsskóla tilmæli um að stytta stúdentsprófsbrautir úr fjórum árum í þrjú. Hægt er að rekja þessar breytingar til evrópskra strauma með áherslu á samanburð og skilvirkni. Með styttingunni var gerð umfangsmikil breyting á starfi íslenskra framhaldsskóla. Nú þegar liðin eru sex ár frá breytingunni er tímabært að skoða áhrif hennar, og þá sérstaklega á undirbúning fyrir háskólanám, en fyrsti heili árgangurinn sem fór allur í gegnum þriggja ára kerfið útskrifaðist vorið 2019. Erindið byggir á rannsókn höfunda á áhrifum styttingar námstíma til stúdentsprófs innan Háskóla Íslands. Tekin voru hálfopin viðtöl við deildarforseta (n=5) og reynda háskólakennara (n=11) af öllum námssviðum skólans; alls sextán viðtöl. Viðtölin voru greind með þemagreiningu þar sem kenningum um gagnrýna menntunarfræði er beitt. Niðurstöður benda til þess að talsverður munur sé á því hversu mikil áhrif háskólakennarar telja að stytting námstíma til stúdentsprófs hafi haft á nám og kennslu innan Háskóla Íslands og munur reyndist vera á viðhorfum, sýn og reynslu viðmælenda eftir fræðasviðum. Viðmælendur nefndu m.a. atriði eins og hæfni nemenda til að þreyta skrifleg lokapróf, slakari íslenskukunnáttu og verri undirbúning í stærðfræði. Einnig kom fram að val innan framhaldsskólans hefði áhrif á aðsókn í ákveðnar námsleiðir í háskóla. Á þeim sviðum sem finna mest fyrir breytingunum hefur verið umræða um breytt inntökuskilyrði, t.d. með inntökuprófum eða meiri stýringu út frá þreyttum einingum, breytingar á inntaki náms og jafnvel

sérstakar undirbúningsleiðir. Niðurstöðurnar varpa fram áleitnum spurningum um afleiðingar styttingarnar og aðlögun háskólastigsins að breyttum aðstæðum.

Framhaldsskólinn og heimilin á tímum COVID-19: Áskoranir og tækifæri

Guðrún Ragnarsdóttir, lektor, MVS, HÍ og Súsanna Margrét Gestsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Sú samfélagskreppa sem heimsbyggðin hefur staðið frammi fyrir á síðustu misserum vegna COVID-19 hefur haft gríðarleg áhrif á starf íslenskra framhaldsskóla. Á einni helgi fluttist öll kennsla yfir í fjarnám. Samhliða breyttist heimilislíf allflestra fjölskyldna í landinu og heimilin urðu á svipstundu vinnustaður, skóli og samverustaður fjölskyldunnar. Markmið erindisins er að varpa ljósi á upplifun og reynslu kennara, nemenda og foreldra af fjarnámi í samkomubanni á tímum COVID-19. Erindið byggir á fyrstu gögnum sem safnað var eftir þrjár vikur í banni frá kennurum, nemendum og foreldrum í framhaldsskólum um námið og helstu áskoranir en einnig á spurningalista sem lagður var fyrir starfsmenn íslenskra framhaldsskóla. Spurningalistinn tekur mið af lífi og starfi þeirra á tímum samkomubanns vegna COVID-19 og munum við beina sjónum okkar að kennurum. Fyrstu niðurstöður sýna að framhaldsskólakennarar, nemendur og foreldrar tókust á við ýmsar nýjungar á þessum tíma og að álagið var mikið. Kennarar leituðu fjölbreyttra leiða til að miðla og koma til móts við nemendur, á sama tíma og þeir voru að kljást við ýmsar tækninýjungar. Allt bendir til að skil á milli heimilis og skóla hafi verið óljós og að ólík efnahags- og félagsleg staða nemenda hafi haft áhrif á námsframvindu þeirra. Sumir nemendur fengu aðstoð heima frá foreldrum eða eldri systkinum, aðrir leituðu í félagahópinn á meðan enn aðrir nemendur fengu lítinn stuðning við námið. Niðurstöðurnar vekja áleitnar spurningar um menntun og félagslegt réttlæti á sama tíma og þær gefa mikilvægar upplýsingar um framhaldsskólastarf á tímum mikilla breytinga.

Brottfall eða hlé á námi nemenda – framhaldsskólinn

Málstofustjóri: Kristjana Stella Blöndal

Að ná til nemenda

Michael Dal, dósent, MVS, HÍ

Rannsóknarverkefnið „The unteachables but learnables“ er framkvæmt með stuðningi áætlunarinnar Erasmus+. Hugtakið framhaldsskóli hefur undanfarin 20 ár breyst töluvert og má segja að um það bil 70–95% árganga fari nú í framhaldsskóla. Markmið rannsóknarinnar er að komast að því hvernig framhaldsskólar nú á dögum ná til nemenda sem af einhverjum ástæðum tekst ekki að uppfylla þær

kröfur sem gerðar eru í skólakerfinu. Rannsóknin nær til fimm landa í Evrópu; Danmerkur, Póllands, Ítalíu, Slóveníu og Íslands. Rannsóknaraðferðin er blönduð þar sem stuðst er við bæði megindlegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir. Spurningakönnun var send á kennara í 18 útvöldum skólum og síðan voru tekin viðtöl við 14 kennara og 35 nemendur. Niðurstöður gefa til kynna að brottfall nemenda á fyrsta ári í framhaldsskóla sé nokkuð hátt í öllum löndunum og því er ef til vill hægt að ályktа að kennarar virðist eiga erfitt með að ná til ákveðins hóps nemenda. Margir nemendur segja að sér leiðist í skólanum, viðhorf til náms virðist vera frekar einhlítt og byggja fyrst og fremst á akademísku verðgildi. Minni áhersla er lögð á að efla skilning einstaklingsins á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfni til að leysa hlutverk sín í flóknu samfélagi. Einnig virðist kennslan mjög oft vera kennaramiðuð og ekki nemendamiðuð. Af niðurstöðum má ályktа að framhaldsskólar í þessum fimm löndum glími við brotfall nemenda. Til að koma til móts við þetta vandamál þurfa skólarnir að breyta viðhorfi til náms og mikilvægt er að virkja nemendur bæði í og utan skóla.

Framhaldsskólanemendur sem gera hlé á námi: Einkenni og námsframvinda

Kristjana Stella Blöndal, dósent, FVS, HÍ og Ásbjörn Örvar Þorláksson

Á Íslandi gera mörg ungmenni hlé á framhaldsskólanámi sem að hluta er rakið til sveigjanleika skólakerfisins. Líklegt má telja að áhrifin geti bæði verið jákvæð og neikvæð fyrir námsferilinn. Aftur á móti hafa fáar rannsóknir beinst að þessum nemendahópi. Tilgangur rannsóknarinnar var tvíþættur. Annars vegar að draga fram einkenni nemenda sem gera hlé á námi og hins vegar áhrif þess á námsferil þeirra. Byggt er á langtímarannsókninni Námsframvinda nemenda og skilvirkni framhaldsskóla. Gagnasöfnun fór fram árið 2007 og náði til allra almennra framhaldsskóla á landinu. Þátttakendur voru 1326 á aldinum 17 og 18 ára. Niðurstöður benda til að þeir sem tóku hlé áttu foreldra með litla formlega menntun, stóðu verr að vígi námslega, og sýndu minni skuldbindingu til náms og skóla samanborið við aðra nemendur. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar hlutfalla sýndu að námshlé spáði fyrir um brotthvarf úr framhaldsskóla. Nemendur sem gerðu hlé á námi voru ólíklegri til að hafa lokið framhaldsskólanámi við 23 og 24 ára aldur. Þetta kom fram að teknu tilliti til bakgrunns nemenda, fyrri námsárangurs og skuldbindingar þeirra til náms og skóla. Rannsóknin sýnir að þótt nemendur hætti námi, þýði það ekki endalok námsferils þeirra, heldur byrjar nokkur hluti þeirra aftur í námi og lýkur því. Það átti einkum við um nemendur sem tóku stutt hlé frá námi, stóðu betur námslega og sýndu meiri skuldbindingu. Niðurstöðurnar auka skilning á þeim stuðningi sem gagnast þessum nemendahópi til að ljúka námi sínu.

Viðhorf ungs og lítt menntaðs fólks til starfa: Starfsvilji, starfsskynjun, aðlögunarhæfni á starfsferli

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, prófessor, FVS, HÍ

Því hefur verið spáð að á næstu árum verði miklar breytingar á um þriðjungi starfa á íslenskum vinnumarkaði og töluverðar breytingar á nær 60% starfa. Sá hópur sem mun upplifa hvað mesta breytingu eru þeir sem hafa einungis grunnskólamenntun og allt að 45% starfanna sem þessi hópur sinnir munu breytast eða hverfa alveg. Hvaða störfum er ungt fólk í þessum hópi að sinna og hver eru viðhorf þess til starfa? Þessi rannsókn skoðar þennan hóp og viðhorf hans til starfstengdra þátta, s.s. sjá þeir fram á að geta bætt sína stöðu eða aðlagað sig breytingum? Könnun var lögð fyrir 154 ungmenni á aldrinum 20 til 29 ára sem eru í starfi en hafa ekki lokið framhaldsskólanámi. Könnunin var megindleg og lögð fyrir í febrúar 2020. Niðurstöður sýna að þátttakendur stunda mjög margbreytileg störf og vinna mikið. Langflestir stunda verkamanna- eða þjónustustörf. Flestir hugsa sér til hreyfings í starfi, nema helst þeir sem eru í tæknigreinum. Um 60% þátttakenda hafa verið atvinnulausir á sínum starfsferli og hefur það marktæk áhrif á mældan starfsvilja þeirra (e. work volition). Mælingar á aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli (e. career adaptability) sýna mjög ákveðin tengsl við að setja sér markmið á starfsferli, en yfirhöfuð eru þátttakendur lægri á fjórum víddum aðlögunarhæfni á náms- og starfsferli miðað við jafnaldra sína í landinu. Viðhorf til menntunar eru jákvæð og telja t.d. 71% af þeim sem ætla sér aftur í framhaldsskólanám að þeir muni ljúka því.

Hreyfing, svefn og heilsa ungmenna

Rannsóknarstofa í íþrótta- og heilsufræði
Vaka Rögnvaldsdóttir

Breytingar á hreyfingu og íþróttaþátttöku íslenskra ungmenna frá 15–17 ára

Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Sigríður L. Guðmundsdóttir, dósent, MVS, HÍ, Soffía M. Hrafnkelsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Rúna S. Stefánsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ og Erlingur S. Jóhannsson, prófessor, MVS, HÍ

Inngangur: Hreyfing er grundvallarþáttur í heilsu mannsins. Alþjóðlegar ráðleggingar fyrir ungmenni gera ráð fyrir að minnsta kosti 60 mínútna daglegri hreyfingu af miðlungs- eða mikilli ákefð til að viðhalda góðri heilsu ásamt styrktarþjálfun fyrir uppbyggingu og viðhald beina og vöðva. Á unglingsárum verða miklar breytingar á hreyfingu einstaklinga og það dregur úr íþróttaiðkun.
Markmið: Markmið rannsóknarinnar var að skoða breytingar á hreyfingu og íþróttaiðkun ungmenna frá 15–17 ára, mældum með hreyfimælum og spurningalistum. Efniviður og aðferðir: Úrtak

rannsóknarinnar kom úr sex grunnskólum í Reykjavík. Gögnum var safnað á vormánuðum 2015 meðal 315 þátttakenda, þá 15 ára gömlum. Í framhaldsrannsókn 2017 fengust gögn frá 168 af fyrri þátttakendum, þá 17 ára gömlum. Gögnum um hreyfingu var safnað á báðum tímapunktum með hröðunarmælum og með spurningalistum um íþróttaiðkun og þjálfun. Gild gögn frá báðum tímapunktum áttu 147 einstaklingar (þar af 93 stúlkur). Breytingar á hreyfingu (með hröðunarmæli) milli 15 og 17 ára voru metnar með pöruðu t-prófi. Breytingar á hlutfalli á þátttöku í þjálfun (6 sinnum í viku) og íþróttaþátttöku frá 15–17 ára voru skoðaðar með Fisher's prófi. Niðurstöður: Meðalaldur var 15,9±0,3 og 17,7±0,3 ár. Íþróttaþátttaka og tíðni þess að æfa ≥6klst/viku drógust saman milli mælinga. Hreyfing, mæld með hreyfimælum, minnkaði um 19% á skóladögum en ekki var marktækur munur á hreyfingu um helgar. Ályktun: Verulega dró úr hreyfingu ungmenna frá 15–17 ára en á þessum aldri ljúka nemendur grunnskólagöngu og hefja nám við framhaldsskóla. Mikilvægt er að greina hvaða þættir hvetja til hreyfingar ungmenna á þessum árum til þess að standa vörð um heilsu þeirra.

Þróun þreks og andlegrar líðanar meðal 15 og 17 ára ungmenna á Íslandi

Franziska Jóney Pálsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS, HÍ og Erlingur S. Jóhannsson, prófessor, MVS, HÍ

Heilsufarsvandamál sem tengjast lifnaðarháttum ungmenna hafa færst í vöxt á undanförnum árum. Breytingar á andlegri líðan og tengsl við líkamlegt atgervi eru mikilvæg í því samhengi. Í ljósi þess var markmið rannsóknarinnar að skoða þróun þreks og andlegrar líðanar (þunglyndis, sjálfsálits og líkamsímyndar) meðal ungmenna frá 15 til 17 ára. Einnig var skoðað hvort þrek við 15 ára aldur spáði fyrir um betri andlega líðan við 17 ára aldur. Þátttakendur voru alls 112, þar af 52 drengir og 60 stúlkur. Þátttakendur svöruðu spurningum um andlega líðan og þrek var mælt með þrepaskiptu hámarksprófi á þrekhjóli. T-próf voru notuð til að skoða kynjamun ásamt að skoða þróun þreks og andlegrar líðanar frá 15 til 17 ára. Einföld línuleg aðhvarfsgreining var notuð til að skoða samband þreks við 15 ára aldur og andlegrar líðanar við 17 ára aldur. Bæði drengir og stúlkur mældust með meira sjálfsálit og jákvæðari líkamsímynd við 17 ára aldur. Á þessum tveimur árum jókst þunglyndi drengja marktækt um 14,6% (p=0,028) en á sama tíma minnkaði þunglyndi meðal stúlkna um 7% (p=0,292). Þrek við 15 ára aldur spáði fyrir um andlega líðan hjá öllum þátttakendum og fyrir þunglyndi hjá drengjum við 17 ára aldur. Þrek ungmenna er mikilvægur þáttur heilsu og spáir fyrir um andlega líðan þeirra seinna í lífinu eins og þessar niðurstöður gefa til kynna. Því er mikilvægt að standa vörð um bæði líkamlega sem og andlega heilsufarsþætti ungmenna í nútíma þjóðfélagi.

Tengsl svefns við einkunnir á samræmdum prófum meðal 15 ára reykvíska ungmenna

Rúna Sif Stefánsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Vaka Rögnvaldsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Elvar S. Sævarsson, MVS, HÍ, Sigríður L. Guðmundsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Erlingur S. Jóhannsson, prófessor, MVS, HÍ

Inngangur: Spurningalistakannanir á svefnlengd og -gæðum unglinga hafa sýnt neikvæð tengsl svefns við námsárangur. Hins vegar er skortur á rannsóknum sem skoða tengslin með hlutlægum mælitækjum svo sem svefnmælum, á þessu mikilvæga tímaskeiði í hugarþroska nemenda. Markmið: Markmið rannsóknarinnar voru að meta tengsl á milli svefnlengdar, gæða og háttatíma hjá 15 ára reykvískum nemendum, mæld með hreyfimælum, og einkunna í samræmdu prófi í 10. bekk.
Efniviður og aðferðir: Gögnum var safnað á vormánuðum 2015 og var alls 411 nemendum 10. bekkjar í sex grunnskólum í Reykjavík boðin þátttaka í rannsókninni. Gild gögn (≥1 frídagur og ≥3 skóladagar úr hröðunarmælum) og einkunnir í íslensku, stærðfræði og ensku á samræmdu prófi fengust frá 248 viðföngum (147 stelpum og 101 strák), meðalaldur var 15,9±0,3 ára. Tengsl milli hlutlægra mælinga á svefni og meðaltal samanlagðra einkunna voru skoðuð með línulegri aðhvarfsgreiningu. Niðurstöður: Á skóladögum sváfu nemendur að meðaltali 6,2±0,7 klst. á nóttu og var meðal háttatími klukkan 22 mínútur yfir tólf á miðnætti. Á frídögum sváfu nemendur 7,3±1,1 klst. á nóttu og háttatími var klukkan 01:42. Neikvæð tengsl fundust á milli svefnlengdar og háttatíma á skóladögum við einkunnir á samræmdu prófi. Hins vegar fundust engin tölfræðilega marktæk tengsl á milli svefnlengdar eða háttatíma á frídögum og einkunna. Ályktun: Reykvískir unglingar sem sofa lengur og fara fyrr að hátta á skóladögum fá hærri einkunnir á samræmdu prófi í 10. bekk. Mikilvægt er að foreldrar og skólasamfélagið hugi að svefnlengd og háttatíma hjá unglingum, styðji við nemendur og skapi ákjósanlegt námsumhverfi.

Algengi á neyslu vefaukandi stera meðal ungs fólks, geðheilbrigði þeirra og vímuefnanotkun: Þýðisrannsókn

Sunna Gestsdóttir, lektor, HÍ, Hafrún Kristjánsdóttir, prófessor, HR, Héðinn Sigurðsson, heimilislæknir, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor, HR

Inngangur: Notkun vefaukandi stera (VS) til að bæta árangur í íþróttum og þar með fara á svig við lög, er ekki ný af nálinni. Stór hluti þeirra sem notar VS er ekki keppnisfólk í íþróttum heldur einstaklingar sem æskja stórra vöðva og fituskerðingar. Markmið rannsóknarinnar var að kanna algengi notkunar VS meðal ungs fólks og skoða hvort geðheilsa þeirra og vímuefnanotkun sé frábrugðin þeirra sem ekki hafa notað VS. Aðferð: Þýðisrannsókn var framkvæmd af Rannsóknum og greiningu í framhaldsskólum

haustið 2018. Meðalaldur þátttakenda var 17,3 ár. Samtals 10.259 þátttakendur (50% stúlkur, 49% drengir) svöruðu spurningum um kvíða, þunglyndi, líkamsmynd, sjálfstraust, reiði, notkun vímuefna og þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi. Tölfræðileg úrvinnsla fólst í t-prófi, kí-kvaðrat prófi og tvíkosta aðhvarfsgreiningu. Niðurstöður: Algengi notkunar VS var 1,6% og 78% notenda voru karlar. Notendur VS höfðu meiri einkenni kvíða, þunglyndis, reiði og voru með minna sjálfstraust samanborið við þá er aldrei höfðu notað VS ($p < 0,05$). Stærra hlutfall notenda VS hafði reynt sjálfsvíg einhvern tíma á ævinni, notað geðlyf, svefnlyf og neytt vímuefna samanborið við þá sem aldrei höfðu notað VS ($p < 0,05$). Þátttaka í íþróttum utan íþróttafélaga, reiðivandi og líkamsmynd tengdist auknum líkum á neyslu VS. Ályktun: Neysla VS er ógn við lýðheilsu. Notendur gera sér sjaldan grein fyrir slæmum afleiðingum neyslunnar. Yfirvöld, heilbrigðisstarfsfólk, ungt fólk, foreldrar og aðrir sem vinna með þessum aldurshópi þurfa að vera upplýst um afleiðingar notkunarinnar svo hægt sé að girða fyrir misnotkun.

Íþróttir og íþróttakennsla

Málstofsutjóri: Þórdís Lilja Gísladóttir

Íþróttakennsla: Lengi býr að fyrstu gerð. Leikjahandbók fyrir yngsta stig grunnskóla

Friðbjörn Bragi Hlynsson, meistaranemi, MVS, HÍ og grunnskólakennari og Þórdís Lilja Gísladóttir, lektor, MVS, HÍ

Markmið með leikjahandbókinni var að búa til verkfæri fyrir íþróttakennara til að auðvelda börnum á yngsta stigi grunnskóla að ná hæfniviðmiðum í skólaíþróttum sem sett eru fram í *Aðalnámskrá grunnskóla*. Í verkefninu var safnað saman ýmsum útfærslum á hagnýtum leikjum og áherslum þeirra breytt til að stuðla að hæfniviðmiðum í *Aðalnámskrá grunnskóla* fyrir nemendur á yngsta stigi eða 1.–4. bekk. Með hverjum leik fylgir skýringarmynd og hlekkur í formi QR-kóða sem hægt er að skanna til að sjá framkvæmd leiksins á stafrænu formi. Í verkefninu er gerð grein fyrir mikilvægi hreyfingar og hvers vegna mikilvægt er að hefja fjölbreytta hreyfingu snemma á lífsleiðinni. Einnig er fjallað um hvernig fjölbreytt hreyfinám getur stuðlað að aukinni hreyfifærni barna og hvernig aukin hreyfing getur haft jákvæð áhrif á alhliða þroska. Við gagnaöflun fyrir leikjahandbókina var 35 fjölbreyttum hreyfileikjum safnað saman, leikjum var breytt og þeir heimfærðir með því að færa skilgreinda grunnfærni inn í leikina til að uppfylla ákveðin hæfniviðmið fyrir yngsta stig grunnskólans.
Til að kanna notagildi leikjahandbókarinnar var framkvæmd tilviksrannsókn þar sem íþróttakennarar bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni prófuðu leikina með nemendum sínum og könnuðu tengsl þeirra við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Þróun á þátttöku kvenna í íþróttagreinum innan ÍSÍ frá 1994 til 2017

Vilhelm Már Bjarnason, meistaranemi, MVS, HÍ og grunnskólakennari og Þórdís Lilja Gísladóttir, leiðbeinandi og lektor, MVS, HÍ

Á Íslandi fjölgaði iðkendum í íþróttum innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) mikið frá árinu 1994 til 2017. Um 72 þúsund karlar og 46 þúsund konur voru skráðir íþróttaiðkendur innan ÍSÍ árið 2017. Samkvæmt þessum iðkendatölum frá ÍSÍ eru færri kven- en karliðkendur í flestum íþróttagreinum innan ÍSÍ að undanskildu blaki, dansi, fimleikum og listskautum. Markmið verkefnisins var að greina þróun á þátttöku kvenna í íþróttagreinum innan ÍSÍ frá 1994 til 2017. Rannsóknin er megindleg og unnin upp úr gögnum frá ÍSÍ og rannsóknarmiðstöðinni Rannsóknir og greining (R&G). Gögn frá ÍSÍ sem voru kynjaskipt eru einungis aðgengileg frá árinu 1994, fyrir þann tíma eru ekki til heildstæð kynjaskipt gögn. Síðustu aðgengilegu upplýsingarnar frá ÍSÍ eru frá árinu 2017, því er þetta tímabil sett sem athugunartímabil rannsóknarinnar. Til að fá ítarlegri gögn var líka unnið upp úr gögnum frá R&G, en þau ná eingöngu til stúlkna á grunnskólaaldri. Niðurstöður sýna nær stöðuga fjölgun kvenna í íþróttum innan ÍSÍ frá 1994 til 2017. Hlutfall kveniðkenda, innbyrðis eftir íþróttagreinum, hefur breyst á þessum tíma. Fjórar fjölmennustu íþróttagreinarnar innan ÍSÍ; knattspyrna, hestaíþróttir, fimleikar og golf hafa bætt við sig hlutfallslega fleiri kveniðkendum en aðrar íþróttagreinar. Í badminton, frjálsíþróttum, handknattleik, skíðum og sundi hefur kveniðkendum fækkað og prósentuhlutfall þeirra lækkað á árabilinu 1994–2017.

Virkni, val og skyldur foreldra í íslensku menntakerfi – Virkir og miðjaðir foreldrahópar

RannMennt og RannKyn

Auður Magndís Auðardóttir og Annadís G. Rúdólfsdóttir

Foreldraval og þróun skólasamfélaga á höfuðborgarsvæðinu: Félagsleg aðgreining í sjálfstætt starfandi skólum hérlendis

Auður Magndís Auðardóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ og Sonja Kosunen, Helsinkiháskóli

Markmið rannsóknarinnar er að skoða félagslegan bakgrunn nemenda í sjálfstætt starfandi skólum hérlendis til að festa fingur á mögulega félagslega aðgreiningu. Að auki notum við viðtöl við foreldra barna í sjálfstætt starfandi skólum til að greina með hvaða hætti þeir tala um skólaval og sjálfstætt starfandi skóla. Hugtök Bourdieus; auðmagn, táknrænt vald og aðgreining eru notuð til að varpa ljósi

á gögnin. Niðurstöður sýna að margir af nemendum sjálfstætt starfandi skólanna eru börn í forréttindastöðu en þessi bakgrunnur þeirra skýrist ekki síst af landfræðilegri staðsetningu skólanna. Margir hverjir eru í nágrenni við sveitarfélagsrekna skóla sem einnig eru með nemendur í forréttindastöðu. Í viðtölum við foreldra kom í ljós að þeir tengja góða hegðun og metnað við sjálfstætt starfandi skólana og álíta sveitarfélagsrekna skóla lélegri. Foreldrar sem tengjast menningararmi milli- og efri stétta upplifa sig í siðferðislegri klípu vegna skólavals. Þeir álíta sig knúna til að velja sjálfstætt starfandi skóla vegna þess sem þeir álíta slæma þjónustu í sveitarfélagsreknum skólum jafnvel þó, pólitískt séð, þeir séu hlynntir samrekstri almannaþjónustu. Á heildina litið benda niðurstöður okkar til þess að sjálfstætt starfandi skólar stuðli að hluta til að félagslegri aðgreiningu á grunnskólastigi hérlendis.

Following the recommendations: Parent perspectives on Icelandic school operations in the time of COVID-19

Elizabeth Lay, PhD student, SE, UI, Brynja Elisabeth Halldórsdóttir, assistant professor, SE, UI

In an attempt to mitigate the spread of the COVID-19 pandemic in early 2020, governments worldwide announced temporary closures of schools and universities, affecting over 1.7 billion learners in 188 countries and territories. Iceland is one of a handful of countries that elected to keep their preschools and compulsory schools at least partially open throughout the pandemic. By doing so, Icelandic officials sought to maintain a sense of routine for children and minimize the social and economic complications now imminent in other nations after months of school closures. This study explores how Icelandic speaking and non-Icelandic speaking parents responded to government decisions for their children's schooling at a time of crisis. By noting how parents access and understand recommendations from Icelandic authorities during this time, the research aims to understand parents' perspectives based on their levels of trust and the strength of their information network. Using Bourdieu's social capital theory, we examine parents' trust of authorities, their connectedness to Icelandic societal norms, and their social and economic concerns due to an unprecedented global crisis. An online survey was launched in May 2020, recruiting Icelandic and international parents in Icelandic schools via advertising in active social media parent groups. Of the 356 completed responses used in the study, most are female and educated, and about half are native Icelandic and half are with an immigrant background. Data indicate that while a few parents felt the burden of exposing their children to infection by sending them to school, there was social pressure to follow the Icelandic recommendations and keep children in school.

Transnational high-income mothers and their experience of Icelandic urban schools

Angela Shapow, master's student, SE, UI and Berglind Rós Magnúsdóttir, associate professor, SE, UI

This research is part of a larger research project 'Parental practices, choices, and responsibilities in the Icelandic field of education' (PPR). This paper provides a qualitative descriptive analysis of parental practices among high-income, transnational mothers with children in Icelandic compulsory schools. This group is underrepresented when it comes to exploring the social and academic lives of immigrant children in the education system. Six qualitative individual interviews were conducted with mothers of white origin living in the greater Reykjavík area; thereof two had English as a mother tongue. The conceptual framework and its methodological tools are developed by the PPR research team and this paper explores in particular how the axes of high economic and educational capital are part of immigrant parental involvement in Iceland. Due to their or their spouses' transnational class privilege, they had some discretion as to which of the country's school systems to join and chose the Reykjavík metropolitan area and neighborhoods, positioned rather high in cultural and/or economic capital. As Icelandic parents in general, the majority of these mothers sent their children to their neighborhood school. They valued the inclusiveness of Icelandic schools and appreciated the comparative absence of a narrow, results-driven curriculum influenced by high-stakes testing, which gave their children a safe place to explore and develop. However, consistent with the literature on class-based parenting practices, the participants supplemented the school curriculum, either with materials specific to their home country, additional academic work, or privately obtained lessons in Icelandic. The emphasis on parental involvement is rather recent in Iceland. Since 2008, it has been intensified in laws and regulations. In the parents' view, the culture of parental involvement is not very systematic and lacks compensation for language difference. As a result, they were not able to become as involved as they wanted.

Virkni val og skyldur foreldra í íslensku menntakerfi: Foreldrahópar á jaðrinum

RannMennt og RannKyn

Berglind Rós Magnúsdóttir

Rannsóknastofurnar RannMennt og RannKyn efna til málstofuraðar í þremur lotum sem fjallar um foreldrahlutverkið í gagnrýnu ljósi. Við spyrjum meðal annars hvaða félaglegu öfl móta sýn Íslendinga á hið hæfa foreldri og ekki síst hina hæfu móður. Málstofa 1 og 2 fjalla um foreldrahlutverkið í tengslum við skólakerfið. Spurt er m.a. hvaða foreldrar eru virkir í skólavali? Hverjir velja sér einkaskóla og á hvaða forsendum? Hvaða foreldrar eru minna sýnilegir og virkir í foreldrastarfi og skólagöngu

barna sinna og af hverju? Hvernig mótar það stöðu foreldris gagnvart skóla að vera með stutta skólagöngu og lágar tekjur? Að vera án ríkisfangs eða koma frá fjarlægu landi? Hvaða feður takast á við foreldraskyldur sínar a.m.k. til jafns á við mæður gagnvart grunnskólanum, af hverju og hvernig takast þeir á við það? Hvers konar karlmennskuorðræða mótar hugmyndir og gjörðir? Málstofa 3 fjallar um mótun kvenleikans í gegnum móðurhlutverkið og samskipti við valdastofnanir samfélagsins. Hvernig móta hugmyndir um móðurhlutverkið konuna? Hvers konar kona má verða móðir? Má hafna því að verða móðir og jafnvel sjá eftir því? Kynningarnar eru ýmist á íslensku og ensku eftir því hvort ágrip er skrifað á íslensku eða ensku, enda er hópurinn sem að þeim stendur fjölþjóðlegur. Rannsóknirnar eiga það sammerkt að nýta sér gagnrýnin fræði, s.s. fræði sem fást við femínisma, rasisma, stéttisma, samtvinnun, hrifkenningar Söruh Ahmed, kenningar Bourdieu um stétt, og áhrif nýfrjálshyggju á daglegt líf foreldra og barna.

Feður í aðalhlutverki í uppeldis- og skólastarfi barna sinna – Áhrif stéttarstöðu, stéttaruppruna og karlmennskuhugmynda

Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Unnur Edda Garðarsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Feður eru sá foreldrahópur sem telst ekki mjög sýnilegur eða virkur í foreldrastarfi grunnskólans þótt breytingar hafi orðið í jákvæða átt á síðustu árum. Í rannsókninni Virkni, val og skyldur foreldra á íslenskum menntavettvangi kemur fram mikil kynjaslagsíða í lýsingum mæðra og feðra á foreldrasamfélagi skólanna. Þessi ólaunaða ástarvinna hefur lengst af verið órjúfanlegur þáttur af móðurhlutverkinu þar sem millistéttarmóðirin hefur gjarnan verið viðmiðið. Í þessu erindi er sjónum sérstaklega beint að feðrum sem skilgreindu sig a.m.k. jafn virka í uppeldi og skólun barnsins á yngri og miðstigum grunnskólans og lagt upp úr því að ná til allra stétta. 12 djúpviðtöl voru þema- og orðræðugreind ásamt stöðluðum spurningalista. Helmingur er hvítflibbar með háskólamenntun, tveir með iðnmenntun og fjórir með styttra nám að baki. Tekjudreifing er allt frá því að vera undir lágtekjumörkum yfir í meira en milljón á mánuði. Tveir þeirra eru einstæðir feður. Mest afgerandi munur varðandi virðingu og samskipti við stofnanir og „kerfið“ markaðist af núverandi stéttarstöðu og stéttaruppruna. Millistéttin ber virðingu fyrir kerfinu og gerir sér far um að gangast undir orðræðuna um „hinn virka föður“. Foreldravinna feðra virðist kynjaðri meðal lægri stéttar og karlmennskuhugmyndir íhaldssamari. Veruháttur margra þeirra markast af erfiðum uppeldisaðstæðum. Eigin reynsla af skólagöngu hefur áhrif á þátttöku þeirra í skólagöngu barna sinna. Þeir tala um mikil átök við „kerfið“ og fá sínu framgengt með ákveðni, reiði og ögrun sem að einhverju leyti er svörun við jaðarsetningu þeirra í skólanum og samfélaginu.

Parents of Arabic, African and Asian origin: Significance of migrant capital, whiteness, and class when entering the Icelandic school community

Eva Harðardóttir, PhD student, SE, UI, Elizabeth Lay, PhD student, SE, UI and Berglind Rós Magnúsdóttir, associate professor, SE, UI

People with immigrant or refugee status in Iceland are part of a young migrant population of mostly first generation young individuals or families. Schools thus include students and parents who possess different sets of experiences and realities, yet must continuously engage within a normative construct, such as ethnic minorities in a largely homogenous country. We extend Bourdieu's theory of social field and capital to explore citizenship beyond national borders in order to understand the complexities of migrants' experiences. Rather than problematizing their resources as either compatible or non-compatible, we study the transformative social position of migrant parents within the educational field. The data is part of two larger ongoing research projects on parents, migration and education in Iceland (IPP and IPIC), including narratives from 17 parents; 6 mothers and 4 fathers, from the Middle East with refugee status, 4 Southeast Asian immigrants, and 3 African immigrant parents. Findings indicate that parents have high expectations for their children's education despite varying experiences with the Icelandic education system due to their ethnic origin, gender roles, social status, or understanding of global educational systems. They also vary in how they activate their institutional and embodied cultural capital, revealing how well they are able to "play the game" within the field of education, or what happens when the social capital within one group does not transfer into the field of education. Critical and global citizenship must, therefore, underpin a transformative model of education inclusive of different and relational perspectives aiming towards social justice.

Reynsla lágtekjumæðra af pólskum uppruna af foreldrastarfi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu: Stétt, félags- og þverþjóðlegur auður

Joanna Ewa Dominiczak, grunnskólakennari, MVS, HÍ og Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Innflytjendur af pólskum uppruna eru stærsti hópur innflytjendaforeldra hér á landi en þrátt fyrir það hefur lítið sem ekkert verið fjallað um stöðu þeirra innan íslenska skólakerfisins. Hér verður skoðað hvernig reynsla pólskra lágtekjumæðra er af íslensku skólastarfi og hvernig stéttarstaða, náms- og félagsleg staða barnsins og þverþjóðlegur auður (e. migrant capital) mæðranna hefur áhrif á þátttöku þeirra og sýn á íslenska skólakerfið. Niðurstöðurnar eru skoðaðar í ljósi erlendra rannsókna á afdrifum pólskra innflytjenda í menntakerfum Norður-Evrópu. Erindið er byggt á sex eigindlegum djúpviðtölum og stöðluðum spurningalista þar sem m.a. var skoðað hvernig þær skilgreina sig í stétt, hvernig þær

skilgreina stöðu sína í íslensku samfélagi og hversu mikið val þær höfðu um búsetu og skóla fyrir börnin. Viðmælendur skilgreindu sig sem lægri stétt eða lægri millistétt með einni undantekningu. Virkni þeirra í skólastarfinu einskorðast við foreldraviðtöl og sérstaka viðburði skólans, engin þeirra er í foreldrafélaginu. Þegar um er að ræða sérþarfir barnsins er virkni og frumkvæði að samskiptum við skólann meiri. Val á skóla tengist búsetu eða sérþörfum barnsins, svipaða niðurstöðu er að finna í rannsóknum frá Bretlandi og Noregi. Mæðurnar eru jákvæðar í garð einkarekinna skóla en benda á ójafnræði í aðgengi. Þverþjóðlegur auður móðurinnar hefur jákvæð áhrif á viðhorf til skólans og á stöðu barnsins. Félagsauður barnsins hefur jákvæð áhrif á móðurina og tengir hana betur við skólann og skólasamfélagið. Með þessari rannsókn er ætlast að hægt verði að gera skólastarf, foreldrasamstarf, skipulag og samskipti innan skólakerfisins hérlendis sem aðgengilegast fyrir alla hópa.

Lægri stéttar mæður af íslenskum uppruna: Bernskureynsla, virkni og þátttaka í skólagöngu barnsins

Björk Alfreðsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ og Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Almennt er það talið sjálfsagður og eðlilegur hluti af uppeldishlutverki mæðra að sinna uppeldi og menntun barna sinna. Á sama hátt er það viðurkennt að feður séu á hliðarlínunni. Rannsóknin byggir á átta hálfopnum viðtölum við mæður af lægri stétt sem búa allar á höfuðborgarsvæðinu. Börn mæðranna eru á yngsta eða miðstigi grunnskóla og helmingur þeirra er í þörf fyrir sérstakan stuðning við námið. Niðurstöður úr greiningu gagna leiðir í ljós að allar mæðurnar bera meginábyrgð á menntun barna sinna en þær hafa allar skilið við barnsfeður sína. Allar eru í aukavinnu og/eða skóla nema þær sem eru með örorku eða í endurhæfingu. Áherslur mæðra er á að þeirra eigin börn gangi menntaveginn og verði ekki í sömu stöðu og þær sjálfar. Þrátt fyrir það eru þær seinar til að hafa frumkvæði að samskiptum við kennara barna sinna, sérstaklega ef vel gengur. Námslegir erfiðleikar hafa mikil áhrif á fjölskyldulífið og ýta undir virkni og kröfur mæðranna gagnvart skólanum. Flestar þeirra telja að þær skeri sig úr gagnvart öðrum foreldrum vegna lítillar menntunar, búsetu og atvinnu. Veruháttur sem hluti af sögu mæðra og sá menningar- og tilfinningaauður sem þær fengu í æsku mótar sýn á hlutverk þeirra sem uppalanda. Talsvert bar á móðurskömm (e. mother shame) meðal þeirra vegna stöðu þeirra sjálfra eða barna þeirra sem uppfylla ekki viðmið samfélagsins um hegðun, stöðu eða árangur.

Kona verður til! Mótun kvenleikans í gegnum móðurhlutverkið og samskipti við valdastofnanir samfélagsins

RannMennt og RannKyn

Annadís G. Rúdólfsdóttir

“What a Shame! The Childfree Choice and Regretting Motherhood”

Margaret Anne Johnson, PhD student, SSS, UI and Gyða Margrét Pétursdóttir, associate professor, SSS, UI

A woman’s choice to remain childfree is often met with disapproving comments such as: “What is wrong with you? Who will look after you when you are old? Did you have a difficult childhood? You’ll regret your choice later“; to name but a few. This presentation focuses on how these and similar responses act as powerful shaming gambits that promote and maintain a society where motherhood is echoed as the preferred choice for women. A feminist perspective is employed to critically analyse the discourse of 25 qualitative interviews from women in Iceland who are either childless by choice, or regret motherhood. We argue that the childfree choice goes against the doxa of motherhood and that negative comments towards women who choose to remain childfree serve to perpetuate reproduction as a powerful form of social capital. Moreover, the comments act as shaming mechanisms that encumber women to adhere to sociocultural stereotypes and become mothers or face regret, yet simultaneously condemning women who regret motherhood. As an act of personal agency, women who choose to remain childfree thwart utterances from typical responses by inverting pronatalist discourses and their inherent shaming tactics. Conversely, women who regret their choice to become mothers struggle to express their feelings for fear of being shamed.

“We at least say we are equal”: Gender equality and class in healthcare professionals discursive framing of migrant mothers

Sunna Símonardóttir, post-doctoral researcher, SSS, UI, Annadís G Rúdólfsdóttir, associate professor, SE, UI and Helga Gottfreðsdóttir, professor, SHS, UI

In the past few decades, the demography of Iceland has become increasingly diverse with an immigrant population similar to that of the other Nordic countries. Women comprise almost half of all international migrants and many of those female migrants require maternity care in their host countries. While some literature describes how migrant women experience the healthcare provisions of their host countries, less is known about the experience of providing the service, from the perspective of the healthcare practitioners. In this study we adopt a social constructionist perspective to explore the discourses of knowledge healthcare professionals in Iceland draw on, in their discussion of prenatal and postpartum healthcare in Iceland. Interviews were conducted with 16 healthcare

professionals with extensive experience of providing maternity care to migrant women to understand how they construct and make sense of the needs and behaviour of migrant women seeking maternity care. Our findings suggest that some healthcare professionals subject migrant women to normative professional discourses of parenting, without considering how those ideals are tailored to white, middle class women. Migrant mothers and pregnant women are thus excluded from the middle-class mothering norms that are ascribed to Icelandic women. Our findings also highlight how national identity, such as being part of a gender equal society and the image of Iceland as a classless society, influences how healthcare professionals view migrant women. This underscores the importance of cultural reflexivity, and policies and scholarship where an intersectional understanding of gender, class and migrant worker status is at the forefront.

„Það var eins og ég væri svona glæpón, að ég væri að gera eitthvað hræðilegt af mér“: Óstýrilátar, gleðispillandi fatlaðar mæður

Freyja Haraldsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ. Leiðbeinandi: Annadís G. Rúdólfsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í þessu erindi verður reynsla fatlaðra kvenna af móðurhlutverkinu skoðuð út frá hrifkenningum Söru Ahmed og þá einkum hugmyndum hennar um hlutverk hamingjunnar í vestrænum samfélögum. Um er að ræða fyrstu niðurstöður doktorsrannsóknar en tekið var eitt rýnihópaviðtal og 12 hálfopin einstaklingsviðtöl við fatlaðar og langveikar mæður með ólíkar skerðingar. Gögnin voru greind með þemagreiningu Braun og Clarke. Niðurstöður sýna fram á að þátttakendur í rannsókninni eru álitnar fara á svig við hamingjuhandritið (e. happiness script) er þær ákveða að eignast börn. Þær valdi öðrum óþægindum og spilli gleði (e. killjoy) enda gjarnan skilgreindar sem þiggjendur, eilífðarbörn og kynlausar, en ekki fullorðnar sjálfráða konur, kynverur, sem geta annast og elskað aðrar manneskjur. Í augum fjölskyldumeðlima, heilbrigðiskerfisins og samfélagsins eru þær álitnar óstýrilátar (e. willfull) fyrir að sætta sig ekki við barnleysi og þurfa að hafa mikið fyrir því að andæfa ableískum og normatífum hugmyndum um móðurhlutverkið, sérstaklega ef þær kjósa að eignast mörg börn. Þá eru þær gerðar tortryggilegar (e. to be in question), sérstaklega í augum félagsþjónustu og barnaverndarkerfisins, sem telja þær sjálfkrafa vanhæfar, framandi og óviðeigandi í móðurhlutverkinu; ógn við öryggi og velferð barna. Móðurhlutverkið veitir þátttakendum hamingju, sem þó samræmist ekki alltaf venjubundnum ableískum hugmyndum um hamingju fatlaðra kvenna, og hefur að mati þeirra valdeflandi áhrif á sjálfsskilning þeirra, líkamsmynd og fjölskyldulíf.

Immigrant Mothers in Icelandic Higher Education: Navigating Multiple Roles and Responsibilities

Cynthia Trililani, PhD student, SE, UI. Supervisor: Annadís G Rúdólfsdóttir, associate professor, SE, UI

This study uses an intersectionality approach to explore immigrant mothers' experiences of managing multiple responsibilities while pursuing Higher Education (HE) in Icelandic universities. Women with children in HE are an interesting group as they have to navigate and balance motherhood, household chores, academia, work, and personal lives. With regard to immigrant mothers, we can neither assume that they have access to the same support networks as student mothers born in Iceland nor that they use the same knowledge frameworks to make sense of their experiences. We employ a qualitative methodology based on life story interviews with 16 immigrant mothers. The main findings suggest that immigrant mothers' struggles of physical exhaustion, mental burden, time management, financial problems, and mothering insecurity are the result of traditional gender roles and gender inequality in childcare and household chores. However, immigrant mothers consciously negotiate their social positioning as the driving force to persist. This study enhances the understanding of how gender roles and social positionings impact academic progress and achievement. From an empirical perspective, this study contributes to the literature of intersectionality research in HE concerning student mothers of minority backgrounds.

Leikskólinn, börn og kennarar

Málstofustjóri: Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir

„Það skiptir alveg rosalega miklu fyrir börnin að þeir sem þekkja börnin tali saman": Rannsókn um samfellu í námi barna

Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, lektor, MVS, HÍ og Jóhanna Einarsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er kveðið á um samfellu og tengsl milli skólastiganna. Þar eru settir fram sex sameiginlegir grunnþættir menntunar sem eiga að mynda kjarna íslenskrar menntastefnu og skapa samfellu í skólastarfi. Rannsóknir sýna að farsæll flutningur barna milli skólastiganna getur haft afgerandi áhrif á sjálfsöryggi þeirra, námsgengi og fullgildi. Til þess að tryggja gæðamenntun þarf skólakerfið að mynda eina samfellda heild þar sem eitt skólastigið tekur við af öðru og byggir á þeim grunni sem lagður var á fyrri stigum. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á reynslu og sjónarmið kennara í leik- og grunnskólum og starfsfólks frístundaheimila á samfellu í skólastarfi, samstarf þessara aðila og þær áskoranir sem felast í samstarfinu. Tekin voru rýnihópaviðtöl við 13 kennara í fimm grunnskólum og 15 kennara í fimm leikskólum. Einnig voru tekin einstaklingsviðtöl við fimm forstöðumenn frístundaheimila. Viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð. Gögnin voru kóðuð í fjórum skrefum. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að bæði leik- og

grunnskólakennarar leggi töluverða áherslu á að undirbúa elstu börn leikskólans fyrir nám í grunnskóla. Að mati þátttakendanna hefur áhersla á samfellu milli skólastiganna og samstarf milli kennara aukist á undanförnum árum. Þáttur frístundaheimilanna hefur jafnframt aukist. Byggt verður á hugmyndum Boyle og Petriwskyj um fjögur stig í samskiptum kennara á mótum skólastiga við túlkun niðurstaðanna. Rannsóknin er mikilvægt framlag til fræðasamfélagsins og eykur skilning á gæðum menntunar yngstu borgaranna og hvernig stuðla megi að heildstæðri menntun íslenskra barna og ungmenna.

„Ég valdi sjálfa mig fram yfir fagstéttina“: Reynsla leikskólakennara af starfsumhverfi og starfsánægju í leik- og grunnskóla

Ólöf Magnea Sverrisdóttir, leikskólastjóri í Reykjanesbæ og Sigrún Gunnarsdóttir, dósent, FVS, HÍ og prófessor, HB

Undanfarin ár hefur brottfall leikskólakennara úr fagstéttinni verið mikið og á sama tíma hefur nýútskrifuðum leikskólakennurum fækkað. Með nýrri lagabreytingu um leyfisbréf kennara geta þeir starfað á öllum þremur skólastigum og hafa þessari breytingu fylgt áhyggjur um enn frekara brottfall leikskólakennara úr stéttinni. Niðurstöður fyrri rannsókna hér á landi sýna að starfsánægju leikskólakennara er ábótavant og jafnframt að leikskólakennarar sem upplifa gott starfsumhverfi og innri hvata eru frekar ánægðir í starfi. Tilgangur rannsóknarinnar sem hér um ræðir er að öðlast skilning á hvaða upplifun og reynslu leikskólakennarar hafa af starfsumhverfi og starfsánægju í leik- og grunnskóla og hvað ýtir undir að þeir færa sig yfir á annað skólastig. Gerð var eigindleg rannsókn og tekin hálfopin viðtöl við átta leikskólakennara sem hafa starfað í grunnskólum. Niðurstöður gefa til kynna að álag á leikskólakennara er mikið og álagsþættir eru einkum áreiti, rými og fjöldi barna og samræmast þær niðurstöður fyrri rannsóknum. Einnig benda niðurstöður til þess að sveigjanlegur vinnutími, áhrif á eigin störf, hæfileg viðvera með nemendum, faglegt starf með fagfólki og nægilegt rými til undirbúnings og samstarfs séu þættir í starfsumhverfinu sem skapi starfsánægju þátttakenda. Fram kom að erfitt hefði verið fyrir leikskólakennarana að taka ákvörðun um að færa sig yfir á grunnskólastigið en þeir gerðu það til að vernda sjálfa sig og standa með sjálfum sér. Niðurstöðurnar má nýta sem grunn að breytingum þannig að leikskólakennarar fái þarfir sínar uppfylltar sem kennarar í leikskóla.

Tíu ára þróunarstarf í leikskólanum Aðalþingi

Guðrún Alda Harðardóttir, leikskólaráðgjafi og Hörður Svavarsson, leikskólastjórnandi, Aðalþing

Erindið byggist á rannsókn á tíu ára starfsþróun eins leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að skoða hvaða lærdóm má draga af tíu ára þróunarstarfi í viðkomandi leikskóla í ljósi leikskólafræða, frumkvöðlafræða og skólaþróunar. Rannsóknin er starfendarannsókn. Rannsóknargögn eru fundargerðir, ljósmyndir, myndbönd, birt og óbirt gögn leikskólans. Gögnin eru greind út frá hugmyndafræði Malaguzzi, frumkvöðlafræði Lean og fræðum um skólaþróun. Gerð er grein fyrir leiðum sem hafa reynst vel til að stuðla að heildrænu námssamfélagi, skapa aðstæður fyrir ígrundun og samræður meðal starfsfólks og stuðla að því að starfsfólk ígrundi og hugsi um eigið starf. Helstu niðurstöður eru mikilvægi þess að starfsfólkið hafi sameiginlega sýn á leikskólastarf – „skólastefnu“, sterk samfella sé milli skólastefnu og stjórnarhátta í leikskólanum og að skýrar hugmyndir um stjórnun auðveldi skólasamfélaginu að tengja stefnuna við hið daglega starf og gera skólann að einni heild. Jafnframt kemur fram mikilvægi þess að innleiða menningu sem hvetur til nýsköpunar. Rýna þarf í það hefðbundna og velta fyrir sér hvort það sé það besta nú á dögum – ef ekki að vinna þá að þróun nýjunga – þar sem stundum þarf „usla í skólasamfélagi“ til að þróa.

„Þetta er vera sem þolir ekki sápu“: Leikskólastarf í umróti heimsfaraldurs

Jóhanna Einarsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Þann 13. mars 2020 hófst samkomubann á Íslandi vegna COVID-19 veirunnar. Leikskólar voru opnir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Börn skyldu vera í litlum hópum og aðskilja átti hópa innan leikskólans. Þannig varð veruleg röskun á leikskólagöngu barna og skipulagi leikskólastarfs. Eftir tilslakanir á samkomubanni þann 4. maí hófst starf í leikskólum á ný samkvæmt fyrra skipulagi. Leikskólabörn og fjölskyldur þeirra höfðu þá búið við rúmlega sjö vikna samkomubann sem hafði mikil áhrif á daglegt líf þeirra. Börnum var að verulegu leyti kippt út úr sinni daglegu rútínu og félagsleg samskipti takmörkuð við nánustu fjölskyldumeðlimi og afmarkaðan barnahóp í leikskólanum. Markmið þessarar rannsóknar er annars vegar að afla upplýsinga um hvernig leikskólar brugðust við þessum óvenjulegu aðstæðum og öðlast skilning á hvernig starfsfólk leikskóla upplifði þennan tíma. Hins vegar er markmiðið að afla upplýsinga um reynslu og viðhorf foreldra til leikskólastarfs og líðan barna þeirra á tímum heimsfaraldurs. Rannsóknarspurningarnar sem leiddu rannsóknina voru: 1) Hvernig lagaði leikskólinn sig að þeim takmörkunum sem settar voru í samkomubanninu? 2) Breyttist leikskólastarfið við þá reynslu að halda úti leikskólastarfi í heimsfaraldri? 3) Hvaða áhrif hafði faraldurinn og samkomubannið á börnin? 4) Hvaða áhrif hafði faraldurinn og samkomubannið á fjölskyldulífið? Leitað er svara við þessum spurningum með því annars vegar að taka hópaviðtöl við starfsfólk leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar með hópaviðtölum við foreldra leikskólabarna. Gagnaöflun er ekki lokið og því er ekki hægt að greina frá niðurstöðum á þessu stigi.

Fararheill: Samfella í námi barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn

RannUng

Jóhanna Einarsdóttir

Að fara út fyrir þægindarammann: Viðtöl við stjórnendur leik- og grunnskóla og forstöðumenn frístundaheimila

Arna H. Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast þekkingu á hvernig leik- og grunnskólastjórar og forstöðumenn frístundaheimila vinna að grunnþættinum jafnrétti á mörkum skólastiga hvað varðar fjölmenningarlega menntun. Grunnþátturinn er sameiginlegur í námskrám allra skólastiga og í stefnu um frístundaheimili. Gagna var aflað með viðtölum við skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og forstöðumenn frístundaheimila, alls 11 stjórnendur í níu stofnunum, þ.e. tveimur leikskólum, tveimur grunnskólum, tveimur sameinuðum leik- og grunnskólum og þremur frístundaheimilum. Hlutfall barna af erlendum uppruna var misjafnt í skólum og á frístundaheimilum. Auk þemagreiningar var tekið mið af hugmyndafræði „pedagogy of discomfort“ (að fara út fyrir þægindarammann) við greiningu gagnanna. Niðurstöður gefa til kynna að þar sem menningarlegur margbreytileiki bankaði á dyr stjórnenda þá brugðust þeir við honum. Skólagerð virtist ekki ráða þáttaskilum og samfellu í menntun barnanna heldur viðhorf, áherslur í samvinnu og ástríða skólafólksins til að gera vel. Þar sem skólastjórnendur og forstöðumaður frístundar þróuðu faglegt lærdómssamfélag með samstarfsfólki, m.a. með þróunarverkefnum, töluðu um teymisvinnu og dreifingu ábyrgðar virtust börnin finna minna fyrir þáttaskilunum og samfellan var meiri. Þar sem starfsfólk og stjórnendur höfðu farið „út fyrir þægindarammann“ gekk starfið mun betur en ella og breytingaforysta réði ríkjum. Rannsóknin styður við niðurstöður fleiri rannsókna um að viðhorf fólks skipta miklu þegar um fjölmenningarlega menntun er að ræða.

Að tilheyra (ekki) leikskólasamfélagi: Viðhorf foreldra

Björn R. Egilsson, doktorsnemi, MVS, HÍ

Nýlegar rannsóknir hafa lýst menntastofnunum yngri barna á þá vegu að þær búi yfir möguleikum til þess að ýta undir samfélagslega samheldni með því að bjóða upp á vettvang þar sem fjölskyldur með fjölbreyttan bakgrunn geti komið saman. Hins vegar er óljóst með hvaða hætti það á sér stað í

hversdagslegum aðstæðum. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast skilning á þessum ferlum með því að kanna hvort og hvernig foreldrar barna með menningarlega, tungumálalega og félagslega fjölbreyttan bakgrunn upplifi að þeir tilheyri leikskólasamfélagi við tvo samstarfsleikskóla í ólíkum hverfum í Reykjavík. Rannsóknin var samþykkt af hálfu samstarfsleikskólanna, Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands auk foreldranna sjálfra, sem fengnir voru til þátttöku í foreldraviðtali. Hálfstöðluð viðtöl voru tekin við 12 foreldra um veru barns þeirra í leikskólanum og tengslum þeirra við börn, kennara og fjölskyldur leikskólasamfélagsins. Niðurstöðurnar benda til þess að þótt viðhorf foreldranna sem tóku þátt í rannsókninni til leikskólans séu almennt jákvæð, eru tilfinningar þeirra gagnvart því að tilheyra leikskólasamfélaginu blendnar af ýmsum ástæðum. Á meðan sumir foreldrar nýta vettvang leikskólans til þess að tengjast öðrum fjölskyldum og njóta góðs af samstarfi við þær, eiga aðrir í yfirborðskenndum samskiptum og enn aðrir halda sig fjarri og draga skýr mörk á milli leikskóla og einkalífs. Frekari rannsóknir og stefnumótun um áhrif leikskóla á samfélagslega samheldni þurfa að taka með í reikninginn að hluti foreldra sé fráhverfur hugmyndinni um að tilheyra leikskólasamfélaginu.

Ytri áhrifaþættir á kennslu barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn

Friðborg Jónsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ. Leiðbeinandi: Jóhanna Einarsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að koma auga á utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á hvernig kennarar takast á við kennslu barna með erlendan bakgrunn í íslenska skólakerfinu en vísbendingar eru um að kennarar upplifi sig óundirbúna til að takast á við menntun barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þær kenningar sem liggja til grundvallar rannsókninni eru kenningar um örpólitík (e. micropolitics) í menntun, starfsþróun kennara og fjölmenningarlegir kennsluhættir. Frá janúar 2019 til vors 2020 var unnin „praxeology“-rannsókn með tveimur leikskólakennurum og tveimur grunnskólakennurum í einum leikskóla og einum grunnskóla í Reykjavík. Auk þess voru tekin viðtöl við skólastjórana í skólunum tveimur, rýnt í opinber gögn og rætt við yfir tug fagfólks á vegum sveitarfélagsins sem aðkomu hafa að málefnum barna með erlendan bakgrunn í leik og grunnskólum. Þemagreining var notuð til þess að greina gögnin. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að fagfólk sveitarfélagsins upplifi þjónustuna við börnin og skólana nokkuð dreifða og samstarf þeirra aðila er að henni koma ekki alltaf nægilegt. Kennarar leita aðstoðar innan skólanna og vilja sjá fleiri sérkennslutímum úthlutað til barnanna en leita síður aðstoðar utan skólanna fyrir sjálfa sig. Samband kennaranna við skólastjórann hefur áhrif á viðhorf þeirra varðandi kennslu barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn og í grunnskólanum rennur kennsla þessara barna að einhverju leyti saman við sérkennslu.

Viðhorf leikskólakennara og leiðbeinenda til upphafs leikskólagöngu barna

Hrönn Pálmadóttir, dósent, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á viðhorf og reynslu leikskólakennara og leiðbeinenda í leikskóla af samstarfi við foreldra- og barnahóp með fjölbreyttan bakgrunn og menningu í upphafi leikskólagöngu. Fræðileg undirstaða rannsóknarinnar er aðallega sótt í smiðju þeirra sem hafa rannsakað þáttaskilin sem verða þegar börn hefja grunnskólagöngu. Litið er á börn sem mikils megnug og skapandi og námsumhverfi og námskrá skuli byggjast á áhuga og aðstæðum barna og taka tillit til þess að þau eru ólík. Tímamótin við upphaf leikskólagöngu eru kölluð aðlögun og er þar vísað til inntöku nýrra barna í leikskóla. Börn yngri en tveggja ára hófu leikskólagöngu sína á þremur deildum haustið sem rannsóknin hófst. Gagna var aflað með einstaklingsviðtölum og rýnihópaviðtölum við fimm leikskólakennara og þrjá leiðbeinendur auk vettvangsathugana á deildum. Þemagreining var notuð til að greina gögnin. Niðurstöður sýna að leikskólakennarar lýstu hlutverki sínu í aðlögunarferlinu sem tvíþættu. Annars vegar því að koma á og viðhalda tengslum við foreldra og börn. Hins vegar að hafa yfirsýn, ýta undir samstarf innan deilda og miðla þekkingu til samstarfsfólksins. Leiðbeinendur ræddu um virka þátttöku í aðlögunarferlinu og í samskiptum og tengslum við foreldra barnanna. Fram komu vísbendingar um að foreldrar af erlendum uppruna ættu frekar í erfiðleikum með þátttöku og að börnin upplifðu í mörgum tilvikum erfiðari aðlögun en börn íslenskra foreldra. Rannsóknin sýnir að það er fagleg áskorun að þróa starfshætti sem ýta undir menningarlega samfellu og stuðla að því að barnið og fjölskylda þess upplifi sig sem þátttakendur og að þau tilheyri nýja umhverfinu.

Fullgildi barna með fjölbreyttan bakgrunn í íslenskum leikskólum

Sara M. Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ og Jóhanna Einarsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að bæta við þekkingu um hvernig börn með fjölbreyttan bakgrunn upplifa fullgildi (e. belonging) í íslenskum leikskólum. Gengið var út frá hugmyndafræði bernskurannsókna og líkan Lundy notað við túlkun niðurstaðna. Rannsóknin var framkvæmd á leikskóladeild þar sem dvöldu saman 19 börn og fjórir starfsmenn. Níu börn völdu að taka þátt eftir að hafa fengið leyfi frá foreldrum og útskýringar á hvað þátttakan fæli í sér. Einnig voru könnuð viðbrögð starfsfólks leikskólans við sjónarmiðum barnanna. Börnin tóku myndir á spjaldtölvur sem notaðar voru sem kveikja að samræðu um fullgildi þeirra í leikskólanum. Notuð var þemagreining til þess að greina samtölin við börnin en meginþemun voru: Vinátta, leikur, sjálfstæði og sjálfsbjargarviðleitni. Í hugum

barnanna tengdist fullgildi aðallega vináttutengslum þeirra við önnur börn í leikskólanum. Börnin tengdu vináttu við leik, þau léku sér frekar við börn sem höfðu svipaðan tungumála- og menningarbakgrunn og þau sjálf. Börn með annan bakgrunn en íslenskan voru frekar útilokuð frá leik en börn með íslenskan bakgrunn. Börnin, sem tóku þátt, voru sjálfstæð og sjálfbjarga í daglegu starfi leikskólans og leituðu ekki til starfsfólksins eftir stuðningi þegar eitthvað bjátaði á, þau drógu sig frekar í hlé. Starfsfólkið ígrundaði starfshætti sína út frá sjónarmiðum barnanna og hafði ýmsar hugmyndir um fullgildi þeirra. Þær hugmyndir virtust þó ekki endurspeglast í starfsháttum þeirra. Draga má þá ályktun af þessari rannsókn að umræðan um hvernig styðja megi við fullgildi barna með fjölbreyttan bakgrunn sé komin stutt á veg í leikskólasamfélaginu og úr því þurfi að bæta.

Mál og kennsla

Málstofustjóri: Hanna Óladóttir

Kennsla um mál og kennsla í máli: Mikilvæg aðgreining í málfræðikennslu

Hanna Óladóttir, lektor, MVS, HÍ

Mikilvægur hluti málfræðikennslu er að kenna nemendum um málið og hvernig það virkar, gera þá meðvitaða um eigin þekkingu og virkni þeirrar þekkingar svo að þeir eigi sem hægast með að þroskast og þróa málnotkun sína sér til hagsbóta í framtíðinni. Í því sambandi leikur ritmálið stórt hlutverk. Á sama tíma er það líka mikilvægur þáttur ritmálskennslunnar að nemendur tileinki sér ákveðið málsnið sem er ekki endilega í samræmi við máltilfinningu nemenda. Hlutverk kennara er því bæði að kenna nemendum um málið sem þeir þegar kunna og að kenna nemendum hvernig þeir þurfi að breyta málnotkun sinni við ákveðnar aðstæður. Í þessum fyrirlestri hyggst ég fjalla um hvernig kennarar blanda þessu tvennu saman, kennslu um mál og í máli, hvaða áhrif það hefur á hugmyndir nemenda um málið og hvers vegna breytinga er þörf sem ég tengi við málvernd. Til grundvallar legg ég niðurstöður úr doktorsrannsókn minni frá 2017 þar sem ég ræddi við íslenskukennara í unglingadeild nokkurra grunnskóla og nemendur þeirra.

Viðhorf íslenskra barna til íslensku- og enskukennslu í grunnskólum. Niðurstöður viðtalskönnunar og viðbrögð við þeim.

Ólöf Björk Sigurðardóttir, framhaldsskólakennari, Menntaskóli Borgarfjarðar og Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, HUG, HÍ

Í erindinu verður gerð grein fyrir viðhorfum íslenskra barna til móðurmálsins og alþjóðamálsins ensku og sérstaklega hugað að viðhorfum til íslensku- og enskukennslu í grunnskólum. Unnið var úr svörum 40 barna á aldrinum 3–12 ára í viðtalshluta öndvegisverkefnisins Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis, þar sem hvert barn kom í þrjú 60 mínútna viðtöl. Börnin voru valin út frá magni stafræns ensks ílags/máláreitis, þar sem helmingur barnanna fékk mikið stafrænt ílag en hinn helmingurinn lítið. Niðurstöður benda til að viðhorf barna til beggja mála séu almennt jákvæð og mikið stafrænt ílag virðist ekki hafa neikvæð áhrif á viðhorf til móðurmálsins. Þemagreining á svörum barnanna sýnir að ólík viðhorf til íslensku og ensku má einkum greina í tengslum við skólastarf. Börnin tengja góða færni í íslensku við íslenskukennslu í skólanum þar sem þau læri að tala „rétt mál“. Þar telja þau sig hins vegar læra litla ensku því hana læri þau frekar af því að horfa á enskt efni í frítíma sínum. Börn með mikið stafrænt ílag eru líklegri til að segjast hafa lært ensku á þann hátt. Áhugavert er að börnin telja sig þurfa að læra móðurmálið í skóla en erlenda/annað málið ensku læri þau úti í samfélaginu. Lagt verður út af þessum niðurstöðum og þær tengdar niðurstöðum annarra nýlegra rannsókna á íslensku- og enskukennslu í grunnskólum. Niðurstöður þessara rannsókna virðast kalla á endurskoðun á kennslu í báðum málum í 1.–7. bekk grunnskóla þar sem tekið er mið af breyttri stöðu móðurmálsins og ensku í stafrænu samfélagi nútímans.

Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi

Renata Emilsson Peskova, doktorsnemi, MVS, HÍ

Að beiðni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins var árið 2019 þróaður stuttur, hagnýtur leiðarvísir fyrir kennara og starfsfólk skóla og frístundaheimila, uppalendur og stjórnendur, um leiðir til að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi barna og ungmenna. Öflugur hópur fræðimanna og fagfólks tók saman niðurstöður ýmissa fræðasviða, þekkingu og reynslu með því markmiði að gefa skýr skilaboð og að bjóða upp á fjölbreyttar leiðir fyrir vettvang. Í upphafi greinir leiðarvísirinn frá rétti barna og ungmenna að móðurmáli(-um) sínu(m) og skilgreinir flókin hugtök á borð við móðurmál og virkt fjöltyngi. Síðan fjallar leiðarvísirinn um hlutverk skóla og frístundastarfs og hlutverk foreldra í að styðja við móðurmál og virkt fjöltyngi. Í erindinu verður leiðarvísirinn stuttlega kynntur, en sérstök áhersla verður á einfaldar og flóknari leiðir fyrir kennara og fagfólk til að vinna með ýmis tungumál á sínum starfsstöðum. Leiðarvísir gefur mikilvæg skilaboð til skóla og frístundastarfs um gildi fjölbreyttra tungumála fyrir börn, fjölskyldur og ekki síður samfélagið, innan og utan skóla og á öðrum starfsstöðvum barna og ungmenna, um leið og áhersla er lögð á mikilvægi þess að börn og ungmenni nái aldursviðmiðum í íslensku.

Textíll í rannsóknum og skólastarfi – fyrri hluti

Rannsóknarstofa í textíl

Ásdís Jóelsdóttir

Starfræn varðveisla frumgagna í vefnaði

Ragnheiður Björk Þórsdóttir, framhaldsskólakennari, Textílmiðstöð Íslands

Erindið er kynning á rannsóknarverkefni Textílmiðstöðvar Íslands, undir heitinu Frá hefðbundnum textíl til stafrænnar framtíðar (Bridging Textiles to the Digital Future), sem er styrkt af Tækniþróunarsjóði Rannís. Einnig verður kynnt innihald bókarinnar *Listin að vefa* eftir Ragnheiði Björk Þórsdóttur sem kom út árið 2019, en Ragnheiður stýrir einnig rannsókninni. Markmiðið er að kynna notkunarmöguleika bókarinnar og gagnagrunnsins innan skólakerfisins. Í Kvennaskólanum á Blönduósi er til mikið magn af vefnaðarmynstrum, uppskriftum og prufum sem gefin hafa verið Kvennaskólanum til varðveislu, meðal annars eru frumgögn nokkurra íslenskra vefara og vefnaðarkennara sem starfaði við skólann á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Gögnin eru í formi handskrifaðra vefnaðarmynstra, vefnaðarprufa og uppskrifta fyrir vefnað í vefstól. Umfang gagnanna eru 1000 handskrifaðar blaðsíður af vefnaðarmynstrum og uppskriftum fyrir vefnað og yfir 1500 vefnaðarprufur. Um er að ræða varðveislu og skrásetningu á frumgögnum sem hafa mikið menningar-, hönnunar- og sagnfræðilegt gildi. Þegar er búið er að skrásetja, mynda, flokka og hanna rafrænan gagnagrunn sem er aðgengilegur á netinu og hýsir bindimynstur, vefnaðarprufur, teikningar og uppskriftir sem varðveitt eru hjá Textílmiðstöð Íslands. Bókin *Listin að vefa* er kennslubók í aðferðum og tæknilegum þáttum vefnaðar, auk þess að vera fræðibók sem tekur á sagnfræðilegum þáttum.

Flokk till you drop – samstarfsverkefni

Berglind Ósk Hlynsdóttir, nemi, LHÍ, Rebekka Ashley Egilsdóttir, nemi, LHÍ og Melkorka Magnúsdóttir, nemi, HÍ

Verkefnið er samstarf Textílmiðstöðvar Íslands, Rauða krossins, Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Verkefnið, sem er styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, er unnið af þremur nemendum, úr fatahönnun og vöruhönnun í Listaháskóla Íslands og menningarfræði í Háskóla Íslands; Berglindi Ósk Hlynsdóttur (fatahönnun LHÍ), Rebekku Ashley Egilsdóttur (vöruhönnun LHÍ) og Melkorku Magnúsdóttur (mannfræði HÍ). Leiðbeinendur eru Elsa Arnardóttir, Textílmiðstöð Íslands, Eva María Árnadóttir, fatahönnun LHÍ, Guðbjörg Rut Pálmadóttir, Fatasöfnun Rauða krossins og Unnur Dís

Skaptadóttir, mannfræði HÍ. FLOKK TILL YOU DROP er ádeila á úrelta orðatiltækið „shop till you drop“. Verkefnið stuðlar að því að auka vitundarvakningu um neyslumenningu Íslendinga og beina sjónum að því magni af fötum og öðrum textíl sem fólk gefur í Rauða krossinn. Í sumar flokkuðu nemendurnir tonn af textíl sem fólk um allt land setti í gáma Rauða krossins. Verkefnið er blanda af flokkunarstöð, rannsóknarstofu og listaverkstæði og hefur bækistöðvar í Hönnunarsafni Íslands meðan á rannsókn stendur. Fatnaðurinn verður flokkaður og greindur út frá ýmsum flokkum; efni, kyni, framleiðslulandi og litum svo dæmi séu tekin. Verkefnið er í fimm liðum: 1. Flokkun á textíl. 2. Fræðsla um endurvinnslu á textíl og gagnvirkt samtal við almenning í gegnum Instagram. 3. Vinnusmiðjur þar sem almenningur getur tekið þátt í að endurnýja flíkur og textíl úr Fatasöfnun Rauða krossins. 4. Hvað verður um flíkur og textíl sem fer í Fatasöfnun Rauða krossins? Kortlagning á ferðalagi fatnaðar. 5. Sýning og sala á listaverkum úr ónýtum textíl í lokahófi. Nemendurnir munu kynna helstu niðurstöður þessarar rannsóknar og sýna myndir frá ferlinu.

FISHSkin – Nýsköpun í fiskleðri úr roði

Katrín María Káradóttir, dósent, LHÍ

Developing fish skin as a sustainable raw material for the fashion industry or FISHSkin er alþjóðlegt verkefni styrkt af Horizon 2020, þróunar- og rannsóknaráætlun Evrópusambandsins. Verkefnið snýst um að þróa aðferðir til að vinna roð af fiski á umhverfisvænan og ábyrgan hátt sem mótvægi við hefðbundna leðurframleiðslu. Samstarfsaðilar Listaháskóla Íslands og Nordic Fishleather í verkefninu eru hönnuðir og rannsakendur m.a. frá Central Saint Martins, London College of Fashion, Shenkar listaháskólanum í Ísrael, Kyoto Seika háskólanum í Japan, Kornit Digital framleiðslufyrirtæki frá Ísrael, Oceanographic Research frá Ísrael og Ars Trinctoria, rannsóknar- og greiningamiðstöð á Ítalíu. Þessi fjölbreytti hópur tengir saman fatahönnuði, vísindamenn, tæknifræðinga og handverksfólk víða að. Hópurinn rannsakar möguleika á nýsköpun í fiskleðri úr roði sem sjálfbærari valkost en hefðbundið leður.

Hallormsstaðaskóli – þekking sem skiptir máli

Bryndís Fiona, skólastjórnandi, Hallormsstaðaskóli

Í 90 ár hefur kennsla við Hallormsstaðaskóla einkennst af verkkunnáttu á sviði matarfræði og textíls, nýtingarmöguleikum hráefna og sjálfbærni. Ný námsbraut skólans, Sjálfbærni og sköpunarbraut á 4. hæfniþrepi, byggir á námskrá skólans frá 1930 og tengir við nútímatækni. Þróun á skólastarfi er nauðsynleg og enn mikilvægara er að standa vörð um þann menningararf sem gamalt handverk er. Að

koma þekkingu áfram frá vöggu til vöggu í stað vöggu til grafar ætti að vera hluti af eðlilegri hringrás lífsins. Stefna skólans er að mennta nýja kynslóð fagfólks sem getur unnið þvert á fræði og faggreinar, hefur haldgóða þekkingu og færni á sviði sjálfbærni og sköpunar með áherslu á nýtingarmöguleika auðlinda. Í náminu er fjallað um hugtakið sjálfbærni í víðtæku samhengi og þá hugmyndafræði sem liggur að baki sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og annars hráefnis. Hér er lögð áhersla á að tengja saman fræði og framkvæmd. Hlutverk skólans er að veita nemendum tækifæri, möguleika og aðstöðu til þess að rannsaka, þróa og dýpka þekkingu sína og verða ný kynslóð fagfólks í þverfaglegum heimi.

Textíll í rannsóknum og skólastarfi – seinni hluti

Rannsóknarstofa í textíl

Ásdís Jóelsdóttir

Heimsmarkmiðin í textíl – óður til sjálfbærni

Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Erindið fjallar um tilurð bókar um sjálfbærni og endurnýtingu í textíl, markmið og uppbyggingu efnisþátta. Verkefnið er styrkt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Kennslumálasjóði Háskóla Íslands, Hagþenki og Miðstöð íslenskra bókmennta. Rannsóknargrunnur bókarinnar byggir á kennslufræðilegum þáttum þar sem blandað er saman kennsluleiðbeiningum og kennsluefni. Meðal annars er tekið mið af niðurstöðum í tveimur þróunar- og samvinnuverkefnum, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og áherslum í námskrám. Lögð er áhersla á aðferðafræði hönnunar í uppbyggingu efnisins, frá upplýsingaöflun til tæknilegra atriða, tilrauna með aðferðir og til fullvinnslu afurða. Í bókinni eru lagðar fram leiðbeiningar um forsendur og tilurð tískunnar, fyrirhyggju og skilning á grundvallaratriðum í siðrænni framleiðslu og vottaðra vörumerkja, siðrænnar tísku og siðrænnar og ábyrgrar neyslu. Sú nálgun er nýtt sem undirstaða fyrir hráefnis- og afurðaþekkingu, þekkingu í frumvinnslu og fullvinnslu í fata- og textílframleiðslu og verkfærni textílgreinarinnar til að auðvelda vinnsluferli endurnýtingar með það að markmiði að framlengja líftímann. Eftir það kallast textílaðferðir á við endurnýtingu og nýsköpun í leit að lausnum sem hver og einn getur nýtt til að ná fram persónulegri nálgun á skapandi og sjálfstæðan hátt. Markmiðið er að virkja umhverfisvæna hugsun í verki, setja textílafurðir í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvitund og ýta að undir sjálfbæran lífsstíl. Í farvatninu er bók með leiðbeinandi texta og lausnum í teikningum með lágstemmdu heildarútliti og „heimagerðu“ innihaldi – eins konar óður til sjálfbærni í textíl.

Neysla og endurnýting – þróunar- og samvinnuverkefni tveggja skólastiga

Kolbrún Jenný Gunnarsdóttir, grunnskólakennari, Lágafellsskóli og Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Í umræðunni um umhverfisvernd og sjálfbæra þróun hafa raddir orðið mun háværari um þær afleiðingar sem fataiðnaðurinn hefur. Á það helst við um neikvæð áhrif framleiðslunnar á umhverfið, vinnuaðstæður og launakjör þeirra sem starfa við framleiðsluna, fatasóun og neysluhegðun. Markmiðið er að minnka neysluna og leggja áherslu á endurnýtingu. Með þeim áherslum má lengja notkunar- og líftíma fatnaðarins og um leið koma í veg fyrir umhverfismengun og offramleiðslu á fatnaði. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru höfð til hliðsjónar við mótun verkefnisins. Í þróunar- og samvinnuverkefninu var tekið mið af þeim markmiðum sem snúa að endurnýtingu, sjálfbærum lífsstíl, nýsköpun og ábyrgri og siðrænni neyslu. Í verkefnavinnunni unnu nemar og nemendur að álíka viðfangsefnum með sömu markmið að leiðarljósi auk þess sem þau voru samtvinnuð á ýmsa vegu. Nýjungin fólst í að samtvinna verkefni textílkennaranema við Menntavísindasvið HÍ við verkefni nemenda í textílvali í 9. og 10. bekk í grunnskóla, nánar tiltekið Lágafellsskóla í Mosfellsbæ. Verkefnið var mikilvægt fyrir nemendur í textílmennt í grunnskólum og verðandi textílkennara á Menntavísindasviði sem gátu nýtt reynslu sína við vinnu eigin verkefna á sama tíma og þeir voru að yfirfæra þá reynslu yfir á nemendur í grunnskóla. Sú reynsla hefur nýst kennurum til að þróa innihald og áherslur í starfi og innleiða nýja kennsluhætti á báðum aldursstigum. Verkefnið hefur einnig verið nýtt til að þróa námsefni í endurnýtingu á textíl.

ST'ART

Soffía Margrét Magnúsdóttir, framhaldsskólakennari, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Í erindinu verður Erasmus+ verkefnið ST'ART kynnt sem nemendur á listasviði í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti hafa tekið þátt í frá árinu 2018 með þremur öðrum listaskólum frá Portúgal, Spáni og Ítalíu. Verkefnið gengur út á að nota menningararfinn sem hreyfiafl í gegnum listir í borgarsamfélögum. Kafað er ofan í menningararf hvers lands og hann settur í samhengi við sinn eigin, hvað er sameiginlegt, hvað er nýtt fyrir þeim og hvað getum við lært hvert af öðru. Nemendur fá undirbúningsverkefni sem á að leysa hvert í sínu landi, síðan hittast þau í hverri borg einu sinni og vinna flóknari verkefni sem ná yfir nokkra daga. Í fyrstu nemendaferðinni, sem fór fram í janúar 2019 í Bilbao, var unnið með horfin kvennastörf í borginni. Endaleg útkoma voru 6 klippimyndir af stærðinni A1 sem hengd voru upp í úthverfi Bilbao. Markmið okkar hér á landi var að tengja saman list og náttúru. Á Íslandi hafa þjóðsögur gegnt mikilvægu hlutverki við að varðveita náttúruna. Nemendur áttu að endurskapa myndir og þjóðsögur sem við þekkjum svo vel eins og Búkollu, Tröllið á glugganum, Móðir mín í kví kví o.fl.

Efniviður var íslensk ull fyrir leikmunagerð, íslensk hljóð, náttúran í bland við hefðbundið efni og starfrænt form. Unnu nemendur nýja útgáfu af sex stuttmyndum með tengingu við þjóðsögur. Í Portúgal var unnið með „Ilhas“ eða þarlenda verkamannabústaði sem eru í hættu vegna ferðamanna og Airbnb-útleigu. Nemendur unnu með umhverfið og bróderuðu yfir ljósmyndir úr vettvangsferðinni með sinni túlkun á formi og litum.

Íðorðanefnd í hannyrðum – íðorðasafn í prjóni

Herborg Sigtryggsdóttir, sérfræðingur í vefnaði og textílgreinum, Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Guðrún Hannele Henttinen, verslunareigandi Storksins

Íðorðanefnd í hannyrðum starfar innan Stofnunar Árna Magnússonar. Hlutverk og starf íðorðanefnda felst m.a. í að safna og skilgreina lykilhugtök, ræða þýðingar og nýorðasmíði ásamt að flokka hugtök. Nýlega var birt íðorðasafn fyrir prjón á netinu, þ.e. í opnu rafrænu safni á vegun fyrrnefndrar stofnunar. Markmiðið með íðorðasafninu er að samræma orðanotkun innan fagsins hjá bæði áhuga- og fagfólki, m.a. vegna útgáfu á bókum, uppskrifta og birtingar á netinu, en líka hins talaða máls. Tilgangurinn er einnig að samræma og að koma í veg fyrir að hugtakanotkun í almennri og faglegri umræðu verði á reiki. Mikilvægt er að þeir sem starfa innan slíkra nefnda komi úr ólíkum áttum samfélagsins og hafi mismunandi aðkomu að faginu. Í vinnuferlinu við íðorðasafnið í prjóni voru rannsakaðar flestallar bækur, blöð og tímarit um prjón, eldri og nýrri, sem gefin hafa verið út á íslensku frá upphafi. Listuð voru upp orð úr heimildum sem tengdust prjóni, garni, áhöldum og ullarvinnslu. Hugtök voru samræmd og færð inn heiti, samheiti, skilgreiningar og skýringar. Á næstunni er ætlunin að vinna með fleiri hannyrðagreinar eins og hekl, útsaum, fatasaum, vefnað o.s.frv. Íðorðabankinn verður alltaf í vinnslu og þörfin fyrir nýorðasmíð og skilgreiningar verður áfram fyrir hendi. Tilgangur nefndarinnar í þessu erindi er að vekja athygli á notkun íslenskra hugtaka í faginu og kynna skipulag og uppbyggingu rafræns íðorðasafns í prjóni.

Listgreinar

Málstofustóri: Rannveig Björk Þorkelsdóttir

„Það er í loftinu“: KennsluList Magnúsar Pálssonar

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, lektor, LHÍ

Í listkennslu sinni hér á landi og erlendis á árunum 1975–1985 gekk Magnús Pálsson myndlistarmaður út frá því að listnám og kennsla væru listgrein í sjálfu sér sem hann nefndi „geggjuðustu listgreinina“.

Frumleg nálgun Magnúsar í kennslu og miðlun tengdist þeim miklu umbreytingum í listsköpun sem voru í loftinu á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar og lögðu grunninn að ýmsu sem við teljum sjálfsagða hluta af myndlist og listkennslu nú á dögum. Nýlistin hélt innreið sína með nýjum ögrandi heildarhugmyndum um hvað list væri en í þeim fólust líka tilraunir til samruna hinna ýmsu listgreina eins og sviðslista, tónlistar og myndlistar. Listhugtakið þandist út í vestrænum listheimi og var það hér á landi einna helst Magnús sem nam á undan sínum samferðamönnum þessar nýju hugmyndir um listina og kveikti áhuga yngri listamanna með kennslu sinni. Í rannsókninni er skoðuð afstaða Magnúsar til listarinnar út frá þeim hugmyndum sem svifu í loftinu og hvernig þær birtast á einstakan hátt í miðlun hans og nálgun við listnám almennt. Einnig er litið á listrænar aðferðir sem hann stundaði til að örva nemendur og sjálfan sig til að þenja mörk í listsköpun og fara mögulega lengra en þeir gætu á eigin forsendum með samstarf og vináttu að leiðarljósi. Rannsóknin er unnin á forsendum listheimspeki og listasögu en lokaniðurstöðu er ekki að vænta fyrr en á haustmánuðum. Niðurstöður rannsóknarinnar munu nýtast við listkennslu, frekari rannsóknir á sögulegum forsendum hennar hér á landi og alþjóðlegu samhengi hennar.

Að láta draumana rætast; áhrif Skrekks, hæfileikakeppni í grunnskólum í Reykjavík, á líðan og sjálfsmynd unglinga

Jóna Guðrún Jónsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ og Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Á hverju ári frá árinu 1990 hefur Reykjavíkurborg boðið nemendum í grunnskólum Reykjavíkur að taka þátt í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkur, þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku, lýðræði, reynslunám og mannréttindi. Í þessu erindi gefum við innsýn í yfirstandandi rannsóknarverkefni þar sem markmiðið er að stuðla að aukinni þekkingu á listkennslu og skoða hvaða áhrif þátttaka í verkefni eins og Skrekk hefur á líðan og sjálfsmynd barna og unglinga. Jafnframt verður skoðað hvaða áhrif þátttaka nemenda á unglingastigi í Skrekk hefur á skólabrag og skólamenningu. Aðferðafræðin sem notuð er í þessari rannsókn er eigindleg (e. qualitative research) og felur í sér viðtöl við þátttakendur ásamt þátttökuathugun. Frumniðurstöður sýna að þátttaka í Skrekk hefur mikil áhrif á líðan og sjálfsmynd unglinganna sem taka þátt. Þátttakan er valdeflandi fyrir þá nemendur en hefur jafnframt líka áhrif á skólamenninguna og skólabraginn þann tíma sem undirbúningur undir Skrekk og sjálf keppnin fer fram. Það kemur skýrt fram hjá nemendum mikilvægi þess að Skrekkur er keppni sem gefur þátttökunni meira vægi og ýtir undir samheldni unglinganna í skólanum í formi stuðningsliðs.

„Að vera í takt við tímann…“ Snjalltækni í skapandi námi

Hanna Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Í framtíðinni þá má búast við að líf og starf komi í æ ríkari mæli til með að mótast af stafrænni tækni og nýjum og flóknum viðfangsefnum. Eins og kemur fram í Eurydice-skýrslunni (*Digital Education at School in Europe*) þá hefur nýting stafrænnar tækni til náms og skemmtunar vaxið hröðum skrefum en þó að stærstum hluta utan skólanna. Ef sett eru lykilmarkmið um menntun og hæfni nemenda af stjórnvöldum er nauðsynlegt að námsframboðið og námsefnið sem sé til boða geti mætt þeim kröfum og búið nemendur undir framtíðina. Námskrárbreytingar hafa einnig skapað aukið svigrúm fyrir kennara að þróa, prófa og innleiða nýja kennsluhætti sem taka mið af tækniveruleika skólanna. „Að vera í takt við tímann…“ Snjalltækni í skapandi námi er nýtt námskeið á MVS og er ætlað að styðja við skapandi námsumhverfi nemenda og auka tækni- og menningarlæsi. Námskeiðið var í fyrsta skipti kennt á vorönn 2020 og er liður í að koma til móts við þessar nýju áherslur. Hlaut verkefnið styrk úr Kennslumálasjóði 2020. Aðferðafræðin sem notuð er í þessari samantekt byggist á eigindlegum rannsóknum (e. qualitative research) og þátttökuathugun. Forkönnun sýnir að nemendur hafa fengið innsýn og þekkingu á að vinna m.a. myndræn verkefni þar sem tækni og listræn nálgun fléttast saman. Gagnvirkir miðlar og stafrænar miðlunarleiðir geta eflt og stutt við skapandi hugsun nemenda og nýst kennurum til að styðja við bæði hefðbundnar og óhefðbundnar aðferðir.

Draumasviðið: Rannsókn

Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Hanna Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er lögð áhersla á sköpunargáfu, aðlögunarhæfni og betri samskiptahæfni einstaklingsins. Þessi áhersla byggir á hugmynd um víðtækari þjálfun ungmenna til að auka sjálfstraust þeirra og gera þau hæfari í breyttum heimi. Unglingar nú á dögum upplifa sjaldan öryggi til að skapa, þróa og prófa sig áfram í ótta við að gera mistök og uppskera neikvæð viðbrögð frá jafningjahópnum. Á tímum þar sem félagslegu öryggi okkar er ekki einungis ógnað í raunheimum heldur einnig á netinu eru auknar líkur á að ungmenni þrói með sér óraunhæfar kröfur til lífs síns, hvernig þau „eiga“ að líta út, hvað er eðlilegt í samskiptum og hver vinnan er að bak sigrunum. Í þessu erindi gefum við innsýn í rannsóknarverkefni þar sem markmiðið var að stuðla að aukinni þekkingu á listkennslu í grunnskólum og skoða hvaða áhrif þátttaka í verkefni eins og Draumasviðinu hefur á sjálfsmynd barna og unglinga. Aðferðafræðin sem notuð er í þessari rannsókn er eigindleg (e. qualitative research) og felur í sér viðtöl við þátttakendur ásamt þátttökuathugun. Draumasviðið var samstarfsverkefni Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Austurbæjarskóla og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Markmiðið var að búa til öruggt rými til listsköpunar þar sem nemendur gætu lært að mistök og tilraunir væru af hinu góða og mikilvægt veganesti í lífinu. Niðurstöður sýna að nemendur lærðu að

standa með sjálfum sér og sínum ákvörðunum. Jafnframt var þátttaka í Draumasviðinu valdeflandi fyrir nemendur þar sem unglingalýðræði var nýtt í sköpunarferlinu.

Tónlist í leik- og grunnskólum

Rannsóknarstofa í tónlistarfræðum

Helga Rut Guðmundsdóttir

Tónlistariðkun á íslenskum leikskólum

Helga Rut Guðmundsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Í þessu erindi verður greint frá tveimur nýlegum bókarköflum sem brátt koma út um rannsóknir á tónlistariðkun á íslenskum leikskólum. Dregin verður upp mynd af því hvernig tónlistariðkun hefur þróast í gegnum tíðina á leikskólum landsins með því að draga saman þá þekkingu sem finna má í ritum um leikskólamál. Sérstaklega er gefinn gaumur að söngiðkun og hefðum sem hafa skapast í kringum söng og tónlist í leikskólastarfi. Farið verður yfir stöðu þekkingar á tónlistar- og söngiðkun frá upphafi leikskólastarfs en einnig verður greint frá viðtölum við konur af eldri kynslóð sem þekktu vel til daglegs tónlistarstarfs inni á leikskólum á síðustu öld. Lagt er mat á tónlistarstarf í íslenskum leikskólum og hvernig það hefur verið í samanburði við slíkt starf erlendis. Rýnt verður í hvaða þýðingu tónlist er talin hafa fyrir uppeldi ungra barna í skrifum þeirra sem fjalla um leikskólamál. Fjallað verður um þær íslensku rannsóknir sem hafa verið gerðar á söng barna á leikskólaaldri og þær skoðaðar í tengslum við nýlegar erlendar rannsóknir á tengslum söngþroska barna við málþroska og máltöku. Einnig verður rýnt í hvernig fjallað er um tónlist og söng í *Aðalnámskrá leikskóla* og hvernig breytingar á áherslum í námskrám samræmast rannsóknum á mikilvægi tónlistar í lífi barna.

Vinsælustu sönglögin í íslenskum leikskólum

Valdís Ýr Vigfúsdóttir, leikskólakennari, Leikskólinn Furugrund og Helga Rut Guðmundsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að afla upplýsinga um hvaða söngvar eru sungnir á íslenskum leikskólum nú á dögum. Byrjað var á að skoða söngbækur á heimasíðum fimm leikskóla úr Kópavogi og greint hvaða og hvers konar söngvar voru í þeim. Þá voru tíu leikskólar valdir með slembiúrtaki af lista allra leikskóla á landinu og spurningalistar sendir út á fimm leikskóla á höfuðborgarsvæðinu og fimm leikskóla úti á landsbyggðinni. Gögnum var aflað með spurningalistanum ásamt að skoða

söngbækur leikskólanna sem voru á heimasíðum þeirra. Einnig var leitað upplýsinga um hvort og hvaða hljóðfæri væru notuð í söngstundum með börnunum og hvaða söngbækur eða efni leikskólinn hefði yfir að ráða. Gögnin voru síðan greind og niðurstöður settar upp í töflu í forritinu Excel. Niðurstöðurnar gefa góða mynd af því hvaða söngvar eru sungnir á leikskólum á Íslandi í dag en alls voru 187 söngvar nefndir í flokkunum vinsælustu lögin þessa vikuna, vinsælustu lögin hjá börnunum, mest sungnu lögin, helstu árstíðalögin, helstu lög um veðrið, helstu hreyfilögin og helstu dýralögin. Sumir söngvar komu fyrir í fleiri en einum flokki eða alls 60 söngvar í heildina. Í umræðunum verða niðurstöður tengdar við fyrri rannsóknir sem tengjast sönglögum og tónlistariðkun í leikskólum.

Gagnvirkur söngvabanki fyrir leikskóla

Bjarki Guðmundsson, meistaranemi, MVS, HÍ og Helga Rut Guðmundsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Nýsköpunarsjóður námsmanna styrkti verkefni sumarið 2020 sem bar heitið: Kortlagning á orðaforða í íslenskum sönglögum sem sungin eru á leikskólum. Unnið var með 187 söngva sem nefndir voru í nýlegri rannsókn á vinsælum söngvum meðal leikskólabarna og starfsfólks leikskóla veturinn 2019–2020. Verkefnið var fólgið í að stofnsetja gagnvirkan gagnabanka aðgengilegan á neti þannig að unnt sé að leita að orðum og gera úttektir á orðaforða í íslenskum leikskólasöngvum. Að auki voru öll sönglögin 187 sett upp með texta og nótum og hægt að hlusta á laglínuna sem fylgir hverjum texta með því að smella á tákn við hlið titils hvers sönglags. Hagnýtt notagildi vefsins er mikið, bæði fyrir þá sem vilja rannsaka orðaforða og málhljóð í sönglögum sem mest eru sungin með börnum á íslenskum leikskólum en ekki síður fyrir þá sem starfa á leikskólum og vilja fletta upp algengum söngvum. Notendur geta sótt texta, nótur og gítarhljóma við öll 187 sönglögin og sett saman sína eigin söngbók. Einnig er hægt að fletta eftir efnisorðum og þemum söngva í gagnvirku leitarvélinni. Hér verður verkefninu lýst og hvaða tæknilegu lausnir voru nýttar við gerð gagnagrunnsins. Nytsemi gagnagrunnsins verður útskýrð og kynnt fyrir þeim sem gætu nýtt sér hann í starfi á leikskóla. Sýndar verða leiðir til þess að nýta gagnagrunninn til að efla fjölbreytni í efnisvali tónlistarstunda á leikskólum.

Námsmat í tónmennt í íslenskum grunnskólum

Vitor Hugo Rodrigues Eugenio, meistaranemi, MVS, HÍ og Helga Rut Guðmundsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða framkvæmd námsmats í tónmenntakennslu á Íslandi auk þess að kanna áherslur í kennslu tónmenntakennara. Lítið er vitað um fyrirkomulag námsmats í list- og verkgreinum og fátt um upplýsingar um námsmat í tónmennt eða um viðhorf tónmenntakennara

til námsmats í greininni. Í núgildandi aðalnámskrá fyrir list- og verkgreinar frá 2013 segir að tónmennt eigi að auka sköpun og samvinnu nemenda. Það er í samræmi við kenningar og fræði sem lögð eru til grundvallar þessari rannsókn sem leggur áherslu á mikilvægi þess að hlúa að sköpunargáfu, samstarfi og sjálfstæðri hugsun. Rannsóknin fólst í að senda rafrænan spurningalista til starfandi tónmenntakennara. Spurningarnar fjölluðu um aðferðir í tónmenntakennslu og hvaða aðferðum kennarar beita til þess að meta árangur nemenda. Niðurstöður bentu til þess að svarendur legðu áherslu á að sinna sem flestum þáttum tónmenntar sem taldir eru upp í aðalnámskrá. Síst leggja þeir áherslu á nótnalestur og ritun. Svarendur lögðu mikla áherslu á að nemendur ættu að njóta tónmenntar og að fá tækifæri til að skapa. Allir svarendur sögðu sína skóla gera kröfur um að námsmat væri framkvæmt í námsgreininni tónmennt en dæmi eru um að tónmenntakennarar komi sér hjá því að skila námsmati fyrir nemendur. Flestir svarendanna töldu að námsmat í tónmennt væri frekar óþarft og að mikilvægara væri að nemendur fengju að njóta sín en að lagt væri mat á árangur í námsgreininni.

Málþroski leikskólabarna

Rannsókna- og fræðslustofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna
Jóhanna Thelma Einarsdóttir

Málþroskaprófið Málfærni eldri leikskólabarna (MELB): Stöðlun og próffræðilegir eiginleikar

Þóra Másdóttir, lektor, HVS, HÍ, Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent, MVS, HÍ, Sigurgrímur Skúlason, aðjúnkt, HVS, HÍ og Brynja Björgvinsdóttir, meistaranemi, HVS, HÍ

Málþroskaprófið MELB hefur verið í smíðum undanfarin ár en því er ætlað að meta málþroska barna á aldrinum 4;0–5;11 ára. Þrjár forprófanir hafa farið fram til að tryggja háan innri áreiðanleika og marktæka fylgni á milli stakra prófþátta. Stöðlun hófst 2019 og hafa 730 börn víðs vegar af landinu verið prófuð auk þess sem spurningalisti um bakgrunn og þroska barnanna var lagður fyrir foreldra. Vorið 2020 fóru fram nokkrar athuganir á inntaks- og hugsmíðaréttmæti MELB en þær voru jafnframt meistaraverkefni fjögurra nemenda í talmeinafræði við HÍ. Inntaksréttmæti var kannað með því að velja prófatriði handahófskennt og leggja fyrir 10 talmeinafræðinga sem hafa víðtæka reynslu af talþjálfun barna. Hugsmíðaréttmæti var athugað með því að kanna bera frammistöðu barnanna á MELB saman við frammistöðu þeirra á (a) málþroskaprófinu TOLD-2P, (b) málþroskaprófinu MUB, (c) ICS-kvarðanum sem metur skiljanleika tals hjá börnum, (d) HLJÓM-2, (e) Íslenska þroskalistanum (ÍÞ), og (f) málsýnum. Helstu niðurstöður voru þær að fylgni var jákvæð og marktæk milli MELB og þeirra prófa eða prófþátta sem mældu málþroska. Sem dæmi má nefna að miðlungshá jákvæð fylgni var milli

heildarstiga á MELB og mælitölu málþáttar ÍÞ (r=0,57) en lág og ómarktæk fylgni reyndist milli sömu stiga á MELB og mælitölu hreyfiþáttar ÍÞ (r=0,07). Þessar niðurstöður benda til viðunandi samleitni- og aðgreiningarréttmætis skyldra og óskyldra hugsmíða. Í öllum tilvikum studdu rannsóknirnar við réttmæti MELB sem próftækis er metur þá hugsmíð sem því er ætlað að meta, þ.e. málþroska. Niðurstöðurnar benda jafnframt til að MELB endurspegli vel málþroska barna á áðurnefndum aldri.

Mismunum við börnum eftir búsetu?

Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent, MVS, HÍ, Þóra Másdóttir, lektor, HVS, HÍ og Sigurgrímur Skúlason, aðjúnkt, HVS, HÍ

Tjáskipti (e. communication) teljast til grundvallarmannréttinda eins og kemur fram í 19. grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1948. Þessi grein tekur ekki aðeins til réttarins að eiga samskipti við aðra og skiptast á skoðunum heldur einnig til þess að búa yfir hæfni og getu til að eiga kost á alhliða tjáskiptum. Magn og gæði samskipta við börn, bæði foreldra og starfsfólks leikskóla, skipta sköpum um hversu fær börnin verða í tungumálinu. Vitað er að menntun foreldra og félagsleg staða þeirra hefur áhrif á hversu vel börnum gengur að tileinka sér tungumálið. Málþroskaprófið MELB (Málfærni eldri leikskólabarna) er ætlað börnum á aldrinum 4–6 ára. Prófið hefur verið lagt fyrir um 730 eintyngd börn sem tala íslensku á undanförnum 4 árum í um 40 mismunandi leikskólum. Lagt hefur verið kapp á að leggja prófið fyrir börn af öllu landinu. Með þessari rannsókn verður leitast við að svara því hvort mælingar á málþroska leikskólabarna sýni mismunandi færni barnanna eftir búsetu þeirra. Bornar voru saman niðurstöður málþroskamælinga eftir landshlutum og eftir mismunandi svæðum innan höfuðborgarsvæðisins. Niðurstöður sýndu að mikill munur var á meðaltalsfærni barna til að tjá sig eftir búsetu. Niðurstöður verða ræddar með tilliti til félagslegar stöðu barna og aðgangs að menntun.

Þýðing og forprófun á FOCUS-ÍS, um mat foreldra á félagslegri málnotkun þriggja ára barna

Birta Kristín Hjálmarsdóttir, meistaranemi, HVS, HÍ, Þóra Másdóttir, lektor, HVS, HÍ og Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Flest málþroskapróf meta málskilning og máltjáningu barna en ekki hefur verið til matstæki á íslensku sem metur málnotkun ungra barna. FOCUS er matslisti sem foreldrar fylla út og er einkum hannaður til að mæla breytingar á félagslegum tjáskiptum barna frá 1;6 ára til 5;11 ára. Markmið þessarar rannsóknar var að þýða og forprófa listann auk þess að kanna innri áreiðanleika íslenskrar þýðingar á FOCUS og fylgni listans við málþroskaprófið Málfærni ungra barna (MUB). Listinn var þýddur á íslensku

og bakþýddur aftur á ensku. Íslenska útgáfan var nefnd FOCUS-ÍS. Listinn var lagður fyrir foreldra 114 barna á aldrinum 3;0–3;11. Heildarstig barnanna voru reiknuð út og 10% þeirra sem fengu hæstu og lægstu skorin voru prófuð á MUB. Gott samræmi var á milli þýðingar frumþýðenda á FOCUS-ÍS og bakþýðingar, sem var í góðu samræmi við frumtextann. Innri áreiðanleiki mældist hár (a=0,96) sem gefur til kynna að íslensk þýðing listans sé áreiðanleg. Þótt ekki hafi mælst marktæk fylgni milli FOCUS og MUB mældist marktækur munur á meðaltali málþroskatölu á MUB hjá þeim sem fengu flest og fæst heildarstig á FOCUS-ÍS. Hin lága fylgni á milli FOCUS-ÍS og MUB gæti einnig verið vísbending um að ekki sé nóg að meta eingöngu form (máltjáningu og framburð) og innihald (málskilning) í málþroska barna líkt og MUB gerir heldur sé einnig mikilvægt að meta málnotkun eins og gert er með FOCUS. Forprófun á FOCUS-ÍS gefur vísbendingu um að matstækið sé áreiðanlegt en frekari rannsóknir þarf til að kanna notagildi fyrir breiðari aldurshóp barna.

Íslenskukunnátta tvítyngdra leikskólabarna

Hjördís Hafsteinsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ og Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að meta íslenskukunnáttu tvítyngdra barna í samanburði við eintyngda jafnaldra. Þátttakendur voru annars vegar 25 tvítyngdir einstaklingar á aldrinum 5;1 til 6;1 ára og hins vegar 30 eintyngdir einstaklingar á aldrinum 5;3 til 5;11 ára. Tvítyngdu þátttakendurnir voru allir fæddir á Íslandi, gengu í íslenskan leikskóla og heima fyrir töluðu foreldrar eingöngu eitt tungumál sem var móðurmál þeirra og ekki íslenska. Staðlaða málþroskaprófið MELB var lagt fyrir og að auki voru tekin málsýni af sjálfsprottnu tali þátttakenda. Hvað varðar tvítyngdu börnin þá var einnig lagt fyrir orðaforðaprófið PPVT-4 og svöruðu foreldrar spurningalista um málumhverfi barnanna. Niðurstöður sýndu að íslenskukunnátta tvítyngdra barna var mun slakari en kunnátta eintyngdra jafnaldra. Munurinn á milli hópanna var mun meiri þegar málþroskinn var metinn með stöðluðum mælitækum en með málsýnum. Niðurstöður sýna að tvítyngd börn sýna færni í að tjá sig í sjálfsprottnu tali en jafnframt að þau vantar dýpri þekkingu á innihaldi og formgerð málsins. Út frá því má áætla að flest tvítyngd börn á leikskólaaldri þurfi á markvissri málörvun að halda. Sú málörvun þarf að snúa bæði að máltjáningu barnanna og málskilningi. Niðurstöðurnar benda til að börnin fái ekki nægilega málörvun í íslensku í leikskólanum þrátt fyrir að þau verji miklum hluta af vökutíma þar.

Tvítyngd börn – málþroski og málörvun

Rannsókna- og fræðslustofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna

Sigríður Ólafsdóttir

Efling málþroska tvítyngdra leikskólabarna

Jóhanna Runólfsdóttir, leikskólakennari, MVS, HÍ, Sigríður Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ og Jóhanna Thelma Einarsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Góð færni í íslensku skiptir sköpum fyrir velgengni barna í námi á Íslandi. Rannsóknir hafa leitt í ljós að íslensk börn á leikskólaaldri sem eiga annað móðurmál en íslensku ná litlum framförum í íslensku og að íslenskufærni þeirra er mun minni en barna sem hafa íslensku sem móðurmál. Í þessari rannsókn voru könnuð viðhorf leikskólastarfsmanna til málörvunar barna með annað móðurmál en íslensku. Beitt var megindlegum rannsóknaraðferðum og var rafrænn spurningalisti sendur til allra starfsmanna leikskóla í Sveitarfélaginu Árborg sem sinna uppeldi og menntun. Niðurstöður sýndu að yfir 90% þátttakenda töldu samskipti og málörvun með áherslu á íslenskan orðaforða mikilvæga þætti í málörvun barna sem eiga annað móðurmál en íslensku. Að auki taldi meirihluti þátttakenda að mikilvægt væri að börnin fengju málörvun í móðurmáli sínu í leikskólanum. Rúmur helmingur þátttakenda hafði lítið faglegt sjálfstraust varðandi málörvun barnanna og meira en helmingur taldi sig ekki geta stutt börnin við að efla íslenskufærni sína eins og þeir helst vildu. Tæplega helmingur þátttakenda með leikskólakennaramenntun á háskólastigi taldi sig ekki hafa fengið nægan undirbúning í leikskólakennaranáminu til að sinna málörvun í íslensku hjá þessum barnahópi. Í niðurstöðum má sjá ákveðið stefnuleysi og óöryggi meðal starfsmanna leikskólanna. Niðurstöður benda til þess að leita þurfi leiða til að starfsfólk leikskóla sé samtaka og betur upplýst um hvaða þættir skipta sköpum í málörvun barna sem eiga ekki íslensku sem móðurmál. Þá þarf starfsfólk að vera meðvitað um að málörvun í móðurmáli barnanna ætti, samkvæmt rannsóknum, ekki að vera áhersluatriði.

Kennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku: Rýnt í aðferðir og áherslur grunnskólakennara á yngsta stigi

Erla Rún Jónsdóttir, grunnskólakennari, MVS, HÍ, Sigríður Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ og Berglind Gísladóttir, lektor, MVS, HÍ

Rannsóknir sýna að nemendur með annað móðurmál en íslensku taka litlum framförum í íslensku milli ára, frá leikskóla og í gegnum allan grunnskólann. Mikill munur er því á íslenskufærni þeirra og jafnaldra sem eiga íslensku að móðurmáli og hefur bilið tilhneigingu til að aukast með ári hverju. Í fjórða bekk grunnskólans byrjar námið að þyngjast verulega og þá fyrst fer að reyna verulega á góða íslenskufærni. Mikilvægt er að beina sjónum nánar að því hvað getur valdið því að börn sem dvelja meginhluta dagsins alla virka daga vikunnar í íslensku skólakerfi ná ekki tökum á íslensku. Rannsóknin hafði það meginmarkmið að fá innsýn í áherslur, reynslu og viðhorf kennara á yngsta stigi grunnskóla

sem kenna nemendum sem eiga annað móðurmál en íslensku og hvernig þeir telja sig undirbúna til að sinna þessum nemendahóp. Rafrænn spurningalisti var sendur á starfandi umsjónarkennara og sérkennara á yngsta stigi grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Helstu niðurstöður voru að 70% þátttakenda töldu sig ná að sinna námslegum þörfum nemenda sem eiga annað móðurmál en íslensku. Helstu hindranir hinna voru tímaskortur, lítið námsefni við hæfi og að lítið væri um stuðning inni í bekk. Einungis 6,8% þátttakenda töldu námið hafa undirbúið þá frekar vel undir þessa kennslu en enginn mjög vel. Þeir þættir sem þátttakendur lögðu mesta áherslu á í kennslu þessa nemendahóps voru markviss íslenskukennsla og orðaforði. Þá sagði meirihluti þátttakenda mikilvægt að kennarar hefðu færni til að veita börnunum stuðning í móðurmáli þeirra. Það að meirihluti þátttakenda telji sig mæta námslegum þörfum nemendanna gefur ástæðu til að ætla að þeir geri sér ekki grein fyrir því að nemendurnir þurfa meiri stuðning í íslensku til að ná velgengni í námi, miðað við niðurstöður rannsókna um almennt hægar framfarir í íslensku hjá þessum nemendahópi yfir leik- og grunnskólaárin. Efla þarf þátt kennslu í íslensku sem öðru máli í kennaranámi.

How can we support multilingual preschool-aged children's acquisition of additional languages?

Kathryn Crowe, post-doctoral researcher, SHS, UI and Jóhanna Thelma Einarsdóttir, associate professor, SE, UI and Þóra Másdóttir, assistant professor, SHS, UI

The challenge of supporting multilingual children in learning the language of the wider community is faced by many education systems around the world. Approximately 12% of children enrolled in pre-primary education in Iceland are exposed to a language other than Icelandic at home. Such children often fail to acquire strong skills in Icelandic and are at risk of significant long-term negative outcomes. While the context of Iceland is unique, the challenges faced are not. This paper presents the results of a detailed, high-quality systematic review which addressed the question: Which strategies described in high quality intervention studies have demonstrated positive outcomes for the speech, language, and/or literacy outcomes of multilingual preschool-aged children with speech and/or language disorders and/or who are at risk of poor speech, language, literacy, and/or educational outcomes? In this presentation we outline what constitutes a 'high quality intervention study' in this field, and the importance of evidence-based practices in the education of multilingual children. An overview of the strategies/interventions investigated in the relevant 52 studies that were identified will be presented, with a more detailed discussion of the strategies/interventions and outcomes in the 14 studies that were categorized as being of high-quality.

Íslenskur og enskur framburður unglinga með íslensku sem fyrsta og annað mál

Elín Þöll Þórðardóttir, prófessor, HVS, HÍ og Guðlaugur Hávarðarson, ReykjavíkurAkademían

Flestar rannsóknir á tengslum ílags og tileinkunar annars máls beinast að orðaforða, málfræði og lestri, en ekki að framburði, en framburður er almennt talinn tengjast aldri sterkar en aðrir þættir málsins. Rannsóknin kannaði framburð 58 unglinga með íslensku sem fyrsta (ÍSFT) og annað mál (ÍSAT), á íslensku og ensku. Tólf matsmenn með ÍSFT (18–35 ára) hlustuðu á upplestur þátttakendanna á íslenskum og enskum texta og mátu á skala 1 til 9: 1) hvort lesandinn hefði íslensku sem móðurmál (og ef ekki, hvaðan hann væri), 2) hversu skiljanlegur og 3) hversu öruggur lesturinn væri. Hver þátttakandi var metinn þrisvar, en engir tveir matsmenn mátu sama hóp lesenda eða í sömu röð. Marktækur munur var á hópunum á framburði á íslensku (ANOVA: $F(2,55)=11.210$, $p<.001$, $\eta^2=.30$) en ekki á ensku (p=.226), en báðir hópar voru taldir hafa mun meiri erlendan hreim á ensku en íslensku. Minni en þó marktækur munur var á skiljanleika og öryggi á íslensku. Matsmenn gátu sér almennt ekki rétt til um uppruna þátttakendanna. Fyrir ÍSAT-nema voru sterk tengsl milli lengdar búsetu og íslensks framburðar, en athyglisvert var að mikil skörun var milli hópa – nokkrir nemar með ÍSFT voru taldir vera erlendir af öllum matsmönnum. Framburður helst ekki endilega í hendur við getu í orðaforða og málfræði (orðaforði og samræðuhæfni þátttakendanna á íslensku og ensku voru birt annars staðar), en getur haft mikil áhrif á tækifæri ÍSAT-nema til að nota íslensku þar sem viðmælendur áætla færni í málinu eftir framburði.

Leiðir til að draga úr lestrarerfiðleikum, efla lesfimi og lesskilning

Rannsókna- og fræðslustofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna
Steinunn Torfadóttir

Markvisst samvinnunám í læsi: Áhrif og reynsla kennara hérlendis

Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS, HÍ, Rósa Lilja Thorarensen, meistaranemi, MVS, HÍ og Sara Fawcett, meistaranemi, MVS, HÍ

Aðferðir PALS (e. peer-assisted learning strategies) við samvinnunám byggja á víðtækum rannsóknum og hafa reynst vel erlendis til að efla læsi fjölbreytts nemendahóps frá leikskóla upp á unglingastig. Í þessu erindi verður birt yfirlit um þær rannsóknir sem hafa verið gerðar hér á landi á reynslu kennara af íslenskum útgáfum aðferðanna og áhrifum þeirra á lestrarfærni nemenda. Meðal annars verður fjallað um niðurstöður hálfstaðlaðra viðtala við ellefu grunnskólakennara um reynslu þeirra af notkun Krakka-PALS (e. Kindergarten-PALS) við lestrarkennslu í 1. bekk og fjórtán kennara um reynslu þeirra

af notkun PALS við lestrarkennslu í 2. til 6. bekk. Viðmælendum fannst almennt K-PALS vera gagnleg viðbót við lestrarumhverfi barna í 1. bekk. Öllum fannst aðferðirnar efla lestrarfærni nemenda og ýta undir samvinnu þeirra. Stór meirihluti viðmælenda taldi K-PALS hafa jákvæð áhrif á nemendur með íslensku sem annað tungumál og námserfiðleika þar sem þær veita kerfisbundna þjálfun hljóða og efla umskráningarfærni og sjónrænan orðaforða nemenda. Nokkrir töldu K-PALS gera þeim kleift að finna nemendur í áhættu fyrir lestrarvanda. Flestir sögðu nemendum þykja skemmtilegt í K-PALS-kennslustundum en nokkrir nefndu að nemendur yrðu sumir þreyttir á endurtekningum í síðustu kennslustundunum. Í svörum kennara með reynslu af PALS í 2. til 6. bekk kom fram ánægja með skipulag aðferðanna og virkni nemenda. Þeim fannst PALS veita mikla þjálfun í lestri og lesskilningi samhliða að bæta samvinnu og félagsleg tengsl nemenda. Viðmælendur töldu samstarf við aðra kennara, þar á meðal sérkennara, veita mikilvægan stuðning og þá sérstaklega við innleiðingu PALS-aðferðanna. Að lokum verður fjallað um yfirstandandi rannsóknir og fyrstu niðurstöður þeirra.

Þjálfun kennaranema í Beinni kennslu og fimiþjálfun: 25 tilviksrannsóknir

Guðrún Björg Ragnarsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Fjallað verður um inngrip 25 meistaranema við Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands í lestrarkennslu, með áherslu á raunprófaðar aðferðir; Beina kennslu og fimiþjálfun. Markmið tilviksrannsóknarinnar var að skoða hvaða árangri meistaranemar næðu í lestrarkennslu grunnskólanemenda með breyttum áherslum undir leiðsögn kennara MVS. Meistaranemarnir kenndu 18 drengjum og sjö stúlkum (frá 6 til 13 ára) með og án lestrarerfiðleika í alls 15 kennslustundir yfir 5 vikna tímabil. Alls voru 18 nemendur með lestrarerfiðleika en einnig tóku þátt nemendur með ADHD, málþroskahömlun, tvítyngdir nemendur og einhverfir nemendur. Í kennslunni var lögð áhersla á að bæta lestrarhraða nemenda með Beinni kennslu og fimiþjálfun. Lestrarhraði nemenda jókst að meðaltali um 14 orð á mínútu á kennslutímabilinu. Meirihluti, eða 23 af 25 nemendum, náði settu markmiði í bætingu lestrarhraða sem myndi gera þeim kleift að ná opinberum viðmiðum Menntamálastofnunar um lestrarfærni með tímanum. Nánast enginn munur reyndist á lestrarhraða barna með og án lestrarerfiðleika að lokinni rannsókn. Niðurstöður benda til að þjálfun meistaranema við MVS í raunprófuðum aðferðum við lestrarkennslu geti gert þeim kleift að beita aðferðunum með grunnskólanemendum og þannig bætt lestrarfærni þeirra.

Aðlögun og líðan barna: Áhrifaþættir og úrræði

Margrét Sigmarsdóttir

Rannsóknarstofa um þroska, læsi og líðan

Foreldrafærni sem úrræði vegna hegðunarerfiðleika barna: Áhersla á þátt feðra

Margrét Sigmarsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Örnólfur Thorlacius, verkefnisstjóri, FVS, HÍ, David S. DeGarmo, University of Oregon og Marion S. Forgatch, Implementation Science International Inc., Oregon Social Learning Center

Úrræði sem efla foreldrafærni byggja á víðtækum rannsóknargrunni og skila góðum árangri í meðhöndlun á hegðunarerfiðleikum barna. Erlendar niðurstöður sýna að foreldrafærni feðra hefur tvöföld áhrif á við mæður. Í erindinu verða kynntar niðurstöður íslenskrar slembivalsrannsóknar (RCT) þar sem bornir voru saman tveir hópar; annars vegar hópur sem fékk sannprófaða meðferð með áherslu á að efla foreldrafærni (e. Parent Management Training – Oregon aðferð) og hins vegar hópur sem fékk þá þjónustu sem börnum með hegðunarerfiðleika er veitt hérlendis (e. Service as usual/SAU). Þátttakendur voru fjölskyldur 102 barna með hegðunarerfiðleika frá fimm sveitarfélögum vítt og breitt um Ísland á aldrinum fimm til tólf ára. Lagt var mat á aðlögunarvanda barns, foreldrafærni og líðan foreldra og gögnum safnað með spurningalistum, í viðtölum og með beinu áhorfi. Niðurstöður fyrir og eftir meðferð höfðu sýnt minni hegðunarvanda barna í tilraunahópnum miðað við samanburðarhópinn og breytingar í foreldrafærni mæðra í tilraunahópnum sem sýndu aukin einkenni þunglyndis. Í mælingu til eftirfylgni héldust niðurstöður að ákveðnu leyti varðandi aðlögun barnsins. Jafnframt komu fram nýjar niðurstöður varðandi foreldrafærni en samkvæmt stigskiptu línulegu vaxtarlíkani (e. hierarchical linear growth models/HLM) þá kom fram marktæk aukning á foreldrafærni feðra (β14 = .11, p < .01) og stór áhrifsstærð (r2 = .38, d = 1.5). Út frá niðurstöðum má draga þá ályktun að sannprófuð foreldrafærni (hér PMTO) skili meðferðarárangri til lengri tíma hérlendis og aukin foreldrafærni feðra í tilraunahópnum miðað við samanburðarhópinn gefur vísbendingar um að þátttaka feðra í foreldrafærniúrræðum ætti að vera áhersluatriði.

Reynsla fagfólks innan skólakerfisins af PMTO-grunnmenntun: „... maður grípur í það sem að gengur upp“

Katrín Ösp Magnúsdóttir, grunnskólakennari, Grunnskóli Vesturbyggðar – Patreksskóli, Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Kynnt verður rannsókn á reynslu fagfólks af PMTO-grunnmenntun (Parent Management Training – Oregon model) í einu sveitarfélagi. Þátttakendur voru níu kvenkyns fagaðilar úr þremur leikskólum og þremur grunnskólum, sem ýmist voru í stjórnendastöðu eða unnu beint með börnum. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl og stuðst við grundaða kenningu og kóðun í gagnagreiningunni. Niðurstöður voru

flokkaðar í fimm efnisflokka: Bein notkun aðferðanna, Ráðgjöf og handleiðsla, Viðhald þekkingar og stuðningur og Ólík notkun aðferðanna í leik- og grunnskólum. Niðurstöður sýndu almenna ánægju meðal viðmælenda með PMTO-grunnmenntunina og að þeir töldu hana gagnlega í starfi, bæði í tengslum við börnin og í ráðgjöf til foreldra og samstarfsfólks. Sumir nefndu að þeir vildu þjálfa sig betur í að nota aðferðirnar. Í frásögnum viðmælenda kom fram að hrós og jákvæð styrking væru mikið notuð, bæði í leik- og grunnskólum. Flestum fannst einvera nýtast síst til að stuðla að bættri hegðun og munur kom fram á beitingu hennar í leik- og grunnskólum. Samhljómur var um að eftirfylgni varðandi PMTO-grunnmenntunina væri ákjósanleg til að rifja upp og skerpa á aðferðunum. Einnig töluðu viðmælendur um kosti þess að fleiri en einn á sama vinnustaðnum hefðu lokið PMTO-grunnmenntuninni til að styðja við samstarf við innleiðingu aðferðanna og við að miðla þekkingunni til annarra starfsmanna. Niðurstöður veita vísbendingar um jákvæða reynslu fagfólks skóla af PMTO-grunnmenntun sem vonandi skilar sér í bættri hegðun og líðan barna.

DAM – Leikni til lífs (DBT STEPS-A), heildstætt námsefni í geðrækt: Hvað segja frumrannsóknir um áhrif á líðan ungmenna?

Guðrún Jóna Þrastardóttir, starfsmaður í sérkennsluteymi í Leikskólanum Naustatjörn, Karen Geirsdóttir, atferlisþjálfi, Klettaskóli og Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Heildstæð kennsla í félags- og tilfinningafærni (e. social-emotional learning) og geðrækt (e. mental health promotion) fyrir börn og ungmenni hefur í síauknum mæli verið til umræðu innan skólasamfélagsins. DAM – Leikni til lífs (DBT STEPS-A) er heildstætt námsefni í geðrækt ætlað nemendum á aldrinum 10–19 ára. Markmið þess er að stuðla að bættri geðheilsu ungmenna með því að kenna þeim gagnlega félags- og tilfinningafærni. Í þessu erindi munum við segja frá niðurstöðum kerfisbundinnar samantektar (e. systematic review) á rannsóknum á árangri af kennslu þessa námsefnis. Í heild fundust fimm rannsóknir, frá Íslandi, Írlandi og Wales, þar sem árangur af kennslu námsefnisins var metinn. Efnið og kennsla þess var löguð að aðstæðum hverju sinni í öllum rannsóknunum. Með fyrirvara um ýmsar takmarkanir þessara rannsókna benda niðurstöður til þess að námsefnið geti haft jákvæð áhrif á geðheilsu ungmenna, sérstaklega tilfinningastjórn. Farið er yfir takmarkanir rannsóknanna, tillögur að úrbótum og næstu skref í rannsóknum á þessu efni.

Hvernig má efla starfsfólk leikskóla í vinnu með börnum sem sýna truflandi hegðun?

Árdís Flóra Leifsdóttir, stuðningsfulltrúi, Díana Lind Sigurjónsdóttir, sérkennari, Erla Jóhannsdóttir, skólastjórnandi, Jóna Kristín Jónsdóttir, leikskólakennari og Margrét Sigmarsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Í erindinu verður greint frá inngripi fyrir 4 ára dreng í leikskóla út frá virknimati, bakgrunnsáhrifavöldum og skráningum. Inngripið fólst í einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun og hvatningarkerfi með það að markmiði að draga úr tíðni truflandi hegðunar og auka æskilega hegðun. Drengurinn er almennt kátur, blíður, duglegur, vinnusamur og hefur ánægju af útiveru. Hann er forgreindur með einhverfu, ADHD og greindarskerðingu en það sem háir honum helst er takmarkaður skilningur, samskiptaörðugleikar, hvatvísi, ofvirkni og eirðarleysi. Fyrir inngrip fóru fram mælingar í samverustund, í 15 mínútur í hvert skipti. Þar var mæld truflandi hegðun, s.s. að fara úr sætinu og trufla, sem og æskileg hegðun, eins og að taka þátt. Niðurstöður skráninga sýndu að truflandi hegðunin var tíðari en sú æskilega. Inngripið fólst í að draga úr kröfum á drenginn í samverustund, nota myndrænt skipulag, hvatningarkerfi, félagsfærnisögu og samskiptabók sem fór á milli heimilis og skóla. Allt starfsfólk deildarinnar var virkjað en deildarstjórinn var ábyrgðaraðili þess að inngripinu væri fylgt eftir. Vegna ástandsins í samfélaginu á tímum COVID-19 var hvorki hægt að framkvæma inngripið né seinni mælingar með hefðbundnum hætti. Niðurstöður voru settar fram út frá fyrirliggjandi rannsóknum um virknimat og stuðningsáætlanir og miðað við það voru þær eftirfarandi: Drengurinn varð öruggari og jákvæðari gagnvart samverustundinni og gat notið sín ásamt að mynda jákvæð tengsl við samnemendur og starfsfólk; drengurinn sýndi jafnframt meiri þátttöku án þess að truflandi hegðun væri til staðar og fylgdi betur fyrirmælum starfsfólksins.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og námsframboð Háskóla Íslands

Auður Pálsdóttir

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í kennsluskrá Háskóla Íslands

Auður Pálsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Lára Jóhannsdóttir, prófessor, VoN, HÍ, Atli Rafnsson, grunnskólakennari, Bjarni Bachmann, grunnskólakennari, Guðjón Már Sveinsson, framhaldsskólakennari, Hafdís Ósk Jónsdóttir, grunnskólakennari og Hildur Hallkelsdóttir, grunnskólakennari

Markmið rannsóknarverkefnis var að fá yfirlit um hvar í námskeiðum fræðasviða Háskóla Íslands (HÍ) virðist unnið með sjónarmið sjálfbærrar þróunar í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna (SÞ) samkvæmt kennsluskrá HÍ háskólaárið 2019–2020. Námskeið allra fræðasviða HÍ voru greind þar sem rýnt var bæði í námskeiðslýsingu og hæfniviðmið hvers námskeiðs. Niðurstöður gefa vísbendingar um að hvaða heimsmarkmiðunum virðist vera unnið markvisst innan háskólans en einnig hver þeirra þyrftu að fá meiri athygli. Fjögur fræðasvið voru með skýra tengingu við heimsmarkmið nr. 4 (menntun fyrir alla), þrjú fræðasvið með nokkuð skýra tengingu við nr. 10 (aukinn jöfnuður) og tvö við nr. 3 (heilsa

og vellíðan). Áhersla á önnur heimsmarkmið var ólík eftir fræðasviðum en teikn innan háskólans má einnig greina um heimsmarkmið nr. 8 (góð atvinna og hagvöxtur), nr. 9 (nýsköpun og uppbygging), nr. 11 (sjálfbærar borgir og samfélög), nr. 12 (ábyrg neysla og framleiðsla) og nr. 16 (friður og réttlæti). Áhersla á önnur heimsmarkmið virtist lítil eða engin samkvæmt námskeiðslýsingum HÍ. Niðurstöður verða ræddar með hliðsjón af stefnu Háskóla Íslands HÍ 21 og stefnu SÞ. Rætt verður hvort og að hvaða marki þyki gagnlegt að kortleggja námsframboð Háskóla Íslands eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, séð frá sjónarhóli nemenda sem velja sér námsleiðir og kennara sem skipuleggja inntak og aðferðir hvers námskeiðs.

Lykilhæfni heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í námskeiðum fræðasviða Háskóla Íslands

Bjarni Bachmann, grunnskólakennari, Grunnskólanum í Borgarnesi. Leiðbeinandi: Auður Pálsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að greina að hvaða marki virðist unnið að lykilhæfni heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í námskeiðum fræðasviða Háskóla Íslands (HÍ) samkvæmt kennsluskrá HÍ veturinn 2019–2020. Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem kallast Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og námsframboð Háskóla Íslands. Gögnum um hvert fræðasvið var safnað af þátttakendum rannsóknarverkefnisins. Mótaður var greiningarlykill sem felur í sér átta gerðir af lykilhæfni, skilgreindar af SÞ árið 2015 þegar heimsmarkmiðin voru sett fram. Lykilhæfnin er talin forsenda allrar vinnu með heimsmarkmiðin. Þetta er hæfnin 1) að hugsa kerfislægt, 2) sjá fyrir það sem óorðið er, 3) að bera saman við hið viðtekna (norm), 4) að skipuleggja, 5) til samstarfs, 6) til gagnrýninnar hugsunar, 7) að þekkja sjálfan sig (sjálfsvitund), og 8) hæfnin til samþættingar. Niðurstöður greiningar leiddu í ljós flestar skráningar á lykilhæfni af gerð 3 (hæfni til að bera saman við hið viðtekna) sem felur í sér getu til að skilja og ígrunda venjur og gildi sem liggja að baki athöfnum fólks, en líka að ræða gildi, meginatriði og markmið sjálfbærrar þróunar. Niðurstöður verða ræddar með hliðsjón af stefnu Háskóla Íslands og stefnu SÞ og varpað fram þeirri spurningu hvort og þá hvernig mætti taka mið af þessum átta gerðum lykilhæfni SÞ við gerð námskeiðslýsinga og hæfniviðmiða námskeiða Háskóla Íslands.

Námsmat á fræðasviðum Háskóla Íslands

Hildur Hallkelsdóttir, grunnskólakennari, Grunnskólinn í Borgarnesi og Auður Pálsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að greina hvers konar upplýsingar um námsmat megi greina í námskeiðslýsingum á öllum fimm fræðasviðum Háskóla Íslands (HÍ) í kennsluskrá fyrir veturinn 2019–2020. Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem kallast Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og námsframboð Háskóla Íslands. Mótaður var greiningarlykill, m.a. með hliðsjón af þeim upplýsingum sem ætlast er til að komi fram í kennsluskrá HÍ. Greiningarlykillinn byggir á sjö þáttum sem eru: Lokapróf, vægi lokaprófs, önnur próf, vægi verkefna, verkleg vinna, virkni og aðkoma nemenda að námsmatinu. Gögnum um hvert fræðasvið var safnað af þátttakendum rannsóknarverkefnisins. Niðurstöður benda til að víða í kennsluskrá HÍ megi bæta upplýsingar um námsmat verulega. Þá benda niðurstöður til þess að lokapróf séu stór þáttur í námsmati háskólans og að aðkoma nemenda að námsmati sé takmörkuð. Niðurstöður verða ræddar með hliðsjón af stefnu Háskóla Íslands og stefnu Sameinuðu þjóðanna sérstaklega. Þá verður rætt hvort og hversu ítarlega ætti að birta lesendum kennsluskrár upplýsingar um námsmat, gerð þess og vægi annars vegar, og hins vegar hvaða áhrif það hefði á möguleg áhrif nemenda á námsmatið, bæði form þess og inntak.

Hnattræn vitund í námskeiðum fræðasviða Háskóla Íslands

Hafdís Ósk Jónsdóttir, framhaldsskólakennari, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði. Leiðbeinandi: Auður Pálsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að greina vísbendingar um hnattræna vitund í námskeiðslýsingum fræðasviða Háskóla Íslands (HÍ) samkvæmt kennsluskrá veturinn 2019–2020. Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem kallast Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og námsframboð Háskóla Íslands. Samkvæmt áherslum Sameinuðu þjóðanna (SÞ) um sjálfbæra þróun og lögum um HÍ þarf í starfi háskóla að líta til hagsmuna komandi kynslóða. Því ættu háskólanemar að fá tækifæri til að vinna með viðfangsefni sjálfbærrar þróunar í anda sjálfbærnimenntunar og beina sjónum m.a. að illviðráðanlegum vandamálum samtímans. Mörg þessara vandamála birtast í heimsmarkmiðum SÞ sem færa má rök fyrir að hvíli á hugmyndafræði um hnattræna vitund. Til að greina vísbendingar um hnattræna vitund var mótaður þríþættur greiningarlykill: 1) skilgreiningar á aðstæðum á ólíkum svæðum, 2) aðgerðir til lausna, og 3) viðhorf og vinnubrögð sem auka hæfni til að takast á við lýðræðislegt starf. Gögnum um hvert fræðasvið var safnað af þátttakendum rannsóknarverkefnisins. Niðurstöður benda til að teikn um hnattræna vitund í námskeiðslýsingum HÍ séu ekki algeng, en af þeim sem fundust er langflest að finna á Menntavísindasviði. Af undirþáttunum fundust flest teikn um þáttinn skilgreiningar á aðstæðum á/eftir svæðum heimsins, sem felur í sér rýni í menningu sem tilheyrir hverju landsvæði fyrir sig, þátttöku í samfélagi nær og fjær, sameign jarðarbúa og því sem tengir lönd saman, ásamt því hvernig íslenskt samfélag speglast í alþjóðlegu samhengi. Niðurstöður

eru ræddar með hliðsjón af stefnu HÍ og stefnu SÞ og spurt hvort og með hvaða hætti háskólinn geti stuðlað að hnattrænni vitund í námsframboði sínu.

Viðfangsefni sjálfbærrar þróunar og sjálfbærnimenntunar í námskeiðum fræðasviða HÍ

Guðjón Már Sveinsson, grunnskólakennari, Kársnesskóli. Leiðbeinandi: Auður Pálsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvers konar sýn mætti greina varðandi þrjá þætti í námskeiðslýsingum á fræðasviðum Háskóla Íslands veturinn 2019–2020. Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem kallast Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og námsframboð Háskóla Íslands. Mótaður var greiningarlykill til að leita að teiknum um 1) Illviðráðanleg vandamál, sem eru snúin og um þau gilda engar reglur eða tilbúnar lausnir; 2) Veika sýn á sjálfbærni, sem felur í sér að náttúran veitir (mönnum) auðlindir og þjónustu. Sterk sýn á sjálfbærni felst í að allar breytingar á umhverfinu verði að vera innan þolmarka hennar og að ekki sé hægt að endurgera þjónustu náttúrunnar með athöfnum mannanna; 3) Sjálfbærnimenntun af gerðinni ESD 1 (e. Education for Sustainable Development) sem þykir oft byggja á staðreyndum, venjum og hugsunarhætti nútímans, og ESD 2 sem þykir stuðla að gagnrýninni hugsun nemenda og rýni í álitamál. Niðurstöður benda til að á Heilbrigðisvísindasviði séu flest teikn um illviðráðanleg vandamál að finna. Fá teikn um veika eða sterka sýn á sjálfbærni fundust en þar sem þau fundust virðist áherslan yfirleitt á veika sýn á sjálfbærni. Vísbendingar um sjálfbærnimenntun af gerð ESD 1 og ESD 2 eru ekki margar, en flestar voru á Menntavísindasviði, og af þeim langflestar af gerðinni ESD 2. Þær vísbendingar sem fundust á öðrum fræðasviðum voru flestar af gerðinni ESD 1. Niðurstöður verða ræddar með hliðsjón af stefnu HÍ og spurt hvort og þá með hvaða hætti háskólinn geti stuðlað að vinnu með þessa þrjá þætti í námsframboði skólans.

Viska í nútíma menntun

Menntun og hugmyndasaga

Gunnar E. Finnbogason

Hefur viskan dagað uppi? Um visku, heimsmyndir og menntun

Jón Ásgeir Kalmansson, aðjúnkt, MVS, HÍ

Orðið viska virðist bera með sér framandi andrúmsloft, líkt og það tilheyri liðnum tíma og heimi. Margir eru því feimnir við að nota orðið nú til dags og kjósa fremur að tala um upplýsingar, þekkingu, skilning, dómgreind, innsæi, og svo framvegis – orð sem virðast auðskildari og falla betur að rökvísi nútíma

þjóðfélags. Í fyrirlestrinum ræði ég um merkingu viskuhugtaksins og þá heimsmynd sem það er sprottið úr. Einkum staldra ég við tengingu viskunnar við hið guðlega og við þá afstöðu að veruleikinn hafi þýðingu og dýpt sem mannleg skynsemi getur ekki botnað til fulls. Ég spyr hvort tími slíkrar afstöðu til veruleikans sé liðinn og hvort viskan hafi þar með dagað uppi eins og tröllin og önnur forneskja. Ég ræði hugmyndir nokkurra nútíma heimspekinga sem enn taka viskuna og heimsmyndina sem henni tilheyrir alvarlega. Loks ræði ég um tengsl visku og menntunar í skólakerfi nútímans.

Hvað er viska? Er hún mikilvæg nú á dögum?

Gunnar E. Finnbogason, prófessor, MVS, HÍ

Viskuhugtakið er gamalt og ekki mikið notað nú á dögum. Frekar er talað um innsæi eða hyggindi. Aldrei áður hefur einstaklingurinn haft meiri möguleika á að móta líf sitt og þess vegna er viska mikilvæg. Kröfur um aðlögunarhæfni, sveigjanleika og hæfni til skjótra breytinga eru hátt skrifaðir eiginleikar, bæði í atvinnulífinu og almennt í samfélaginu. Til að geta mætt þessum kröfum er mikilvægt að hafa innsæi og visku til að bregðast við óvæntum og ólíkum aðstæðum í lífinu. Viskuhugtakið inniheldur þætti af mannlegu innsæi og næman skilning á mikilvægi þess að læra af öðrum, láta sig varða, hlusta á aðra og getu til að skoða hlutina frá mörgum hliðum. Auk þess að hafa þekkingu hefur vitur manneskja hæfni til að geta lesið milli raðanna og aðgang að dulinni þekkingu (s. tyst kunskap) þ.e.a.s. innsæi sem erfitt er að læra af námsbókum. Í fyrirlestrinum verður fjallað um viskuhugtakið og reynt að tengja það við nám, meðal annars í skóla. Einnig verður reynt að svara því hvers vegna viska er mikilvæg í samfélaginu nú á dögum. Niðurstaðan er sú að viska er flókið samspil reynslu, lífssýnar og siðferðisstyrks einstaklings sem hægt er að læra og þjálfa.

Er hægt að kenna stjórnvisku og gott viðskiptasiðferði? Um samspil miðlunar, visku og fyrirtækjamenningar

Ásgeir Brynjar Torfason, sjálfstæður rannsakandi

Þekkingu verður ekki að fullu miðlað bóklega eða í gegnum vefmiðla. Kennsla er flóknari og henni verður í vissum tilvikum að miðla án orða en með því að deila reynslu eða upplifun (e. tacit knowledge). Algeng dæmi um þetta er oft að finna í verklegu námi, eins og að hnoða deig, en stundum vill mikilvægi visku og miðlunar reynslu án beinna orða gleymast í námi sem ekki telst verklegt. Í þessari rannsókn á stjórnvisku er meðal annars borin saman reynsla af að kenna viðskiptasiðfræði og samfélagsábyrgð fyrirtækja út frá nútímalegum og fjölbreyttum kennsluháttum við hefðbundna og vefbundna miðlun námskeiða í viðskiptasiðfræði samkvæmt viðmiði viðskiptaháskóla frá því um aldamót. Þá jókst áhersla

á kennslu viðskiptasiðfræði án nægjanlegs árangurs á næstu tveimur áratugum. Nýverið hefur orðið áherslubreyting utan kennslustofunnar meðal annars hjá hringborði forkólfa stórfyrirtækja á vegum hins bandaríska viðskiptaráðs og árlegu alþjóðlegu efnahagsráðstefnunni í Davos þar sem kallað er eftir minni áherslu á hámörkun hagnaðar og meiri áherslu á raunverulega virðissköpun og nýjan sáttmála fyrirtækja. Viska í viðskiptalífinu er lykilhugtak í þessu sambandi og það hvernig henni verður miðlað þannig að þekkingin flytjist úr raundæmum í raunverulegar aðstæður viðskiptafræðinema eftir útskrift. Það kallar á könnun viðhorfa og hegðunar í viðskiptalífinu með áherslu á samfélagslega og umhverfislega ábyrgð auk góðra stjórnarhátta og siðlegrar breytni í viðskiptum. Niðurstöðurnar tengjast samspilinu milli kennslu og veruleikans utan kennslustofunnar, það er hvernig megi álykta að lærdómur úr siðfræði með miðlun upplýsinga og reynslu geti aukið áherslu á visku og ósagða þekkingu.

Lýðræði, sjálfbærni og siðferðileg gildi

Rannsóknarstofan Lífshættir barna og ungmenna
Ragný Þóra Guðjohnsen

Manngerð, lýðræði og sjálfbærni. Andstæður og sameiginlegir þræðir

Ólafur Páll Jónsson, prófessor, MVS, HÍ og Karen Elizabeth Jordan, doktorsnemi, MVS, HÍ

Aðsteðjandi umhverfis- og samfélagsvandi kallar á viðbrögð sem ekki geta verið einskorðuð við afmörkuð sjónarhorn, einstakar fræðigreinar eða tiltekna tegund þekkingar, heldur verður að bregðast við á þverfræðilegan hátt. Þetta á ekki síst við um menntun sem hefur sjálfbærni og velferð að leiðarljósi. Þótt sjálfbærnimenntun, manngerðarmenntun og menntun til lýðræðislegrar borgaravitundar tengist með margvíslegum hætti, þá hafa þessi þrjú svið þróast að verulegu leyti óháð hvert öðru. Í erindinu munum við kafa í faglegar og sögulegar ástæður fyrir þessari aðgreiningu, skoða ástæður þess að ýmsir fræðimenn og kennarar líta á þau sem andstæð, svo sem: Einstaklingsmiðun / félagsleg sýn / áhersla á náttúru og umhverfi, eða gildishlaðin og tæknileg nálgun / fjölhyggja og lýðræði. Við munum síðan skoða nánar hvað sviðin þrjú eiga sameiginlegt og hvernig þau geta í raun stutt hvert annað, bæði frá fræðilegum sjónarhóli – t.d. í gegnum hugtakið um farsæld (evdæmónía) – og frá sjónarhóli kennslu – t.d. út frá hugtakinu um umhverfismiðað nám og út frá áherslum á hæglæti í námi (e. slow learning).

Lýðræðislegir starfshættir og mannréttindafræðsla í grunnskólum á Íslandi

Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor, MVS, HÍ og Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor emeritus, MVS, HÍ

Í íslensku samfélagi hefur orðið vitundarvakning um mikilvægi þess að hlúa strax í æsku að lýðræðis- og mannréttindavitund barna og ungmenna og að þau öðlist skilning og reynslu af því að vera virkir borgarar í lýðræðissamfélagi. Í skóla- og tómstundastarfi skapast kjörin tækifæri til að vinna með þessa grunnþætti og finna má markmið þar að lútandi í aðalnámskrá á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi og jafnframt í stefnumótun í æskulýðsmálum. Réttindaskólaverkefni UNICEF hefur enn frekar stutt við þessa þróun hér á landi en hugmyndafræði verkefnisins byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og innleiðingu hans í skóla- og frístundastarfi. Rannsóknin sem kynnt verður er hluti alþjóðlegs rannsóknarverkefnis sem ber nafnið Self, Virtue and Public Life. Í íslensku rannsókninni verða skoðaðir snertifletir menntunar sem tengjast mennsku, sjálfbærni og borgaravitund (e. Sustainability-, civic- and character education in a pluralistic democracy: Examining existing tensions and opportunities for integration). Í erindinu kynnum við niðurstöður úr fyrsta áfanga rannsóknarinnar en þar var lagður spurningalisti fyrir skólastjórnendur í öllum grunnskólum á Íslandi. Spurt var um að hve miklu leyti skólar styðjast við lýðræðislega starfshætti, vinna með mannréttindi, siðferðisgildi og dygðir og gefa nemendum tækifæri til virkrar þátttöku. Þessi hluti rannsóknarinnar var framkvæmdur í samvinnu við umboðsmann barna fyrir Barnaþing 2019. Við greiningu gagnanna verður notuð lýsandi tölfræði en jafnframt var stuðst við greiningarlíkan Lauru Lundy um þátttöku barna. Í erindinu verða kynntar niðurstöður um stöðu lýðræðislegra starfshátta í skólum á Íslandi og möguleika nemenda til virkrar þátttöku. Einnig verður rætt um mannréttindakennslu, vettvang hennar í skólastarfi og helstu kennsluaðferðir.

Réttindasmiðja: Hagnýtt og aðgengilegt kennsluefni fyrir réttindafræðslu barna

Hanna Borg Jónsdóttir, kennari og lögfræðingur, Flataskóli og Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor, MVS, HÍ

Rannsóknir hér á landi og erlendis gefa til kynna mikilvægi þess að tryggja markvissa réttindafræðslu barna og hún hafi þýðingu fyrir velferð þeirra og borgaravitund. Ísland varð aðili að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 1992 og sáttmálinn var síðar lögleiddur árið 2013. Íslenska ríkið skuldbatt sig þar með til þess að fræða börn hér á landi um réttindi sín. Þetta endurspeglast í menntastefnu þjóðarinnar og þá hafa til dæmis umboðsmaður barna, Barnaheill og UNICEF unnið að innleiðingu sáttmálans og útbúið ýmiss konar fræðsluefni. Þrátt fyrir þetta hafa kennarar rætt um skort á hagnýtum efnivið og leiðum sem nota megi við heildstæða og markvissa réttindakennslu í skólastarfi. Í rannsókn þessari var unnið að gerð námsefnis fyrir grunnskóla, sem nýta má í vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markmið námsefnisins, sem fékk heitið Réttindasmiðja, er að útbúa hagnýtt og aðgengilegt efni til þess að nýta í réttindafræðslu barna. Sérstaklega var hugað að því að svara markmiðum aðalnámskrár

en Réttindasmiðjan býður upp á kjöraðstæður til þess að takast á við verkefni sem snúa með beinum hætti að grunnþáttunum sex um lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, læsi, heilbrigði og velferð og sköpun. Útbúnar voru kennsluáætlanir fyrir 15 kennslustundir sem hver og ein er um 80 mínútur að lengd. Námsefnið inniheldur ítarlega fræðslu sem snýr að hugtökunum mannréttindi, jafnrétti, fordómar, sjálfbærni og að setja sig í spor annarra. Í erindinu verður námsefnið kynnt nánar og sagt frá þróun þess og innleiðingu í réttindaskólastarfi í Flataskóla.

Hógværð, agi og hyggindi: Vitsmunalegar dygðir og þekkingarleit

Róbert Jack

Vitsmunaleg hógværð og heiðarlegt skólastarf

Atli Harðarson, dósent, MVS, HÍ

Í erindinu er í fyrsta lagi rökstutt að hógværð af vissri gerð sé vitsmunaleg dygð því hún hjálpi fólki að afla þekkingar og skilnings og forðast blekkingar og misskilning. Þessi gerð hógværðar, sem einnig má nefna lítillæti eða auðmýkt, felst í réttri forgangsröð langana. Þótt fólk sem hefur hana til að bera geti langað til að skara fram úr tekur það samt, þegar við á, þekkingu og skilning fram yfir eigin vegsemd og hagsmuni. Í öðru lagi er rökstutt að skilningur á hógværð sem vitsmunalegri dygð varpi ljósi á togstreitu milli áherslu á nemendamiðuð námsmarkmið og kröfu um að skóli sé heiðarlegur við nemendur sína. Önnur af tveimur ástæðum þessarar togstreitu er að skóli getur ekki verið heiðarlegur án þess að segja nemendum satt um rök sín fyrir vali á verkefnum og námsefni. Hin ástæðan er að ef nemendur gangast inn á að skólaganga sé til þess eins að auka þeirra eigin hæfni þá eru þeir síður hvattir til að skipa löngun eftir þekkingu og skilningi á réttan stað í forgangsröð sinni. Tilgangur rannsóknarinnar er að öðlast dýpri skilning á gildum og verðmætum sem skipta máli fyrir nám og kennslu. Aðferðin er heimspekileg greining á hugtökum. Meginniðurstaðan er að skilningur á hógværð og heiðarleika hjálpi okkur að hugsa um innihald skólanámskrár og um markmið skólastarfs.

Að kenna hyggindi með platonskri samræðu

Róbert Jack, aðjúnkt, MVS, HÍ

Í aristótelískri mannkostamenntun (e. character education), sem er vaxandi nálgun í skólastarfi, er lögð áhersla á að með aukinni menntun þroski einstaklingurinn með sér vitsmunalegu dygðina hyggindi (frónesis). Vandamál mannkostamenntunar hvað þetta varðar er þó það að þrátt fyrir að Aristóteles lýsi ýmsum einkennum hygginda segir hann lítið sem ekkert um hvernig þroska eigi hyggindin.

Eitt af því sem lagt hefur verið til svo hanna megi menntun í hyggindum er að nýta samræðuaðferðirnar sem birtast í samræðum Platons. Ég hef áður haldið því fram að flest það sem Aristóteles segir að einkenni framferði hyggins einstaklings eigi einnig við um það sem gerist í platonskri samræðu. Þannig tel ég mig hafa lagt grunn að því að nýta platonska samræðuaðferð til að þroska hyggindi í aristótelískum skilningi. Í þessu erindi mun ég ganga út frá þeim einkennum sem Aristóteles segir að hygginn einstaklingur hafi enda lýsir Aristóteles þannig markmiði menntunar í hyggindum. Ég mun svo fjalla um hvernig nýta má ýmis einkenni platonskrar samræðu með hagnýtum hætti til að búa til kennsluaðferð sem stuðlar að auknum þroska hygginda í nútímamannkostamenntun. Tilgangur erindisins er því að varpa ljósi á hvernig nýta má samræðuaðferðir Platons til að búa til kennsluaðferð til að kenna hyggindi. Heimspekileg greining er aðferðin sem beitt er. Niðurstöður eru meðal annars að leita megi til Platons til að búa til kennsluaðferð fyrir hyggindi.

Tungumálakennsla á netinu: Saga, þróun og framtíð

RÍM – Rannsóknastofa í máltileinkun

Branislav Bédi

Gildi tækni í kennslu, námi og rannsóknum

Kolbrún Friðriksdóttir, aðjúnkt, HUG, HÍ

Notkun tækni í námi og kennslu felur í sér margvíslega möguleika til menntunar og rannsókna á nemendum, námsefni og áhrifamætti þess. Fjallað verður um nýja rannsókn á notendum og innihaldi Icelandic Online-námsefnisins (IOL) sem hafði það að meginmarkmiði að varpa ljósi á námshegðun nemenda og greina þætti sem hafa áhrif á námsframvindu. Byggt er á blandaðri rannsóknaraðferð þar sem viðfangsefnið er skoðað í ljósi megindlegra og eigindlegra gagna. Með greiningu gagna úr vöktunarkerfi IOL, sem felur í sér rafrænar mælingar á virkni nemenda, er framvindan í heild skoðuð og þá rýnt sérstaklega í brottfallsmynstur þeirra sem ljúka ekki námskeiðum til enda í mismunandi námsumgjörðum (blönduðu námi, fjarnámi, opnu sjálfstýrðu námi). Með spurningakönnun var síðan kallað eftir viðhorfum nemenda til kennslufræðilegra þátta efnisins og stuðnings kennara og áhrif þessara þátta á framvindu rannsökuð; þeirri aðferð var einnig beitt til að afla eigindlegra gagna um ástæður þess að nemendur luku námskeiði eða hættu fyrr. Niðurstöðurnar benda til þess að kennslufræðilegir þættir IOL feli í sér mikilvægan hvata til náms og að sumir þáttanna hafi marktæk áhrif á virkni og framvindu. Auk þess sýna þær fram á mikilvægi stuðnings kennara í netnámi, þá sérstaklega í fjarnámi. Niðurstöðurnar varpa einnig ljósi á margbreytilegan hóp nemenda í slíku námi og ólík markmið þeirra og að ýmsir einstaklingsbundnir og ytri þættir geti skýrt brottfall nemenda. Í

heild er sýnt fram á gildi þess að rannsaka samspil námsefnis og notenda og nauðsyn þess að taka tillit til fjölmargra þátta í umræðum um virkni og framvindu í námi.

Blandað nám í ritun á ensku: Framsetning kennsluefnis og raddir nemenda

Ásrún Jóhannsdóttir, aðjúnkt, HUG, HÍ

Stafrænni fjarkennslu er víða gert hátt undir höfði nú á dögum þar sem möguleikar til fjölbreytni eru óendanlegir. Það þýðir að nám einskorðast ekki lengur við kennslu í hópum í skólastofum þar sem er takmarkaður tími til miðlunar og umræður milli kennara og nemenda oft litlar. Þó hafa rannsóknir sýnt að þetta er ekki eins einfalt og það hljómar og spurningar vakna um hvernig og hvort nemendur ráða almennt við það sjálfstæði og aga sem sýna þarf í fjarnámi. Við enskudeild Háskóla Íslands hefur námsefni og umgjörð ritunarnámskeiðs verið í þróun síðastliðin 7 ár þar sem lagt var upp með að kenna í fjarkennslu eingöngu vegna mikils fjölda nemenda. Í ljós kom að nemendur sem almennt voru skráðir í staðnám áttu erfitt með að tileinka sér fjarnámsaðferðir og í kennslukönnunum töluðu þeir um að persónulegt aðgengi að kennara vantaði. Einnig þarf að hafa í huga að nemendahópur getur verið mjög fjölbreyttur og með fjölbreyttan málbakgrunn sem oft hindrar skilning á vinnulagi. Því var kennslu breytt í blandað nám, þ.e. efnisinnihald í stafrænu formi en vinnulag (æfingatímar) fært í stofu með umsjón kennara. Í þessu erindi verður þróun kennslunnar kynnt og hvaða aðferðir hafa hugnast nemendum best ásamt að sýna dæmi um hvernig verkferlinu (kennslunni) verður fram haldið.

Kennsla nútímaíslensku sem annars máls, forníslensku og íslensks táknmáls (ÍTM) sem annars máls í LÖRU

Branislav Bédi, verkefnisstjóri, Árnastofnun, HÍ, Birgitta Björg Guðmarsdóttir, HUG, HÍ, Bjartur Örn Jónsson, VoN, HÍ og Sigurður Vigfússon, HUG, HÍ

Tólið LARA (e. Learning and Reading Assistant) gerir kennurum kleift að búa til ýmiss konar textaefni, ásamt hljóð- og myndaskrám, til að aðstoða tungumálanemendur við lestur texta á netinu. Nemendur sem læra íslensku sem annað mál, forníslensku eða íslenskt táknmál sem annað mál geta notað tólið LARA til þess að læra tungumálin í gegnum lestur. Rafræn útgáfa texta í LÖRU býður upp á gagnvirkan lestur texta á þessum þremur tungumálum. Með því að nota tólið LARA geta nemendur fengið upplýsingar um framburð einstakra orða, hlustað á upptöku orða og setninga, skoðað myndbönd orða og setninga í ÍTM, skoðað þýðingu orða á ensku eða nútímaíslensku, lesið frekari skýringar um orðatiltæki eða kenningar í forníslensku, eða um tákn í ÍTM, og ekki síst fengið beygingarupplýsingar

(frá Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls, BÍN) um orð í textanum. Erindið fjallar um þróun námsgagna í LÖRU og notkun þeirra í tungumálakennslu við Háskóla Íslands.

Danska: Námsefni og jaðarsettur nemendahópur

Íslandsdeild SPRoK

Þórhildur Oddsdóttir

EKKO – samsetning og tíðni orðaforða

Þórhildur Oddsdóttir, aðjúnkt, HUG, HÍ og Brynhildur Ragnarsdóttir, þátttakandi í rannsóknarteymi SPRoK

SPRoK er þriggja ára Nordplus samvinnu- og rannsóknarverkefni, þar sem sjónum er meðal annars beint að orðaforða í námsgögnum í dönsku sem fyrsta, öðru og erlendu máli í vesturnorrænum grunnskólum, sænsku í finnskumælandi skólum og dönsku í annars máls umhverfi í Danmörku.
Almennt er farið að gefa meiri gaum að tíðni orða í tungumáli. Svíar, Norðmenn og Danir hafa undanfarin ár haft samvinnu um að þróa rafræna orðabanka til þess að auðvelda rannsóknir. Við tíðnirannsóknir er orðaforðanum skipt upp í 1000 orða knippi. Námsefni í dönsku er samið á Íslandi fyrir íslenska nemendur. Hver er orðaforðinn í námsefninu? Hversu stór hluti orðaforðans tilheyrir 2000 algengustu orðum málsins? Rannsóknir hafa sýnt að vald á 2000 algengustu orðum í tungumáli gerir nemendum kleift að skilja og gera sig skiljanlega í daglegu lífi. Í erindinu verður orðaforði í námsefninu EKKO tekinn til skoðunar. EKKO er námsefni í dönsku sem notað er í efstu bekkjum grunnskóla. Efnið er þemaskipt. Í rannsókninni er sjónum beint að því hve þemabundinn orðaforðinn er, hversu víðtækur hann er og skoðað hversu vel hann hentar til að nemendur geti tileinkað sér orðaforða sem gagnast þeim til þátttöku í samræðum um málefni daglegs lífs annars vegar og áhugamál sín hins vegar. Hversu hentugur er orðaforðinn sem stiklur og uppistaða í orðaneti til að orðaforðinn þróist frá hinu almenna til hins sértæka?

EKKO – menning og heimsmynd

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, þátttakandi í rannsóknarteymi SPRoK, Þórhildur Oddsdóttir, aðjúnkt, HUG, HÍ

SPRoK er þriggja ára Nordplus samvinnu- og rannsóknarverkefni, þar sem sjónum er meðal annars beint að orðaforða í námsgögnum í dönsku sem fyrsta, öðru og erlendu máli í vesturnorrænum grunnskólum, sænsku í finnskumælandi skólum og dönsku í annars máls umhverfi í Danmörku.

Svo virðist sem námsgögn ákvarði inntak og viðfangsefni þess sem fram fer í dönskutímum og stýri skipulagi og markmiðssetningu kennslunnar. Námsgögn í tungumálum hafa að meginmarkmiði að nemendur taki framförum í munnlegri og skriflegri málnotkun, en námsefnið endurspeglar meðvitað eða ómeðvitað sýn höfunda á samfélag, menningu og sjálfsmynd málnotenda í síkvikum heimi.
Í erindinu verður efnisval, textagerðir (d. genrer), menning og heimsmynd í námsefninu EKKO til umfjöllunar. EKKO er námsefni í dönsku sem notað er í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi. Sjónum verður beint að vali á textagerðum; inntaki texta (daglegt líf, samfélag og saga); menningarlæsi og margbreytileika í viðhorfum og lífssögum (d. interkultural) og hvernig umheimurinn birtist í umræddum námsgögnum. Byggt verður á ákvæðum í *Aðalnámskrá grunnskóla* fyrir erlend tungumál, greiningarlíkani Karen Risager og kennslusýn Sidney-skólans í útfærslu þeirra Johansson og Sandell Ring.

Möguleikar íslenskra nemenda til að þróa áfram færni sína í dönsku í íslenska skólakerfinu
Hrefna Marín Sigurðardóttir, framhaldsskólakennari/stundakennari, Menntaskólinn í Reykjavík

Í erindinu verður gerð grein fyrir rannsókn sem beinist að nemendum sem búið hafa í Danmörku eða í dönsku málumhverfi og eru nú búsettir á Íslandi. Í rannsókn þessari var lögð sérstök áhersla á að kanna möguleika þeirra og tækifæri til að þróa dönskukunnáttu sína í íslensku skóla- og málumhverfi þar sem danska er kennd sem skyldufag. Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð, þar sem tekin voru viðtöl við fimm nemendur með þessar forsendur og fjóra dönskukennara, haustið 2019. Markmið rannsóknarinnar var að komast að því hvað er í húfi þegar þessir nemendur flytja aftur til Íslands og eiga að læra dönsku í íslensku móðurmálsumhverfi. Niðurstöður benda til þess að þessir nemendur upplifi vandkvæði þegar þeir setjast á íslenskan skólabekk og læra dönsku sem „erlent mál“, en færni þeirra og kunnátta í dönsku er oft í líkingu við móðurmálsþekkingu. Þá er margt sem bendir til þess að íslenska skólakerfið nái ekki að mæta þörfum þessa nemendahóps svo reynslan gagnist þeim til frambúðar og áframhaldandi náms í Danmörku. Í erindinu verður lögð áhersla á námsframboð þessa nemendahóps í dönsku hérlendis. Þetta verður rætt með tilliti til hæfni þeirra og áframhaldandi „dannelse“ í dönsku. Í umræðu verður skoðað hvort og hvernig unnt er að mæta þessum nemendahópi sem er, hefur verið og mun ávallt vera til staðar.

Skólinn – starfsþróun

Stefnumótun um starfsþróun framhaldsskólakennara – „kennarar geta sízt allra, menntað sig til starfs í eitt skipti fyrir öll“
Anna María Gunnarsdóttir, framhaldsskólakennari og varaformaður Kennarasambands Íslands

Framhaldsskólinn á sér margs konar rætur og því hefur reynst erfitt að móta heildstæða stefnu fyrir hann. Að sama skapi hafa framhaldsskólakennarar ólíkan bakgrunn og fagmennska þeirra hefur löngum einkum tengst ákveðnum kennslugreinum. Markmið þessa erindis er að varpa ljósi á áhrif opinberrar stefnumótunar á starfsþróun framhaldsskólakennara. Tímabilið sem fjallað er um hefst með lögverndun á starfsheiti kennara árið 1986 og nær til nýrrar lagasetningar um menntun kennara sumarið 2019. Rannsóknaraðferðin er orðræðugreining á fyrirliggjandi gögnum frá stjórnvöldum og kennarasamtökum um stefnumótun í málum sem varða starfsþróun framhaldsskólakennara. Rannsóknargögn eru 51 skjal af fernum toga. Fyrsta flokknum tilheyra lög, lagafrumvörp og þingsályktanir. Í öðrum flokknum eru reglugerðir og aðalnámskrár sem tengjast framhaldsskólastiginu. Þriðji flokkurinn geymir stefnumótunarskjöl úr Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í fjórða flokknum eru kjarasamningar og skjöl frá samtökum kennara sem varða stefnumótun um starfsþróun framhaldsskólakennara. Sjónum er beint að hugmyndum yfirvalda um starfsþróun á hverjum tíma og hvaða samband er á milli starfsþróunar kennara og opinberrar stefnu um skólaþróun. Niðurstöðurnar gefa til kynna að margt hefur áhrif á opinbera stefnu um starfsþróun kennara. Samráð hefur skort milli þeirra sem setja stefnuna og þeirra sem fjármagna skólana. Stefnumótun um starfsþróun framhaldsskólakennara hefur af þessum sökum verið ómarkviss. Framhaldsskóli nútímans hefur fjölþættar þarfir fyrir skipulega starfsþróun kennara. Styðja þarf við lærdómssamfélag framhaldsskólans og starfsumhverfi þar sem starfsfólk lærir hvert með öðru og hvert af öðru.

Leiðsagnarnám og námskraftur nemenda

Hjördís Þorgeirsdóttir, framhaldsskólakennari, Menntaskólinn við Sund

Kynnt verður starfendarannsókn félagsfræðikennara í framhaldsskóla þar sem markmiðið er að efla mig faglega í starfi með því að innleiða námsmenningu um leiðsagnarnám og námskraft nemenda. Byggt er á aðferðafræði Jean McNiff um starfendarannsóknir. Rannsóknaraðferðir mínar eru kannanir á meðal nemenda, samræður við nemendur, verkefni nemenda og rannsóknardagbók mín. Hugtakarammi starfsemiskenningar Yrjö Engestöm er hafður til hliðsjónar og mikilvægi þess að beina athygli að togstreitu í starfinu. Kenning Dylan Wiliam um lykilþætti leiðsagnarmats er höfð að leiðarljósi við innleiðingu matsins og kenning Guy Claxton um námskraft við innleiðingu námsmenningar um námskraft nemenda. Helstu niðurstöður eru að ég er byrjuð að innleiða leiðsagnarnám í mína kennslu með fjölbreyttum verkefnum, setja markmið með öllum verkefnum og prófum, gátlistum fyrir mat á stærri verkefnum, munnlegri endurgjöf, einstaklingsmiðuðu námsmati og hópviðtölum við nemendur. Námsmenning um námskraft nemenda byggist á að hafa samtímis í huga innihald náms samkvæmt áfangalýsingu, meðnám og námsumhverfi. Aðferðir mínar eru m.a.

kynning á hugmyndafræðinni um námskraft, veggspjöld um námskraftinn, hópavinna byggð á námsvinum og dagbókum námsvina. Ég hef upplifað ýmsa kosti við leiðsagnarnámið, t.d. aukna virkni nemenda, betri hópanda og jákvæð viðbrögð nemenda við breytingunum. Ég hef þó einnig upplifað togstreitu í starfinu, sérstaklega við að veita munnlega endurgjöf, hversu tímafrek samning og yfirferð skriflegra verkefna er og erfiðleika við jafningjamat nemenda. Þegar ég tengdi saman viðmið í áfangalýsingu og markmið með verkefnum komst ég að þeirri niðurstöðu að þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið nægja ekki því það vantar viðmið tengd námsferlinu sjálfu. Úr varð að ég bætti við flokknum námsviðmið.

Aftur í kennslu? Starfsþróun í sumarformi

Margrét S. Björnsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ og Kristín Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Grunnskólakennarinn 2020 er eitt fjölmargra sumarnámskeiða sem ákveðið var að bjóða fram á vegum Háskóla Íslands. Með því skapaðist kærkomið tækifæri fyrir námskeið sem einungis er ætlað grunnskólakennurum sem eru að snúa aftur í kennslu á komandi hausti. Samhliða var ákveðið að kanna hvers konar stuðningur hentar þeim og meta jafnframt hvernig þeim líkar það námskeiðsform sem lagt var upp með. Rafrænn spurningalisti var lagður fyrir þátttakendur námskeiðsins að lokinni fyrstu lotu þess sem var snemma í júní. Annar spurningalisti var lagður fyrir við námskeiðslok í byrjun september. Spurt var um gagnsemi helstu efnisþátta, um kennsluskipulagið og verkefnin sem lögð voru fyrir. Í fáeinum opnum spurningum var leitað eftir væntingum þátttakenda og hvað þeim þætti brýnast að fjalla um. Í erindinu verður greint frá helstu niðurstöðum en þá liggja fyrir svör úr fyrri og seinni spurningakönnun. Fyrstu niðurstöður gefa þó vísbendingar um að þátttakendum líki vel að hafa mætt tvo heila daga í upphafi. Jafnframt virðast efnisþættirnir hæfniviðmið, leiðsagnarmat og notkun upplýsingatækni hafa höfðað vel til þessa hóps. Þátttakendur lýstu líka verulegum áhuga á efnisþáttum seinni lotunnar í ágúst og komu með góðar ábendingar sem nýtast til að þróa námskeiðið á meðan það stendur yfir. Að hefja störf sem kennari í grunnskóla eftir nokkurt hlé er mikil áskorun og þátttakendur töldu að námskeiðið gæti orðið þeim stuðningur í því.

Hreyfanleiki nýnema á höfuðborgarsvæðinu á tímum markaðsinnritunar í framhaldsskóla

Þorlákur Axel Jónsson, aðjúnkt, HA

Innritun í framhaldsskóla er viðvarandi umfjöllunarefni. Á höfuðborgarsvæðinu giltu á tíunda áratugnum ákvæði um forgang nemenda af skilgreindum upptökusvæðum inn í tiltekna framhaldsskóla. Eftir aldamótin voru þau ákvæði afnumin og frjáls markaðsinnritun tók við þar sem

einkunnir á samræmdum prófum grunnskólans voru yfirlýst viðmið innritunar. Viðleitni stjórnsýslu menntamála nokkrum árum síðar til þess að innleiða á ný slíka svæðaskiptingu bar ekki tilætlaðan árangur. Gerð var tölfræðileg athugun á muninum á þeirri innritun í framhaldsskóla haustið 2006 sem raunin var á og kjörmynd hinnar aflögðu svæðaskiptingar (N=2127). Tilgangurinn var að greina krafta sem voru að verki í innritunarferlinu. Notuð voru gögn um skiptingu Reykjavíkur í þrjú innritunarsvæði, skiptingu höfuðborgarsvæðisins í sveitarfélög, einkunnir nýnema á samræmdum prófum, viðhorf þeirra, þjóðfélagsstöðu og kyn, ásamt gögnum um innritun í einstaka framhaldsskóla. Fram kom að sá helmingur nemenda sem samkvæmt nánari skilgreiningu má segja að „færði sig“ milli innritunarsvæða hafði sterkari stöðu en hinn; hærri þjóðfélagsstöðu, hærri einkunnir og jákvæðara viðhorf til skóla. Frekar var um að ræða stúlkur en pilta. Ekki munaði miklu á hópunum í heild en fyrir einstaka framhaldsskóla munaði miklu í þessum samanburði. Markaðsinnritun virðist nýtast stúlkum sem ekki hafa tiltakanlega háa þjóðfélagsstöðu en ná góðum námsárangri í grunnskóla. Markaðsinnritun styrkti stöðu þeirra framhaldsskóla sem höfðu sterka stöðu fyrir. Rætt verður um þýðingu stefnu yfirvalda menntamála fyrir félagslega aðgreiningu í innritunarferlinu.

Sjálfsþekking nemenda og kennara

Rannsóknarstofa í listkennslufræðum
Kristín Valsdóttir

Þögul þekking og ígrundun í kennaramenntun

Kristín Valsdóttir, deildarforseti, LHÍ

Í doktorsverkefni mínu rannsakaði ég lærdómsferli listamanna í kennaranámi. Tilgangur rannsóknarinnar var að varpa ljósi á þær áskoranir sem mæta nemendum er koma inn á nýjan vettvang með það að markmiði að koma betur til móts við þarfir þeirra, byggt á þeirra fyrri reynslu og menntun. Rannsóknaraðferðin sem beitt var er grunduð kenning. Gagna var aflað frá 22 fyrsta árs nemendum við listkennsludeild sem skiluðu inn dagbókum og lífssöguviðtöl voru tekin 15 starfandi listamenn og listkennara. Hluti af meginniðurstöðum er að sú vegferð að tileinka sér nýja sjálfsmynd sem listkennari krefst tíma. Tíminn er þó aðeins einn þáttur í mótuninni, því það að líta til fyrri reynslu og menntunar nemenda í skipulagi, leggur grunninn að því að listamenn tileinki sér nýjan vettvang og nýja sjálfsmynd sem listkennarar. Við greiningu gagnanna voru niðurstöður m.a. flokkaðar út frá þrem þrepum sem þekkt eru úr félagsfræðinni. Hið fyrsta vísar til lífssagna nemenda, reynslu og þróunar sjálfsmyndar þeirra (micro). Annað til þátttöku þeirra í námsmenningu í listkennslunáminu (meso) og þriðja tengist stærra samhengi, s.s. vettvangi lista- og menntamála (macro). Saman mynduðu þessir flokkar nokkuð

heildræna mynd af því ferli listamanna – að verða listkennari. Í þessu erindi verður sjónum beint að einstaklingnum (micro) og niðurstöðum rannsóknarinnar um hvernig hann þroskar með sér nýja sjálfsmynd sem listkennari. Fjallað verður um gildi þögullar þekkingar (e. tacit knowledge) og að finna leiðir að sjálfsþekkingu. Þar er sérstaklega unnið með tvær meginhugmyndir; ígrundun-í-aðgerð (e. reflection-in-action) og ígrundun-á-aðgerð (e. reflection-on-action) og tengingu þeirra við lærdómsferli kennaraefna.

Líkamleg gagnrýnin hugsun

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, lektor, LHÍ og Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor, HUG, HÍ

Rannsóknarverkefnið Líkamleg gagnrýnin hugsun (ect.hi.is) samanstendur af alþjóðlegum hóp fræðimanna sem kannar líkamlegar forsendur gagnrýninnar hugsunar. Í okkar rannsóknum innan þessa verkefnis höfum við lagt áherslu á að víkka út mannskilning hinnar gagnrýnu hugsandi veru í ljósi nýrrar þekkingar vitsmunafræða á samspili vitsmuna, tilfinninga og aðstæðna. Það skapar forsendur til að þróa nýjar aðferðir þjálfunar gagnrýninnar hugsunar sem vinna gagngert með dýpri lög merkingar („felt meaning“ og mismunandi stig skynjunar (sjón, heyrn, snertingu og umhverfi)) hjá nemendum sjálfum. Í erindi okkar munum við kynna aðferðir eins og „Thinking at the Edge“, djúpa hlustun, samkennd, „focusing“, örfyrirbærafræði (e. microphenomenology) og hljómun (e. “resonance”) til að gefa innsýn inn í þessar nýju áherslur í þjálfun gagnrýninnar hugsunar.

Mannkostamenntun, listir og ljóð

Ingimar Ó. Waage, lektor, LHÍ og Kristian Guttesen, doktorsnemi

Með samspili aðferða mannkostamenntunar, sem er verkleg dygðasiðfræði í skólastofunni, og listrænnar sköpunar, verður enn fremur kynnt hvernig megi styðja nemendur í að hugsa sjálfir, dæma ekki of fljótt, kanna eigin forsendur hugsunar og standa með sjálfum sér og öðrum. Mannkostamenntun er reist á samtímakenningum um aristótelíska dygðasiðfræði þar sem vitsmunaleg ígrundun, geðshræringar og virkur vilji skipta höfuðmáli en sýnt hefur verið fram á mikilvægi lista og sköpunar við að efla meðvitund um dygðir, lesti og þau innri átök sem einstaklingurinn getur átt í. Listirnar snerta mikilvæg svið í hugmyndum Aristótelesar um fullkomna dygð, einkum vegna tengsla listanna við geðshræringar enda eru þær nátengdar vitsmunum okkar, sjálfsvitund og tilfinningalífi. Allar þessar aðferðir miða að því að virkja í senn skapandi og gagnrýna hugsun, að hjálpa nemendum að skilja betur sjálfa sig og aðra og gera sig skiljanlega. Sagt verður frá niðurstöðum úr tveimur íhlutunarrannsóknum á vettvangi íslenskukennslu og sjónlistakennslu.

Rannsóknarsniðið er blönduð aðferð og er byggt á skyldum rannsóknum sem gerðar hafa verið við Háskólann í Birmingham. Íhlutanirnar stóðu í sex og átta vikur í tveimur íslenskum grunnskólum. Gagnagreining á textum og myndverkum byggðist á þemagreiningu og myndgreiningu. Niðurstöður gefa sterkar vísbendingar um að listræn og skapandi nálgun á siðferðilegum álitamálum gefi nemendum tækifæri til að hugsa dýpra og lengra um slík álitaefni. Þessar aðferðir virðast hjálpa nemendum að skilja sjálfa sig og aðra betur, auk þess öðlast kennarar mun betri innsýn í skilning og sjónarhorn nemenda en það styður ótvírætt við nemendamiðað nám og skóla margbreytileikans.

Skapandi grunnskóli – námsefni unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands

Rannsóknarstofa í listkennslufræðum
Gunndís Ýr Finnbogadóttir

Skapandi dans – handbók fyrir kennara

Ingunn Elísabet Hreinsdóttir, nemi, LHÍ

Tilgangur þessa meistaraverkefnis er að stuðla að fjölbreyttri danskennslu í grunnskólum og markmið þess að búa til verkfæri, í formi handbókar, sem kennarar geta nýtt. Handbókinni er ætlað að gefa kennurum hugmyndir að skapandi starfi í gegnum dans þannig að þeir geti búið nemendum aðstæður til þess að kynnast fjölbreytileika dansins og skapandi hliðum hans. Í handbókinni er unnið út frá skapandi dansi en það er dansform þar sem áhersla er lögð á hreyfingu sem tjáningu. Nemandinn er í aðalhlutverki og notar færni sína og reynslu til þess að skapa. Grunnstoðir handbókarinnar eru hugmyndir tveggja fræðimanna í dansi; Rudolf Laban og Anne Green Gilbert. Meginviðfangsefni þeirra er líkaminn ásamt mikilvægi hreyfingar og hvernig hún mótar skilning okkar á umheiminum. Kennslufræði bókarinnar byggir á kenningum Howard Gardner og Lev Vygotsky. Þeir lögðu báðir áherslu á einstaklingsmiðað nám með því að nýta ólíkar kennsluaðferðir til að styðja við nemendur. Í handbókinni er einnig fjallað um hvernig nemandinn lærir í gegnum líkamann með sómatískri nálgun. Höfundur kenndi handbókina í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, ásamt því að fá tvo danskennara sem starfa í grunnskóla til að prufukeyra efnið. Aðferðir starfendarannsókna, viðtöl og dagbókarfærslur, voru notaðar til að móta og þróa handbókina. Niðurstöður sýndu að handbókin vekur danskennara til umhugsunar um skapandi vinnu og nýtist þeim sem gagnabanki til þess að styðjast við í kennslu í skapandi dansi, ásamt því að gefa kennaranum færi á að leiðbeina og hvetja nemendur til eigin sköpunar. Hún gegnir því hlutverki sínu sem verkfæri kennarans í skapandi dansi.

Óravíddir: Ferðalag um undraheima stærðfræðinnar: Rúmfræðinámsefni fyrir alla aldurshópa

Jóhanna Ásgeirsdóttir, nemi, LHÍ

Óravíddir er námsefni sem samið var sem lokaverkefni til MA- gráðu í listkennslu við Listaháskóla Íslands. Námsefnið felur í sér málverk sem er einnig parísarhopp, smáforrit og verklegar æfingar. Heitið Óravíddir vísar til þess að það fjallar um undraheima stærðfræðinnar, nánar til tekið stærðfræðilegar víddir. Verkefnin fela í sér skoðun á hringjum, marghyrningum og margflötungum sem grundvöll fyrir að kynna hugmyndina um æðri víddir. Áhersla er lögð á samtal og samvinnu í gegnum leiki með áþreifanleg verkfæri. Í ritgerðinni eru nokkur grunnatriði rúmfræðinnar stuttlega kynnt ásamt sögu fagsins. Síðan er greint frá kennslufræðilegum bakgrunni verkefnisins í kenningum Jean Piaget, Lev Vygoskty og Jerome Bruner. Einnig er fjallað um skrif hjónanna Dina og Pierre van Hiele, og líkan þeirra sem lýsir rúmfræðikennslu. Kenningar þessara fræðinga, sem allir störfuðu um miðja tuttugustu öld, eru síðan tengdar við birtingarmyndir þeirra í nútímakennslu. Tengingar eru meðal annars gerðar við aðalnámskrá, kennslubók í kennaranámi og daglegt líf eins stærðfræðikennara yngsta stigs á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnin voru prófuð með nemendum á þremur mismunandi aldursstigum (yngsta-, mið- og unglingastigi) með nemendum Kópavogsskóla og í Háskóla unga fólksins. Möguleikar eru til þess að þróa námsefnið áfram þannig að kennarar, nemendur og almenningur geti gengið að efninu og farið að leika sér í undraheimi stærðfræðinnar.

Essið: Ræktun jákvæðrar sjálfsmyndar á umrótatímum – áhrif dagbókarskrifa á unglingsstelpur í hópastarfi í félagsmiðstöð og þróun námsefnis því tengdu

Kristín Dóra Ólafsdóttir, nemi, LHÍ

Verkefnið mitt, Essið, vann ég í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöð í Reykjavík. Helstu markmið voru að vinna að uppbyggingu sjálfstrausts hjá stelpum í 10. bekk. Hópurinn var starfræktur á vorönn 2019 og 2020 undir minni stjórn og með aðstoð Brynju Helgadóttur, tómstunda- og félagsmálafræðings. Þær aðferðir sem ég notaði í hópastarfinu byggja á persónulegri reynslu minni af breyttu sjálfsmati með hugarfarsbreytingu, dagbókarskrifum og skapandi vinnu. Ég studdist við rannsóknir sálfræðinga á gagnsemi skrifa í sálfræðimeðferðum unglinga. Þessar aðferðir vildi ég prófa með hóp sem er á miklum krossgötum í lífi sínu, á leið úr grunnskóla í menntaskóla. Félagsmiðstöðvar og það starf sem fer fram innan þeirra er hluti af heildstæðu námi barna og unglinga. Í hópastarfinu Essinu prófaði ég verkefni sem ég samdi með það að markmiði að deila útkomunni í kennsluleiðbeiningum fyrir aðra sem vilja leiða svipað starf. Þær leiðbeiningar heita einnig Essið. Framgang hópastarfsins 2019 og

persónulegan ávinning stelpnanna mældi ég með þremur spurningalistum yfir tímabilið sem ég greindi jafnóðum. Þar kom í ljós að allar sem voru virkar í hópnum og unnu verkefnin með okkur fundu fyrir jákvæðum áhrifum við að skrifa í dagbók og mæta á fundina í hópastarfinu. Í hópnum sem við vorum með 2020 gátum við byggt á fyrri reynslu og notað kennsluleiðbeiningarnar sem ég bjó til árið áður.

Starfendarannsóknir sem leið í starfsþróun og mótun starfskenningar

RannSTARF (Rannsóknastofa um starfendarannsóknir)
Hafdís Guðjónsdóttir

Þróun starfskenninga í gegnum starfendarannsóknir

Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Í erindinu mun ég fjalla um starfendarannsóknir í meistaraverkefnum. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá yfirlit um starfendarannsóknir meistaranema. Markmiðið var að greina hvernig starfendarannsóknir styðja kennara og kennaranema við að þróa starfskenningu sína. Starfstengd sjálfsrýni (e. self-study of educational practices) var notuð til að skoða hvernig meistaranemar hafa nýtt sér starfendarannsóknir til að efla sig í starfi og vinna starfskenningu sína. Rýnihópaviðtöl voru tekin við meistaranema og meistararitgerðir voru skoðaðar. Frá árinu 2012 hafa 35 meistaranemar á öllum skólastigum gert starfendarannsóknir með leiðsögn hjá mér. Rannsóknarniðurstöður sýna að verkefnin hafa verið fjölbreytt en allir nemendur hafa lagt áherslu á að þróa starf sitt, ýmist með fókus á afmörkuð verkefni, almenna starfsþróun eða á starfskenningu sína. Meistaranemum fannst vinnan ekki auðveld og sumir voru um það bil að gefast upp en hópleiðsögn hjálpaði þeim í gegnum vinnuna því það var alltaf gott að hitta aðra sem voru á svipuðum stað í ferlinu. Áhugaverð skilaboð má sjá bæði í niðurstöðum meistaraverkefna og í viðtölum við meistaranema um að vinnan við rannsóknina hafi eflt þá í starfi, styrkt sem fagmenn og að rödd þeirra hafi heyrst. Niðurstöður gefa til kynna að starfendarannsóknir geti verið góð leið fyrir kennara sem vilja þróa starf sitt og greina starfskenningu sína.

Að ýta undir skóla án aðgreiningar: Starfendarannsókn um að ýta undir kennslu án aðgreiningar á milli starfsmanns sérkennsluteymis og starfsmanna inni á deild

Bjarki Dalsgaard Sigurþórsson, leikskólakennari, Leikskóli Seltjarnarness og Edda Óskarsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Tilgangur þessarar rannsóknar er að auka þekkingu mína, sem sérkennara á leikskóla, um það hvernig ég get unnið með öðrum til þess að efla starf án aðgreiningar á leikskólanum. Markmið rannsóknarinnar er að auka upplýsingagjöf og samstarf á milli sérkennsluteymis og starfsmanna deildar. Stefnt er að því að upplýsingagjöf fari í báðar áttir og að með markvissri ráðgjöf starfsmanna sérkennsluteymis til starfsmanna deildar sé hægt að stuðla að því að stuðningsbörn verði virkari hluti af barnahópi deildarinnar. Verkefnið stýrist af tveimur rannsóknarspurningum: „Hvernig get ég, sem fulltrúi sérkennsluteymis, komið á upplýsingaflæði á milli mín og deildar og þannig stuðlað að skóla án aðgreiningar?" og „Hvaða leiðir get ég, sem fulltrúi sérkennsluteymis, farið til að þróa ráðgjöf á milli mín og deildar sem stuðla að skóla án aðgreiningar?" Rannsóknin var starfendarannsókn með eigindlegum gagnaöflunaraðferðum. Gögn rannsóknarinnar voru fyrst og fremst rannsóknardagbók rannsakanda en einnig var gagna aflað með rýnihópaviðtölum. Rannsóknarvinur var notaður til þess að efla gildi rannsóknarinnar. Sex þátttakendur tóku þátt í rannsókninni að mér meðtöldum.
Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á það hvernig samrýning gæti orðið að samstarfi, hvernig ég náði að koma á fót upplýsingagjöf og hvernig ég fékk hina þátttakendurna til þess að eigna sér verkefnið. Niðurstöður sýna að sú ráðgjöf sem ég veitti starfsmönnum Stjörnukots ýtti undir skóla án aðgreiningar en slíkt ferli krefst samstarfsvilja allra þátttakenda. Að lokum sýndu niðurstöðurnar fram á hvernig fagmennska mín þróaðist.

Starfsþróun kennara og kennsluskipulag í íslensku sem öðru tungumáli í grunnskóla

Anna Guðrún Júlíusdóttir, grunnskólakennari, Landakotsskóli, Svanborg Rannveig Jónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Mikilvægt er að skipulag kennslu nemenda sem hafa íslensku sem annað tungumál í grunnskólum sé vandað. Þetta erindi fjallar um rannsókn sem unnin var frá árin 2015–2017. Tilgangur hennar var að efla kennslu og nám nemenda með íslensku sem annað mál í grunnskólum með því að gera starfendarannsókn í samvinnu við annan kennara. Stuðst var við hugmyndir um markvissa samkennslu í einum bekk. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á hvernig samkennsla tveggja kennara með ólík þekkingarsérsvið, umsjónarkennara og kennara í íslensku sem öðru máli, getur eflt nám og kennslu nemenda með íslensku sem annað mál. Rannsóknin var starfendarannsókn, fagleg sjálfsrýni og liður í starfsþróun minni. Gögnum var safnað með rannsóknardagbók, tölvupóstum til leiðbeinenda, fundargerðum, viðtölum við samkennara, námsgögnum, ljósmyndum og gögnum í endurliti. Niðurstöður rannsóknarinnar eru flokkaðar í þrjú meginþemu sem greind voru í gögnum rannsakanda. Þau voru: Sjálfsrýni, samvinna í þróunarferli og nýting sérfræðiþekkingar. Helstu ályktanirnar sem dregnar voru af úrvinnslunni undirstrika þemu og undirþætti sem einkenndu rannsóknartímabilið og

reynslu mína: Sjálfsrýni, stöðug greining og jákvætt sjónarhorn í starfi og samvinnu opnar á tækifæri. Vikulegir fundir eru mikilvægir og skipta sköpum um jákvæða þróun samkennslunnar. Markvissir kennsluhættir í almennum bekk eru mikilvægir þættir til að efla nám nemenda með íslensku sem annað mál. Auk þess er nauðsynlegt að annars máls kennsla sé skipulögð á stundaskrá sem sérstakt fag, íslenska sem annað mál, vegna þess að þar þurfa að vera aðrar áherslur en í kennslu íslensku sem móðurmáls.

Mundu að hafa húmor – og plan B: Fagleg starfskenning í mótun

Valgerður Ósk Einarsdóttir, framhaldsskólakennari, Framhaldsskólinn á Tröllaskaga, Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ og Svanborg Rannveig Jónsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar var að átta mig á hvernig fagleg starfskenning mín hefði þróast frá því að ég hóf störf í framhaldsskóla árið 2004 og markmið hennar var að fara í gegnum kennsluferil minn og skrá reynslu mína og bera kennsl á þá atburði sem fengu mig til þess að endurskoða kennsluna og/eða þær kennsluaðferðir sem ég notaði. Starfstengd sjálfsrýni varð fyrir valinu sem rannsóknaraðferð og til þess að umbreyta minningum og frásögnum í trúverðug gögn studdist ég við aðferðir til að vinna með minni og sjálfsviðtöl. Ég skoðaði kennsluferil minn og safnaði saman gögnum sem ég fór svo í gegnum skipulega, eftir tímabilum, og bar þannig kennsl á og skrásetti atriði og aðstæður sem fengu mig til að endurskoða starf mitt og starfshætti. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fagleg starfskenning mín hafi þróast mest í samskiptum og samstarfi við aðra kennara. Í gegnum samræðuna hef ég rökstutt val mitt á kennsluaðferðum og séð hvar breytinga er þörf. Í aðstæðum þar sem ég hef starfað gegn faglegri starfskenningu minni, hef ég gert mér grein fyrir gildum mínum og séð hvaða áhrif þau hafa haft á starfið og val á aðferðum. Þessi rannsókn hefur sannfært mig um mikilvægi þess að kennarar ræði saman um starf sitt, um hvað þeir gera í tíma, hvaða fræðum þeir byggja starf sitt á og hvaða gildi þeir hafa. Þeim mun meira sem kennarar ræða faglega starfskenningu sína þeim mun betri verða þeir í því.

Samskipti – lífsleikni

Samskiptaverkefnin Krakkaspjall og Unglingaspjall

Sigríður Ingadóttir, sérfræðingur, Miðstöð skólaþróunar, HA

Samskiptaverkefnin Krakkaspjall og Unglingaspjall eru vinsæl námskeið á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Um það bil 150 kennarar og/eða náms- og starfsráðgjafar víðs vegar um landið hafa setið námskeiðin. Verkefnin eiga það sameiginlegt að nemenda- og

kennarahópar á Akureyri prufukeyrðu efnið áður en það var tekið í almenna notkun. Bæði verkefnin taka mið af því að nemendur þjálfist í og læri að taka þátt í samræðum og byggi undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Verkefnin byggja á fundum sem taka á ýmsum viðfangsefnum eins og sjálfstyrkingu, tjá skoðanir sínar og virða skoðanir annarra og auk þess að efla samskiptahæfni. Í erindinu verða verkefnin kynnt, sagt frá markmiðum þeirra og gerð grein fyrir niðurstöðum úr rafrænni námskeiðskönnun þátttakenda. Spurningarnar í námskeiðskönnuninni snúast almennt um notagildi verkefnanna, hvort og hvernig þau hafa nýst í kennslu með nemendum. Einnig verður gerð grein fyrir því hvort þátttakendur hafi nýtt sér námskeiðsmat fyrir nemendur sem fylgir verkefnunum.

Að rækta nemendur til góðra verka: Hvert er viðhorf kennara til lífsleiknikennslu í grunnskólum?
Íris Kristín Smith, grunnskólakennari, Háteigsskóli og Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir, aðjúnkt, HÍ

Erindi þetta fjallar um rannsókn sem unnin var í tengslum við lífsleiknikennslu. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna viðhorf kennara til lífsleiknikennslu í grunnskólum landsins og öðlast um leið þekkingu á stöðu hennar í skólum. Rannsóknin var bæði eigindleg og megindleg. Rannsóknarspurningin var: *Hvert er viðhorf kennara til lífsleiknikennslu í grunnskólum?*
Í megindlega hluta rannsóknar var sendur út spurningalisti til lífsleiknikennara í tuttugu grunnskólum á landinu. Skólarnir voru valdir með tilviljunarúrtaki. Í eigindlega hluta rannsóknar var valið úrtak, framkvæmd var vettvangsathugun þar sem fylgst var með lífsleiknikennslu og tekin voru viðtöl við lífsleiknikennara. Gagnaöflun fór fram í októbermánuði árið 2019. Í niðurstöðum má sjá að viðhorf til lífsleiknikennslu er frekar jákvætt hjá svarendum, bæði í könnuninni og hjá viðmælendum. Skiptar skoðanir voru á því hve langan tíma lífsleikni ætti að fá langan tíma á stundaskrá, hvort ein kennslustund væri nægileg eða hvort þær ættu að vera fleiri. Margir viðmælenda töldu að það íhuga ætti að íhuga hvort það væri æskilegt væri að kenna lífsleikni 80 mínútur eða tvær kennslustundir á viku þar sem kennsluefni lífsleikninnar er mikið og erfitt að komast yfir það á 40 mínútum. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vonandi innsýn í viðhorf og skoðanir kennara í tengslum við lífsleiknikennslu sem væntanlega geta nýst við þróun greinarinnar.

„Ég á ekki enn Íslendinga að vinum.“ Reynsla ungmenna af erlendum uppruna af vinatengslum
Eyrún María Rúnarsdóttir, nýdoktor og aðjúnkt, MVS, HÍ og Anh-Dao Tran, nýdoktor og aðjúnkt, MVS, HÍ

Rannsóknir benda til þess að ungmenni af erlendum uppruna kjósi frekar að sækja stuðning til vina sem hafa sama uppruna og að þeim geti þótt erfitt að eignast íslenska vini. Lítið er þó til af íslenskum

rannsóknum á efninu. Í erindinu er leitast við að bæta úr þessum skorti og varpa ljósi á reynslu og upplifun ungmenna af erlendum uppruna af tengslum við vini. Til þess verða kynntar niðurstöður tveggja nýlegra doktorsrannsókna um efnið en styrkur þess að skoða þær saman er að í annarri var beitt megindlegri aðferð en eigindlegri aðferð í hinni. Þátttakendur í megindlegri rannsókn voru 806 ungmenni á aldrinum 14–16 ára en í eigindlegu rannsókninni tóku þátt 13 ungmenni á aldrinum 18–25 ára. Markmið erindis er að fjalla um upplifun ungmenna á breiðu aldurssviði og að skoða bæði almenn mynstur vináttu og að draga fram reynslu og upplifun ungmenna af þeim tengslum. Helstu niðurstöður eru að þó að bæði ungmenni sem hafa íslenskan og erlendan uppruna hafi sýnt áhuga á að tengjast ungmennum af öðrum uppruna vinaböndum var algengara að vinir væru af sama uppruna. Ungmennum af erlendum uppruna fannst þau ekki hafa aðgang að vinum af íslenskum uppruna og þau gátu frekar sótt sér tilfinningalegan stuðning til annarra ungmenna af erlendum uppruna. Hægt er að hlúa að og skapa betri tækifæri til samgangs og tengsla milli ungmenna af ólíkum uppruna. Mikilvægi þess felst ekki hvað síst í því að þannig er unnt að auka samkennd og skilning á aðstæðum annarra.

DISE - MA symposium

Department of International Studies in Education
Brynja Halldórsdóttir, assistant professor, MVS, UI

Sustainability Education after Covid-19—How to Create Impactful Distance Learning in Iceland.

Veronica Martin, master student, SE, UI and Allyson Macdonald, professor, SE, UI

The urgency of initiatives like the SDG (Sustainable Development Goals) of 2030 should continue to be prioritized but emphasis may wane due to the uncertainty that COVID-19 has brought to daily life for everyone. This pandemic brought to light the importance of distance education as physical campuses were closed and human contact was limited. Teachers and students became familiar with the flexibility that distance education provides. Both parties may choose to opt out of traditional learning communities (i.e. “campuses”) in the future due to financial, health, and/or other constraints. As sustainability affects the world community, strategic focus has to be maintained on this issue. Moving forward, what pedagogic tools can be utilized to advance SDG goal awareness and sustainability education in Iceland? Video conferencing has been used to maintain relationships within many sectors worldwide. However, education has long thrived within community settings. COVID-19 has presented an opportunity to do things differently in the future. What intersections between technology and education, specifically sustainability education, can be used to gain a

stronger impact on society in general and on Icelandic society specifically? Is there a better way to convey the message of sustainability via strategic virtual community creation? Sustainable education practices from the past will be reviewed as well as practices from various industry sectors to identify strategies that can be used successfully for future SDG goal implementation, sustainability education, and impactful distance learning in Iceland.

CLILing in Italy: teachers' experiences with Content and Language Integrated Learning methodology

Caterina Poggi, adjunct, SH, UI, Samúel Currey Lefever, associate professor, SE, UI and Susan Elizabeth Gollifer, adjunct, SE, UI

Content and Language Integrated Learning (CLIL) methodology is a dual-focused educational approach in which an additional language is used for the learning and teaching of both content and language. This teaching methodology has been implemented in many European countries, but Italy is the first country that made it into a policy. There is little research on how teachers experience working with CLIL methodology in high schools in Italy, therefore, the purpose of this narrative inquiry was to explore and understand it, in order to inform teacher education. My research question was: How do teachers running CLIL in two upper secondary schools in Italy experience working with this methodology? Participants in the study were six upper secondary school teachers in Italy who were implementing CLIL in English. The focus was on two main areas: the teacher training process and the implementation of CLIL in schools. Through a reflexive thematic analysis of the data, I identified three main themes. My findings show that teachers are interested in the methodology and believe it complements their professionalism, but they feel there is a lack of support and recognition that can dilute their enthusiasm. The results suggest the need to clearly define the purposes of CLIL and provide support to teachers. My study is a contribution to foreign language teaching and innovative education approaches in the context of developing 21st century skills.

Internationalisation at the University of Iceland: challenges, critiques and cross-cultural responses

International Studies in Education Project

Sue Gollifer

Conservative conceptualisations and neglect of cross-cultural experiences: Internationalisation at the University of Iceland

Sue Gollifer, adjunct, SE, UI and Brynja Halldórsdóttir, assistant professor, SE, UI

Processes of internationalisation (PoI) cannot be separated from issues of inequality and discrimination. In this presentation, we argue that the University of Iceland's (UI) conservative conceptualisation of internationalisation away (IA) and internationalisation at home (IaH) and neglect of students' cross-cultural experiences perpetuates educational disparities and negates quality higher education (HE) for all. We draw on research conducted on immigrant students in HE in Iceland and student narratives from the Department of International Studies in Education (DISE) of the School of Education (SoE) of the UI. The narratives of five students from DISE provide examples of cross-cultural experiences that complement the focus on policy and pedagogy of other studies. The narratives of the five students are drawn from ongoing research on DISE, which uses thematic analysis. The narratives are used to support the claim that cross-cultural experiences should inform understanding and enactment of internationalisation processes. DISE students provide evidence that conservative conceptualisations in policy, legal frameworks and strategic plans risk making invisible, or normalising, institutional failures to focus on the diverse needs of all students. We conclude by proposing that lessons can be learned from the Department of International Studies in Education (DISE).

Language as "a barrier to" versus language as "an opportunity for" quality higher education

Samuel Lefever, associate professor, SE, UI and Sue Gollifer, adjunct, SE, UI

Studies on the experiences of immigrant students in HE in Iceland suggest that students who do not speak Icelandic are limited in terms of choice of programmes and courses. These language constraints are contrary to policy and can be interpreted as a violation of students' rights. Debates within the university on how best to address this situation have raised concerns about the emphasis on teaching Icelandic as a second language without the learning being embedded in and shaped by situated social actions. Our aim in this presentation is to problematise learning Icelandic as the solution, when underpinned by beliefs that the Icelandic language is under threat. We draw on sociocultural theory to argue for sociocultural responses that encourage a move away from language as "a barrier to" towards language as "an opportunity for" quality higher education for all. We conclude by drawing on the experiences of the Department of International Studies in Education and the Teaching English as a Foreign Language programme. We propose that the School of Education adopt a cross-cultural response to critically engage with the language constraint faced by immigrant students and also the notion that the Icelandic language is vulnerable to changing demographics.

A cross-cultural response to diversity: Presenting the DISE online handbook

Gyamena Kyeremateng, student, SE, UI, Mary Ann Divinagracia, adjunct, SE, UI, Sue Gollifer, adjunct, SE, UI and Edda Óskarsdóttir, student, SE, UI

We present the results from a two-year participatory action research project that has produced a research-based online handbook in English for the Department of International Studies in Education. The department caters to the academic and social needs of an increasing number of migrant students. Over the years, certain cross-cultural concerns related to these needs have become increasingly visible, including: lower levels of academic preparedness or different academic expectations; students being less engaged in academic and social activities; lack of accessible, clear and relevant information on entry requirements, educational rights and entitlements and inconsistent and confusing information regarding fee structures, in particular for non-European Union citizens. The handbook that we present aims to illustrate how processes of internationalisation need to be accompanied by cross-cultural responses that are informed by student experiences of higher education. We first explain the background to the project, the methods and the findings from the student focus group and teacher workshop sessions. We then present the online handbook to illustrate how these findings have informed its development and anticipated challenges. Our project contributes to internationalisation processes that aim to address social justice concerns in higher education related to students' academic and social wellbeing.

Hönnun, sjálfsmynd og virkt nám

Málstofsutjóri: Ingimar Ólafsson

A reflection on architectural education from a Baltic Nordic perspective

Massimo Santanicchia, assistant professor, IUA

In this talk I will present findings from forty qualitative interviews conducted with educators and students of architecture from sixteen schools of the Nordic Baltic Academy of Architecture (NBAA). The interviews were analysed using the abbreviated Constructed Grounded Theory (CGT) method. The findings reveal that educators and students feel a meaningful architectural education can help them make ethical design choices. To do so, respondents indicate that schools should help students find their inner compass, develop their professional skills and ethical attitudes, learn to think independently and make a difference in their society and beyond. Four narratives emerge which describe the multiple roles of an architect in our society: the dissident intellectual, the ethical

professional, the storyteller, and the carer for the common good. On the basis of these findings and with the support of the work of Henri Giroux “Critical Theory and Rationality in Citizenship Education” and Martha Nussbaum “Patriotism and Cosmopolitanism”, a framework referred to as “Cosmopolitan Citizenship Architecture Education” is developed.

Margbreytileikinn í okkur: Sjálfsmynd sem hús í þrívíðu formi

Halla Birgisdóttir, myndlistarmaður og kennari, Harpa Björnsdóttir, meistaranemi, LHÍ og Ingimar Ólafsson Waage, lektor, LHÍ

Listir geta verið góður hvati til að uppgötva sjálfa sig. Hugmyndir um sjálfsmyndina leita stöðugt á ungt fólk og geta verið uppspretta skapandi vinnu. Slík vinna kallar á áleitnar spurningar og sjálfsskoðun. Atriði eins og kynhneigð, menntun, fötlun, samfélagsstaða, litarháttur, fjölskyldugerð og forréttindi eru gjarnan skoðuð. Rannsóknin felst í að þróa námskeið fyrir framhaldsskólanemendur og kanna þörf þeirra fyrir vinnu með sjálfsmynd og sjálfsskoðun. Rannsóknin er eigindleg og byggir á aðferðum listrannsókna. Styrkur listrannsókna felst m.a. í að geta stuðlað að umræðu, sem er stór þáttur í að þroska skilning. Listir eru nátengdar tilfinningalegu innsæi og út frá listrænni sköpun geta kviknað mjög innihaldsríkar samræður. Með því að tengja nemendur saman á tilfinningalegum og eðlislægum grunni geta listrænar framsetningar þannig greitt leið fyrir samkennd og hlutttekningu sem eru nauðsynlegir þættir til þess að uppræta eða ögra skaðvænlegum staðalímyndum og byggja brýr yfir gjár mismununar. Haldin voru tvö námskeið í júlímánuði þar sem alls 10 einstaklingar tóku þátt. Gögnum var aflað jafnóðum í gegnum samræður við nemendur um ferlið og sköpun verksins. Tekin voru hópviðtöl við nemendur. Úrvinnsla gagnanna byggir síðan á aðferðum þemagreiningar. Þemun verða notuð til þess að byggja upp kafla í fræðilegri greinargerð þar sem texti með myndum af verkum nemenda verður í aðalhlutverki. Afrakstur verkefnisins felst í fullgerðri kennsluáætlun fyrir námskeið á framhaldsskólastigi.

Sjálfbærni, samvinnunám og siðfræði

Málstofustjóri: Hervör Alma Árnadóttir

Menntun til sjálfbærni – Staða Íslands

Bryndís Sóley Gunnarsdóttir, meistaranemi, HA, Sólveig María Árnadóttir, meistaranemi, HA, Bragi Guðmundsson, prófessor, HA og Ólafur Páll Jónsson, prófessor, MVS, HÍ

Í erindinu verður sagt frá rannsókn sem er hluti af samnorrænu verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Markmiðið er að kanna hvernig Norðurlöndunum hefur tekist að innleiða heimsmarkmið 4.7 sem kveður á um að „eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.“ Í rannsókn okkar einblíndum við á stöðu Íslands. Kannað var hvað lög, reglugerðir og námskrár segja um menntun til sjálfbærni á Íslandi. Auk þess var farið á vettvang og litast rækilega um innan tveggja grunnskóla með sérstöku tilliti til stöðu sjálfbærnimenntunar. Gerð var textagreining á lögum um grunnskóla, *Aðalnámskrá grunnskóla*, skólastefnum sex sveitarfélaga og skólanámskrám þátttökuskólanna tveggja. Rýnt var í gögnin með tilliti til umfjöllunar um menntun til sjálfbærni, mannréttindi, kynjajafnrétti, menningarlega fjölbreytni og alheimsvitund. Til að fá glögga innsýn í raunverulegt skólastarf í tengslum við ofangreind hugtök voru tekin rýnihópaviðtöl við nemendur, kennara og skólastjórnendur í tveimur grunnskólum, það er Síðuskóla á Akureyri og Þelamerkurskóla í Hörgársveit. Í erindinu verður fjallað um gildi, markmið og tilgang rannsóknarinnar. Sérstök áhersla verður lögð á niðurstöður hennar um stöðu Íslands þegar kemur að menntun til sjálfbærni og hvernig þátttökuskólarnir tveir vinna að sjálfbærnimenntun. Þar kemur margt áhugavert í ljós og eftirtektarvert er hversu margar ólíkar leiðir eru færar að sama marki.

Siðfræðilegar áskoranir í rannsóknum með börnum

Hervör Alma Árnadóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Síðustu tvo áratugi hefur talsvert verið unnið að rannsóknum á viðhorfum barna og ungmenna hér á landi en minna verið unnið með börnum að rannsóknum er varða reynslu eða upplifun þeirra af félagslegum aðstæðum sínum. Sérstaklega á þetta við ef viðfangsefnið er metið viðkvæmt. Rannsakendum ber að fylgja ákveðnum siðareglum og leiðbeiningum um gerð rannsókna og finna leiðir til jafnvægis á milli þess að standa vörð um velferð viðmælenda um leið og þeir eru hvattir til virkrar þátttöku. Markmiðið með erindinu er að fjalla um siðferðislegar áskoranir sem rannsakendur mæta þegar unnið er að rannsóknum með börnum sem búa við félagslega erfiðar aðstæður. Tilgangurinn er að draga saman reynslu og aðferðir til lausna frá rannsakendum sem skoðað hafa það efni á síðustu árum. Gagna var aflað með ítarleit í alþjóðlegum gagnasöfnum. Leitað var eftir ritrýndum greinum sem birtar voru á árunum 2016–2020. Þær sem uppfylltu sett viðmið voru 17 fræðigreinar. Niðurstöður benda til þess að rannsakendur mæti ýmsum áskorunum við undirbúning rannsókna þar sem óskað er eftir þátttöku barna. Þessar áskoranir varða fyrst og fremst opinber leyfi, aðgengi að

börnum og aðferðir við að vinna með börnum. Hvetja þarf til virkrar umræðu á milli rannsakenda og vettvangs um rannsóknir sem eru unnar með eða af börnum með það að leiðarljósi að finna lausnir á hindrunum sem gæti síðan leitt til fjölgunar slíkra rannsókna á Íslandi.

Samvinnunám og leiðsagnarnám

Sigurrós Erlingsdóttir, framhaldsskólakennari, Menntaskólinn við Sund

Rannsóknin snýr að tilraun til að koma á leiðsagnarnámi í kennslu. Um er að ræða starfendarannsókn þar sem byggt er á kenningum Jean McNiff um starfendarannsóknir. Markmiðið var að innleiða leiðsagnarnám í áfanga um íslenskar fornbókmenntir með tvenns konar hætti, annars vegar samvinnunámi og hins vegar spurningum. Við innleiðingu leiðsagnarnáms í samvinnunáminu var ætlunin að nemendur fengju jafnóðum munnlega endurgjöf í hópastarfinu og þeir gæfu hver öðrum og kennara líka endurgjöf svo allir gætu gert betur og hópurinn og einstaklingarnir næðu meiri árangri. Markmiðið með spurningum til nemenda var að fá þá til að móta hugmyndir sínar í orðum og að fá endurgjöf frá nemendum með því meðal annars að heyra hvaða skilning þeir legðu í viðfangsefnið. Spurningaleiðin er skjótvirk og afkastamikil og hefur strax áhrif. Í erindinu verður lýst aðferðum sem prófaðar voru og hvernig verkefnið hefur þróast smám saman. Einnig verður aðeins komið inn á hvað varð um leiðsagnarnámið eftir að samkomubann skall á. Kenning Dylan Wiliam um leiðsagnarmat er höfð til hliðsjónar sem og kenningar John Hattie og Shirley Clarke um endurgjöf sem hornstein í kennslunni. Helstu niðurstöður eru þær að nýrri nálgun er beitt við fyrirlögn verkefna og framsetningu, bæði með gátlistum og matskvörðum og með því að sýna nemendum dæmi um hvernig lausn eða niðurstaða gæti verið. Jafnframt hefur notkun spurninga orðið markvissari. Áfram verður haldið með innleiðingu leiðsagnarnáms sem leiðir til virkari þátttöku nemenda í kennslustundum.

Málstofa verkefna unnin í samstarfi Menntamálastofnunar og Sálfræðideildar HÍ

Menntamálastofnun og Sálfræðideild HÍ

Sigurgrímur Skúlason

Atriðagreining á HLJÓM-2

Júlía Ósk Hafþórsdóttir, nemi, HVS, HÍ og Sigurgrímur Skúlason, aðjúnkt, HVS, HÍ

HLJÓM-2 er skimunarpróf fyrir veikleikum í hljóðkerfisvitund sem notað hefur verið í allflestum leikskólum á Íslandi síðastliðin 20 ár. Aldursviðmið prófsins eru því komin til ára sinna, og ástæða til

að kanna hvort nauðsyn sé að endurstaðla prófið. Nýleg rannsókn Sigurgríms Skúlasonar og Andreu Önnu Guðjónsdóttur sýndi að þáttabygging HLJÓM-2 í gögnum sem safnað var 2019 er ólík þáttabyggingu í stöðlunargögnum prófsins. Sú rannsókn byggði hins vegar einungis á gögnum um prófhluta á HLJÓM-2 og úrtak var lítið. Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna eiginleika einstakra prófatriða á HLJÓM-2 auk þess að kanna eiginleika prófhluta þess í stærra úrtaki. Beitt var próffræðilegum aðferðum á svör 230 barna tilviljanaúrtaks við HLJÓM-2 og verður fjallað um eiginleika prófatriða og um prófhluta þess 20 árum eftir að gögn fyrir aldursviðmið þess var safnað. Ályktanir beinast að því hvort þörf er á að endurstaðla HLJÓM-2 prófið.

Réttritun: niðurstöður á réttritunarprófi sem sýna algengustu villur hjá hverju aldursári

Ólöf Ragna Einarsdóttir, meistaranemi, HVS, HÍ, Unnar Geirdal Arason, meistaranemi, HVS, HÍ Guðbjörg Rut Þórisdóttir, læsisráðgjafi, Menntamálastofnun og Auðun Valborgarson, doktorsnemi, HVS, HÍ

Menntamálastofnun hefur þróað réttritunarpróf sem metur færni nemenda í 3. til 10. bekk grunnskóla í stafsetningu. Inntak prófsins markast einkum af samspili milli aukinnar færni í ritun og því hvernig kröfur áhersluatriði réttritunar gera til færni nemenda og einnig af áherslum sem birtast í námsefni fyrir hvern bekk. Unnið hefur verið að tvenns konar framsetningu á niðurstöðum réttritunarprófsins og verður hér fjallað um niðurstöður sem lúta að villum tengdum helstu áhersluatriðum hjá hverjum árgangi og hvernig niðurstöður um þær verða birtar.
Tilgangur þessa verkefnis er að þróa kvarða fyrir helstu reglur um stafsetningu í hverjum árgangi. Greiningin byggir á gögnum 2622 nemenda úr 15 skólum. Nemendur í 3. til 7. bekk voru frá 391 til 447 í hverjum árgangi og á unglingastigi voru 525 nemendur. Verkefnið er unnið með stuðningi Nýsköpunarsjóðs RANNÍS.

Réttritun: Einkunnakvarði sem spannar átta árganga nemenda í grunnskóla

Unnar Geirdal Arason, meistaranemi, HVS, HÍ, Ólöf Ragna Einarsdóttir, meistaranemi, Menntamálastofnun, Auðun Valborgarson, doktorsnemi, HVS, HÍ

Nýlegt réttritunarpróf Menntamálastofnunar er hluti af lesferli og metur það færni nemenda í 3. til 10. bekk grunnskóla í stafsetningu. Prófinu er ætlað að endurspegla stíganda í færni nemenda eftir aldri og byggir inntak þess á greiningu á hvernig kröfur um vald á ritreglum íslensku aukast samhliða vaxandi valdi nemenda á ritun texta frá 3. til 10. bekkjar. Tilgangur verkefnisins er að þróa einkunnakvarða réttritunarprófsins sem endurspeglar stíganda milli árganga. Beitt er skólunaraðferðum sem nýta

prófatriði sem eru sameiginleg í aðliggjandi árgöngum til að tengja stíganda í færni frá milli árganga. Niðurstöður sýna stíganda í færni í réttritun milli árganga upp að unglingastigi. Gerð kvarðans byggir á gögnum 2622 nemenda úr 15 skólum. Verkefnið er unnið með stuðningi Nýsköpunarsjóðs RANNÍS.

Lesvandi og margþætt eðli læsis

Featural and Configural Processing of Faces and Houses in Matched Dyslexic and Typical Readers
Bahareh Jozranjbar, PhD student, SHS, UI. Supervisors: Heiða Marí Sigurðardóttir, associate professor, SHS, UI and Árni Kristjánsson, professor, SHS

While dyslexia is typically described as a phonological deficit, recent evidence suggests that ventral stream regions, important for visual categorization and object recognition, are hypoactive in dyslexic readers who might accordingly show visual recognition deficits. By manipulating featural and configural information of faces and houses, we investigated whether dyslexic readers are disadvantaged at recognizing certain object classes or utilizing particular visual processing mechanisms. Dyslexic readers found it harder to recognize objects (houses), suggesting that visual problems in dyslexia are not completely domain-specific. Mean accuracy for faces was equivalent in the two groups, compatible with domain-specificity in face processing. While face recognition abilities correlated with reading ability, lower house accuracy was nonetheless related to reading difficulties even when accuracy for faces was kept constant, suggesting a specific relationship between visual word recognition and the recognition of non-face objects. Representational similarity analyses (RSA) revealed that featural and configural processes were clearly separable in typical readers, while dyslexic readers appeared to rely on a single process. This occurred for both faces and houses and was not restricted to particular visual categories. We speculate that reading deficits in some dyslexic readers reflect their reliance on a single process for object recognition.

Leið að lærdómssamfélagi
Halldóra Guðlaug, meistaranemi, Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu og Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur

„Snemmtæk íhlutun – mál og læsi“ er þróunarverkefni leikskóla í fimm sveitarfélögum og Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Verkefnisstjórar eru Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur og Halldóra Guðlaug, leikskólaráðgjafi Skólaþjónustunnar. Megintilgangur þróunarverkefnisins er að efla málþroska leikskólabarna með áherslu á læsi. Verkefnið eykur fagvitund

starfsfólks, samstarf leikskóla og styrkir lærdómssamfélagið í landshlutanum. Verkefnið er starfendarannsókn þar sem starfsfólk leikskólanna rýnir eigin starfsaðferðir, ferli, skipulag og bjargir. Sameiginlegar vinnulotur eru skipulagðar og vinna í hverjum leikskóla milli lota. Kennsla eru endurhugsuð, námsefni og bókasafn skipulagt sem og vinnulag við skimanir og íhlutun. Afurð verður í formi handbókar hvers leikskóla, sem byggðar verða á sameiginlegum grunni. Lok verkefnisins eru árið 2021. Nú sýnir sig að starfsfólk er upplýstara og færara um viðeigandi málörvun fyrir leikskólanemendur. Faglegar umræður milli leikskóla og við skólaþjónustu hafa aukist, skilað sér í auknum gæðum í leikskólastarfi og eflt lærdómssamfélagið. Aukinn áhugi er á leikskólakennarafræðum en lengi má gott bæta. Þróunarverkefnið er kjörið til að efla samstarf sem er til staðar og sýnir mikilvægi þess að byggja upp samvinnu við sérfræðinga og aðra stoðþjónustu, s.s. heilsugæslustöðvar og auðvitað foreldra. Nauðsynlegt er að útbúa móttökuáætlun fyrir börn með íslensku sem annað tungumál og efla íslenskukennslu, viðeigandi málörvun og stuðning fyrir þennan hóp barna. Gera þarf áætlun um innleiðingu handbókar og mat á árangri, þ.e. hvort verkefnið leiði til aukins málþroska og læsis. Samtal við grunnskóla þarf að vera skilvirkt fyrir samfellu í læsi og lestrarnámi. Þar skiptir sameiginleg læsisstefna máli.

PISA, skólaþjónusta, orðaforði og lestranám

Málstofustjóri: Rúnar Sigþórsson

Greining á orðanotkun í lesskilnings- og náttúruvísindahlutum PISA 2018: Samanburður á íslensku þýðingunni og enska textanum

Sigríður Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ og Auður Pálsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að kanna samræmi í orðtíðni í íslenskum og enskum textum á lesskilnings- og náttúruvísindahluta PISA-prófanna 2018. Ef þýðing texta í alþjóðlegu prófi er þyngri eða léttari en sami texti á upprunalega málinu getur það haft áhrif á skilning og skekkt samanburð milli tungumála. Greindir voru tveir textar úr lesskilningshlutanum og tveir úr náttúruvísindahlutanum. Notaður var orðtíðnilisti Íslenskrar risamálheildar og enskur orðtíðnilisti sem byggist á tveimur málheildum og er aðgengilegur í gegnum hugbúnaðinn VocabProfile. Orðin voru flokkuð eftir tíðni í fimm flokka. Ef munur var á tíðniflokki orða á íslensku og ensku var kannað hvort til væri samheiti fyrir íslenska orðið í sama tíðniflokki og það enska og lengd samheita borin saman. Niðurstöður sýna að hlutfall algengustu orða er lægra í íslensku textunum og hlutfall sjaldgæfustu orðanna umtalsvert hærra. Þá virðist dreifing orða á milli orðtíðniflokka vera jafnari í ensku en íslensku þýðingunni. Ákveðið ósamræmi og ójafnvægi fólst í að tveir þriðju hlutar íslensku orðanna, sem féllu í annan tíðniflokk en

ensku orðin, voru sjaldgæfari en samsvarandi ensk orð. Fækka hefði mátt orðum í ólíkum orðtíðniflokkum með því að nota íslenskt samheiti í sama orðtíðniflokki og enska orðið og velja samheiti úr nærliggjandi tíðniflokki. Hlutfall íslenskra samheita sem voru algengari og lengri var yfir 30% í textunum fjórum. Niðurstöðurnar gefa tilefni til að endurskoða þurfi leiðbeiningar OECD og beina því til þýðenda að þeir taki mið af orðtíðnilistum við val á orðum.

PISA-panik? Viðbrögð stjórnvalda við niðurstöðum PISA 2018

Anna Söderström, doktorsnemi, FVS, HÍ

Niðurstöður PISA-kannana fá jafnan mikla umfjöllun í fjölmiðlum og þær hafa haft áhrif á þróun íslenskrar menntastefnu. Markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að skoða hvernig niðurstöður PISA 2018 og viðbrögð við þeim voru kynntar af íslenskum stjórnvöldum. Tilgangur rannsóknarinnar er að stuðla að gagnrýninni umræðu um hvernig niðurstöður PISA hafa verið nýttar og áhrif þeirra á skólastarf. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni í þjóðfræði þar sem áherslur á lestur og lestrarmenningu í íslensku samfélagi eru teknar til skoðunar, m.a. með því að greina hvernig PISA-kannanir eru notaðar við stefnumótun stjórnvalda í menntamálum. Til að varpa ljósi á ríkjandi orðræðu um læsi var skýrsla Menntamálastofnunar, ásamt opinberri kynningu af niðurstöðum og aðgerðaáætlun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, greind með aðferðum gagnrýninnar orðræðugreiningar. Íslensk stjórnvöld hafa lagt ríka áherslu á PISA-kannanir sem mikilvægt verkfæri til að efla íslenskt menntakerfi. Þrátt fyrir það gefa niðurstöður rannsóknarinnar til kynna að áætlanir og aðgerðir sem kynntar voru sem viðbrögð stjórnvalda séu ekki að öllu leyti í samræmi við upplýsingar úr PISA 2018. Það vakti sérstaka athygli að viðbrögð og aðgerðir stjórnvalda voru kynntar á sama tíma og niðurstöður PISA 2018 voru opinberaðar. Þessi samhliða kynning á niðurstöðum PISA og aðgerðum stjórnvalda við henni takmarkar möguleika utanaðkomandi fagaðila að leggja fram túlkun á niðurstöðum kannananna og hafa þar með áhrif á möguleg viðbrögð og aðgerðir sem settar eru af stað í kjölfarið.

Þekking foreldra á lestrarnámi

Jónína Rakel Sigurðardóttir, grunnskólakennari, Glerárskóli, Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor, HA og Guðmundur Engilbertsson, lektor, HA

Markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt var að afla upplýsinga um þekkingu foreldra á lestrarnámi barna sinna; hvort þeir teldu sig fá nægan stuðning og hvort þörf væri á að bæta fræðslu og aðstoð til foreldra svo þeir gætu orðið virkari þátttakendur í námi barnanna. Gagna var aflað með spurningalista

sem um 2800 foreldrar barna í 1. og 2. bekk í grunnskólum á landinu svöruðu vorið 2015. Spurningarnar sneru að þekkingu foreldra á þáttum lestrarnáms, ánægju þeirra með þann stuðning sem þeir fengu og hvort þeir teldu sig þurfa á meiri stuðningi að halda. Meginniðurstöður sýndu að foreldrar vissu ekki mikið um þætti er varða skipulag náms og kennslu eða samskipti en vissu meira um þætti er sneru að börnunum sjálfum eins og þörfum þeirra, líðan og ástundun í náminu. Jafnframt voru foreldrar ánægðir með þann stuðning sem þeir fengu en óvissir um hvort þeir vildu fá meiri stuðning en þeir fengu þegar. Einnig kom í ljós að foreldrar sem töldu sig hafa mikla þekkingu töldu sig þurfa minni aðstoð við lestrarnám barna sinna. Ályktа má að þörf sé á frekari fræðslu og upplýsingum til foreldra um ákveðna þætti lestrarnámsins ásamt að kynna þurfi betur fyrir foreldrum hvers konar stuðningur er í boði og hvað þeir geti gert til að styðja við börn sín.

Skólaþjónusta sveitarfélaga: Umgjörð og starfshættir

Rúnar Sigþórsson, prófessor, HA, Birna María Svanbjörnsdóttir, lektor, HA, Jórunn Elídóttir, dósent, HA og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor, HA

Efni erindisins er byggt á yfirstandandi rannsókn sem hefur að markmiði að rannsaka umgjörð og starfshætti skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og draga upp heildarmynd af hvernig þau standa að því að tryggja skólum sínum þann aðgang að skólaþjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Gögnum hefur verið safnað með eftirtöldu: 1) spurningakönnun sem send var til skólastjóra leik- og grunnskóla og þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu (yfirmanna skólaskrifstofa og sveitarstjóra), 2) greiningu á helstu stefnuskjölum um skólaþjónustuna sem birt eru á vef sveitarfélaga og 3) viðtölum við forsvarsaðila skólaþjónustunnar í fimm völdum sveitarfélögum. Niðurstöður benda til að stuðningur við nemendur í leik- og grunnskólum sé víðast hvar sterkari þáttur í starfi skólaþjónustu en stuðningur við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Stuðningur við nemendur beinist einkum að greiningum sérkennara og sálfræðinga á „frávikum“ og „vanda“ og einhvers konar „úrræðum“ í kjölfarið sem beinast frekar að nemandanum sjálfum en námsumhverfi hans. Þátttakendur í rannsókninni hafa aftur á móti mismunandi sýn á áherslu skólaþjónustunnar á stuðning við starfsemi og starfsfólk skóla og frumkvæði hennar á þessu sviði. Yfirleitt telja forsvarsmenn skólaþjónustu þetta mun sterkari þátt í starfinu en skólastjórar. Á heildina litið virðist skólaþjónusta sveitarfélaga hafa klínískt fremur en skólamiðað yfirbragð og sammæli virðist skorta milli forsvarsaðila hennar og skóla um eðli og tilgang þjónustunnar. Engu að síður sjást ýmis merki um að verið sé að stíga skref í átt til breytinga.